LEWIS WALLACE

# BEN HÚR



SÍGILDAR SÖGUR

IÐUNNAR

# BEN HÚR

SÍGILDAR SÖGUR IÐUNNAR 1

BEN HÚR kom fyrst út árið 1880 og hefur verið endurprentuð oftar en nokkur önnur skáldsaga í heiminum. Að biblíunni einni undanskilinni, hefur engin bók selzt meira en BEN HÚR í Bandaríkjunum, enda hefur hún að staðaldri verið fáanleg á bókamarkaði þar allan tímann, síðan hún kom út. Bókin hefur verið þýdd á flest tungumál veraldar og hvarvetna verið prentuð aftur og aftur. Aldamótaárið 1900 hófust á Broadway í New York sýningar á leikriti, sem gert var eftir sögunni. Var það sýnt í New York í samfleytt sex ár, og næstu seytján árin var það sýnt að staðaldri í borgum Bandaríkjanna. Fyrsta kvikmyndin, sem gerð var eftir sögunni, var frumsýnd árið 1907. Hún var kvikmynduð aftur 1927. Þriðja kvikmyndin, og sú nýjasta, er gerð í litum og með fullkomnustu tækni, sem kvikmyndirnar ráða yfir í dag, enda er það dýrasta kvikmynd, sem gerð hefur verið í heiminum.

*Eldri íslenzkar útgáfur á Ben Húr:*

Reykjavík 1908, Bjarni Símonarson þýddi.
Winnipeg 1909—12, Jón Bjarnason þýddi.
Reykjavík 1948, Sigurbjörn Einarsson þýddi.

*Útgáfa IÐUNNAR:*

Reykjavík 1962, Sigurbjörn Einarsson þýddi.

LEWIS WALLACE

# BEN HÚR

SIGURBJÖRN EINARSSON
ÍSLENZKAÐI

IÐUNN
VALDIMAR JÓHANNSSON

Myndirnar í bókinni eru úr kvikmynd þeirri,
sem MGM-félagið lét gera eftir sögunni.

*Printed in Iceland*

Prentsmiðjan Edda h.f. — Reykjavík

# 1

Djebel es Zuble heitir fjallshryggur á jaðri arabisku eyðimerkurinnar, aflangur og mjór, — þegar litið er á landabréfið, kemur í hug ánamaðkur, skríðandi frá norðri til suðurs. Heiti hans er hið sama og fyrir nítján öldum, þegar saga þessi gerðist. Eyðimörk ein er austan fjallsins, svo langt sem augað eygir. Roksandurinn austan frá Evrat hefur þyrlazt þar um frá öndverðu, en strandar á þessum skjólgarði og er það lán landsvæðanna að vestanverðu. Án þess væru þau líka sandkafin auðn.

Úr giljum fjallsins liggja skorningar margir, vatnsfarvegir um regntímann, annars þurrir og ágætir umferðar. Í einum slíkum skorningi er maður á ferð og skal athygli lesandans fyrst beint að honum.

Hann er á að gizka hálffimmtugur að aldri, svart alskegg hans er dálítið hæruskotið, hörund móbrúnt, augun dökk og stór. Hann er klæddur síðri skikkju að tízku Austurlanda. Hann ríður úlfalda, eða situr í eins konar tjaldi á baki hans. Reiðskjótinn er hvítur að lit, mesta metfé, tígulegur, sterkur og gangþýður. Hann fer greitt, stígur löngum, dynlausum skrefum og vaggar knapanum fram og aftur. Beizlið er búið mörgum klingjandi silfurbjöllum og síðu, skarlatslitu kögri. Til hvorrar handar kryppunni hangir kistill, rúmlega tveggja álna langur. Ofan í milli er sæti, vel búið mjúkum áklæðum og hægindum. Þar situr vegfarandinn, hallar sér aftur og lætur sólhlíf skýla sér.

Stundir líða. Áfram stikar úlfaldinn. Svalur morgunninn er liðinn, brennandi hádegissól logsvíður nakið landið, sem hvergi ber skugga á. Einfarinn á baki úlfaldans situr hreyfingarlaus og starir fram undan sér eins og í leiðslu.

Allt í einu nemur úlfaldinn staðar. Maðurinn rankar við

sér, litast um og segir við sjálfan sig: Loksins, loksins! Því næst drúpir hann höfði, spennir greipar á brjósti og biðst fyrir í hljóði. Þá bendir hann reiðskjóta sínum að leggjast á hnén og stígur af baki.

Maðurinn er vel vaxinn, ekki hár en þreklegur. Hann losar silkibandið, er heldur saman höfuðbúnaði hans og berar andlit sitt, sem er harla blakkt. Lágt og breitt enni, arnarnef, augnastaða og tinnuhár, fallandi á axlir í smáfléttum — allt þetta tekur af tvímæli um þjóðerni hans. Hann er Egypti. Engin ber hann vopn, ekki einu sinni staf. Sá, sem þannig ferðast um eyðimörkina, er annaðhvort fífldjarfur eða undir sérstakri vernd.

Hann er greinilega stirður af reiðinni, gengur fram og aftur, nýr hendur sínar og stappar niður fótum. Jafnframt skimar hann í sífellu kringum sig, greinilegt, að hann er að gá að einhverju. En hann virðist ekki verða neins var og tekur að huga að farangri sínum. Fyrst tekur hann leðurbelg með vatni og njarðarvött og fer að þvo augu úlfaldans og nasir. Hann tekur litlar tjaldsúlur, stingur þeim í sandinn og breiðir tjalddúk yfir. Hann snýr sér að úlfaldanum og segir á tungu, sem er framandi í eyðimörkinni: Nú er langt heim, hraðfari minn, langt heim. En Guð er með okkur. Við skulum vera rólegir.

Hann tekur þurrkaðar baunir úr mal sínum og gefur úlfaldanum og þykir vænt um, að hinn þarfi þjónn tekur vel í gjöfina. Aftur rýnir hann út yfir glóðheita sandauðnina og segir: Þeir koma. Sá, sem leiddi mig, leiðir þá. Ég ætla að hafa allt tilbúið.

Hann tekur upp vínbelgi litla, reykt kjöt, brauð, ost og ávexti og ýmislegt fleira og býr til máltíðar á dúki inni í tjaldinu, leggur á dúkinn þrjá pálmablaðadiska og litlar þerrur úr silki. Þegar þessu er lokið, gengur hann út úr tjaldinu aftur og skyggnist um. Og sjá! Í austri mótar fyrir dökkum díl í fjarska. Maðurinn stendur eins og límdur við sandinn, augun þenjast út, fölva slær á hörund hans eins og hann sé lostinn einhverju yfirnáttúrlegu. Díllinn stækkar, verður lófastór, fær ákveðna lögun, og innan skamms kemur í ljós úlfaldi með tjald á baki. Egyptinn krossleggur hendur á brjósti sér og segir: Guð einn er mikill.

Komumaður nálgast óðum. Þegar hann sér tjaldið og mann-

inn fyrir dyrum þess hneigir hann höfuð andartak eins og til bænar. Hann stígur af baki, mennirnir hverfa hvor til annars, horfast í augu, fallast í faðma.

— Friður sé með þér, þjónn hins sanna Guðs, segir komumaður.

— Og með þér, bróðir í sannri trú.

Komumaður er hár og grannur, þunnleitur, augun djúpstæð, hár og skegg hvítt, hörund kanelbrúnt. Engin ber hann vopn heldur. Klæðaburður hans er indverskur, vefjarhöttur, skikkja og fótabúnaður. Svipurinn ber vott um ævilanga íhugun og meinlæti.

— Guð einn er mikill, segir hann, þegar þeir hafa heilsazt.

— Og blessaðir eru þeir, sem honum þjóna, svaraði Egyptinn. Bíðum við. Þarna kemur hinn.

Þeir líta til norðurs. Þar er þriðji úlfaldinn kominn í augsýn, hvítur eins og hinir tveir. Þeir ganga til móts við hann.

— Friður sé með ykkur, segir hann og Indverjinn svarar: Verði Guðs vilji.

Hinn síðast komni er ólíkur hinum tveim. Hann er ljóslitaður, augun dökkblá, hárið jarpt og hrokkið. Hann virðist um fimmtugt. Klæðin — ullarkyrtill, ekki skósíður, ermalaus, og fellingaríkt skikkja yfir — svo og útlit, benda til grísks þjóðernis.

— Andinn leiddi mig hingað fyrstan, segir Egyptinn. Því ber mér að þjóna bræðrum mínum. Tjald mitt er reist og matur til reiðu.

Hann leiddi þá til tjaldsins, dró af þeim skóna og þvoði fætur þeirra og hendur. Því næst sagði hann:

— Látum oss nú, bræður, styrkjast til þeirra starfa, sem enn bíða vor í dag. Meðan vér mötumst, skulum vér segja hver öðrum, hverjir vér erum og hvaðan vér komum og hvernig vér höfum verið hingað kallaðir.

Hann leiddi þá til sætis hvern gagnvart öðrum. Þeir spenntu allir í einu greipar á brjósti og mæltu fram þessa bæn:

Guð og faðir allra. Allt, sem vér höfum, er frá þér. Meðtak þakkir vorar og blessa oss, að vér fáum gjört það, sem þú vilt.

## 2

Þessi fundur, sem lýst var, átti sér stað á 747. ári frá upphafi Rómaborgar, svo að fylgt sé tímatali þess tíma. Þetta var í desember, vetur um löndin fyrir botni Miðjarðarhafs. Ekki þarf lengi að ríða um eyðimörkina á þessari árstíð, svo að menn verði matlystugir. Tjaldbúar tóku og vel til matar. En þegar þeir höfðu etið og drukkið um stund, hóf Egyptinn máls:

— Ekkert er ljúfara þeim, sem fer um framandi lönd, en að heyra nafn sitt nefnt af vinar vörum. Vér eigum framundan langa samfylgd og tími til kominn, að vér kynnumst hver öðrum. Sá, er síðast kom, ætti fyrstur að tala.

Grikkinn tók til máls, hægt fyrst, eins og hann vildi hafa gát á sér: — Það, sem ég hef að segja, bræður, er svo furðulegt, að ég veit ekki hvar skal byrja eða hvað segja. Ég skil mig ekki sjálfur. Það eitt veit ég, að ég lýt æðra valdi, og leiðsögn þess er með þeim hætti, að ég veit, að það er Guð.

Maðurinn þagnaði, gat ekki komið meiru upp í svipinn. Hinir lutu höfði. Grikkinn hélt áfram:

— Kaspar heiti ég og faðir minn er Kleanþes í Aþenu. Þjóð mín er námfús og svo var með mig. Nú vill svo til, að tveir mestu heimspekingar vorir kenna, annar, að maðurinn hafi sál, er sé ódauðleg, hinn, að einn sé Guð, takmarkalaust réttlátur. Þetta tvennt taldi ég hið eina, sem nokkurs virði væri af öllu því, sem heimspekingarnir rökræða, enda leit ég svo á, að samband væri milli Guðs og sálarinnar, sem ekki hefði verið kunnugt hingað til. Þessi viðfangsefni geta menn hugleitt að vissu marki. Þá verður fyrir ókleifur múrveggur. Þegar þar kemur, er ekki annars kostur en að hrópa á hjálp. Það gerði ég. En engin rödd barst mér handan yfir múrvegginn. Í örvæntingu tók ég mig út úr mannlegu félagi.

Við þessi orð færðist ánægjubros á magurt andlit Indverjans.

— Nyrzt í landi mínu, í Þessalíu, er fjallið Olympos. Menn halda það heimkynni guðanna og segja þar vera hásæti Seifs, en hann telja landar mínir æðstan guða. Þangað fór ég, fann helli í fjallinu og hef dvalið þar við íhugun um langan aldur.

Ég trúði á ósýnilegan Guð og treysti því, að hann mundi sjá aumur á mér og opinberast mér.

Hellir minn vissi út að vík einni, Þermeuvík. Dag nokkurn sá ég manni varpað fyrir borð á skipi, sem sigldi hjá. Hann synti til strandar. Ég tók við honum og hjúkraði honum. Hann var Gyðingur, lærður á sögu og lög þjóðar sinnar. Og af honum lærði ég, að Guð bæna minna er til. Trú mín hafði ekki verið til einskis, Guð hafði svarað mér.

— Hann svarar öllum, sem ákalla hann í slíkri trú, mælti Hindúinn.

— Maðurinn, sem mér hafði verið sendur, sagði mér meira. Hann sagði, að spámennirnir, sem á tímum opinberunarinnar hefðu gengið með Guði, fullyrtu, að hann mundi koma aftur. Hann nefndi mér spámennina og las mér orð þeirra. Hann sagði enn fremur, að endurkomutíminn væri fyrir dyrum, hans væri fastlega vænzt í Jerúsalem á hverri stundu.

Hér þagnaði Grikkinn og skipti litum. Svo hélt hann áfram:

— Maðurinn sagði reyndar, að allar fyrri opinberanir hefðu verið ætlaðar Gyðingum einum, og eins mundi verða nú. Sá, sem koma skyldi, mundi verða konungur Gyðinga, hann væri engum ætlaður nema Guðs útvalda lýð. En ég örvænti ekki samt. Hví skyldi slíkur guð láta gæzku sína og kærleik koma fram við aðeins eina þjóð? Ég fór sjálfur að rannsaka og þar kom, að hroki mannsins lét undan og hann játaði, að forfeður hans hefðu aðeins verið útvaldir þjónar, er varðveita skyldu sannleikann, til þess að heimurinn skyldi að lokum komast að raun um hann og frelsast. Þegar Gyðingurinn var farinn og ég aftur orðinn einn, var það heitasta þrá mín og bæn, að mér yrði leyft að sjá konunginn, þegar hann kæmi, og veita honum lotningu. Kvöld nokkurt, er ég sat fyrir hellismunnanum og reyndi að nálgast leyndardóm tilveru minnar — en að þekkja hann er að þekkja Guð, — sá ég skyndilega skæra stjörnu leiftra yfir sjónum. Hún hækkaði hægt og kom nær og bar loks yfir hellinn og ljós hennar ljómaði um mig. Og ég heyrði rödd eins og í draumi, er sagði: Kaspar, trú þín hefur sigrað. Blessaður sért þú. Ásamt tveim öðrum frá yztu endimörkum jarðar, muntu fá að sjá þann, sem fyrirheitinn er, og vera vitni hans og orsök vitnisburðar um hann. Rís upp, þegar dagar, og far til móts við þá. Treystu leiðsögn Andans, sem mun leiðbeina þér.

Þegar í dögun bjóst ég til ferðar. Ég lagði af einbúakuflinn og bjóst mínum fyrri búningi, tók gull mitt og silfur úr felustaðnum, komst á skip, er sigldi hjá, og hélt til Antíokkíu. Þar keypti ég úlfalda og annað, er hafa þurfti til farar minnar, og leiddur af Andanum fór ég um Damaskus með Orontesfljóti, og loks hingað. Þetta er saga mín, bræður. Nú fýsir mig að hlýða á yður.

Egyptinn og Indverjinn litust á og Indverjinn tók til máls. Margt hafði hann um þjóð sína að segja, um trúarbrögð hennar og helgar bækur, um spekinga hennar, er búa sig undir dauðann með einsetu og meinlætum. Þannig hefði hann og lifað. Hann hefði efazt um setningar þjóðar sinnar. Og loksins hefði sá dagur runnið, að augu hans hefðu opnazt og hann séð innstu rök lífsins, samband sálar og Guðs — kærleikann.

Þá skýrði hann frá því, að nótt eina eigi alls fyrir löngu hefði hann séð nýja stjörnu. Skin hennar hefði ægt honum svo, að hann hefði orðið að byrgja ásjónu sína. Þá hefði hann heyrt mælt mildri röddu: Kærleikur þinn hefur sigrað. Blessaður sért þú. Lausnin er í nánd. Ásamt tveim öðrum úr fjarlægum landsálfum, muntu augum líta lausnarann og votta það, að hann sé kominn. Rís upp, þegar dagar, og far til móts við þá. Settu allt traust þitt á Andann, sem mun leiða þig.

Svipaða sögu hafði Egyptinn að segja. Hann hét Balthasar. Ævi sinni hafði hann varið til þess að hjúkra sjúkum og hjálpa snauðum og hugleiða hin æðstu viðfangsefni. Þá hafði stjarnan birzt honum og hann hafði heyrt röddina að ofan, er sagði hann sælan, því að von hans hefði sigrað, og bauð honum að hlíta vegsögn Andans. Hann skyldi fara til Jerúsalem, ásamt tveim öðrum, langt að reknum, og spyrja uppi hinn nýfædda konung Gyðinga.

Það varð djúp þögn í tjaldinu og eyðimerkurkyrrðin fyrir utan. Þeir tókust í hendur í hljóðum fögnuði og lofgjörð. Sólin var að setjast. Áður en hún hvarf stóðu þeir á fætur, tóku ofan tjaldið og bjuggu upp á úlfaldana. Síðan lögðu þeir af stað, Balthasar á undan, héldu til vesturs út í auðnina. Úlfaldarnir kjöguðu áfram sandana, löngum, hljóðum skrefum. Tunglið kom upp og varpaði draugslegum fölva yfir auðnina. Skyndilega blossaði leiftur í loftinu framundan, lítið eitt ofar sjóndeildarhring, stjarna logaskær. Fagnaðarbylgja fór um þremenn-

ingana, hjörtu þeirra tóku að slá ákaft og þeir hrópuðu einni röddu: Stjarnan, stjarnan! Guð er með oss!

## 3

Á vesturmúr Jerúsalemsborgar er Betlehemshlið eða Joppehlið öðru nafni. Úti fyrir því er einn af merkisstöðum borgarinnar. Áður fyrri var þarna rammger kastali. En er Davíð konungur hafði hrakið Kanverja brott, lét hann reisa nýjan múr um Jerúsalem. Kastalinn forni var þá rifinn, nema hliðið var látið standa, mest vegna þess, að við það voru fjölfarnar krossgötur, sem ekki þótti tiltækilegt að færa. Á dögum Salómons var þarna mikil kaupstefna og höfðu þar kaupmenn frá Egyptalandi, Týrus og Sídon varning sinn á boðstólum. Nálega þrjú þúsund ár hafa liðið og enn er selt og keypt á þessu torgi. Ys og umsvif nútímans gefa hugmynd um, hvað verið hefur í fyrri daga, svo sem á dögum Heródesar konungs mikla. Og sá er tíminn, sem lesandinn skyldi nú hafa í huga.

Nemum staðar við þetta hlið um stund, virðum fyrir oss fólkið, sem streymir út og inn og hlýðum á tal þess. Það hittist vel á. Einmitt nú ber fyrir tvo menn, sem athyglin hlýtur að beinast að.

— Skárri er það kuldinn, segir annar, vöðvastæltur maður í herklæðum, með skyggnda brjósthlíf og gljáandi hjálm.

Förunautur hans hnykkir höfði, hettan á hermannakufli hans rennur aftur af hnakka. Hann svarar með glettnisbrosi:

— Hjálmar þeirra, sem sigruðu Antóníus, urðu hvítir af gallverskum snjó. En þú, vesalingur, ert nýkominn frá Egyptalandi og orðinn kulvís.

Þeir hverfa inn um hliðið. Þótt þeir hefðu ekkert sagt, hefðu tygi þeirra og fas borið með sér, að þeir voru rómverskir hermenn.

Hér kemur Gyðingur, holdgrannur, lotinn, klæddur grófgerðum kyrtli mórauðum, hárið einn flókabendill. Sumir hlæja, aðrir sletta í hann háðsyrðum. Þetta er einn af einbúum auðnarinnar, þeirra, er pynda líkama sinn og skera ekki hár sitt.

Enn kemur hér maður, sem allir víkja úr vegi fyrir og margir varpa á ókvæðisorðum. Klæði hans og yfirbragð virðast gefa til kynna, að hann sé Gyðingur. Hann ber skikkju úr snjóhvítu

líni, tekna saman í hálsinn með gulum silkiböndum. Kyrtill hans er mjög útsaumaður og mittið sívafið rauðum linda, alsettum gullkögri. Hann er rólegur og virðulegur í fasi, brosir að fumi fólksins, þegar það víkur úr vegi. Hver er þessi? Líkþrár maður? Nei, hann er Samverji. Fólkið mundi segja, að hann sé óhreinn.

Í þessum svifum koma þrír menn, svo framandi útlits, að öllum verður starsýnt á þá. Þeir eru háir og herðabreiðir, augun blá, hárið bjart, stuttklippt. Naktir armar og fótleggir bera með sér, að þeir hafa krafta í kögglum, enda eru hér hnefaleikamenn, norrænnar ættar, en Rómverjar þjálfuðu marga slíka til þess að þreyta aflraunir og aðrar listir á hringsviðum. Þessir þrír voru komnir til Júdeu á vegum Heródesar konungs, en hann hafði marga rómverska háttu við hirð sína.

— Það veit Bakkus, segir einn þeirra og lyftir krepptum hnefa, að ekki eru hauskúpur þessa lýðs sterkari en eggjaskurn.

Uppi við múrinn situr ávaxtasalinn á ábreiðu undir lítilli sólhlíf. Allt í kringum hann eru karfir með vínþrúgum, möndlum, fíkjum og fagurrauðum granateplum. Sköllóttur er hann, tálgaður í framan með þunnt ránfuglsnef. Þessa stundina stendur hjá honum ungur Grikki, fríður sýnum, klæddur rauðum serk gullsaumuðum, gyrður belti með gullsylgju. Fólkið gefur honum auga. Hann er söngvarinn ungi, sem kominn er í kærleika við Salóme, systur Heródesar konungs. Menn píska um, að beltið og fleiri góðir gripir hans séu frá henni.

Þarna kemur kynlegur maður. Slík manntegund sést hvergi, nema hér. Hann líður áfram hátíðlegum, mældum skrefum, nemur staðar við og við, lítur til himins. Það er ekki um að villast, að þetta er einn úr hópi Farísea, en flokkur þeirra var valdamikill um þetta leyti.

Enn ber fyrir roskinn Gyðing, föngulegan og fríðan sýnum. Hrokkið alskegg hans ilmar af dýrum smyrslum, klæðin eru íburðarmikil, um hálsinn er festi og gildur innsiglishringur úr gulli í henni. Þjónar eru í fylgd hans, sumir vopnaðir. Þetta er einn af fyrirmönnum Jerúsalemsborgar, mikils virtur bæði heima fyrir og erlendis.

Sífelldur straumur fram og aftur um hliðið, mislit hjörð, trúðar og betlarar, Gyðingar, Grikkir og aðrir víðsvegar að úr öllum þeim þjóðlöndum, sem lutu Rómverjum.

Nú er komin þriðja stund dags, dagmál að vorum tímareikningi. Umferðin um hliðið er lítt tekin að réna. Nú beinist athyglin að ferðafólki sem ber að, karli og konu. Maðurinn var nálægt fimmtugu, skeggið tekið að grána, rósemi og íhygli í svipnum. Hann svipaðist um með spurn ókunnugs manns í augunum. Hann teymir asna, en á baki hans situr kona, hulin möttli úr ódýru ullarefni, höfuðið hjúpað hvítri blæju.

Einhver ávarpar manninn:

— Er það ekki Jósef frá Nazaret?

— Jú, sá er maðurinn. En hver ert þú? Nei, rétt er það, friður sé með þér, meistari Samúel.

— Og með þér, sagði maðurinn, leit síðan til konunnar og bætti við: Með þér, húsi þínu og öllum þínum sé friður.

Hún dró blæjuna sem snöggvast frá andlitinu og tók undir kveðju hans. Hann sá, að hún var barnung.

Mennirnir tókust í hendur. Samúel spurði, hvort þau hefðu verið í Jerúsalem um nóttina.

— Nei, sagði Jósef, við náðum ekki nema til Betaníu fyrir myrkur og gistum þar. Við ætlum til Betlehem.

Samúel skipti um svip og róm, virtist þykkna í honum:

— Ójá, sei, sei. Þú verður að láta skrásetja þig vegna skattsins. Keisarinn skipar. — Og dóttirin með.

Jósef svaraði stillt:

— Hún er ekki dóttir mín.

Samúel varð spyrjandi í framan og Jósef flýtti sér að bæta við: — Hún er dóttir Jóakims og Önnu í Betlehem. Þú hefur heyrt þeirra getið?

— Ég kannast við þau, bæði niðjar Davíðs í beinan legg.

— Þau eru bæði látin, sagði Jósef, dóu í Nazaret. Jóakim var ekki auðugur, en lét þó eftir sig hús og aldingarð. Til þess að María dóttir hans mætti ná arfinum, varð hún samkvæmt lögmálinu að giftast einhverjum nákomnum frænda sínum. Nú er hún mín eiginkona, en ég er móðurbróðir hennar.

— Ég skil. Og með því þið eruð bæði fædd í Betlehem, skipar sá rómverski ykkur að fara þangað, svo hann geti talið ykkur.

Samúel sló saman höndum í gremju, leit síðan til himins og bætti við:

— En Ísraels Guð lifir enn. Hefndin er hans. Um leið sneri hann sér við og gekk snúðugt brott.

## 4

Stuttu síðar teymdi Jósef asna sinn út um hliðið og hélt áleiðis til Betlehem. Sól var komin hátt á loft og hitinn lítt bærilegur. María Jóakimsdóttir hafði vikið andlitsblæjunni til hliðar. Hún var ekki meira en fimmtán ára að aldri, vel farin í andliti og vel litkuð, augun stór og blá, hárið mikið, ljóst og féll slegið um herðar og bak ofan fyrir mitti. Yfir svip hennar hvíldi blær, sem ekki verður nánar skilgreindur eða settur í samband við drætti andlitsins, einhver heið birta, sem aðeins getur komið að innan, og viss annarleiki, sem þeim verður eiginlegur, er oft hugleiða það, sem ekki er áþreifanlegt. Hún virtist oft annars hugar, heyrði ekki alltaf, þegar Jósef talaði við hana, bærði oft varirnar, horfði í himinblámann eða lagði við hlustir, eins og hún biði eftir ávarpi ósýnilegra vara.

Það var áliðið, þegar þau komust til Betlehem. Þar var alls staðar krökkt af fólki. Þau héldu til gistihússins. Mjög voru gistihús þeirra tíma í Austurlöndum ólík þeim, er nú tíðkast á Vesturlöndum. Gestir urðu sjálfir að hafa með sér allt, sem þeir þurftu, bæði til svefns og matar. Gistihúsið lét ekkert í té nema vatn og afdrep. Þar voru því hvorki veitinga- né matgjörðamenn, aðeins dyraverðir. Í Betlehem var aðeins einn slíkur gististaður. Dyravörður sat úti fyrir, hafði reist spjót sitt upp við vegginn og hundurinn lá við fætur hans.

— Friður Drottins sé með þér, sagði Jósef.

— Og með þér, tók dyravörður undir án þess að hreyfa sig.

— Ég er frá Betlehem. Er rúm fyrir okkur hér?

— Nei, hér er meira en fullt.

— Ég er fæddur hér í Betlehem og af Davíðs ætt. Má vera þú kannist við mig, ég er Jósef frá Nazaret.

Maðurinn stóð á fætur:

— Alla stund, sem þetta hús hefur staðið, hefur engum framandi verið vísað frá, hafi verið rúm. Mundi ég þá úthýsa manni af Davíðs ætt? En viljir þú líta á sjálfur, geturðu séð, að hér er ekki hægt að bæta neinum við. Hér er troðfullt og allur bærinn raunar líka. Fólk hefur streymt hingað í hrönnum, sjálf-

sagt í sömu erindum og þú, vegna manntalsins. Auk þess er hér kaupmannalest frá Damaskus.

—Það gerir ekkert til mín vegna. En ég er með konu mína og hún er ung og má ekki við miklu. Nóttin er köld, ef hún verður að liggja úti, er ég hræddur um .... Þú kannast ef til vill við hana, hún er dóttir Jóakims og Önnu.

— Ég þekkti þau fyrrum. Það voru góð hjón. — Hann horfði hugsandi niður fyrir fætur sér, sagði eftir nokkra þögn:

— Ég skal gera það, sem ég get. Við skulum hafa hraðan á, það er komið að sólarlagi og nóttin dettur á. Síðan tók hann í taum asnans og fór með þau yfir garð gistihússins, þar sem vart varð þverfótað fyrir skepnum, fólki og farangri, síðan eftir mjóum slóða áleiðis að gráum hamri, lágum, vestur frá gistihúsinu.

— Við erum að fara til hellisins, sagði Jósef.

Leiðsögumaðurinn dokaði við unz María var komin samsíða.

— Hellirinn, sem við förum til, sagði hann við hana, hefur efalaust verið hæli Davíðs, forföður þíns. Hann hefur rekið hjarðir sínar þangað úr högunum hér fyrir neðan. Jöturnar standa enn í dag. Það er betra að búa um sig á gólfinu, þar sem hann hefur sofið, en á gistihúsi.

Hellirinn var langur og djúpur, sjálfsagt fjörutíu fet á lengd, tæp fimmtán á breidd og svo sem tíu á hæð. Dyravörðurinn kveikti á ljóskeri, bauð góðar nætur og fór.

— Þessi staður er helgur, sagði María.

## 5

Á vissri stundu um kvöldið sló öllu í dúnalogn í gistihúsinu. Á þeirri stundu reis hver Ísraelsmaður á fætur, leit í áttina til Jerúsalem, krosslagði hendur á brjósti og gerði bæn sína. Þetta var hin helga níunda stund, þegar fórnir voru færðar í musterinu á Móríafjalli. Síðan neyttu menn kvöldverðar og bjuggu sér náttból. Skömmu síðar voru ljós slökkt og menn tóku á sig náðir.

Um miðnæturskeið heyrðist einhver kalla: Hvaða ljós er þetta á himninum? Vaknið þið, sjáið!

Menn settust upp milli svefns og vöku, störðu kringum sig,

urðu glaðvakandi, spruttu á fætur hver af öðrum. Hvað sáu þeir?

Á himninum, ofar öllum stjörnum, skein ljós, sem varpaði frá sér geisla svo skærum, að nóttin varð björt.

Undrun og ótti var í hvers manns svip. Aldrei höfðu menn séð neitt þessu líkt. Ekki gat það verið stjörnuhrap. Ekki gat það verið bjarmi af neinu báli á jörð. Enginn gat skýrt þetta. Gamall maður sagði: Bræður, þetta er himnastiginn, sem faðir vor, Jakob, sá í draumnum. Blessaður sé Drottinn, Guð feðra vorra.

Suðaustur af Betlehem er slétta, þar sem hirðar gættu hjarða sinna. Þessa sömu nótt sátu nokkrir þeirra við eld. Þeir voru klæddir skinnfeldum, um öxl sér höfðu þeir mal fyrir nesti og steina í slöngur sínar, en þær voru, auk stafsins, einu vopnin sem þeir höfðu til öryggis sér. Þeir lágu og skröfuðu saman um fénaðarhöld sín, en sjaldnast bar annað á góma hjá þeim. Einn af öðrum féll í svefn, enda var þeim það óhætt. Þeir skiptust á vökum og sá, sem nú skyldi vaka, var á sínum stað. Um miðnætti skyldi annar taka við af honum.

Nóttin var heið og stjörnubjört, blæjalogn, kyrrðin því líkust sem sjálfur himinninn hefði lagt fingur á vör, og beygt sig niður, til þess að hvísla heilögu leyndarmáli í eyra jarðar.

Vökumaður sá, að miðnæturstundin nálgaðist. Hann mátti fara að hvíla sig. Hann gekk í áttina til félaga sinna, en nam staðar. Það birti kringum hann, mjúk, hvít birta allt í kring, vaxandi birta, nú sá hann um alla haga. Hann kólnaði upp, leit til lofts, stjörnurnar voru horfnar, en eins og himinninn hefði opnazt og ofan flæddi ljós, sem einmitt í þessu varð að leiftrandi loga. Hann æpti í ofboði: Hæ, vaknið!

Hundarnir þustu upp, ráku upp ýlfur og sentust út í buskann. Hirðarnir spruttu á fætur og þrifu vopn sín, féð hljóp saman í hnapp.

— Hvað er þetta?

— Sjáið þið, himinninn er að brenna!

Birtan varð óþolandi. Mennirnir féllu til jarðar, rænulausir af skelfingu.

Þá hljómaði rödd, sem sagði: Verið óhræddir! Hirðarnir hlustuðu. Verið óhræddir, sagði röddin, því að sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, sem veitast mun öllum lýðnum. Því að yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn í borg

Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu.

Röddin var þýð og sefandi, gagntók þá og fyllti þá öryggi og vissu. Hún þagnaði, en að vörmu spori virtist þeim loftið fyllast af kór margra bjartra radda, er sögðu Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu með þeim mönnum sem hann hefur velþóknun á.

Þegar hirðarnir tóku að ná sér aftur, störðu þeir hver á annan langa stund og máttu ekki mæla. Loks tók einn til máls:

— Þetta hefur verið Gabríel, sendiboði Drottins. Messías er fæddur, og Guð hefur gefið oss tákn, að vér megum finna hann og tilbiðja.

Og þeir fóru og fundu Maríu og Jósef. Í jötunni lá barnið. Þeir virtu það fyrir sér við bjarmann frá ljósinu. Kristur Drottinn, mælti einn fyrir munni sér. Og hinir tóku undir, féllu á kné og höfðu orðin upp fyrir sér hvað eftir annað. Svo kysstu þeir faldinn á klæðum móðurinnar og hurfu á braut og sungu englasönginn: Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu með þeim mönnum, sem hann hefur velþóknun á.

## 6

Á ellefta degi hér frá komu vitringarnir þrír frá Jerúsalem. Þegar þeir voru komnir yfir um lækinn Kedron, tóku þeir að mæta mörgum og allir horfðu lengi á eftir þeim. Þó voru það hvorki reiðskjótar þeirra, áreiði né annar útbúnaður, sem vakti forvitni manna, heldur spurningin, sem þeir beindu að vegfarendum:

— Hvar getum vér fundið konung Gyðinga, sem nýlega er fæddur? Enginn hafði heyrt hann nefndan fyrri. Vér höfum séð stjörnu hans, sögðu ferðalangarnir og erum komnir til að veita honum lotningu.

Loks komu þeir sem leið lá að Damaskus-hliðinu og hittu þar fyrir rómverska hervörðinn. Fyrirliðinn glápti undrandi á þá, er þeir báru fram spurningu sína: — Konungur Gyðinga? spurði hann. Heródes, eigið þið við?

— Nei, annar er fæddur. Vér höfum séð stjörnu hans.

— Ekkert hef ég heyrt um það. Það er bezt þið farið til fræði-

mannanna í musterinu eða Heródesar sjálfs, sagði Rómverjinn. Ég er ekki Gyðingur og veit ekkert, hvað þið eigið við.

Vörðurinn hleypti þeim inn.

Síðla þetta kvöld boðaði Heródes konungur æðstuprestana og marga aðra lærða menn til hallar sinnar. Þeir söfnuðust saman í hallarsalnum, sem var í rómverskum stíl. Flestir voru þessir menn komnir á efri ár. Meðal þeirra var öldungurinn Hillel, forseti ráðsins. Hann sat við borð með margar bækur, skráðar hebresku letri, fyrir framan sig. Að baki hans var skutilsveinn. Hillel gerði honum bendingu og sagði við hann:

— Segðu konungi, að vér séum tilbúnir að svara honum.

Skömmu síðar lukust upp dyr og inn kom aldraður maður, klæddur skarlati og purpura, glitrandi af gulli og gimsteinum. Hann dróst hægt áfram, studdur staf. Þetta var Heródes konungur mikli, farinn að líkamsheilsu en viljaþrekið og valdasýkin óbuguð.

Hann horfði hvössum augum á safnaðinn. Sumir risu á fætur, aðrir lutu höfði. Hann gekk beint þangað, sem Hillel sat, sló staf sínum fast í gólfið og sagði:

— Svarið? — Hann hallaði sér fram á stafinn og sagði aftur: Láttu svarið koma.

Öldungurinn horfði í augu konungs og svaraði:

— Friður Drottins sé með þér, konungur, þess Drottins, sem var Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs. Þú hefur spurt oss, hvar Ritningin segi að Messías eigi að fæðast?

Konungur lét höfuðið síga:

— Það var spurning mín.

— Þá svara ég fyrir mína hönd og þessara bræðra: Í Betlehem í Júdeu. Hann benti á bókfellið fyrir framan sig og las hátt: Þú Betlehem, land Júda, ert enganveginn hin minnsta meðal höfðingja Júda; því að frá þér mun koma höfðingi, sem vera skal hirðir lýðs míns, Ísraels.

Heródes starði hljóður á bókina og var sýnilega í mikilli geðshræringu. Að vörmu spori sneri hann sér við og gekk út án þess að mæla orð.

Viðstaddir litu undrandi hver á annan. En Hillel sagði stillilega:

— Bræður, konungur leyfir oss að fara.

— — —

Skömmu síðar sömu nótt var vakið upp í gistihúsinu, þar sem vitringarnir þrír höfðu leitað gistingar. Dyravörðurinn skundaði að vörmu spori til langferðamannanna og kallaði:

— Vaknið! Ég er með áríðandi skilaboð.

— Frá hverjum?

— Konunginum.

— Hvað er honum á höndum?

— Það fáið þið að heyra hjá sendiboða hans.

Þeir kipptu á sig skóm sínum og skikkjum og fóru út.

— Afsakið, að ég geri yður ónæði, en minn herra konungurinn óskar að hafa tal af yður þegar í stað.

Þeir litu hver á annan og vissu þegar, að Andinn var yfir þeim. Balthasar gekk til dyravarðarins og mælti við hann, án þess aðrir heyrðu:

— Þú veizt um farangur vorn og úlfalda. Sjáðu um, að allt sé til, svo að vér getum umsvifalaust lagt af stað, þegar vér komum aftur, ef þess gerist þörf. Við sendimann mælti hann: Vilji konungs er vor vilji.

Þeir fóru um þröng borgarstrætin til hallarinnar, um hallarhliðið, þar sem varðmenn vöktu við eld og studdust við vopn sín, eftir súlnagöngum, um forsali, göng og stiga og námu loks staðar í háum turni frammi fyrir opnum dyrum. Sendimaður benti á dyrnar og mælti:

— Gangið inn! Þarna er konungur.

Herbergið var loftþungt af ilmi sandalviðar og allur búnaður þess með hóflausum íburði. Komumenn gáfu því raunar lítinn gaum. Öll athygli þeirra beindist að konungi, sem sat í hásæti á miðju gólfi. Þeir hneigðu sig til jarðar. Konungur bað þá sitja. Síðan tók hann til máls:

— Mér var tjáð í dag, að útlendir menn hefðu komið hér til borgar, þrír saman, kynlega búnir, langt að. Voruð það þér?

Egyptinn varð fyrir svörum:

— Værum vér aðrir en vér erum, mundi hinn voldugi Heródes ekki hafa sent eftir oss. Vér erum efalaust þeir hinir sömu.

— Hverjir eruð þér? Hvaðan komið þér? Bezt að hver tali fyrir sig.

Þeir hlýddu, sögðu stuttlega deili á sér hver af öðrum, svo og hvaða leiðir þeir höfðu farið til Jerúsalem. Heródes lét sér fátt um finnast og spurði nú beinlínis:

— Hvers spurðuð þér foringjann við hliðið og fleira fólk?

— Vér spurðum, hvar hinn nýfæddi konungur Gyðinga væri.

— Konungur Gyðinga? Var furða, þótt fólk yrði hissa! Er annar konungur hér í landi?

Egyptinn var hinn rólegasti.

— Nýfæddur konungur, já.

Kippir fóru um andlit einvaldans, eins og rifið væri upp sár hið innra með honum.

— Hvar er sá konungur? spurði hann.

— Þess spyrjum vér einnig.

— Þér talið í ráðgátum. Þér sjáið, að ég er á þeim aldri, þegar forvitnin er eins áköf og hjá barni og illa gert að leika með hana. Segið mér meira og ég mun heiðra yður eins og konungar heiðra hverjir aðra. Segið mér allt, sem þér vitið um þetta barn og ég mun hjálpa yður að finna sveininn. Og þegar hann er fundinn, skal ekki á mér standa að láta flytja hann til Jerúsalem og búa hann undir konungdóminn. Ég skal beita áhrifum mínum við keisarann honum í vil. Ekki skal ég keppa við hann, það sver ég. En segið mér fyrst, hvernig þér komust á snoðir um hann.

— Ég mun segja þér sannleikann, mælti Balthasar.

— Talaðu!

— Vittu, konungur, að til er almáttugur Guð.

Heródes tók viðbragð.

— Hann bauð oss að fara hingað og andi hans leiddi oss.

Heródes leit af einum á annan:

— Eruð þið að gera gys að mér? Segið mér, það sem þið vitið, ef nokkuð er. Hvað liggur fyrir þessum nýja konungi?

— Hann á að frelsa mennina.

— Frá hverju?

— Illsku þeirra.

— Svo það er Messías, sem þér eruð að boða? sagði konungurinn. Er það allt og sumt.

Balthasar hneigði sig djúpt. Konungur gaf merki og sagði við þjón:

— Komdu með gjafirnar.

Þjónninn fór, kom skjótt aftur, féll á kné fyrir vitringunum, hverjum fyrir sig, og afhenti þeim dýra skikkju og gullofið belti. Þeir þökkuðu gjafirnar að austurlenzkum sið. Konungur stóð

á fætur til merkis um, að áheyrnin væri á enda, sagði um leið:

— Ef þér eruð í raun og veru boðberar Messíasar, skuluð þér vita, að ég hef talað í dag við hina lærðustu menn Gyðinga um þetta efni. Þeir sögðu allir, að Messías ætti að fæðast í Betlehem. Farið þangað og leitið barnsins, og þegar þér hafið fundið það, þá látið mig vita, að ég megi einnig veita því lotningu. Farið í friði.

Að svo mæltu gekk hann brott. Þjónninn fylgdi vitringunum aftur til gistihússins og innan skamms voru þeir komnir af stað, héldu til Betlehem.

Áður en nóttin var liðin námu þeir staðar við munnann. Ljósið að ofan hafði vísað þeim rétt til vegar. Þeir sáu Maríu og barnið í skauti hennar vakandi.

— Átt þú þetta barn? spurði Balthasar.

María, sem geymdi allt í hjarta sínu, sem barnið snerti, lyfti því móti bjarma ljóskersins og sagði:

— Hann er sonur minn.

Og þeir féllu fram og veittu því lotningu.

Barnið var eins og önnur börn, enginn helgibjarmi um höfuð þess og engin kóróna úr málmi. Varir þess voru ómálga. Þeir færðu því gjafir. Það virtist ekki verða þess vart, né þeirra orða lofgjörðar, gleði og bænar, sem þeir fluttu því. Það horfði að hætti barna í ljósið, ekki á þá.

Og þetta var frelsarinn, sem þeir höfðu leitað um svo víða vegu!

En þeir tilbáðu barnið samt án hiks eða efa.

## 7

Þegar hér er komið sögu, skyldi lesandinn hverfa 21 ár fram í tímann, fram til fyrsta stjórnarárs rómverska landstjórans, Valeríusar Gratusar. Upphlaup og óeirðir voru tíðar í Jerúsalem, meðan hann sat að völdum, og var sá tími í rauninni upphaf hinna hatrömmu lokaátaka milli Gyðinga og Rómverja.

Heródes mikli lézt tæpu ári eftir fæðingu Betlehemsbarnsins, eftir langvinn og kvalafull veikindi. Draumur hans hafði verið að grundvalla nýja konungsætt, er skyldi ríkja yfir Ísrael og heiðra hann sem ættföður sinn. En sú von rættist ekki. Að

vísu stýrði sonur hans, Arkelaos, landinu um tíu ára skeið, en Rómverjar settu hann af og sendu í útlegð til Gallíu, gerðu síðan Júdeu umsvifalaust að rómversku skattlandi, er laut landstjóra, búsettum í Cesareu, ekki í Jerúsalem, og undu Gyðingar því illa. Þó tók út yfir, að Júdea og Samaría voru sameinuð í eitt skattland.

Eitt var þó Gyðingum huggun í öllu þessu andstreymi: Æðstipresturinn sat í konungshöllinni í Jerúsalem, hafði nokkurs konar ráðuneyti sér við hlið og dómsvald að nafninu til. Ekki mátti hann þó dæma dauðadóma, það heyrði undir rómverska landstjórann, öll mál voru rekin að rómverskum lögum í nafni keisarans og rómverskir hermenn og embættismenn voru á hverju strái. En æðstipresturinn í öndvegi konungshallarinnar var þó Gyðingur og návist hans minnti á sáttmála Drottins við Ísrael og fyrirheit spámannanna, er öll bentu til þess Messíasar, sem eitt sinn skyldi koma og frelsa lýðinn.

Júdea hafði lotið rómverskum yfirráðum í full 80 ár og Rómverjum gefizt nægur tími til að kynnast siðum hinnar undirokuðu þjóðar. Þeir skildu, að Gyðingar létu vel að stjórn, þrátt fyrir stolt sitt og kynlega gerð, ef trú þeirra og guðsdýrkun var aðeins látin óáreitt. Fyrri landstjórar höfðu heldur ekki seilzt inn á þetta svið. En nýja yfirvaldið, Valeríus Gratus, var annarrar skoðunar. Eitt fyrsta embættisverk hans var að setja æðstaprestinn, Hannas, af og skipa einn gæðinga sinna, Ísmael, í hans stað, ómaklegan mann.

Hvort sem Valeríus Gratus hefur hér verið einráður eða farið að fyrirmælum frá Róm, þá var þetta óviturlega gert og hefði getað dregið slæman dilk á eftir sér. Í Júdeu voru sem sé tveir flokkar, sem kepptu um völdin, höfðingjaflokkurinn og lýðflokkurinn. Eftir dauða Heródesar höfðu þessir tveir flokkar þó bundizt samtökum og barizt gegn eftirmanni hans, Arkelaosi, bæði með vélum og valdi, bæði í höllinni og musterinu, í Jerúsalem og Róm. Loks tókst þeim að flæma hann í útlegð. Ekki gleymdu þó Gyðingar innbyrðis þrætum í þeirri baráttu. Höfðingjaflokkurinn lagði hatur á æðstaprestinn, Jóazar, en lýðflokkurinn studdi hann af alefli. Þegar Arkelaos steyptist, dró hann æðstaprestinn með sér í fallinu, og þegar kjósa skyldi nýjan æðstaprest, kom höfðingjaflokkurinn Hannasi Sethsyni að. Við þetta blossuðu innbyrðis deilurnar upp að

nýju, en höfðingjaflokknum tókst með styrk Rómverja að halda völdum í fimmtán ár, allt þar til Valeríus Gratus varð landstjóri.

Hannas æðstiprestur leitaðist við að efla völd keisarans, herra síns. Antóníu-virkið var búið rómverskri hersveit, rómverskir hermenn stóðu vörð við höll hans, rómverskir dómarar dæmdu Ísraelsmenn og harðvítugir, rómverskir skattheimtumenn fóru um borg og byggð og hlífðu engu. Þjóðin sætti bæði skapraun og kúgun. Var þó friður að kalla, meðan Hannasar naut við. En þegar hann var fallinn, söknuðu Rómverjar mjög vinar í stað, því að hann gekk þegar í lýðflokkinn, er Ísmael var orðinn æðstiprestur, og gerðist foringi hans og brýndi hann sífellt til harðskeyttrar andstöðu við þau yfirvöld, sem hann hafði þó sjálfur fyrr meir verið harla vinveittur. Mánuði síðar en Ísmael tók við embætti sínu kom landstjórinn til Jerúsalem. Gyðingar heilsuðu honum og rómversku föruneyti hans með ókvæðisorðum og ólundarsvip. Hermennirnir fóru inn um norðurhlið borgarinnar og gengu beint í Antoníu-virkið. Gyðingar sáu í hendi sér, að þeir myndu ekki farnir í bráð. Þeim fannst viðurvist hermannanna móðgun og voru í þeim ham, að smávægilegasta tilefni mundi blása glóðum gremjunnar í bál. Vei þeim, sem fyrir yrði, ef Valeríusi Gratusi þætti ráð að ógna Gyðingum með því að sýna þeim einu sinni svart á hvítu, hve hart Rómverjar tækju á óhlýðni.

Svona stóðu mál í Jerúsalem á þessu skeiði og verður lesandinn að minnast þess, ef hann á að skilja það, sem á eftir fer.

## 8

Það er miður júlí, sól nálægt hádegisstað, brennheitir geislar hennar falla yfir garðinn, sem heyrir til konungshöllinni á Zíonsfjalli. Garðurinn er á allar hliðar umluktur skartlegum byggingum, í honum miðjum er tjörn og frá henni má leiða vatnið í mörgum smáum rásum og vökva allan garðinn. Með því móti einu verður honum bjargað frá þeim ægilega þurrki, sem drepur allan gróður í þessum héruðum.

Á bekk við þessa tjörn sátu tveir ungir menn, 17 og 19 ára, niðursokknir í alvarlegar samræður. Báðir voru fríðir sýnum, gátu virzt bræður við fyrsta álit. Báðir voru svarthærðir, svart-

eygir og dökkir á hörund, litkaðir af heitu sólskini landsins. Sá eldri var nokkru hærri en hinn, berhöfðaður. Hann var klæddur gráum ullarkyrtli, rauðbryddum, knésíðum, fléttaður silkilindi digur um mittið. Brúnir, sterklegir armar hans og leggir voru berir. Á fótum hafði hann ilskó og ljósbláa skikkju sína hafði hann breitt á bekkinn, þar sem þeir sátu.

Klæði hans og svipur bar með sér, að hann var Rómverji, ennið hátt, nefið hvasst, augnaráðið valdsmannlegt. Þóttinn, sem brá fyrir í svip hans, þegar hann horfði niður á Gyðinginn unga, sem hjá honum sat, afsakaðist að nokkru með því, að hann var mjög tiginnar ættar, auk þess sem hann var af hinni voldugu, rómversku þjóð. Nafnið Messala var talið eitt hið tignasta í Róm, tengt keisaraættinni. Einn af Messala-fjölskyldunni hafði Ágústus keisari skipað í hið mikilvæga embætti æðsta skattheimtumanns í Júdeu. Hann hafði ásamt æðstaprestinum aðsetur í konungshöllinni. Ungi maðurinn, sem hér ræðir um, var sonur þessa skattheimtumanns.

Hinn, sem hjá honum sat, var grannvaxnari en leit út fyrir að geta orðið jafn þreklegur og Rómverjinn með tímanum. Hann var búinn klæðum af fínofnu, hvítu líni, svo sniðnum, sem tíðkað var í Jerúsalem á þessum tíma. Yfir sér hafði hann höfuðdúk, sem haldið var frá enni með gulum silkisnúrum, er héngu niður á hnakkagróf að aftan. Klæðasnið hans og útlit bar með sér, að hann var Gyðingur. Enni hans var lægra og breiðara en Rómverjans, nefið lengra, varirnar þykkari, augun stór, brúnir bjúgar. Brúnn hörundslitur hans breyttist í kinnunum í hraustlegan, ferskan roða. Máttur og megin var í svip Rómverjans, yfir Gyðingnum hins vegar hálf barnslegur blær og þokki.

— Sagðirðu ekki, að nýi landstjórinn kæmi á morgun? spurði Gyðingurinn ungi á grísku, en sú tunga var, þótt undarlegt sé, algengust meðal menntaðra Gyðinga.

— Jú, hann kemur á morgun, svaraði Messala.

— Hvernig veiztu það?

— Ég heyrði Ísmael, þennan þarna nýja — ja, hvernig titlið þið hann? — æðstaprest, segja föður mínum frá því. Síðan snemma í morgun hafa vopnasmiðirnir keppzt við að fægja hjálma og skildi hermannanna og gylla ernina upp. Þá hefur verið útvegað rúm handa mörgum hermönnum, sjálfsagt lífverði hins mikla manns.

Sérkenni svarsins fólst síður í orðum en rómi og fasi. Lotning var eiginleiki, sem ungum Rómverjum þessa tíma fannst úreltur og hlægilegur. Hin forna goðatrú var að heita horfin, nöfn goðanna aðeins notuð af gömlum vana. Heimspekin var í þann veginn að taka sæti trúarbragðanna. Spé heilagra hluta þótti nálega sjálfsagt í tali menntaðra manna. Messala hafði dvalizt nokkur ár í Róm, var nýlega kominn þaðan og hafði vitanlega tileinkað sér málfar samtímatízkunnar. Því tilheyrði og að tala með nokkrum semingi og drunga, og skyldi það bera vott um upphafið hirðuleysi, enn fremur vissir fyrirlitlegir drættir um munninn og stuttar þagnir, er skyldu veita áheyrandanum tóm til að njóta fyndninnar eða finna spéið. Slík þögn fylgdi einmitt orðum Rómverjans um æðsta prestinn. Roðinn í kinnum Gyðingsins jókst og hann starði ofan í tjörnina án þess að mæla orð.

— Í þessum garði kvöddumst við, áður en ég fór til Rómar. Þú sagðir: Guðs friður sé með þér, og ég svaraði: Guðirnir gæti þín. Manstu þann dag? Hvað eru mörg ár síðan?

— Fimm ár, sagði hinn, leit ekki upp, hélt áfram að stara á lygnan pollinn.

Messala virti unglinginn fagra fyrir sér, brosti með velþóknun:

— Nú, það er full ástæða fyrir þig að þakka guðunum, ef slíkt orðalag er þér að skapi. Þú ert fagur sem Ganymedes, byrlari Júpíters. Gaman væri að sjá þig við keisarahirðina. En segðu mér, Júda, hví er þér koma landstjórans svo hugstæð?

Júda virtist ekki heyra þessa spurningu, hann leit stórum augum á Messala og sagði aftur:

— Já, fimm ár. Heldurðu ég muni ekki þann dag? Þú veizt ekki, hvað ég grét, þegar þú varst farinn. Fimm ár liðin, þú kominn aftur, lærður og menntaður eins og prins, en samt vildi ég óska þú værir líkari þeim Messala, sem fór héðan.

— Því þá, vinur? Að hvaða leyti er ég ekki sá sami og þegar ég fór? Einn frægasti ræðuskörungur okkar gaf mér einu sinni gott ráð: Kynntu þér andstæðinginn, áður en þú svarar honum. Láttu mig heyra, hvað þú átt við.

Júda roðnaði við hefðar- og háðssvipinn á hinum, en svaraði með festu:

— Kennarar þínir í mælskulist hafa kennt þér að haga orðum

lævíslega og finna snöggustu blettina á andstæðingnum. En vinur minn, Messala, sem héðan fór, hafði ekkert eitur á tungu sinni, hann hefði ekki fyrir nokkra muni viljað særa tilfinningar vinar síns.

Rómverjinn brosti eins og honum hefðu verið tjáð mjög notaleg tíðindi.

— Nei, þér hentar ekki að vera Ganymedes, þú ert svo hátíðlegur og dularfullur eins og sjálf véfréttin í Delfi. Vertu ekki svona hátíðlegur, segðu, með hverju ég hef sært þig.

Júda dró djúpt andann um leið og hann svaraði:

— Nokkuð hef ég líka lært á þessum fimm árum. Okkar spekingar eru sjálfsagt ekki jafnokar þeirra rómversku í ýmsu, en þeir, sem nema hjá þeim, heyra um Guð og lögmálið og Ísrael, læra að elska og heiðra allt, sem þessu heyrir. Ég veit, að þjóð mín er ekki sú, sem hún var, og ég finn til undan smán hennar, gerði ég það ekki, væri ég afhrak. Ísmael er ekki æðstiprestur okkar, getur ekki verið það, meðan Hannas lifir, en hann er þó levíti, einn af þeirri útvöldu kynkvísl, sem veitt hefur guðsþjónustunni forstöðu öldum saman.

Messala stöðvaði hann með hæðnishlátri:

— Jú, jú, Ísmael er óverðugur, en hann er samt skárri en Rómverji. Alltaf er Gyðingurinn sjálfum sér líkur. Það veit Bakkus. Mennirnir, himinn og jörð breytast, Gyðingurinn ekki. Hann þekkir hvorki afturför né framför. Það, sem forfeður hans voru, verður hann sjálfur. Sjáðu hér. — Hann laut niður og gerði hring í sandinn. — Svona er líf Gyðingsins og hugsun. Miðjan, það er musterið, hringurinn landið ykkar. Það, sem þar er fyrir utan, lætur enginn ykkar sig varða. Málara- og höggmyndalist teljið þið synd, skáldskapinn fjötrið þið í guðsþjónustunni, mælska ekki til nema í samkunduhúsunum. Í styrjöld tapið þið sjöunda daginn öllu, sem þið unnuð hina sex. Nærsýn og tómleg lífsskoðun, sem þið hafið. Ertu hissa, að ég brosi að henni? Og sá guð, sem þið dýrkið, sá er ekki kröfuharður að láta sér nægja tilbeiðslu slíkrar þjóðar. Er hann sambærilegur við Júpíter, sem ljær okkur erni sína, svo að vopn Rómar fara sigrandi um alla jörð?

Júda stóð á fætur, stokkrauður í kinnum.

— Nei, sittu kyrr, vinur sæll, kallaði Messala og rétti höndina til hans. — Það er fallegt af þér að koma hingað í dag að

bjóða mig velkominn og endurnýja forna vináttu — ef þá er hægt að endurnýja hana. Kennari minn sagði við mig að skilnaði: Voldugur skyldirðu verða; mundu, að Marz ríkir og Eros er dauður. Hann átti við, að ást er ekkert, herfrægðin allt, þannig hugsar hver Rómverji. Já, lifi Marz, ég vil verða hermaður. En þú, veslings vinur, hvað getur þú orðið?

Júda laut höfði dýpra.

— Ég vorkenni þér, Júda. Frá samkundunni ferðu til musterisins, tekur ef til vill að lokum sæti í ráðinu og þar með er saga þín öll, en ég .... Heimurinn er ekki allur undirlagður enn, margar óþekktar eyjar, lönd í norðri, sem enginn Rómverji hefur enn stigið fæti á, herferð Alexanders mikla langt í Austurveg — það, sem honum tókst ekki, getur annar til lykta leitt. Rómverskum manni er ekkert ómögulegt.

Júda leit upp, sá hrifningu og stórlæti leiftra úr augum Messala, en rödd hans var nokkru lægri, er hann hélt áfram:

— Eftir nokkrar sigursælar herferðir fæ ég feitt skattland til yfirráða, bý sjálfur í Róm. Þar hvílist maður eftir baráttuna, gnægð gulls handa á milli, og þess þarf, allt fæst fyrir gullið, vín, söngur, konur, sjónleikir. Já, feitt skattland, það er markið. Því ekki Sýrland. Antíokkía er goðheimur. Júdea fylgir í uppbót, og þú, vinur minn, Júda, skalt njóta gæfu minnar.

Slíkt tal sem þetta var algengt í Róm, en Júda hafði aldrei áður heyrt neitt þvílíkt. Spaugsemi skildu Gyðingar lítt. Hann hlýddi því á vin sinn með blöndnum kenndum, ýmist gramur, ýmist skilningslaus. Þóttinn í svip Messala, sem hafði styggt hann frá byrjun, særði hann meir og meir. Honum virtist sem Messala reyndi með vilja að særa dýpstu og helgustu tilfinningar hans. Ættjarðarástin var Gyðingum ástríða og svo nátengd trú þeirra, að þeir þoldu ekki neitt spé um það. Því voru orð Messala kvöl fyrir Júda. Loks svaraði hann og reyndi að brosa:

— Þér var þá alvara?

— Því ekki? En ég fékk ekki lokið máli mínu. Ég ætlaði að bjóða þér meira. Þegar ég er orðinn landstjóri og ríki yfir Júdeu ætla ég að skipa þig æðstaprest.

Júda sneri frá honum reiður.

— Nei, nei. Farðu ekki brott. Við Júpíter, skárri er það hitinn! Færum okkur í skuggann.

Júda svaraði kuldalega: — Það er bezt við skiljum og ég vildi ég hefði ekki komið. Ég bjóst við að hitta vin og hitti ....

— Rómverja, botnaði Messala.

Júda stillti sig um að segja meira, gekk hratt á braut. Messala stóð á fætur, tók skikkjuna af bekknum og varp yfir sig, flýtti sér síðan á eftir vini sínum, sem nokkuð hafði hægt á sér en leit ekki við. Messala náði honum fljótt, lagði hönd á öxl honum og fylgdist með honum samsíða:

— Manstu, svona gengum við saman, þegar við vorum börn. Ef þú vilt óðfús fara, þá lofaðu mér að fylgja þér að hliðinu. Þú ert drengur ennþá, ég er orðinn fullorðinn og því verð ég að tala eins og fullorðinn maður. Af hverju reiddist þú, þótt ég talaði um að ríkja yfir Júdeu? Einhver Rómverji verður til þess, því ekki ég?

— Útlendir hafa haft völdin yfir landi okkar á undan Rómverjum, en hvar er nú veldi þeirra? Vald þeirra er horfið, en Júdea er enn til.

— Jæja, við skulum hætta að tala um stjórnmál. Mér þykir vænt um þig — og ég vil gjarna hjálpa þér. Vertu hermaður eins og ég. Rífðu þig út úr þessum þrönga hring, sem lög og siðir þjóðar þinnar halda þér föstum í. Þar rúmast enginn metnaður né dáð.

Júda hristi höfuðið þögull.

— Hverjir eru spekingar okkar tíma? Eru það þeir, sem eyða ævinni í heilabrot um tóm orð eins og Jehóva og Baal? Nefndu mér einn mikinn mann frá hvaða landi, sem þú vilt, sem ekki notfærði sér aðstæðurnar á allan þann hátt, sem hann gat, og hafnaði öllu, sem ekki kom að notum, til þess að ná markinu? Hvað gerði Caesar? Heródes? Makkabear? Vertu eins og þeir og þú skalt sjá — Róm styður þig.

Júda skalf af reiði og hraðaði sér að hliðinu, tautaði um leið: Róm, Róm.

— Já, Róm er rétta orðið! Vertu nú skynsamur og láttu af þessari heimsku um Móse-lög, spámennina og allt hitt. Horfðu fast í augu örlagaguðanna og þeir munu segja þér, að Júdea verði að beygja sig fyrir vilja Rómar.

Þeir voru komnir að hliðinu. Júda horfði á Messala lengi að skilnaði og sagði: — Hér skiljum við. Rómverji og Gyðingur skilja ekki hvor annan. Þú hefur hryggt mig í dag, því þú hefur

sýnt mér, að við getum aldrei orðið vinir framar, eins og við vorum áður. Friður sé með þér.

Messala rétti fram höndina, en Júda gekk leiðar sinnar án þess að taka í hana. Rómverjinn stóð við andartak og horfði á eftir honum, hnykkti síðan höfðinu drembilega og sagði: Eros er dauður, Marz ríkir!

## 9

Frá því borgarhliði í Jerúsalem, sem nú nefnist hlið heilags Stefáns, lá í þá daga gata til vesturs meðfram norðurálmu Antóníuvirkisins, tók síðan krappa sveigju til suðurs. Þegar Júda var þar kominn, nam hann staðar og gekk inn í myndarlegt hús, sem stóð við buginn á götunni. Húsið minnti á virki þar sem það var byggt úr stórum, óhöggnum blágrýtissteinum. Glöggur maður myndi þó sjá, að það var bústaður manna, sem bæði voru auðugir og höfðu smekk fyrir fegurð og þægindum. Það sýndu meðal annars gluggarnir, en gluggar voru þá aðeins á beztu og vönduðustu húsum, auk þess skreyting í steini og marmara yfir þungum, járnslegnum hurðum. Júda drap á eina þessara hurða, hlera í öðrum væng hennar var skotið frá og hann sté inn án umsvifa, auðséð, að hér átti hann heima.

Göngin, sem hann var nú staddur í, voru með hvelfdu lofti, veggir skreyttir útskurði í tré. Beggja vegna voru steinbekkir, máðir af langvarandi notkun. Nokkrum skrefum innar tók við húsagarður, umkringdur húsum á allar hliðar; þar gengu þjónar út og inn. Hestar og nautgripir sáust inn um opnar dyr peningshúsa, alifuglar tíndu í sarpinn. Frá þessum garði lágu dyr inn í annan trjágarð, þar óx vínviður og runnar, gosbrunnur kældi loftið og fögur súlnagöng mynduðu skuggsæl afdrep. Þaðan var stigi upp til herbergja fjölskyldunnar og allt upp á flatt þakið. Júda gekk til herbergis síns og varpaði sér þar á legubekk með hendur fyrir augum. Hann lá lengi þannig. Það var farið að skyggja. Þá kom kona inn úr dyrunum og ávarpaði hann með nafni.

— Kvöldverður er um garð genginn, sagði hún, ætlar þú ekkert að fá?

— Nei, Amra.

— Ertu veikur, Júda?
— Nei, aðeins þreyttur.
— Móðir þín hefur spurt eftir þér.
— Er það? Hvar er hún?
— Uppi á þaki. En viltu ekki fá eitthvað að borða?
Hann reis upp.
— Jú, færðu mér eitthvað, hvað sem þú vilt. Ég er ekki veikur, en þreyttur á öllu. Mér finnst lífið svo skuggalegt, það er nýr sjúkdómur, Amra. Þekkir þú ekkert meðal við honum?
Amra strauk blítt yfir enni hans. — Et nú fyrst, sjáum svo til, hvað hægt er að gera.
Hún fór, en kom að vörmu spori aftur með trébakka, sem á var vín, mjólk, brauð, kjöt og hunang. Auk þess var á bakkanum lítill lampi, tendraður, sem varpaði birtu á dökkt eikarloft stofunnar, bláar og hvítar gólfflögur, þrjá útskorna stóla og lága legubekkinn og ábreiðu hans, stóra, úr röndóttu ullarefni.
Amra dró stól að legubekknum, lét bakkann á hann og lagðist sjálf á hnén þar hjá. Hún var roskin, þeldökk, svarteyg, horfði á Júda með móðurlegri blíðu. Amra var ambátt, það sást á stóra gatinu gegnum vinstra eyrnasnepil. Hún hafði verið fóstra Júda, annazt hann frá fæðingu. Því elskaði hún hann eins og móðir, í augum hennar hélt hann áfram að vera barn.
Hún þjónaði honum þegjandi til borðs, þar til hann hóf sjálfur máls: — Manstu eftir Messala, sem kom hér svo oft, þegar ég var drengur?
— Já, vel man ég eftir honum.
— Hann fór fyrir fimm árum til Rómaborgar og er nú kominn heim. Ég hitti hann í dag —. Síðustu orðunum fylgdi þungt andvarp.
— Grunaði mig ekki, að eitthvað hefði komið fyrir! Mér hefur aldrei fallið þessi Messala. Og hvað svo? Láttu mig heyra.
En Júda varð annars hugar. Ítrekuðum spurningum Ömru svaraði hann þessu einu: — Hann er allur annar maður, ég skipti mér ekki af honum framar.
Þegar hann hafði matazt, hvarf hann frá Ömru og gekk upp á þak, en í Austurlöndum hafast menn mikið við á húsþökum. Á daginn, þegar sólarbruninn er mestur, leita menn afdreps í rökkvuðum stofunum, en á kvöldin, þegar sól er sezt, svalans og góða loftsins uppi á flötu þaki. Á húsum auðmanna

eru þökin að jafnaði fagurlega búin. Svo var og hér: Turnar, súlur, jurtir, er skýldu sætum. Júda gekk að turnherbergi nokkru og fór þar inn. Ekki var þar ljós, en gluggaop á öllum hliðum, svo að stjörnurnar á dimmbláum næturhimninum blöstu við. Við einn gluggann sat kona, hvítklædd með blævæng í hendi.

— Mamma, hér er ég, sagði Júda, gekk hratt til hennar og kraup. Hún vafði örmum um háls honum, kyssti hann og sagði: — Júda, sonur minn. Hann settist við fætur hennar og lagði höfuð í skaut henni. — Amra segir, að eitthvað hafi komið fyrir þig, sagði hún og lagði lófann á enni hans. — Þegar þú varst lítill, lét ég mér lynda, þótt þú létir smámuni á þig fá, en nú ertu senn fullorðinn og veizt, að með tíð og tíma áttu að verða hetjan mín.

Hann sat um hríð í djúpum hugsunum, greip síðan hönd hennar. — Mamma, ég hef hugsað svo margt í dag, sem ég hef aldrei hugsað út í fyrr. Segðu mér fyrst, hvað á ég að verða?

— Það, sem ég sagði: Hetjan mín.

Hann sá ekki framan í hana, en heyrði á rómnum, að hún gerði að gamni sínu.

— Mamma, þú ert svo góð. Engum getur þótt vænna um mig en þér. Ég skil, að þú vilt ekki tala um þetta, því að þú hefur átt mig ein allt til þessa dags. Það hefur verið unaðslegur tími, öryggi og friður. En það hlýtur að breytast. Ég verð að velja mér starf eins og hver sonur Ísraels verður að gera. Á ég að hirða hjarðir, á ég að yrkja jörðina, eða á ég að verða lögvís?

— Hvað sagði Gamalíel í dag?

— Ég veit ekki, hvað hann sagði, ég hlustaði ekki á hann.

— Það hefur þá verið Símeon, sem ....

— Nei, ég var ekki í musterinu, heldur með Messala unga.

Rödd hans var svo kynleg, að athygli móður hans vaknaði.

— Svo, með Messala. Hvað sagði hann þá, sem setti þig svona úr jafnvægi?

— Hann er breyttur.

— Þú átt við, að hann sé orðinn Rómverji í húð og hár?

— Já, svo er.

— Rómverji, það er sama og drottnari. Áður var hann ná-

lega Gyðingur, en andrúmsloftið í Róm er smitandi. Hann er sem sé orðinn stoltur og drembinn?

— Það var hann áður líka, ég sá hann oft draga dár að útlendingum, þegar ég var barn, en hann þyrmdi þó alltaf okkar þjóð. Fyrst núna í dag heyrði ég hann fara háðslegum orðum um Guð okkar og siðu. Ég vildi ekki hlusta á hann, heldur fór frá honum og vináttu okkar er lokið. Nú verður þú, mamma mín, að hjálpa mér að átta mig á þessu. Þú verður að segja mér, hvort rómverskur maður hafi rétt til að fyrirlíta mig af því að ég er Gyðingur. Að hverju leyti stend ég honum að baki? Er minna varið í okkar þjóð en Rómverja? Get ég ekki líka leitað sæmdar og frægðar af öllu tagi? Get ég ekki tekið sverð og skjöld og barizt eins hraustlega og nokkur Rómverji? Ég veit, að ég get orðið kaupmaður, átt stórar hjarðir eða smíðað málm af list. En get ég ekki orðið listamaður eins og Grikkir, gert höggmyndir og málað? Eða skáld og ort um allt, sem er fagurt og stórbrotið? Í stuttu máli, mamma, getur Gyðingur ekki komið því sama í verk og Rómverji?

Móðir hans stóð á fætur, lagði höndina sefandi á höfuð sonar síns og horfði á stjörnurnar. Hún var ekki síður stórlát en hann og særðist ekki síður. Hún varð að svara, en svar hennar varð að vera skýrt og ótvírætt. Játaði hún, að þjóð hans væri skör neðar en Rómverjar, myndi æskuhugrekki hans bíða hnekki. Hún hikaði við að svara, vantreysti getu sinni.

— Kona hefur naumast hyggindi til að ræða þetta mál, sonur minn. Við skulum biðja Símeon spaka ....

— Nei, mamma, ekki hann. Lærdómur hans kemur mér ekki að haldi. Þú ein getur gefið mér hugrekki og þrek, til að byrja baráttu lífsins, það getur hann ekki.

— Sonur minn, úr því við heimtum réttlæti sjálfum okkur til handa, væri óhyggilegt að vera ranglátur við aðra. Að frýja óvini hreysti, þegar við höfum sigrað hann, er læging eigin sæmdar. Og hafi óvinurinn verið nógu öflugur til þess að standast okkur snúning og ná valdi á okkur í bili, þá heimtar virðingin fyrir sjálfum okkur, að við leitum að öðrum ástæðum fyrir óhappinu en brestum hans og ávirðingum. Taktu því í þig kjark, sonur minn. Víst er Messala af gömlu og frægu kyni, ættmenn hans voru þegar kunnir, þegar Róm var lýðveldi,

sem stjórnmálamenn og hermenn. Ríkir hafa þeir verið líka, en hafi hann látið mikið vegna þess, að forfeður hans voru miklir menn, hefðir þú getað látið hann þagna með einföldum samanburði. Menn hrósa sér oft af því að vera af gömlum ættum, en jafnvel tignustu Rómverjar geta þó ekki rakið ættir sínar lengra en til upphafs Rómaborgar. Hefur Messala annað við að styðjast? Hvað um okkur, höfum við nokkuð öruggt að styðjast við í þessu? Hugsum okkur, að Messala væri hér kominn, þá mundi ég svara honum ....

Hér reisti hún höfuðið hærra, hefði verið bjartara, hefði Júda séð roða stoltsins á vöngum hennar. En minning nokkur beindi hugsun hennar í aðra átt og hún hélt áfram, röddin mýkri:

— Sonur minn, faðir þinn hvílir í friði hjá feðrum sínum, en ég man ennþá, eins og það hefði verið í dag, þegar hann og ég bárum þig í musterið, til þess að færa þig Drottni. Við fórnuðum dúfum og presturinn skráði nafn þitt: *Júda, Iþamarsson af húsi Húrs.* Síðan var bókin borin inn og varðveitt, bókin, þar sem Húrs-ættin er skrásett. Þessi ættartala var hafin langt aftur á öldum, Hillel hinn vitri telur jafnvel, að forfaðirinn Abraham hafi byrjað hana, því hann og synir hans eru þar fyrst taldir. Seinna, þegar spekingar þjóðar okkar hugleiddu, hvernig fyrirheitna landinu skyldi réttvíslega skipt milli niðja Jakobs, voru ættartölurnar varðveittar og auknar, meðal annars af þeim sökum. Höfuðástæðan var þó fyrirheit Drottins: Af þínu afkvæmi skulu allar ættkvíslir jarðarinnar blessun hljóta, sem benti fram til fjarlægra tíma. Því var ættarbókarinnar gætt sem helgidóms, til þess að engin ættanna, ekki hin lítilmótlegasta, skyldi gleyma, hvílíkt fyrirheit henni hafði verið gefið. Heldurðu, sonur minn, að Rómverjar, sem gorta af sínum forna aðli, geti nefnt nokkra ætt, sem að aldri jafnast á við okkar?

— Segðu mér, mamma, eru þessar ættartölur alveg áreiðanlegar?

— Já, alveg, það kemur öllum fróðum mönnum saman um.

— Og samkvæmt þeim er ég sem sé ....

— Í beinan karllegg af ættinni Húr, og viljirðu fá þetta staðfest, þá líttu í fjórðu bók Móse, þar sérðu ættföður þíns getið. Margt hafa menn vanrækt í sambandi við dýrkun Drottins, en

ekki þetta. Þegar þjóðin kom aftur eftir herleiðinguna til Babýlon, gaf Serúbabel henni ættarskrárnar aftur og þeim hefur verið haldið áfram síðan.

Þau þögðu bæði um stund. Júda rauf þögnina:

— Ég þakka þér, mamma, af öllu hjarta þakka ég þér fyrir. Enginn hefði getað talað viturlegar og meira sannfærandi en þú. En er aldur ættar okkar nægur? Hvað hefur hún unnið sér til frægðar og ágætis?

Aftur varð móðirin þögul og hugleiddi hverju hún skyldi svara. Hún fann, að þegar sonur kemur til föður eða móður og spyr: hver er ég og hvað er hlutverk mitt í lífinu? þá verður að vega svarið og meta af ýtrustu samvizkusemi, því að hvert óhugsað orð getur bakað ungum, næmum, barnslegum huga tjón.

Hún strauk vanga hans mjúkum lófa. — Sonur minn, mér finnst ég vera að berjast við andstæðing, sem ég næ ekki til. Sé það Messala, segðu mér þá allt, sem hann sagði við þig.

Nú rakti Júda samtal sitt við Messala eins ýtarlega og hann gat, dvaldi einkum við þau orð hans, sem lýstu fyrirlitningu á Gyðingum, siðum þeirra og trú. Móðirin hlustaði og skildi allt. Júda hafði farið til Messala, hafði þráð að hitta leikfélagann, sem hann hafði kvatt fyrir fimm árum. En í stað sveinsins hafði hann fundið vaxinn mann, sem ekki hafði hugann á öðru en því, hvað framtíðin gæti fært honum af metorðum, auði og völdum og mundi ekki framar saklaus gleðiefni bernskunnar. Júda hafði svo horfið frá fornvini sínum með djúpt særðan metnað en nývaknaða metorðagirni. Þetta vakti henni kvíða — skyldi sonur hennar lokkast frá trú feðranna? Það var versti háskinn, sem hugsazt gat. Því reis allt, sem til var gyðinglegt í eðli hennar, upp til baráttu gegn þessum nýju áhrifum, hún einbeitti öllum sínum sálarstyrk, og móðurkærleikurinn kynti undir, svo að orð hennar urðu eðlilega kröftug, nálega karlmannleg:

— Það hefur aldrei verið til þjóð, sem ekki þykist vera öðrum meiri. Þegar Rómverjar hæða allar aðrar þjóðir og þykjast vera yfir öllum öðrum, þá endurtaka þeir það eitt, sem Egyptar, Assýríumenn og Persar hafa áður sagt. Ein þjóðin tekur við af annarri, eflist að valdi og hverfur svo í gleymsku. Hvað gildir það, hvort völdin standa lengur eða skemur, það, sem

máli skiptir fyrir þjóð, er ekki, hve mikinn hluta jarðar hún brýtur undir sig, heldur hve hátt hún nær, hve nærri hún kemst Guði. Þeir tímar hafa verið, að okkar þjóð hefur líka gleymt Guði, en Rómverjar hafa aldrei þekkt hann. Það er mikil villa, sem er sprottin upp hjá Rómverjum og breiðist meir og meir út, sú trú, að hernaður sé æðsti starfinn og sá heiður, sem fæst á vígvöllum, skáki öllum öðrum. Mennirnir verða að eiga eitthvað, sem þeir tilbiðja og tigna. Hvað eru goð Rómverja, Júpiter og Marz, annað en tákn stríðsins, fyrirmyndir rómverskra stríðshetja? Það er Gyðingum heiður, að þeir hafa tignað andann meir en valdið. Í Aþenu naut hugsuðurinn meiri heiðurs en hermaðurinn, en var Grikkland fyrst til að meta tign andans? Nei, sonur minn, Ísrael var fyrri til þess, þar vaknaði það fyrst. En nú hefur það vald, sem Rómverjar hafa á hendi, náð undirtökum allsstaðar. Rómverjar eru blindir á dyggðir annarra þjóða, þeir eru ofbeldismenn, jörðin skelfur undir sókn hersveita þeirra, eins og gólf þreskiláfans undan höggum þústarinnar. Okkar þjóð hefur líka orðið að lúta þeim. Helgidómar okkar eru á þeirra valdi og enginn veit, hve lengi þrælkunin varir. Og eitt veit ég, Róm getur marið Júdeu eins og kvörnin malar kornið, þeir geta lagt Jerúsalem í rúst, hina heilögu borg, en samt mun vegsemd Ísraels skína eins og himinljós, sem hönd þeirra nær ekki til. Saga Ísraels er saga sjálfs Guðs, hann talaði með tungu þeirra, reit með hendi þeirra, hann var þeim nálægur alla daga, leiddi þá í eyðimörkinni, gaf þeim lög á Sínaí, studdi þá gegn óvinum þeirra, sem konungur þess lýðs, sem hann hafði gert sáttmála við. Skyldu ekki niðjar þeirrar þjóðar eiga eftir eitthvert endurskin af dýrð hans? Rómverjar segja, að við eigum engar listir og það er satt hvað snertir málverk og höggmyndir. En hvað eiga þeir sjálfir? Aðeins stælingar eftir Grikkjum og löngu áður en fyrsti gríski myndskerinn skar fyrstu tréstyttur sínar, höfðu tveir meistarar í Ísrael smíðað sáttmálsörkina og mótað kerúbana tvo af drifnu gulli á náðarstólnum yfir örkinni. Mynd þeirra var bæði guðleg og mannleg og hver dirfist að neita, að þeir hafi verið fyrstu myndastytturnar? Síðar kom bannið við að gera myndir í mannlegri líking, það átti að hindra hjáguðadýrkun, en hefur víst verið skilið alltof bókstaflega.

— Nú skil ég, af hverju Grikkir hafa farið fram úr okkur,

sagði Júda. Og sáttmálsörkin — bölvaðir séu Babýlonſumenn, sem tóku hana.

— Hún er ekki eyðilögð, aðeins horfin, týnd um tíma, falin í helli. Þegar tíminn er fullnaður, mun hún finnast og verður gefin okkur aftur. Þá munu Ísraels börn fylgja henni með söng og dansi eins og forðum daga. Og þeir, sem fá að sjá kerúbana, munu, jafnvel þótt þeir þekki fegurstu listaverk Grikkja, dásama meistarann, Gyðinginn, sem mótaði þetta dýrlega verk með höndum sínum fyrir þúsundum ára, til heiðurs við Drottin hersveitanna.

Það var fagnandi innileiki í rödd móðurinnar og spámannlegur kraftur, sem náði algjöru valdi á hinum unga áheyranda hennar. Hún þagði enn nokkur andartök, hugsaði sig um.

— Mamma, þú ert góð og skilur háleitustu hluti, sagði Júda. Enginn spekingur okkar, ekki einu sinni Hillel, hefði getað talað betur. Ég er aftur trúr sonur Ísraels.

Móðirin hélt áfram alvarlegri röddu:

— Við töluðum um fyrstu listaverkin. Okkur er óhætt að segja, að okkar þjóð skapaði þau. En listin er ekki hið æðsta í lífinu. Ég hugsa mér ævinlega mikilmenni sögunnar ganga um tímana í flokkum og fylgd ættfeðra sinna. Indverjar, Egyptar og Assýríumenn. Þá koma Grikkir og segjast vera mestir, en Rómverjar á hæla þeim og segja: Hægir, hér komum vér! En lengst í fjarska skín ljós, sem þjóðirnar þekkja ekki en verða að fylgja. Það er kyndill opinberunarinnar, og hver heldur á honum? Okkar þjóð, Ísraels lýður, sem Drottinn gerði sáttmála við og blessuð skal hún verða. Heiðurssætið er hennar og það þótt hver Rómverji væri Caesar, skal hún ekki missa þann sess.

— Ég sé för þeirra. Ég heyri Mirjam og konurnar með henni syngja lofsönginn.

— Gott, sonur minn, Júda. Ef þú heyrir rödd spákonunnar og hljóminn af hörpu hennar, þá geturðu líka séð og heyrt meira. Þá geturðu staðið með mér við veginn, þar sem skari Ísraels útvöldu fer hjá. Fyrst koma ættfeðurnir, hirðingjakóngar, hjarðirnar á eftir þeim. Heyrirðu ekki frýs úlfaldanna, baulið í kúnum? Mitt í þvögunni gengur aldraður maður einn sér, hniginn að aldri, en ljós augnanna er enn ekki daprað né líkamsþrekið þrotið. Hann er einn sér, því enginn er maklegur að ganga við hlið hans, sem hefur staðið augliti til auglitis við

Drottin, lýtalaus eins og árdegissól, sem hvert ljós bliknar fyrir, hann, sem var stríðsmaður, ræðuskörungur, löggjafi og spámaður. Eftir hann koma dómararnir, eftir þá konungarnir. Sjá, þarna er sonur Ísaís, stríðshetjan og skáldið, sem aldrei hverfur í þögn, og þá sonur hans, sem öllum tók fram að vizku, byggði borgir í eyðimörkinni og krýndi hina helgu borg með musterinu dýrlega. Beygðu þig djúpt fyrir þeim, sem nú koma, sonur minn. Augu þeirra eru hafin til himins, eins og þeir heyrðu raddir þaðan að ofan, en braut þeirra var þyrnum stráð og þefur dauðans í klæðum þeirra. Þjóðir hafa skolfið fyrir raust þeirra og konungar bliknað við tillit þeirra. Þeir útdeildu blessan og bölvan, sáu inn í ókomna tímann og skráðu það, sem þeir sáu og hvert orð var satt. Þar er Elía og lærisveinn hans, sem ekki hræddist ljónin, og Jesaja, sem talaði ódauðleg orð um þann Messías, sem þjóðinni hefur verið heitinn.

Hún þagnaði, eins og til þess að veita honum tóm til að hugleiða orð sín, sat kyrr með hönd á höfði hans, hvíslaði loks lágt og þýtt: — Ertu þreyttur?

— Nei, mamma. Orð þín eru eins og Ljóðaljóð Ísraels.

— Ég hef sýnt þér eftir getu minni mikilmenni Ísraels, ættfeður, löggjafa, stríðsmenn, skáld og spámenn. Nú snúum við okkur að beztu mönnum Rómar, setjum Caesar við hlið Móse, Tarquinius hjá Davíð, Ágústus hjá Salómon, finnst þér Rómverjar geti jafnazt á við Ísrael? Hugsaðu svo um spámennina, þá fremstu meðal þjóna Drottins. Eiga Rómverjar menn á við þá? Veiztu, hvað mér dettur í hug, Júda? Spásagnamenn Rómverja, til dæmis þessi, sem varaði Júlíus Caesar við, af því að hann hafði farið innan í hænu og fundið þar fyrirboða um háska, sem steðjaði að þessum volduga drottnara. Berðu Elía saman við þessa mynd, þegar hann sat hjá rjúkandi líkum Baalsprestanna og sagði fyrir reiði Drottins gegn guðlausum konungi. Og loks: Hvernig eigum við að bera saman Jehóva og Júpíter, jafnvel þótt við hugsum ekki um þau verk, sem þjónar þeirra hafa framið í nafni þeirra? Og þú, sonur minn, Júda, framtíð þín skal vera sú, að þjóna Drottni, Ísraels Guði. Á hans vegi er heiðurinn einn sönnum syni Ísraels.

— Get ég ekki kosið — hermannsstarf?

— Því ekki það? Ég veiti samþykki mitt, ef þú aðeins minnist þess alltaf, að það er Drottinn, sem þú þjónar, ekki keisarinn.

Því hét hann. Hann sat lengi þögull, þreyttur eftir margháttuð áhrif dagsins. Loks lokuðust augu hans og hann blundaði. Móðir hans stóð upp, lét kodda undir höfuð hans, breiddi ábreiðu yfir hann, kyssti hann á ennið og gekk hljóðlega brott.

## 10

Þegar Júda vaknaði, var sól risin yfir fjallabrúnir, dúfurnar komnar á kreik og glampaði á hvíta vængi þeirra. Í landsuðri bar gull musteristindanna við bláma himinsins. Ekkert af þessu var honum nein nýlunda. En á stokknum hjá honum sat stúlka, vart fimmtán ára, með hörpu í kjöltu sér, sem hún lék á undir söng sínum. Hann hlustaði. Þetta var einkasystir hans, Tirza.

Þau voru næsta lík, systkinin, vel farin í andliti og báru bæði glöggt mót þjóðernis síns. Hún hafði sveipað um sig léttum serk víðum, festum á hægri öxl og undir vinstra armi og með belti um mittið. Á höfði hafði hún húfu litla og ísaumaðan klút, hvort tveggja af silki og fór vel. Fingurgull hafði hún og eyrnahringi, gullhringi um ökla og úlnliði, gullmen um hálsinn, hina mestu gersemi, setta perlum. Hárið hékk í tveim fléttum á herðum hennar, skrýfður lokkur í hvorum vanga framan við eyrun. Yndisþokki hennar, fágun og fegurð var tvímælalaus.

Faðir þeirra, Iþamar, hafði notið mikillar hylli Heródesar mikla. Þetta, auk mikilla auðæfa og frægrar ættar, aflaði honum aðalstitils. Herra Húr var kunnari og mikilsvirtari en flestir aðrir Gyðingar bæði meðal heiðingja og landa sinna. Heródes sendi hann oft áríðandi erinda til Rómaborgar og komst hann þar í dálæti hjá Ágústusi keisara. Í húsi Húrs mátti finna margar gjafir frá keisaranum, gullbikara, purpuraskikkjur, fílabeinsstóla útskorna, og hefði mörgum konungi leikið öfund á slíkum dýrgripum. Þó hafði hann auðgazt einkum af eigin atorku. Hann átti hjarðir stórar, rak verzlun í borgunum við hafið og inni í landi. Skip hans færðu silfur frá Spáni og lestir hans komu tvisvar á ári frá Austurlöndum með silki, krydd og annan dýrmætan varning. Hann var maður guðrækinn, fróður í Ritningunum, tíður gestur í samkunduhúsum og musteri, en laus

við einstrengingsskap og hafði hús sitt opið fyrir gestum ýmissa þjóða. Þegar hann fórst, áratug áður en hér var komið sögu, varð hann löndum sínum mjög harmdauði. Hann lét eftir sig konu og þessi tvö börn.

— Fallegt, Tirza mín.

— Lagið? spurði hún.

— Já, og söngvarinn líka. Hvar hefurðu lært þetta?

— Manstu eftir Grikkjanum, sem söng á leiksviðinu um daginn? Það var sagt, hann hefði verið við hirðina og sungið fyrir Heródes og Salóme. Hann kom inn rétt á eftir glímunni og undir eins og hann byrjaði að syngja, datt allt í dúnalogn og mátti heyra hvert orð. Ég lærði þetta af honum.

— En hann söng á grísku.

— Og ég á hebresku.

— Sko — þú ert ljómandi systir. Kanntu meira af svo góðu?

— Margt. En ekki núna. Amra sendi mig að segja, að hún kæmi bráðum með morgunverðinn, þú þurfir ekki að fara ofan. Hún heldur að þú sért veikur, að eitthvað hafi komið fyrir þig í gær. Hvað er að? Ég hugsa, ég geti hjálpað Ömru að lækna þig. Hún kann egypzk læknisráð, ég arabísk ....

— Hvort öðru ónýtara, sagði hann og hristi höfuðið.

— Ertu viss? Jæja, látum það þá vera. Hér er nokkuð miklu tryggara og betra. — Hún fór með höndina upp að vinstra eyra. — Hérna er verndargripur, sem sagður er frá persneskum töframanni. Sjáðu, áletrunin er nærri máð af.

Hún rétti honum eyrnahringinn. Hann tók við honum, leit á og rétti henni aftur brosandi.

— Væri ég að deyja, gæti ég ekki notað töfra. Það er hjáguðadýrkun, bannað öllum sonum og dætrum Abrahams. Hafðu þetta aldrei framar á þér.

— Bannað? Amma hafði þetta, og ég veit ekki hvað lengi, það hefur læknað, ég veit ekki, hvað marga, alltaf fleiri en þrjá. Það er sannað, sjáðu merkin.

— Ég trúi ekki á verndargripi.

— Hvað heldurðu Amra segi um það? Hvað á ég þá að gera við hringinn minn?

— Hafðu hringinn, litla mín, hann fer þér vel. En reyndar ertu nógu falleg án hans.

Amra kom í þessu með vatnsskál og þurrku. Hún hvarf aftur, Júda þvoði sér og Tirza fór að laga hár hans. Samtalið hélt áfram:

— Heyrðu, Tirza, ég ætla að fara burt.

— Burt? Hvenær? Hvert? Af hverju?

— Þrjár spurningar í einu. Sú er góð! — Hann varð alvarlegur. — Þú veizt, að ég verð að velja mér stöðu, lögmálið krefst þess. Faðir okkar var fyrirmynd í því líka. Ég ætla til Rómaborgar.

— Æ, lof mér að koma með!

— Nei, þú verður að vera hjá mömmu. Hún má ekki missa okkur bæði.

— En af hverju þarftu að fara? Geturðu ekki alveg eins lært að verzla hér í Jerúsalem?

— Ég er ekki að hugsa um það. Lögmálið skipar ekki, að sonur hafi sömu iðju og faðir hans. Ég ætla að verða hermaður. — Það var nokkur metnaður í röddinni, þegar hann sagði þetta.

Hún varð hrædd, vöknaði um augun.

— Þá missir þú lífið!

— Ef Guð vill. En ekki missa allir hermenn lífið.

Hún lagði hendur um háls honum, eins og hún vildi halda honum.

— Okkur líður svo vel. Vertu kyrr heima, bróðir minn.

— Hér heima getur ekki allt orðið eins og það er alla tíð. Þú ferð sjálf burt áður langt líður. Einhver tiginn maður af Júda-ætt, eða annarri, kemur og biður Tirzu minnar og fer með hana, til þess að gera bjartara í öðru húsi. Hvað þá um mig?

Hún snökti.

— Hernaður er iðn, hélt hann áfram, sem lærist ekki nema gengið sé í skóla. Og bezti skólinn er rómverskar herbúðir.

— Þú ætlar ekki að berjast fyrir Rómaborg? — Hún hélt niðri í sér andanum.

— Þú hatar Rómverja, auðvitað, allur heimurinn hatar þá. Því ætla ég einmitt að berjast með þeim — til þess að læra að berjast gegn þeim síðar.

Í þessu heyrðist fótatak. Amra var að koma með morgunverðinn. — Þei, þei, sagði Júda. Láttu hana ekki vita, hvað ég er að hugsa.

## 11

Í sama bili og systkinin ætluðu að fara að matast, heyrðist undirgangur utan frá strætinu. Þau hlustuðu, greindu hergöngulag.

— Hermennirnir frá varðstöðinni, sagði Júda, þá verð ég að sjá. Hann stökk upp, hljóp út og hallaði sér fram á brjóstvígið á þakinu. Hann var annars hugar, virtist ekki taka eftir, að Tirza nam staðar við hlið hans. Húsið bar yfir önnur í grenndinni og var því útsýn þaðan yfir hin þökin allt til Antóníuvirkis, þar sem aðalstöðvar hersins voru. Strætið var tæp tíu fet á breidd. Víða voru brýr yfir það. Fólk tók að þyrpast út á þær og húsþökin, þegar gnýrinn heyrðist, hornaþytur og bumbusláttur hergöngunnar. Hersingin kom í ljós innan skamms. Fyrst fór léttvopnað fótgöngulið, bogmenn og slönguskyttur, þá þungvopnað fótgöngulið með stóra skjöldu og löng spjót, þá herforingi, er reið einn sér og ríðandi lífvarðarsveit með honum. Þá kom enn fótgöngulið, þungvopnað, þéttskipuð fylking, er fyllti strætið veggja milli og virtist endalaus.

Háttfastur, karlmannlegur limaburður, sveiflur skjaldanna frá hægri til vinstri, blikandi sylgjur, brynjur, hjálmar, vaggandi fjaðurskúfar, fánar og spjót — allt þetta var harla mikilfenglegt í augum Júda. Þó fann hann þetta fremur en sá. Tvennt dró að sér athygli hans. Annað var gullroðinn örn, hermerki Rómverja, sem borinn var fyrir hernum á langri stöng. Hann vissi, að þessari mynd hafði verið veitt guðleg lotning um leið og hún var borin út úr virkisturninum. Hitt var herforinginn, sem reið sér, í miðri fylkingu. Hann var berhöfðaður en altygjaður að öðru leyti, gyrður stuttu sverði. Í hendi bar hann sprota hvítan, líkastan bókfellsstranga að sjá. Hann sat á purpuraklæði í stað söðuls, beizlið úr gulli og taumar úr gulu silki.

Þessi maður var enn langt undan, þegar Júda varð þess var, að augsýn hans ein kom æsingi af stað meðal fólksins. Það hallaði sér fram og skók hnefana að honum, æpti til hans ókvæðisorðum eða hrækti á hann, konur köstuðu skóm sínum að honum og hittu stundum. Þegar hann kom nær, heyrðust orðaskil

ópanna: Ræningi, harðstjóri, rómverski hundur! Burt með Ísmael! Við heimtum Hannas aftur!

Þegar herforinginn kom nær, sá Júda, að hann hafði engan veginn þá stjórn á svip sínum, sem tamin var í hermennina, enda tæpast von. Hann var ófrýnn og fúll í framan, heift og hatur í augum hans. Þeir, sem óframir voru, hrukku undan því augnaráði.

Júda vissi, að æðstu embættismenn Rómverja báru lárviðarsveig á höfði. Það var tignarmerki þeirra. Þessi foringi hafði slíkan sveig — hann var sem sé sjálfur Valeríus Gratus, hinn nýi landstjóri Júdeu.

Ef satt skal segja hafði þetta tilefnislausa uppþot og ofsókn lýðsins vakið Júda samúð með þessum manni. Hann hallaði sér lengra fram til þess að sjá hann betur og studdi hendinni á þakstein. En steinninn var brostinn og viðkoman var næg til þess, að fremra brotið losnaði og féll. Júda hrökk við, skelfingu lostinn, fálmaði eftir steininum, missti hans, en hreyfingin varð til þess, að svo leit út sem hann væri að kasta honum. Hann æpti af öllum kröftum. Lífverðirnir litu upp, svo og landstjórinn — og í sama bili lenti steinninn á höfði hans og hann hneig af hestinum sem dauður væri.

Hersveitin öll nam staðar. Lífvörðurinn hljóp af baki, þyrptist að foringjanum og huldi hann skjöldum. Múgurinn dró ekki í efa, að Júda hefði kastað steininum viljandi og laust upp fagnaðarópi móti honum, þar sem hann blasti við á þakbrúninni, gagntekinn af skelfingu.

Nú fór allt í uppnám á þökunum í kring. Múgurinn þreif steina, spýtur og allt, sem hönd varð á fest og lét dynja á herliðinu á strætinu. Rómverjar gripu til vopna sinna og jöfnuðu um óróaseggina á skammri stund.

Júda var náfölur. — Tirza, Tirza, hvað verður um okkur?

Hún hafði ekki fylgzt með því, sem við bar, og furðaði sig á ópunum og óganginum umhverfis.

— Hvað er að? Hvað er um að vera? spurði hún.

— Ég hef drepið rómverska landstjórann. Hann varð fyrir steini, sem losnaði hjá mér.

Hún starði á hann, orðlaus.

— Það var ekki viljandi, Tirza. Steinninn datt, ég kastaði ekki.

— Hvað gera þeir við okkur?

Hann horfði felmtsfullur á hamfarirnar á strætinu og þökunum og hugsaði um heiftarsvipinn á Valeríusi Gratusi. Hvílík yrði hefnd hans, væri hann lífs! Og væri hann dauður, hve trylltar yrðu þá hefndir liðsins, sem lýðurinn hafði áreitt og espað!

Hann hallaði sér aftur út fyrir brjóstvígið til þess að slá hugsun sinni á dreif. Rétt í því var verið að hjálpa herforingjanum á bak.

— Hann lifir, Tirza, hann lifir! Lofaður sé Guð feðra vorra eilíflega! Ég er ekki morðingi! Vertu ekki hrædd, ég skýri fyrir þeim, hvernig þetta atvikaðist, og þeir munu minnast föður okkar, alls, sem hann gerði fyrir þá, og hlífa okkur.

Hann leiddi hana áleiðis að turnherberginu. Þá tók þakið að nötra undir fótum þeirra, þungir dynkir heyrðust og brothljóð, þá vein neðan frá garðinum. Því næst harkmikið fótatak fjölmennis, köll og fáryrði, kveinstafir og bænahróp kvenna. Hermennirnir höfðu sprengt upp norðurdyrnar og ruðzt inn. Húsið var á valdi þeirra. Þeir voru að leita hans. Honum flaug í hug að flýja, en það kom ekki til mála, héðan komst enginn nema fuglinn fljúgandi. Tirza togaði í handlegg hans, afmynduð af hræðslu:

— Æ, Júda, hvað er þetta?

Já, hvað var þetta? Voru þeir ekki að brytja þjónustufólkið niður? Og mamma? Var það ekki hún, sem æpti? Hann varð að taka á öllu til þess að svara:

— Bíddu hér, Tirza, meðan ég fer ofan að sjá, hvað gengur á. Ég kem strax aftur.

Rödd hans var ekki eins örugg og hann vildi. Hún hélt dauðahaldi í hann. Ópin urðu hærri og hærri og nú var ekki um að villast — það var mamma. Hann hikaði ekki lengur.

— Komdu þá, Tirza, við förum saman.

Það var krökkt af hermönnum á svölunum eða grashjallanum neðan við riðið. Aðrir hermenn æddu með brugðnum sverðum út og inn um húsin. Konur nokkrar lágu saman í hnipri og beiddust vægðar.

En yfir tóku angistarópin í einni konu, sem barðist við að slíta sig lausa af hermanni. Hann varð að beita öllu afli til þess að missa hana ekki. Klæði hennar voru í tætlum og hárið í flygsum fyrir andlitinu. Júda stökk til hennar. — Mamma,

mamma! kallaði hann. Hún teygði hendur í áttina til hans. En þegar hann var að komast til hennar, var honum hrundið til hliðar og sagt var þrumandi valdsmannsrödd:

— Þarna er hann.

— Þarna er hann.

Júda sneri sér við og sá — Messala.

— Hvað, morðinginn þetta, þessi drengur! sagði einn, hár maður vexti, skartbúinn.

— Júpíter! sagði Messala og dró seiminn að vanda, nýstárleg heimspeki, hvað mundi Seneka segja um það, að maður þurfi að verða gamall til þess að geta hatað og drepið. Þetta er hann. Og þarna móðir hans, og þarna systir hans, öll fjölskyldan.

Júda gleymdi öllu vegna móður sinnar og systur.

— Hjálpaðu þeim, Messala minn. Við vorum vinir einu sinni. Hjálpaðu þeim, gerðu það fyrir mig.

Messala lézt ekki heyra til hans, en sagði við rómverska foringjann:

— Mín þarf ekki lengur hér. Það er líka meira fjör á götunni. Niður með Eros, upp með Marz.

Hann fór. Júda skildi orð hans, og beiskum huga bað hann með sjálfum sér: Þegar stund þinnar hefndar kemur, Drottinn, lát þá mína hönd fá að greiða hana. Hann mjakaði sér nær foringjanum: Þyrmdu, herra, þessum konum, móður minni og systur. Guð er réttlátur, hann mun launa mildi með mildi.

Rómverjinn virtist snortinn.

— Færið konurnar í turninn, kallaði hann, og gerið þeim ekkert mein, ábyrgist þær. Sækið bönd og bindið hendur þessa manns og leiðið hann út. Hann fær makleg málagjöld.

Móðirin var borin burt. Tirza litla vissi naumast til sín, lét leiðast út. Júda horfði á eftir þeim, tók síðan fyrir andlit sér. Hafi hann tárazt, þá sá enginn það á honum, er hann leit upp og rétti fram hendurnar undir fjöturinn. Á þessari stundu hafði hann lagt af æsku sína og orðið fulltíða karlmaður.

Lúðraþytur kvað við úti fyrir. Hermennirnir hurfu ofan af svölunum. Margir þeirra létu ýmsa muni falla á gólfið, treystust ekki að sýna sig í fylkingunni með þýfi. Gólfið var stráð dýrgripum. Þegar Júda kom ofan var búið að fylkja liðinu.

Mæðgurnar voru leiddar út um norðurdyrnar, yfir brakið, síðan hjúin öll og var sárt að heyra kvein þeirra en mörg voru

borin og barnfædd í þessu húsi. Þá voru hestar og önnur áhöfn rekin út. Júda skildi nú, hver refsingin yrði. Húsið skyldi lagt í auðn, ekkert kvikt eftir skilið. Örlög Húrs-fjölskyldunnar skyldu verða víti til varnaðar, ef einhverjum kæmi til hugar framar að myrða rómverskan landstjóra. Eyði þessa húss skyldi varna því, að dæmið fyrntist.

Herforinginn dokaði við meðan slegið var fyrir dyrnar. Óeirðunum var að heita lokið á strætinu. Sums staðar á þökunum var enn barizt, rykmekkir sögðu til þess. Hersveitin hafði í engu látið á sjá. Júda hafði allan hugann við að reyna að koma auga á móður sína og systur, en tókst ekki. Allt í einu reis kona upp af jörðinni, hentist að hliðinu og varpaði sér fyrir fætur hans.

— Amra, Amra mín, sagði Júda, Guð hjálpi þér, ég get það ekki.

Hún kom engu orði upp fyrir harmi. Hann laut ofan að henni og hvíslaði: Lifðu fyrir Tirzu og mömmu, Amra, þær koma aftur og — —.

Hermennirnir slitu hana frá honum, en hún reif sig lausa og skauzt inn í garðinn.

— Látum hana eiga sig, sagði foringinn. Húsinu verður læst, hún má svelta í hel ef hún vill.

Það var haldið áfram að ganga frá dyrunum. Því næst var farið að vesturdyrunum og gengið eins frá þeim. Höll Húrs-ættarinnar var auð og tóm. Herdeildin hvarf aftur til Antóníuvirkisins. Landstjórinn dvaldist og þar, unz hann var heill orðinn og hafði dæmt í máli fanganna. Tíu dögum eftir þetta var hann aftur kominn á hestbak og reið um götur borgarinnar með stríðsmönnum sínum.

Næsta dag kom herflokkur að hinu auða húsi, innsiglaði alla innganga og festi spjald á múrinn með þessari áletrun á latínu:

*Þetta er eign keisarans.*

## 12

Degi síðar fór rómverskur deildarforingi með tíu riddurum frá Jerúsalem norður til Nazaret. Nazaret var lítið þorp, fáein strjál hús í hlíðinni, eina gatan lítið annað en troðin fjárslóð.

Suður af er Esdrelons-sléttan. Frá hæðum í vestri má eygja strendur Miðjarðarhafsins, héraðið handan Jórdanar og Hermonfjall. Dalurinn niður undan og landið beggja vegna var eintómir aldingarðar, víngarðar, ávaxtalendur og beitilönd. Húsin voru fátækleg, ferhyrnd, einlyft, með flötu þaki, hulin sterkgrænum vafningsviði. Þurrablásturinn, sem svíður hæðir Júdeu, nemur staðar við landamæri Galíleu.

Þegar riddara-deildin nálgaðist þorpið var blásið í lúðra. Fólkið varð forvitið, þusti út um allar dyr, til þess að sjá, hvað á seyði væri. Hér sem annars staðar hataði fólkið Rómverja og hræddist þá. En forvitnin bar annað ofurliði og þorpsbúar þyrptust út að brunninum, því að þar mátti gera ráð fyrir, að riddararnir stönzuðu.

Athyglin beindist fljótt að bandingja, sem var í gæzlu riddaranna. Hann var fótgangandi, berhöfðaður, hálfnakinn, hendurnar bundnar á bak aftur og bandinu brugðið um hálsinn á einum hestanna. Jóreykurinn huldi hann oftast, en svifaði frá öðru hverju. Hann dróst áfram, sárfættur og örmagna. Þorpsbúar sáu, að hann var kornungur.

Riddararnir áðu við brunninn. Fanginn hneig magnþrota ofan í vegarsallann, auðséð, að hann var að gefa frá sér öndina. Þegar þorpsbúar sáu, hve ungur hann var, langaði þá að liðsinna honum, en þorðu ekki.

Allt í einu sagði ein kvennanna upp úr eins manns hljóði: — Þarna kemur timburmaðurinn. Nú fáum við eitthvað að heyra.

Maður nálgaðist, virðulegur sýnum, hvítt hár hans féll í lokkum á herðar niður og skeggið, ennþá hvítara, ofan á bringu. Hann gekk hægt, enda aldraður, bar allmikið af þungum verkfærum og virtist göngumóður. Hann nam staðar við brunninn og virti mannsafnaðinn fyrir sér.

— Meistari Jósef, kallaði konan og færði sig til hans. Sko bandingjann! Viltu ekki spyrja hermennina, hver hann sé, hvað hann hafi gert og hvað þeir ætli að gera við hann?

Maðurinn brá ekki svip. Hann leit á fangann, gekk síðan til foringjans.

— Friður Drottins sé með þér! sagði hann með djúpri alvöru.

— Og friður guðanna með þér! svaraði foringinn.

— Eruð þið frá Jerúsalem?
— Já.
— Fanginn er ungur.
— Að árum, já.
— Má ég spyrja, hvað hefur hann til saka unnið?
— Hann er morðingi.

Fólkið endurtók orðin undrandi. Jósef hélt áfram með sömu ró:

— Er hann Ísraels sonur?

— Hann er Gyðingur, sagði Rómverjinn þurr. Meðaumkun áhorfendanna kom aftur. — Ég þekki ekkert til ættkvísla ykkar, hélt Rómverjinn áfram, en ætt þessa manns þekki ég þó. Máske þú hafir heyrt nefndan Húr, höfðingja í Jerúsalem, Ben Húr. Hann var samtímis Heródesi.

— Séð hef ég hann, sagði Jósef.

— Jæja, þetta er sonur hans.

Fólkið gerðist hávært, foringinn þaggaði niður í því og hélt áfram:

— Það lá við hann myrti hinn göfuga Gratus í fyrradag á götu í Jerúsalem, kastaði steini í höfuð honum ofan af þaki.

Það var þögn. Fólkið starði á Ben Húr eins og á villidýr.

— Varð hann honum að bana?
— Nei.
— Er dómur fallinn?
— Já, galeiðuþrælkun til lífstíðar.
— Drottinn hjálpi honum! sagði Jósef og breytti nú fyrst um svip.

Þá gekk fram unglingsmaður, sem hafði komið með Jósef, en staðið að baki honum óséður, lagði frá sér öxi, sem hann hélt á, gekk að brunninum og sökkti vatnskrús í hann. Hann gekk að bandingjanum, laut ofan að honum og bauð honum að drekka. Hann fór svo hægt að þessu, að hermennirnir urðu ekki varir við, fyrr en það var um garð gengið.

Júda fann, að hönd var lögð hlýlega á öxl honum. Hann leit upp og sá andlit, sem hann gleymdi aldrei — andlit manns á svipuðu reki og hann, glójarpa lokka, björt augu, dökkblá, mild, nærgöngul: Það var elska og máttur í þessum augum, eitthvað heilagt. Beiskjan, kvölin og hatrið, sem hafði setzt að fanganum undanfarna daga og nætur, hvarf fyrir þessum aug-

um. Hann varð eins og barn. Hann setti krúsina á munn sér og teygaði lengi. Hvorugur sagði orð.

Þegar Júda hafði drukkið, var höndin, sem hafði hvílt á öxl hans, lögð á höfuðið, honum fannst sem verið væri að blessa yfir hann. Síðan lét ungmennið krúsina aftur á sinn stað, tók öxina og fór að baki Jósefs. Allra augu fylgdu honum, bæði hermanna og þorpsbúa.

Áningunni var lokið, herdeildin hélt leiðar sinnar. En skapsmunir foringjans voru breyttir, hann hjálpaði sjálfur bandingjanum á fætur og á bak fyrir aftan einn riddarann. Þorpsbúar héldu heim, líka Jósef og förunautur hans.

Júda og sonur Maríu höfðu fundizt í fyrsta sinn.

## 13

Borgin Mísenum stóð á höfða, samnefndum henni, fáar mílur suðvestur af Neapel. Nú eru þar rústir einar. En árið 24 var hún ein helzta borgin á vesturströnd Ítalíu.

Útsýn af höfðanum var fögur þá eins og nú. Framundan Neapelflóinn, strandlengjan, sem vart á sinn líka, djúpur blámi hafs og himins, eyjarnar Iskía og Kaprí, rjúkandi keila eldfjallsins í austri. En í þá daga var og sjón að sjá, sem nú er horfin: Hálfur viðlagafloti Rómverja í lægi eða á siglingu á flóanum.

Á þeim tíma var hlið á borgarmúrnum sjávarmegin og mátti þaðan sjá yfir alla höfnina. Varðmaður sat á sínum stað á múrnum yfir hliðinu einn svalan morgun í september og dottaði. Hann hrökk upp við mannamál, menn að koma ofan strætið og höfðu hátt. Hann leit til þeirra sem snöggvast og dottaði aftur.

Komumenn voru 20—30 talsins, meiri hlutinn þrælar með blys í höndum. Fyrirmenn voru spölkorn á undan og leiddust. Einn þeirra, maður um fimmtugt, sköllóttur, með lárviðarsveig á höfði, virtist af öllu að dæma fremstur í flokknum. Allir voru þeir búnir hvítum, víðum viðhafnarskikkjum með breiðum purpurahlöðum. Varðmaðurinn sá í hendi sér, að hér voru tignarmenn að fylgja vini sínum til skips eftir skilnaðarveizlu.

— Nei, Kvintus minn, sagði einn við þann með lárviðarsveig-

inn, slæmar dísir, sem taka þig frá okkur strax. Þú kemur í gær, ferð í dag, hefur ekki einu sinni lært að ganga á landi.

— Kastor má vita, sagði annar, talsvert hýrgaður af víni, svo maður tali nú eins og heimskar konur, að ekki er vert að gráta. Kvintus er að fara til að vinna upp aftur það, sem hann tapaði í nótt. Teningar velta betur á sjó en landi, eða hvað, Kvintus?

— Ekki er það dísunum að kenna, sagði sá þriðji, heldur Grikkjum. Löstum þá, ekki goðin.

Þeir voru komnir út um hliðið og á hafnargarðinn. Flóinn blasti við, blikandi í morgunskininu. Öldugjálfrið lét í eyrum hins roskna farmanns eins og vinarkveðja. Hann andaði djúpt að sér sjóloftinu og hóf hönd sína á loft.

— Kul af vestri, gott, þökk sé dísinni, móður minni.

Förunautarnir endurtóku orð hans, þrælarnir veifuðu kyndlunum.

— Og þarna er hún, hélt hann áfram og benti á galeiðu, sem var skammt utan við hafnargarðinn. Þarf sjómaður aðra ástmey? Er hún Lúkretía þín fallegri, Kajus?

Hann horfði með stoltri aðdáun á skipið, sem færðist nær. Hvítt segl þandist fyrir golunni, árarnar skullu í sjóinn, lyftust, voru kyrrar á lofti andartak, hnigu aftur eins og vængir, allar í einu.

— Já, ekki skal lasta goðin, sagði hann með augun á skipinu. Þau senda tækifæri. Okkar er sökin, ef illa fer. Og hvað Grikkina snertir, Lentúlus, þá eru það gríska víkingar, sem ég á að refsa, þú gleymir því. Einn sigur á þeim er meira verður en hundrað á Afríkumönnum.

— Þú átt þá að fara til Eyjahafs?

Hinn gat ekki haft augun af skipi sínu: — En sá þokki, en sú lipurð! Svífur léttar á bárunni en nokkur fugl. Sjáðu! Nei, fyrirgefðu, Lentúlus, jú, ég fer til Eyjahafs. Það gildir einu, þótt ég segi ykkur tilefnið að skilnaði, en ég bið ykkur fyrir það. Þið hafið heyrt um sjóræningjana frá Kersónesus, sem hafa hreiðrað um sig í Evxine-flóa, bíræfnir bófar. Í gær fréttist til Rómaborgar, að þeir hefðu haldið flota sínum út um Bosporussund, sökkt galeiðunum við Býsanz og Kalsedon, stefnt svo til Eyjahafs og eirt engu. Kornkaupmennirnir, sem hafa skip í förum um Miðjarðarhaf austanvert, eru lafhræddir og hafa

gengið á fund keisarans sjálfs. Í dag fara hundrað galeiður frá Ravenna og frá Mísenum — hér þagði hann við, eins og til að magna forvitni vina sinna — — ein.

— Gæfusami Kvintus! Til hamingju! Við hyllum þig sem þjóðstjóra — minna hæfir þér ekki úr þessu.

— Kvintus Arríus, þjóðstjóri, hljómar betur en Kvintus Arríus lýðforingi.

— Þökk, vinir! Vel spáið þið. Vera má þið séuð sannspáir. — Hann tók skjal undan skikkju sinni. — Hér get ég sýnt ykkur nokkuð, sem ég fékk í gærkvöld frá — Sejanusi.

Sejanus var þá á tindi frægðar sinnar og valda.

— Sejanusi! kölluðu þeir einum munni og þyrptust að til að lesa bréfið frá ráðgjafa keisarans:

*Frá Sejanusi til Kajusar Sesilíusar Rúfusar.*

*Róm, 19. september.*

*Keisaranum hefur borizt góður orðrómur af Kvintusi Arríusi, lýðforingja. Einkum hefur hann heyrt látið af hreysti hans á vesturhöfum. Það er því vilji hans, að sagður Kvintus verði tafarlaust sendur austur. Ennfremur er það vilji keisara vors, að þú sendir þegar hundrað þrírónar galeiður albúnar gegn víkingum þeim, sem hafast við á Eyjahafi, og að Kvintus hafi yfirráð þessa flota. Þú annast einstök atriði. Þetta þolir ekki bið, svo sem sjá má af skýrslum þeim, sem með fylgja, þér og Kvintusi til glöggvunar.* *Sejanus.*

Arríus gaf bréfinu lítinn gaum. Skipið færðist og nær og athygli hans hvíldi öll á því. Loks tók hann að veifa skikkjulafi sínu og til andsvars var dreginn upp rauður fáni á stefni skipsins. Skipverjar klifu upp í reiða og tóku saman seglið. Áraburðurinn varð tíðari, skipið stefndi á land með fullum hraða. Kvintus horfði á siglinguna, ljómandi af ánægju.

— Það vita dísirnar, sagði einn viðstaddra, að við þurfum ekki lengur að spá vini okkar frægð, hann er þegar frægur. Segirðu fleira í fréttum?

— Ekki fleira, svaraði Arríus. Þjóðstjórinn er fámáll maður. Það bíður mín innsiglað bréf úti á skipi. Þar stendur, hvað ég á að gera og hvar að finna flota minn. Skipið nálgast. Mér leikur forvitni á að kynnast stýrimönnum, þeir eiga að fara og

berjast með mér. Það er ekki auðvelt að leggja skipi að landi, þar sem eins hagar til og hér. Látum okkur nú sjá, hve fimir og æfðir þeir eru.

— Hvað þá? Þekkirðu ekki skipið?

— Aldrei séð það fyrr og veit ekki, hvort ég þekki nokkurn mann á því.

— Er þetta heppilegt?

— Það skiptir ekki miklu. Menn kynnast fljótt á sjó. Svo er með ástina sem hatrið, hún fæðist í bráðum háska.

Skipið var langt og mjótt, borðlágt, gert til skriðs og skjótra svifa. Sjórinn hvítfyssaði um stefni og kinnunga. Neðst á stefninu, undir sjávarborði, var trjóna járnslegin, sem beitt var í orrustum. Á öldustokkinn endilangan var slegið sterkri brún og brjóstvirkjum haglega fyrir komið. Þar niður af smugur fyrir árarnar, klæddar húðum, sextíu hvorum megin í þrem röðum. Útbúnaður reiðans sýndi, að árarnar voru traust skipshafnarinnar. Siglutréð var framan við miðju og lágu stög úr því í hringi innan á öldustokknum. Á því var þverrá með einu segli, ferhyrndu.

Af hafnargarðinum sást aðeins einn maður á þilfari, auk skipverjanna, sem höfðu tekið saman seglið og voru enn á ránni. Þessi maður stóð í stafni með hjálm á höfði og skjöld við hlið. Árablöðin, 120 talsins, gljáfægð og sjósleikt, lyftust og hnigu eins og ein hönd héldi þeim öllum og knúðu galeiðuna áfram svo hratt, að gufuskip nútímans hefðu mátt vara sig. Skipið skreið að landi svo ört og að því er virtist svo óvarlega, að lítt sjóvönum áhorfendum fór ekki að verða um sel. Allt í einu brá stafnbúinn hendi á loft og gaf sérstaka bendingu. Um leið hófust árarnar á loft, voru kyrrar sem snöggvast, féllu síðan beint niður. Sjórinn freyddi og sauð um þær. Skipið nötraði stafna á milli og nam staðar eins og það sæi draug. Önnur bending, aftur hófust og féllu árarnar, en nú var róið á stjórnborða og hamlað á bakborða. Þetta var þrívegis endurtekið, skipið snerist til hægri, lagði síðan hliðina hægt að garðinum.

Meðan þessu fór fram var þeyttur lúður, stutt og hvellt. Áhöfnin kom upp, allir ágætlega tygjaðir, með eirhjálma, gljáandi skildi og spjót. Þeim var fylkt eins og til orrustu. Hásetar

settust aftur á móti á rána. Foringjar og lúðraþeytarar fóru hver á sinn stað. Engin köll eða óþarfa háreysti. Brú var skotið á land af þilfarinu. Lýðforinginn sneri sér að förunautum sínum og sagði með alvöru, sem ekki hafði áður á honum sézt:

— Skyldan kallar, vinir.

Hann tók ofan sveiginn og rétti hann hinum sigursæla spilafélaga sínum:

— Tak þú lárviðinn. Komi ég aftur, reyni ég að vinna skildingana mína aftur. Verði mér ekki sigurs auðið, kem ég ekki aftur. Hengdu sveiginn upp til minningar um mig.

— Guðirnir veri með þér, Kvintus, sögðu vinir hans.

— Lifið heilir, sagði hann.

Hann veifaði hendi til þrælanna, sem kyndlana báru. Svo gekk hann á skip. Um leið og hann steig á landganginn voru lúðrar þeyttir og purpurarauður fáni var dreginn að hún í stafni, merki flotaforingja.

## 14

Kvintus Arríus stóð á þilfari með skipanir þjóðstjórans í hendinni og ræddi við yfirmann ræðaranna:

— Hvernig ertu menntur?

— Tvö hundruð fimmtíu og tveir ræðarar og tíu til vara.

— Það verða til skiptis . . . . ?

— Áttatíu og fjórir.

— Og þú skiptir?

— Aðra hverja stund.

Kvintus var hugsi andartak.

— Þetta er hörð skipan. Ég breyti þessu, þó ekki að svo stöddu. Nú verður að róa nótt og dag.

Hann sagði við seglamanninn: — Nú er byr. Láttu seglið létta undir með róðrinum.

Þegar þessir tveir voru farnir, sagði hann við fyrsta stýrimann: — Hve lengi hefur þú verið á flotanum?

— Þrjátíu og tvö ár.

— Á hvaða höfum einkum?

— Milli Rómar og Austurlanda.

— Þú ert rétti maðurinn. — Kvintus leit aftur á fyrirskipan-

irnar: — Fyrir Kompónella-höfða, síðan með stefnu á Messína, fylgja þá Kalabríu-strönd, unz Melító er á bakborða, þá .... Þú þekkir stjörnurnar yfir Jónahaf?

— Þær þekki ég vel.

— Frá Melító er stefnan til austurs á Sýþeru. Ef guðirnir lofa, varpa ég ekki akkerum fyrr en á Antemónaflóa. Það liggur á. Ég treysti þér.

Arríus var hygginn maður. Hann færði guðunum að vísu ríkulegar fórnir en taldi þó gaumgæfni og dómgreind tryggja hylli þeirra betur en gjafir og heit. Alla nóttina hafði hann setið að drykkju og verið hrókur alls fagnaðar. En sjóloftið breytti honum í sjómann á svipstundu og hann unni sér engrar værðar fyrr en hann kunni full skil á öllu innan borðs. Hann gekk frá einum yfirmanni til annars. Ekkert lét hann sér yfirsjást. Innan stundar var hann sá eini á skipinu, sem vissi allt um búnað þess, og virtist honum allt vel horfa um það. Þá átti hann eitt eftir — að kynnast allri áhöfninni. Það var tímafrekt viðfangsefni og ekki vandalaust.

Á hádegi þennan dag var galeiðan í nánd við Pestum. Vindur var af vestri, góður byr. Vöktum hafði verið skipt. Á framþiljum hafði altari verið reist og stráð salti og byggi. Þar hafði foringinn flutt Júpiter, Neptúnusi og öllum sævarguðum bænir hátíðlega, fórnað víni, brennt reykelsi og goldið heit. Nú sat hann í lyftingu, hermannlegur að líta, og virti skipshöfnina fyrir sér.

Lyftingin var miðskipa, 65 feta löng, 30 feta breið með þrem allstórum opum. Þakið hvíldi á súlum. Í miðið var siglan og um hana hlaði af öxum, lagspjótum og skotspjótum. Beggja vegna við hvert op voru stigar og mátti draga þá upp eða fella niður eftir vild. Lyftingin var hjarta skipsins, hæli allra skipverja, bæði til máltíða, svefns, æfinga og hvíldar, en svo fjölþætt not voru möguleg vegna þess, að hér laut allt reglum heragans, sem var miskunnarlaus eins og dauðinn.

Í afturenda lyftingarinnar var pallur nokkrum þrepum ofar gólfi. Þar sat róðrarstjórinn með ómborð fyrir framan sig, er hann sló með hamri og reru ræðararnir í takt við ásláttinn. Á hægri hlið honum var vatnsklukka, er sýndi vökuskipti. Uppi yfir honum var aðsetur foringjans á enn öðrum palli, girtum gullnum grindum. Mátti þaðan fylgjast með öllu á skipinu.

Þar var legubekkur, borð og öndvegi — bakhár armstóll með hægindi, — allt hvað öðru ríkmannlegra. Hér sat nú Kvintus Arríus, hallaði sér aftur á bak, gyrður sverði sínu og hafði vakandi auga á hverjum manni og þeir á honum. Mest virtist hann horfa á róðrarmennina. Þeir voru á setum, sem slegið var á skipssúðina sitt hvoru megin, þremur í röð, hverri upp af annarri, 60 á borð. Þeir, sem innstir voru, og höfðu lengstar árar, urðu að róa standandi. Efst á hverri ár var blýhnúður og þær héngu í reimum. Þetta gerði fært að sveifla þeim á þann sérstaka hátt, sem til var ætlazt, en jók jafnframt vandann, því að minnsta vangæzla gat þeytt ræðaranum úr setinu. Loft barst ræðurunum um áraopin, ljós milli rimla yfir höfði þeim. Verri hefði ævi þeirra getað verið að ýmsu leyti, en enginn skal samt halda, að hún hafi verið góð. Ekki máttu þeir yrðast á. Dag eftir dag urðu þeir að skipa rúm sín án þess að ljúka upp vörum, þræla langtímum saman án þess að sjá hver framan í annan. Hvíldartíminn fór í að fleygja sér til svefns og gleypa í sig matinn. Þeir brostu aldrei, heyrðust aldrei syngja. Andvörp og stunur var eina tjáning hugsana þeirra. Tilvera þessara vesalinga var líkust rennsli, sem seytlar í iðrum jarðar að ósi, sem enginn þekkir. Þeir voru vitni um vald og stjórnarháttu Rómverja. Þetta voru fangar af ýmsum þjóðlöndum — Bretar, Gallar, Gotar, Langbarðar, Gyðingar, Eþíópíumenn og rómverskir afbrotamenn hlið við hlið. Starfi þeirra var harla einhæfur, stöðugt sömu handtök, sama vélræna stritið, blind hlýðni, hugsunarlaus átök sí og æ. Þeim jókst vöðvastyrkur en andlega urðu þeir sljóir. Framtíð þeirra var vonlaus, fortíðin geymdi fáeinar kærar minningar, sem voru eina eign þeirra. En mók vanans sætti þá að lokum við hörmulegt hlutskipti sitt.

Foringinn sat í öndvegi sínu og horfði á þrælana. Ekki kom honum þó til hugar, að þeir væru aumkunarverðir. Hann gamnaði sér við að horfa á hvern fyrir sig og setja á sig þá, sem lélegastir voru. Hann hugsaði sér að skipta um til hins betra í sumum rúmunum, þegar hann hefði tekið ræningjana fasta. Engin þörf þótti að nefna þrælana með nafni, þegar þeir höfðu verið kviksettir í galeiðu. Á hverja setu var máluð tala og ræðarinn auðkenndur með henni.

Augu foringjans námu staðar við róðrarþrælinn, sem hafði töluna 60. Hann var tiltakanlega ungur, varla yfir tvítugt, fríð-

ur sýnum svo að af bar og manna þreklegastur. Hver vöðvi þessa unga, fjaðurmagnaða líkama blasti við, því að þrælarnir höfðu mittisskýlu eina klæða. Arríus var tíður gestur í skylmingaskólum Rómaborgar og hafði því glöggt auga fyrir líkamsatgervi og fimlegum limaburði. Þessi ungi maður beitti ár sinni svo léttilega, að Arríusi flaug í hug efi um, að hann tæki á. En sá efi hvarf, þegar hann sá, hvernig árin svignaði undan átökum hans.

— Viti guðir, sagði Arríus með sjálfum sér. Þetta er álitlegur maður. Og gæti verið gæfulegur. Þarf að vita meira um hann.

Í þessu leit þrællinn upp.

— Gyðingur, sagði Arríus, og sveinn að aldri.

Þrællinn varð kafrjóður fyrir þessu rannsakandi augnaráði og fataðist áraburðurinn. Hamar róðrarstjórans small á ómborðinu reiðilega. Þrællinn hrökk við og þreif til árinnar. Þegar hann stalst til að líta á foringjann aftur, rak hann í rogastanz — hinn tigni maður horfði á hann brosandi.

Galeiðan skreið inn Messínasundið og framhjá Messína, síðan til austurs. Reykjarstrókurinn úr Etnu fjarlægðist í vestri. Oft varð Arríusi litið til róðrarþrælsins úr öndvegi sínu og alltaf sagði hann við sjálfan sig:

— Það er svipur yfir honum, þessum. Gyðingar eru ekki skrælingjar. Ég þarf að vita meira um hann.

## 15

Á fjórða degi var Astrea, Stjörnudísin, — svo hét galeiðan, — komin í Jónahaf. Himinninn var heiður og byr eins hagstæður og orðið gat. Hugsanlegt var, að ná mætti flotanum, áður en hann færi inn í flóann austur af Sýþeru. Það var því mikill hugur í Arríusi og hann var oftast á þiljum uppi. Hann var hinn árvakrasti í allri umsjón. Hér þótti honum flest vel úr hendi fara. Þegar hann sat í öndvegi sínu, varð augum hans einlægt hvarflað til þrælsins með töluna sextíu.

— Þekkirðu manninn þarna, þann sextugasta? spurði hann róðrarstjórann einu sinni um vökuskipti.

— Sextíu?

— Já.

Róðrarstjórinn horfði hvasst á þrælinn. — Eins og þú veizt, sagði hann, er skipið ekki nema mánaðar gamalt og mennirnir eru mér jafn nýir og skipið.

— Þetta er Gyðingur, sagði foringinn hugsandi.

— Hinn göfugi Arríus er skarpskyggn.

— Kornungur maður, hélt Arríus áfram.

— En bezti ræðarinn. Hann tekur stundum á, svo að árinni liggur við broti.

— Hvernig er hann annars?

— Hann er auðsveipur. Annað veit ég ekki. Einu sinni bað hann mig bónar.

— Hverrar?

— Að lofa sér að róa á bæði borð á víxl.

— Færði hann rök fyrir því?

— Hann sagði, að þeir, sem róa sífellt á sama borð, verði vanskapaðir. Hann sagði líka, að í ofviðri og orrustum yrði stundum að skipta og þá kynni hann að verða óverkfær.

— Sjáum til. Ný hugmynd, ekki svo fjarstæð. Er fleira um hann að segja?

— Hann er hreinlátari en hinir.

— Rómverskur að því leyti, sagði Arríus með velþóknun. Veiztu nokkur deili á honum?

— Ekki vitund.

Arríus þagði stundarkorn. Svo sagði hann: — Ef ég verð á þiljum einhvern tíma, þegar hann er laus, þá láttu hann koma til mín. En láttu hann koma einan.

Tveim stundum síðar eða svo var Arríus að gæta á sólskífuna, sem sagði til um stefnu skipsins. Hann fann, að miklir atburðir voru í aðsigi, en hann gat ekkert aðhafzt, gat aðeins beðið átekta. Þegar svo stendur á, segir sagan, að vitrir menn verði rósamir í geði. Stýrimaður var á sínum stað. Sumir skipverja sváfu í forsælunni við seglið. Einn var á ránni á varðbergi. Foringinn leit upp — róðrarþrællinn var að koma til hans.

— Róðrarstjórinn nefndi þig hinn göfuga Arríus og kvað það vilja þinn, að ég kæmi á þinn fund. Ég er kominn.

Arríus virti manninn fyrir sér, háan og sterklegan, stirndi á blóðríkt hörundið, æska og þróttur í öllu fasi — virti hann fyrir sér með aðdáun og varð ósjálfrátt hugsað til skylminga-

sviðsins. Rómur og látbragð bar vott um talsverða mönnun. Augun voru skær, meira í þeim af forvitni en þrjózku. Hann leit beint framan í yfirboðarann, án ásökunar, ólundar eða meinfýsi í svipnum, en yfirbragð hans bar þau merki, sem mikil sorg og langæ lætur eftir sig. Það fólst þögul viðurkenning í viðmóti Arríusar, þegar hann hóf máls, hann talaði eins og eldri maður við sér yngri, ekki eins og húsbóndi við þræl.

— Róðrarstjórinn segir þú sért bezti ræðarinn.

— Róðrarstjórinn er vingjarnlegur maður.

— Hefurðu verið lengi í þjónustu?

— Þrjú ár eða þar um bil.

— Við róður?

— Ég man ekki eftir, að einn dagur hafi fallið úr.

— Erfið vinna. Fáir þola hana árlangt, og þú — þú ert hálfgert barn.

— Þú gleymir, göfugi Arríus, að andinn skapar þolið. Því standast aukvisar stundum þegar þolskrokkar farast.

— Af málfari þínu að dæma ertu Gyðingur.

— Hebreskir ættfeður mínir voru uppi löngu fyrir daga hinna fyrstu Rómverja.

— Ekki er stórlæti þjóðar þinnar horfið úr þér, sagði Arríus, er hann sá blóðið hlaupa fram í kinnar þrælsins.

— Stórlætið stælist í hlekkjunum.

Arríus brosti. — Ég hef ekki komið til Jerúsalem, sagði hann, en ég hef heyrt um sum stórmennin þar. Einn þekkti ég, hann var kaupmaður og í förum milli landa. Hann hefði sómt sér sem konungur. Af hvaða stigum ert þú?

— Hér er ég þræll. Faðir minn var háttsettur maður í Jerúsalem, kaupmaður, í förum um höfin. Hann var oft virtur gestur Ágústusar keisara.

— Hvað hét hann?

— Iþamar af Húrs-ætt.

Foringinn hóf hendur á loft af undrun.

— Sonur Húrs — þú? Hann þagði við, spurði síðan: — Hvernig ertu hingað kominn?

Júda laut höfði með áköfum hjartslætti. Þegar hann hafði náð sér, leit hann framan í foringjann og svaraði:

— Ég var sakaður um banatilræði við Valeríus Gratus, landstjóra.

— Þú! hrópaði Arríus og hörfaði skref aftur á bak. Þú morðinginn sá! Það var ekki um annað talað í Róm. Ég frétti það í Lódínum.

Þeir horfðust þegjandi í augu.

— Ég hélt, að Húrs-ættin hefði verið afmáð af jörðinni, sagði Arríus.

Nú báru minningarnar allt annað ofurliði hjá Júda og tárin blikuðu á vöngum hans: — Móðir mín, móðir mín, Tirza mín litla, hvar eru þær? Góði, göfugi foringi, veizt þú nokkuð um þær? Segðu mér allt, sem þú veizt, hvort þær eru á lífi, hvar þær eru, hvernig þeim líður. Ég bið þig, láttu mig vita þetta.

Hann var kominn svo nærri foringjanum, að honum lá við að snerta fellingarnar á skikkju hans.

— Það eru liðin þrjú ár frá þeim hræðilega degi, hélt hann áfram, þrjú ár, og hver stund kvöl, næg fyrir heila ævi, — ævi niðri í hyldýpi í greipum dauðans, stritið eina harmabótin. Ekkert orð allan þennan tíma, ekki einu sinni hvísl. Ef ég gæti aðeins gleymt, gæti falið mig fyrir þessari minningu, þegar Tirza var slitin af mér, þegar mamma leit til mín í síðasta sinn! Ég heyri þær kalla til mín á næturnar, ég hef séð þær á bárunum. Og ég varð til þess að — —.

— Þú játar þig sekan? sagði Arríus hörkulega.

Það var eins og Júda tæki hamskiptum, röddin varð sterk, augun leiftruðu:

— Þú hefur heyrt um Guð feðra minna, sagði hann. Svo sannarlega sem hann er sannur og almáttugur og elskar sinn lýð, er ég saklaus, það sver ég.

Foringinn komst við.

— Göfugi Rómverji, hélt Ben Húr áfram, trúðu mér, sendu mér þann bjarma inn í þetta myrkur.

Arríus sneri sér undan og gekk nokkur skref, nam staðar og spurði:

— Málið var rannsakað?

— Nei.

Rómverjinn horfði forviða á hann.

— Engin rannsókn? Ekkert vitni? Hver dæmdi þig?

— Ég var fjötraður, og mér var varpað í dýflissu. Ég sá engan. Enginn yrti á mig. Næsta dag tóku hermenn mig og fluttu til sjávar. Síðan hef ég verið galeiðuþræll.

— Hvaða sönnur hefðir þú getað fært fram?

— Ég var barn, alltof ungur til þess að geta verið tilræðismaður. Gratus var mér ókunnur með öllu. Hefði ég ætlað mér að myrða hann, var þetta hvorki réttur staður né stund. Hann var ríðandi í miðju herfylki og hábjartur dagur. Mér var ekki unnt að komast undan. Allt mitt fólk var mjög vinveitt Rómverjum. Faðir minn hafði komizt í metorð vegna þjónustu við keisarann. Við höfðum mikið að missa. Þetta hlaut að leiða af sér tortímingu mína, móður minnar og systur. Ég hafði enga ástæðu til haturs, og þótt svo hefði verið, mundi samvizkan og lögmálið, sem hverjum Ísraelsmanni er í blóð runnið, hafa stöðvað hönd mína, hversu sterk sem hin illa hvöt hefði verið. Ég var ekki örvita heldur. Dauðann hefði ég heldur kosið en skömm og svo er enn, þér er óhætt að trúa því.

— Hver var með þér, þegar þetta gerðist?

— Ég var uppi á þaki, á húsþaki föður míns, systir mín hjá mér. Við vorum að horfa á herfylkið. Þá losnaði steinn og Gratus varð fyrir honum ....

— Hvar var móðir þín?

— Niðri í húsinu.

— Hvað varð um hana?

Ben Húr kreppti hnefana og greip andann á lofti:

— Það veit ég ekki. Ég sá, að hún var dregin brott. Allt kvikt var rekið út og dyrnar innsiglaðar. Hvað varð af henni? Það er það, sem ég spyr sjálfan mig hverja stund, sem yfir rennur. Hún var þó saklaus. Ég gæti fyrirgefið ...., nei, ég bið afsökunar, þræll eins og ég ætti hvorki að tala um fyrirgefningu né hefnd. Ég er hlekkjaður við árina til lífstíðar.

Arríus hlustaði gaumgæfilega. Hann taldi sig talsverðan mannþekkjara. Væri framkoma þessa manns uppgerð ein, þá var leikur hans fullkominn. Að öðrum kosti hlaut hann að vera saklaus. Og væri svo, hversu blindri fólsku hafði þá verið beitt í þessu máli! Heil fjölskylda afmáð fyrir eitt óviljaverk. Hann hryllti við.

Kvintus Arríus var á báðum áttum, en það kom sjaldan fyrir hann. Hann hafði ótakmarkað vald á flotanum, gat boðið og bannað eftir geðþótta. Þrællinn hafði vakið tiltrú hans. En hér mátti ekki flýta sér um of — eða réttara sagt, það varð að flýta förinni til Sýþeru og bezti ræðarinn mátti ekki missa sig

á meðan. Hann vildi sjá til, kynna sér málið betur. Hann varð að sannfærast um, að þessi maður væri sonur Húrs. Flestir þrælar voru lygarar.

— Þetta er nóg, sagði hann loks. Þú mátt fara til rúms þíns.

Júda hneigði sig djúpt, leit einu sinni enn í augu foringjans, en sá ekkert, sem vakið gæti von. Hann snerist hægt á hæli, leit aftur og sagði:

— Ef þú skyldir minnast mín oftar, þá bið ég þig að gleyma ekki, að ég bað aðeins um vitneskju um móður mína og systur. Hann fór. Arríus fylgdi honum eftir með augunum.

— Hvílíkur skylmingamaður, væri hann æfður! hugsaði hann. Eða hlaupari. Sá hefur vöðva til vopnaburðar, guðir góðir! Bíddu við, sagði hann hátt.

Júda nam staðar.

— Hvað myndir þú gera, ef þú yrðir frjáls?

— Ertu að henda gaman að mér, göfugi Arríus, sagði Júda, röddin skalf.

— Þá er mér ljúft að svara. Ég myndi gera skyldu mína, unna mér engrar hvíldar, fyrr en móðir mín og systir væru fundnar og þeim borgið. Ég mundi verja hverri stund til þess að farsæla þær. Mikið hafa þær misst, en svo sannarlega sem Guð feðra minna lifir, skyldi ég bæta þeim það upp.

Rómverjinn bjóst ekki við þessu svari og tapaði af þræðinum í bili.

— En ef þær væru látnar eða alveg týndar, hvað þá?

Júda varð fölur sem nár og horfði út á sjóinn. Þegar hann hafði náð sér, svaraði hann:

— Þú átt við, hvaða starfa ég myndi velja mér?

— Já.

— Það get ég sagt þér. Kvöldið fyrir þennan ógnadag, sem ég hef talað um, hafði ég fengið leyfi til að gerast hermaður. Ég er enn sama sinnis. Og þar sem ekki er til nema einn skóli í hernaði í veröldinni, myndi ég fara þangað.

— Skylmingasviðið?

— Nei, ég á við rómversku herbúðirnar.

— En fyrst verðurðu að læra vopnaburð.

Það er ekki varlegt að gefa þræli sínum ráð. Arríus sá, að hann hafði gengið feti lengra en góðu hófi gegndi, breytti í vetfangi um málróm og viðmót. Röddin varð köld og hörð:

— Farðu nú og gerðu þér engar tyllivonir úr því, sem okkur hefur farið á milli. Vera má, að ég sé aðeins að leika með þig. En ef þú bindur einhverja von við það, þá áttu um tvennt að kjósa, frama skylminganna eða herþjónustu. Hið fyrrtalda áttu undir náð keisarans, hitt horfir þér til engrar umbunar. Þú ert ekki Rómverji. Farðu!

Innan skamms var Júda kominn aftur að ár sinni. Hvert verk verður létt, þegar skapið er létt. Árin lék í höndum, vonin hafði vaknað, snortið hann eins og vorþeyr. Hinn mikli maður hafði kvatt hann á sinn fund og viljað vita deili á honum. Þetta var eins og saðning örþrota manni, það hlaut að vita á eitthvað gott. Hann baðst fyrir með sjálfum sér: — Guð minn, hjálpaðu mér, syni Ísraels, þíns elskaða lýðs!

## 16

Í Antemónaflóa, austan eyjunnar Sýþeru, söfnuðust hundrað galeiður saman. Kvintus Arríus varði einum degi til herskoðunar. Síðan sigldi hann til Naxos. Þaðan gat hann haft njósn af öllum skipaferðum og ráðizt á sjóræningjana, hvort sem þeir væru á Eyjahafi eða Miðjarðarhafi.

Þegar flotinn hélt upp að hamraströnd eyjarinnar, var sagt til galeiðu, er kæmi að norðan. Arríus fór til móts við hana. Það var flutningaskip og kom beint frá Býsanz. Þar fékk Arríus ýmsar þær fréttir, sem honum lá mest á. Víkingar höfðu búizt um með mikilli leynd og vissi enginn fyrri til en þeir réðu til atlögu við flota þann, er lá í Þrakíuflóa og gjöreyddu honum. Síðan hremmdu þeir hverja fleytu á Hellusundi. Þeir höfðu sextíu galeiður, vel búnar mönnum, vistum og vopnum. Grískur maður var fyrir þeim og stýrimenn voru grískir, þaulkunnugir að sögn öllum Austurhöfum. Rán þeirra og spellvirki voru orðin geysileg. Skelfing hafði gripið um sig bæði til sjós og lands. Í öllum borgum voru sterk varðhöld. Öll sigling var nálega úr sögunni. Það hafði síðast spurzt til víkinga, að þeir hefðu siglt inn á sundið milli Evboiu og Grikklands.

Eyjarskeggjum varð starsýnt á hina miklu siglingu, hundrað skip í einum flota. Þeir sáu, að flotinn breytti allt í einu um stefnu og hélt til norðurs. Fregnir höfðu borizt af framferði

víkinga, en þessi hvítu segl vöktu öryggiskennd og þakklæti. Þegar Rómverjar tóku til hendinni, munaði alltaf um það. Þeir heimtu skatta, en héldu líka hlífiskildi yfir skattþegnunum í staðinn.

Foringinn gat ekki óskað sér betra færis. Óvinirnir höfðu álpazt inn í sund, þar sem þeim var vísari gjöreyðing en nokkurs staðar annars. Ein galeiða gat gert mikinn usla á opnu hafi og enginn hægðarleikur að finna hana og vinna. Því betra að hafa víkingaflotann allan hér í sundinu og því ágætari myndi hann verða af afreki sínu, ef takast mætti að eyða honum öllum í einu.

Lesandanum mun kunnugt, að eyjan Evboia er fyrir austurströnd Grikklands eins og varnargarður gegn Asíu. Milli hennar og meginlandsins er sund, hundrað og tuttugu mílur að lengd, en tæpar átta á breidd að meðaltali. Á ströndinni voru margar auðugar borgir og fýsilegar til fanga. Arríus afréð að króa víkingana í sundinu, en til þess að það mætti takast, varð að hafa hraðan á. Hann sigldi því allt, hvað af tók, unz Okafjall var úr sjó undir kvöldið og stýrimaður sagði Evboiu-strönd fyrir stafni.

Merki var gefið og lagt upp árum. Þegar aftur var haldið af stað, hafði Arríus skipt flotanum. Sjálfur hélt hann með fimmtíu galeiður inn í sundið að sunnan, hinn helming flotans sendi hann norður með eyjunni að austan og skyldu þeir fara sem mest þeir máttu og loka sundinu að norðan. Hvorug flotadeildin hafði styrk á við víkinga ein sér. En hvor fyrir sig hafði annað fram yfir þá, fyrst og fremst miklu betri aga. Og færi svo, að önnur biði ósigur, myndi hin ráðast á óvinina, riðlaða eftir bardagann og auðsigraða.

Ben Húr hafði setið við árina, sex stundir í senn milli hvílda. Hléið í Antemónaflóa hafði hresst hann. Honum fannst árin ekki þung. Oft hafði honum leiðzt að vita ekkert, hvert verið var að fara, en það höfðu þrælarnir aldrei hugmynd um. Það er ömurlegt. að vera villtur, en hitt er þó verra að verða að láta berast fram og aftur um ókunn höf og vita aldrei, hvert halda skal. Af sólargeislunum gat hann ráðið stefnu skipsins. Hann hafði haldið, þegar lagt var út frá Sýþeru, að ferðinni væri heitið til Gyðingalands. Því var hann næmur fyrir hverri stefnubreytingu. Hann hafði orðið þess var þegar stefnan var allt í einu tekin til norðurs. Hann gat með engu móti ráðið í

orsök þess. Róðrarþrælarnir vissu ekkert. Þeir voru hlekkjaðir við ár sína. Einu sinni aðeins á þrem árum hafði Júda fengið að koma upp á þiljur. Vér vitum, hvernig á því stóð. Hann hafði ekki hugboð um, að galeiðan var í brjósti mikils og fagurs flota, albúin til orrustu.

Þegar síðasti sólargeislinn slokknaði, var stefna skipsins enn óbreytt. Myrkrið datt á, en Ben Húr gat ekki greint nein umskipti. En rétt um það leyti barst reykelsisþefur ofan af þiljum. Þá hugsaði hann: Foringinn er við altarið. Skyldi orrusta vera í aðsigi? Hann lagði við hlustir. Oft hafði hann verið í orrustum, þótt hann hefði enn enga séð. En hann var farinn að kannast við aðdraganda þeirra. Og honum og samþrælum hans var vorkunn, þótt þeir hefðu hug á að fylgjast með slíkum atburðum. Orrusta gat bylt örlögum þeirra. Biðu Rómverjar ósigur og þeir slyppu lifandi, myndi það að minnsta kosti hafa húsbændaskipti í för með sér, ef til vill frelsi.

Ljóskerin voru tendruð og hengd hjá stigunum. Arríus kom niður af þilfarinu og bauð hermönnunum að vígbúast. Vopn voru borin fram, ámur með eldfimri olíu og lauslega vafðir baðmullarhnyklar. Þá sá Ben Húr foringjann stíga á stjórnpall sinn og herklæðast og var þá ekki að efa, hvað í aðsigi var. Þá var komið að þeirri svívirðingu, sem þrælarnir urðu sárasta að þola.

Við hvert rúm róðrarþrælanna voru járnfestar með þungum öklahringum. Nú skyldu þrælarnir settir í þessi járn. Yfirmaður gekk á röðina. Þrælarnir áttu ekki annars kost en að hlýða, og færist skipið, var þeim engin von undankomu. Allir fundu þeir, hvílík smán þeim var ger, enginn framar en Ben Húr. Hann hlustaði á hringlið í hlekkjunum, sem færðist nær og nær. Bráðum var komið að honum. Skyldi foringinn ekki hlífa honum?

Hugmyndin var næsta fjarstæð, en hún náði valdi yfir Ben Húr á þessari stundu, hvort sem lesandinn vill líta á það sem brjálsemi eða sérgæðingsskap. Hann trúði ekki öðru en að Rómverjinn myndi hlífa honum. Og ef svo færi, að hann myndi eftir honum á slíkri stundu, þá væri það sönnun þess, að hann mætti einhvers vænta frekar.

Hann beið milli vonar og ótta, biðin virtist aldrei ætla að taka enda. Við hvert áratog leit hann upp til foringjans, sem

nú hafði gert allar nauðsynlegar ráðstafanir. Að því loknu lagðist hann fyrir á legubekkinn og lét fara vel um sig. Ben Húr gretti sig og skammaðist sín, hét því að líta aldrei í þessa átt framar.

Glamur hlekkjanna færðist nær, nú var komið að sextíu. Ben Húr hætti að róa og rétti fram fótinn í sljórri örvæntingu. Þá komst hreyfing á foringjann, hann settist upp og gaf bendingu.

Ben Húr skalf eins og hrísla. Hann hvorki heyrði né sá, vissi það eitt, að hlekkirnir lágu óhreyfðir við hlið hans. Þá heyrði hann taktslátt róðrarstjórans — aldrei hafði sá hljómur látið svona unaðslega í eyrum. Hann tók á af öllum kröftum og árin svignaði, virtist mundu hrökkva sundur þá og þegar.

Yfirmaðurinn fór til foringjans, brosti og benti á sextíu:

— Kraftamaður sá arna, sagði hann.

— Og drengilegur, svaraði foringinn. Hann er betri án hlekkjanna. Hann skal ekki settur í járn framar.

Að svo mæltu hallaði hann sér aftur út af.

Skipið hélt áfram stundum saman. Þeir, sem ekki höfðu skyldum að gegna, sváfu, Arríus í lyftingu, aðrir á berum þiljum. Tvisvar var Ben Húr hvíldur. En honum varð ekki svefnsamt. Þrjú ár í niðamyrkri, og nú loksins sólargeisli! Menn geta ekki sofið á slíkri stund. Hann sveif á vængjum vonarinnar langt inni í framtíðinni. Allt var bætt, frelsið fengið, móðir hans og systir fundnar, allt komið í samt lag. Hann var svo sæll og glaður, að beiskjan, hefndin og hinar sáru endurminningar komust ekki að, það var eins og dauðar leifar, saur í svörtum djúpum, en hann sjálfur langt í burtu, hátt uppi yfir, í grennd ómandi stjarna.

Undir aftureldingu — en þá er nóttin dimmust — gekk maður hvatlega í lyftingu og vakti foringjann. Hann spratt á fætur, lét á sig hjálminn, tók sverð og skjöld, gekk fram og kallaði.

— Vaknið! Viðbúnir! Ræningjar í nánd!

## 17

Allir vöknuðu. Yfirmenn fóru hver á sinn stað, hermenn þrifu vopn sín. Knippi af örvum og föng af spjótum voru borin

á þiljur, olíuhylki og eldknettir teknir til. Fleiri ljósum var bætt við, fjölmörg ker fyllt af vatni. Þeim ræðurum, sem ekki voru að starfi, var skipað fram fyrir róðrarstjórann og vörður settur yfir þá. Ben Húr var í þeim hópi. Ofan af þiljum barst gnýr viðbúnaðarins, sem nú var að verða lokið. Seglið var fest, net þanin, vígvélum komið fyrir, nautshúðir hengdar á öldustokkinn til öryggis. Svo varð allt í einu dauðaþögn, ógnþrungin örlagaþögn. Hún merkti, að nú væri allt til taks. Þá var gefið merki og róðri hætt skyndilega. Hvað boðaði það?

Enginn var sá meðal hinna 120 þræla, er hlekkjaðir voru við árarnar, sem ekki spurði sig þeirrar spurningar. Enginn var svo sljór, að hann hugsaði ekki út í, hvað nú kynni að bíða sín. Þeir gátu engin áhrif haft á það raunar. Sigur mundi aðeins þjarma hlekkjunum enn fastar að þeim og hvað, sem fyrir skipið kæmi, hlutu þeir að fylgja því, hvort sem það sykki eða brynni. Og hverjir voru fjandmennirnir? Vinir, bræður, landar?

En það var ekki langt tóm til hugleiðinga. Ben Húr heyrði áraglamm fyrir stafni. Skipið tók að rugga eins og í ólgusjó. Ben Húr grunaði, að nú væri flota lagt til atlögu.

Aftur var gefið merki. Árar sigu, galeiðan færðist af stað. Ekkert hljóð, hvorki utan frá né innan. Það var eins og sjálft skipið héldi niðri í sér andanum og læddist áfram eins og rándýr að bráð.

Nú voru þeyttir lúðrar á þiljum. Róðrarstjórinn sló í borð sitt svo að það nötraði. Ræðarar lutu fram, sökktu árum, lögðust á þær með öllu afli. Galeiðan hentist áfram og brakaði í hverju tré. Enn var blásið í lúðra. Þá kváðu við hróp og háreysti, og í sömu svifum varð ógurlegur árekstur, menn reikuðu og sumir féllu, skipið hrökk aftur á bak, nam staðar, þaut svo áfram hraðar en nokkru sinni áður. Yfir lúðraþyt, brak og bresti, bar tryllt, fjölraddað neyðaróp. Ben Húr heyrði brest mikinn og siguróp af þiljum um leið — rómverska trjónan hafði unnið. En hverjir voru þeir, sem sjórinn var að svelgja? Hver var tunga þeirra, hvert land þeirra?

Engin bið, ekkert hlé. Galeiðan ruddist áfram. Nú hlupu menn til, tóku baðmullarhnykla og dýfðu í olíu, réttu þá rennandi öðrum, sem skyldu kveikja í þeim. Nú skyldi líka sækja óvinina með eldi. Nú tók galeiðan veltu svo að ræðurunum lá við að hrökkva úr sætum. Aftur kvað við rómverskt

siguróp, blandið kvalaveini úr annarri átt: Bitkrókar vindunnar í stafni galeiðunnar höfðu læst sig í óvinaskip, hafið það á loft, látið það skella í sjóinn og sökkva.

Gauragangurinn færðist í vöxt til allra hliða. Ekki varð séð fyrir úrslit enn. Við og við voru sárir, rómverskir hermenn bornir niður, stundum banvænir. Stundum brá fyrir daunillum reykjarþef af brennandi kjöti. Ben Húr tók andköf. Hann vissi, hvers kyns var: Þeir voru í nánd við logandi skip, hlekkjaðir ræðarar að stikna í eldinum.

Galeiðan var sífellt á ferð og flugi. En allt í einu nam hún staðar, svo snöggt, að árarnar hrukku úr höndum ræðaranna og margir þeirra fram úr sætum sínum. Þá kvað við æðisgenginn gnýr á þiljum og brak í súðum galeiðunnar, eins og skipum væri síbyrt að henni beggja vegna. Mannsbúkur þeyttist ofan, rétt þar hjá, sem Ben Húr stóð. Þetta var framandi maður. Hvernig var hann hér kominn? Hafði hann verið þrifinn af öðru skipi — nei, víkingar höfðu greitt uppgöngu á galeiðuna! Rómverjar voru að berjast upp á líf og dauða, skipið á valdi óvinanna! Ben Húr var lostinn kuldahrolli. Arríus var hætt kominn, — ef hann félli! Guð Abrahams komi til! Þá var öll von úti, allir draumar um að sjá móður sína, land sitt. Uppnámið fór vaxandi, allt var komið á ringulreið, engin stjórn lengur á neinu. Róðrarstjórinn einn var kyrr í sæti sínu og sló borðið eins og ekkert væri, án árangurs, beið fyrirskipana foringjans — lifandi mynd þess dæmalausa aga, sem hafði lagt heiminn undir sig.

Ben Húr kom til sjálfs sín við þessa sýn. Róðrarmennirnir rykktu í hlekkina en fengu ekki losað sig og öskruðu viti sínu fjær. Það voru síðustu forvöð. Hann stökk upp stigann, komst nógu langt til þess að sjá, að loftið var rautt af eldgangi, galeiðan umkringd, sjórinn þakinn af skipum og flökum, vörnin að bila á þiljum — og í því var eins og kippt undan honum fótunum og hann féll aftur yfir sig. Þegar hann kom niður, var því líkast sem gólfið væri að hefja sig til flugs, svo brast það, sjór fossaði inn, eins og hann hefði alla tíð verið að bíða eftir þessari stund. Svo huldist allt myrkri, hann var á kafi í sjó.

Ekki verður sagt, að hinum unga Gyðingi kæmi þrek eða snarræði að haldi í þessum svifum. Víst var hann hraustmenni og nú bættist honum það mikla afl, sem náttúran hefur til við-

laga, þegar um lífið er að tefla. En myrkrið og sjávarsogið svipti hann ráði í bili. Hann hélt niðri í sér andanum, en það var ósjálfrátt.

Straumsogið svipti honum niður marga faðma undir yfirborð. Hann hefði drukknað, ef gagnsog hefði ekki hrifið hann upp með braki úr hinu sökkvandi skipi. Hann náði taki á einhverju á leiðinni upp. Honum fannst hann hefði verið óratíma í kafi. Loks skaut honum upp. Hann gleypti í sig loft, hristi sjóinn úr hári og augum, kom sér betur fyrir á bjálkanum, sem hann hékk í og leit í kringum sig. Reykurinn var eins og þunn þoka yfir sjónum. Til og frá stóðu skip í björtu báli. Enn var barizt. Brak og brestir í skipum, sem rákust á, kváðu við. Þeim, sem verið höfðu á þiljum galeiðunnar, tók að skjóta upp, bæði Rómverjum og víkingum, oft á sama bjálka, og hófu einvígi þegar, er færi gafst, ýmist með berum höndum eða vopnum, og börðust af fullri heift. Honum komu átök þeirra ekki við. Þeir voru allir fjandmenn hans. Hann reyndi að mjaka sér undan.

Í þessu heyrði hann snörp áratök og sá galeiðu nálgast á hraðri ferð. Og nálega um leið sá hann í röskri seilingarfjarlægð blikandi hjálmi skjóta upp, því næst höndum, sterklegum með þöndum fingrum, sem ekki virtust mundu sleppa því, er þeir næðu til. Hjálmurinn kom betur upp, þá höfuð og armar, sem börðust um ákaflega. Andlitið horfði upp, munnurinn galopinn, augun starandi en sjónlaus, draugslegur feigðarsvipur á ásjónunni. En Ben Húr laust upp ópi af gleði og í því maðurinn var að sökkva náði hann í hjálmbandið undir hökunni og dró hann að bjálkanum.

Maðurinn var Kvintus Arríus.

Aldan freyddi og fossaði um Ben Húr, hann varð að taka á öllu til þess að missa ekki bjálkans og halda höfði foringjans upp úr. Galeiðan fór fram hjá, lá við að árablöðin snertu þá. Hún hélt áfram yfir sjóinn kvikan af mönnum. Þá buldi við brestur og kvað við óp. Ben Húr sá sér til nokkurrar svölunar, að „Stjörnudísarinnar" hafði verið hefnt.

Enn hélt orrustan áfram. En nú brast flótti á sum skipanna. En hver? Ben Húr var ljóst, að frelsi hans og líf foringjans var undir því komið. Hann var búinn að koma Arríusi upp á bjálkann og gerði nú allt, sem hann gat, til þess að halda honum

þar. Nú tók að lýsa af degi. Hann fylgdist með dagsbrúninni milli vonar og ótta. Myndu Rómverjar eða víkingar koma með birtunni? Yrðu það víkingar, var úti um þá.

Loks kom sólin upp. Það var stillilogn. Á vinstri hönd sá hann til lands, en ekki voru tiltök að ná því. Hér og þar voru menn á floti eins og sjálfur hann. Sums staðar var sjórinn svartur af braki og rjúkandi flökum. Í nokkrum fjarska var galeiða með rifið segl á brotinni rá, allar árar hreyfingarlausar. Enn fjær gat hann greint dökka díla, sem gátu verið skip á flótta eða að reka flótta. Það gátu líka verið fuglar.

Þannig leið ein stund. Hann fór að verða kvíðinn. Kæmi ekki hjálp innan skamms, var engin von um Arríus. Stundum sá hann vart lífsmark með honum. Hann tók af honum hjálminn og færði hann síðan úr brynjunni með miklum erfiðismunum. Hann fann, að hjartað barðist, að vísu óreglulega. Á meðan var þó von. Hann gat ekkert annað gert en bíða — og biðja að hætti þjóðar sinnar.

## 18

Svo virtist sem foringinn væri að byrja að fá rænu, hann fór að tala, spurði, hvar hann væri, hver hefði bjargað sér, hver orðið hefðu úrslit orrustunnar. Óvissan um þau færði nýtt líf í hann:

— Lífsvon okkar er bundin við málalok orrustunnar, það sé ég. Ég sé líka, að þú hefur bjargað lífi mínu og hætt til þess þínu lífi. Verði hamingjan mér holl, skal þig ekki þurfa að iðra þess. En ef illa fer, verður þú að gera mér stóran greiða. Viltu lofa mér því?

— Ég geri allt, sem þú býður, ef það er ekki neitt, sem er bannað.

Arríus þagði við, hélt síðan áfram:

— Er það satt, að þú sért sonur Gyðingsins Húrs?

— Það er satt.

— Ég þekkti föður þinn — þótti vænt um hann. Hann talaði með hvíldum, þagði nú við, velti einhverju fyrir sér. Svo hélt hann áfram:

— Þú hlýtur að hafa heyrt um rómversku mikilmennin Kató

og Brútus. Þeir voru mestir í dauðanum, þeir létu okkur þá lífsreglu eftir, að rómverskur maður skuli ekki lifa lán sitt. Heyrirðu til mín?

— Já.

— Gerðu þá sem ég segi. Sérðu hringinn, sem ég ber? Taktu hann af mér. — Láttu hann á þig. Ef þú lifir mig, geturðu sýnt þennan hring heima hjá mér í Mísenum og sagt, hvernig þú fékkst hann. Þá er þér óhætt að biðja ráðsmann minn hvers, sem þú vilt. Ef ég lifi skal ég gera meira fyrir þig. En nú verður þú að lofa mér og sverja við guðina . . . .

— Göfugi foringi, ég er Gyðingur.

— Við þinn guð þá að gera það, sem ég bið.

— Göfugi Arríus, ég verð fyrst að vita, hvað það er . . . . En lofaður sé Ísraels Guð, þarna kemur skip.

— Hvaðan? Hefur það fána?

— Ekki get ég séð fána á því. Það hefur segl uppi, þrennar áraraðir.

— Væri það rómverskt og við hefðum sigrað myndi það hafa marga fána, svo þetta er óvinaskip . . . . Heyrðu, ef þetta eru víkingar, er þínu lífi borgið. Það er ekki víst þeir gefi þér frelsi, en þeir drepa þig ekki. Annað með mig . . . . Ég er of gamall til þess að lifa við smán. Annað skal ekki berast til Rómaborgar en að Kvintus Arríus hafi fylgt skipi sínu eins og foringja sæmir. Ef þetta eru víkingar, sem koma, þá settu mig í sjóinn, láttu mig deyja. Viltu sverja það?

— Það hvorki sver ég né geri, göfugi foringi. Guð bannar mér það. Ég hef verið dæmdur til æviþrælkunar, en ég er ekki þræll né leysingi. Ég er Ísraelsmaður og á þessari stundu að minnsta kosti sjálfs mín ráðandi . . . . Taktu hringinn aftur.

Arríus sat við sinn keip.

— Þá verð ég að varpa honum í sjóinn, ef ég get ekki með öðru móti losnað við þá kvöð, sem fylgir honum. — Arríus heyrði að vörmu spori, að hringurinn féll í sjóinn.

— Þetta var heimskulega gert, sagði hann. Ég þarf ekki á þér að halda, til þess að deyja, en þú þurftir á hringnum að halda, ef þú lifir. Plató segir það sé sálunni betra að láta annan taka líf sitt en taka það sjálfur, það er allt og sumt, en ég verð ekki lengi að hverfa, ef þetta eru víkingar. Nú get ég ekki gefið þér neitt annað jarteikn. Þetta var hörmuleg heimska.

Ben Húr sá skýrar, hvað hann hafði gert. En það haggaði honum ekki.

— Ég hef verið þræll í þrjú ár. Þú ert sá eini, sem hefur sýnt mér vinsemd þessi ár — nei, þú ert annar, sagði hann í hálfum hljóðum og hugsaði um piltinn í Nazaret. Enginn nema þú hefur spurt mig um ævi mína eða ætt. Þegar ég var að bjarga þér, var mér víst ríkast í hug, að þú værir sá eini, sem gæti hjálpað mér úr ánauðinni. En samvizka mín og Guð minn bjóða mér að deyja heldur með þér en að taka líf þitt. Ég bregzt ekki sannfæringu minni fremur en þú þinni. Kató og Brútus eru ekki helgari en Ísraels Guð og boð hans.

Báðir þögðu. Ben Húr skimaði í kringum sig. Arríus hafði lokað augunum.

— Ertu viss um, að þetta sé óvinaskip? spurði Ben Húr. Nú er það kyrrt. Þeir skjóta út báti.

— Sérðu enn engan fána?

— Nei, en er ekki eitthvert annað auðkenni á rómverskum skipum?

— Rómversk skip hafa hjálm á siglutoppi.

— Það er hjálmur á þessari siglu. Og nú eru þeir farnir að bjarga skipbrotsmönnum. Það mundu ekki sjóræningjar gera.

— Hm, þeir þurfa ef til vill ræðara, tautaði Arríus. Hann hafði sjálfur bjargað mönnum í því skyni.

— Nú sigla þeir, leggja að annarri galeiðu, sem virðist vera hroðin, nú ganga menn upp á hana.

Nú lyfti Arríus höfði og hvessti augun á skipin.

— Þakkaðu nú Guði þínum, sagði hann, eins og ég þakka mínum guðum. Sjóræningjar hefðu sökkt skipinu. Hamingjan hefur ekki yfirgefið mig, okkur er borgið. Hrópaðu nú eins hátt og þú getur, gefðu þeim merki, hrópaðu af öllum kröftum .... Ég þekkti föður þinn, hann var göfugmenni, hann sýndi mér, að Gyðingar eru ekki skrælingjar. Héðan af skaltu vera sonur minn. Kallaðu aftur. Þeir hljóta að sjá okkur. Ég verð að komast á skip og reka flóttann.

Ben Húr húkti á bjálkanum, veifaði og hrópaði. Loks tóku skipverjar eftir honum og þeim var bjargað.

Foringinn var hylltur sem sigurvegari. Hann fékk skýrslu um síðasta þátt orrustunnar. Þegar öllum hafði verið bjargað,

sem sáust á floti, hélt skipið til norðurs. Hin flotadeildin kom á tilteknum tíma. Þá voru leifar víkingaflotans umkringdar og gjörsigraðar. Herfangið var tuttugu víkingagaleiður.

Þegar Arríus sté á land í Mísenum var honum fagnað með miklum ágætum. Ungur maður, sem með honum gekk, vakti almenna athygli. Arríus saddi forvitni vina sinna með því að segja sem gerst frá, hvernig þessi ungi maður hefði bjargað lífi sínu, en engin frekari deili sagði hann á honum. Hann lauk máli sínu með þessum orðum og lagði um leið hönd sína á öxl honum:

– Góðir vinir, þetta er sonur minn og erfingi, hann skal eiga allt, sem ég kann eftir mig að láta, og hann skal heita mínu nafni. Ég bið ykkur að reynast honum svo sem þið hafið reynzt mér.

Hinn tigni Rómverji efndi heit sitt, tók galeiðuþrælinn sér í sonar stað formlega svo fljótt, sem því varð við komið.

Mánuði síðar var haldin mikil sigurhátíð í Róm. Hátíðahöldin fóru fram á Skárusleiksviðinu. Þar voru sýnd sigurmerki úr herferðinni. Langmesta athygli og hrifningu vöktu trjónur af tuttugu galeiðum. Þar yfir var letrað, svo stórum stöfum, að hver maður þeirra áttatíu þúsunda, sem þarna voru saman komnar, gat lesið:

*Herfang frá víkingum*
*tekið á Evripusflóa*
*Kvintus Arríus*
*þjóðstjóri*
*tók.*

## 19

Það er í júlímánuði. Vér erum staddir í Antíokkíu, mestu borg heimsins, næst Róm, ef ekki fjölmennari, „drottningu Austurlanda".

Oft er talið, að bílífi og lauslæti þessara tíma hafi átt upptök í Róm og borizt þaðan um ríkið. Hitt mun sönnu nær, að hinir rómversku sigurvegarar hafi dregið dám af þeim, sem þeir brutu undir sig, bæði Grikkjum, en einkum þó Austurlandabúum, að

siðspilling og lausung hafi borizt eins og smitun vestur á bóginn og að þessi sýking hafi hvergi ollið örar fram en í Antíokkíu, einu elzta höfuðbóli assýrísks óhófs og íburðar.

Vöruskip skríður árdegis upp mynni Órontesfljóts. Þrátt fyrir sólarhitann eru flestir, sem mega, á þiljum uppi, þeirra á meðal Ben Húr.

Hann hefur tekið út fullan þroska síðustu fimm árin. Hvíta línskikkjan, sem hann var búinn, huldi að vísu vöxt hans nokkuð, en eigi að síður var auðsætt, að maðurinn var föngulegur, auk þess fagur álitum og hinn þekkilegasti, háttprúður, vel máli farinn, talaði bæði grísku og latínu lýtalaust, allt fas bar vott um fágun hærri stiga. Þeim, sem veittu honum nána athygli, mun þó hafa þótt með ólíkindum, hve handleggjalangur hann var og handstór. Ýmsum lék hugur á að kynnast þessum manni, og höfðu gefið sig á tal við hann, en hann var fámáll og varðist allra kynna.

Skipið hafði komið við á Kýpur og tekið farþega, þar á meðal hebreskan mann nokkurn, mjög tígulegan, stilltan og góðgjarnan að sjá. Ben Húr gaf sig nokkuð að honum og féll vel á með þeim. Svo vildi til, að tvö skip urðu á vegi þeirra skammt úti fyrir ármynninu og höfðu þau uppi litla, gula fána. Mönnum varð tíðrætt um, hvað þessir fánar myndu tákna. Hinn virðulegi Gyðingur vissi það:

— Þessir fánar tákna ekki þjóðerni, þeir eru fangamark eigandans.

— Hver er eigandinn?

— Kaupmaður frá Antíokkíu. Hann er vellríkur og alkunnur. Misjafnt liggur mönnum orð til hans, eins og gengur. Fyrr meir var höfðingi nokkur í Jerúsalem, Húr hét hann . . . .

Hjartað tók viðbragð í brjósti Ben Húrs, en honum tókst að stjórna svip sínum.

— . . . . afburða kaupsýslumaður, rak verzlun í öllum áttum og hafði útibú í stórborgum. Fyrir verzlun hans í Antíokkíu var Símónídes nokkur, sagður þræll Húrs, Gyðingur, þótt nafnið sé grískt. Húsbóndinn fór í sjóinn. En verzlunin hélt áfram með sama blóma. En fjölskyldan varð fyrir óláni, einkasonur Húrs sýndi rómverska landstjóranum banatilræði, mistókst og hefur ekkert til hans spurzt síðan. Ættinni var tortímt, höll

hennar í Jerúsalem lokað, Rómverjar sölsuðu allar eignirnar undir sig — landstjórinn smurði sár sitt með gulli.

Farþegarnir hlógu: — Hann hirti sem sé reyturnar.

— Svo er talað, ég sel það ekki dýrara en ég keypti. En Símónídes, verzlunarstjórinn hér í Antíokkíu, hóf verzlun fyrir sjálfan sig og varð nálega samstundis mestur kaupmaður borgarinnar. Hann hafði allt eins og húsbóndi hans, sendi lestir til Indlands, hafði skip í förum, nú á hann þann skipastól, sem hver konungur væri sæmdur af. Sagt er, að honum misheppnist aldrei neitt, úlfaldarnir deyja aldrei nema af elli, skipunum hlekkist aldrei á, honum verður allt að féþúfu.

— Hve lengi hefur hann verzlað á eigin spýtur?

— Tíu ár tæp.

— Hann hefur ekki byrjað með tvær hendur tómar.

— Nei, það er sagt, að landstjórinn hafi ekki getað komizt yfir peninga Húrs, hann hafi tekið hesta hans og búfé, svo og vörur, skip og fasteignir. En peningarnir, sem hljóta að hafa verið stórfé, fundust ekki og veit enginn, hvað af þeim hefur orðið.

— Það held ég sé nú auðráðin gáta, sagði einn farþeganna.

— Ég skil, hvað þú átt við — að Símónídes gamli hafi hirt þá, það er almennt haldið. Og það hyggur landstjórinn, eða hugði, því að tvívegis á fimm árum hefur hann látið taka hann og pína.

Ben Húr tók krampataki um kaðalinn, sem hann hélt í.

— Það er sagt, hélt sögumaður áfram, að ekkert bein í líkama hans sé óbrotið. Síðast, þegar ég sá hann, sat hann í stól og hlaðið sessum að honum á allar hliðar, afskræmdur örkumlamaður.

— Hvað er að heyra þetta! sögðu sumir áheyrendanna.

— En hann lét píslirnar ekki hagga sér, þeir höfðu ekkert upp úr honum annað en að hann hefði komizt heiðarlega yfir allt sitt fé og verði því heiðarlega. Og nú er hann sloppinn — hann hefur fengið leyfi keisarans sjálfs til verzlunarreksturs.

— Eitthvað hefur það kostað, varð einhverjum að orði.

Nokkru síðar neytti Ben Húr færis og spurði Gyðinginn:

— Hvað sagðirðu, að húsbóndi kaupmannsins héti?

— Húr, höfðingi í Jerúsalem.

— Hvað varð af fjölskyldunni?

— Pilturinn var dæmdur á galeiðu. Óhætt er að segja, að hann sé dauður nú. Eitt ár er meðalaldur galeiðuþræla. Um mæðgurnar veit enginn. Þær hafa sjálfsagt farizt í einhverju svartholinu.

Ben Húr gekk aftur í skut. Hann sá ekki borgina fyrir stafni, hallir hennar og turna, ekki skipin, sem ösluðu fram og aftur, ekki skrúð lystigarðanna á fljótsbakkanum eða fjöllin fjær, ekki einu sinni sólskinið, sem gyllti himin og jörð. Skugginn í huga hans huldi alla fegurð sjónum hans.

Skipið var komið til hafnar. Gyðingurinn, sem fyrr var nefndur, leysti úr spurningum manna. Hann benti meðal annars á borgarmúrinn, sem var eitt af meistaraverkunum meðal mannvirkja samtíðarinnar:

— Þessi múr er meira en þriggja alda gamall. Yfir hann ber, eins og þið sjáið, tvær hæðir. Á annarri er Júpítersmusteri, á hinni kastali með rómversku setuliði. Og þarna er Dafne-lundur, mesta dásemd þessa lands. Máltækið segir: Það er sælla að vera maðkur í grasi í Dafne en gestur við konungsborð.

Hásetar fóru að fella seglið, árum var lagt upp, skipið lagðist að bryggju. Ben Húr gekk í veg fyrir Gyðinginn:

— Má ég ómaka þig lítillega, áður en við skiljum? Saga þín um kaupmanninn hefur vakið forvitni mína. Þú nefndir hann Símónídes, var ekki svo?

— Jú, nafnið er grískt en maðurinn Gyðingur.

— Hvar býr hann?

Maðurinn leit hvasst á Ben Húr:

— Ég get firrt þig óþarfa ómaki — Símónídes lánar aldrei fé.

Ben Húr brosti:

— Og ég bið aldrei um lán.

— Þá gegnir öðru máli. Sérðu skipin, sem liggja þarna? Og vöruhúsin upp af? Hann á þetta allt og rétt þarna hjá er íbúðarhús hans, raunar getur það nú varla talizt hús, sízt fyrir jafn auðugan mann. En þú hlýtur að finna hann.

— Ég er þér þakklátur.

— Friður sé með þér.

— Og með þér.

Með þetta skildu þeir. Ben Húr gekk á land. Tveir burðarmenn buðu honum hjálp sína og þáði hann það og bauð þeim að halda til kastalans. Borgin var tilkomumikil, þoldi fyllilega

samanburð við Róm, strætin breið, skrauthallir, súlnaraðir og gosbrunnar. Ben Húr gat þó ekki notið þess, sem fyrir augun bar. Hann var með hugann við annað. Allt í einu nam hann staðar og sagði við burðarmennina:

— Ég fer ekki til kastalans í kvöld. Vísið mér á gistihús.

Skömmu síðar var hann búinn að koma sér fyrir á gistihúsi. Hann svaf á þakinu um nóttina. Öll hugsun hans og draumar snerust um eitt: Nú mundi hann loksins verða einhvers áskynja um móður sína og systur. Og væru þær þessa heims, skyldi hann vissulega hafa upp á þeim.

## 20

Í bítið næsta morgun fór hann að leita uppi bústað Símónídesar. Það tókst án teljandi erfiðismuna. Hann nam staðar við háan múr upp af bryggju, hlaðinn úr óhöggnum grásteini, þakinn mosa og grænu vafningsgrasi. Tvö mikil hlið voru á múrnum og þar fyrir innan allstórt, opið svið. Þarna var umferð mikil og umsvif. Margskonar varningur og fjöldi þræla að vinnu. Við bryggjuna voru skip, öll með gula fánann uppi og var ýmist verið að ferma þau eða afferma. Í fljótinu framundan var lítil eyja og lá brú út á hana. Þar var bygging, umkringd háum múrveggjum, sett mörgum turnum. Mundi mörgum hafa orðið starsýnt á það mannvirki, en Ben Húr var annars hugar. Hann hugsaði um það eitt, að nú mundi hann fá vitneskju um ástvini sína. Ef Símónídes hefði verið þræll föður hans, þá var bæði kaupmaður og öll auðæfi hans réttmæt eign hans, Ben Húrs. En láti hann mig vita, hugsaði hann, hvar móðir mín og Tirza eru niður komnar, þá gef ég honum frelsi og læt hann halda öllu.

Hann gekk inn um hliðið og litaðist um. Maður kom til hans og spurði að erindum.

— Mætti ég fá að tala við Símónídes, kaupmann.

Maðurinn fór með hann að stiga, sem lá upp á þak. Þar uppi var allt vafið í blómum. Þar var og lítil bygging, sem ekki sást frá götunni og lá stígur að henni með rósarunnum á báðar hendur. Maðurinn gekk að þessari byggingu, dró tjald til hliðar og sagði stundarhátt:

— Ókunnur maður óskar að tala við húsbóndann.

Þykkar, mjúkar ábreiður voru á gólfi, fagur útskurður og gylling á veggjum, sums staðar bókahillur með bókfellsströngum. Á bakháum hægindastóli á miðju gólfi sat aldraður maður í hnipri og sessum hlaðið að honum alla vega. Ung stúlka stóð hjá honum. Ben Húr hneigði sig. Hann sá ekki, að skjálfti fór um gamla manninn, þegar hann sá hann, né hitt, að hann varð að taka á öllu til þess að jafna sig. Ben Húr leit upp og mætti spyrjandi augnaráði.

— Sértu Símónides kaupmaður og — Gyðingur, þá sé friður Guðs með þér og þínum.

— Ég er Símónides og Gyðingur borinn. Ég svara kveðju þinni á sama hátt og óska að heyra, hver gestur minn er.

Ben Húr horfði á hann. Líkami hans var eins og ólöguleg hrúga á kafi í bólstrum og ábreiðum, en höfuðið var gáfulegt og höfðinglegt. Silfurhvítt hár yfir enni og hvítar brúnir juku á leiftrandi tinnudökkva augnanna. Andlitið var hrukkótt og bleikt eins og gulnað fílabein. Svipurinn bar með sér, að hér var maður með ósveigjanlegan vilja, sem heldur léti lífið en hlut sinn og aldrei yrði bugaður nema með góðu.

— Ég er Júda Iþamarsson Húr.

Gamli maðurinn lét sér hvergi bregða, aðeins herptist önnur höndin, skinin og beinaber, saman eins og í krampa.

— Ísraels sonur, vel kynjaður, er ævinlega velkominn í mitt hús. Esther, réttu unga manninum stól.

Hún gerði sem faðir hennar sagði. Um leið og hún stóð upp mættust augu þeirra.

— Friður Guðs sé með þér, sagði hún hóglátlega.

Ben Húr settist ekki, sagði með virðingu:

— Ég vona, að góður herra, Símónides, telji mig ekki framhleypinn. Ég frétti á skipinu í gær, að þú hefðir þekkt föður minn.

— Húr þekkti ég. Við áttum mikil skipti. Esther, komdu með vín. Nehemía minnist á einn af sonum Húrs, sem réð yfir hálfri Jerúsalem. Ættin er vissulega gömul. Hennar er getið bæði á dögum Mósesar og Jósúa. En fáðu þér sæti. Þú forsmáir ekki bikar af hreinum Sorek-þrúgum, sem vaxa á Hebron-fjalli.

Esther rétti Ben Húr silfurbikar með víni. Aftur mættust augu þeirra. Hann tók eftir því, að hún var smávaxin, náði



honum ekki nærri í öxl, nett og falleg, augun sérstök. Honum datt Tirza í hug, — hún hlaut að vera áþekk, væri hún lífs.

— Faðir þinn — — er hann ekki faðir þinn . . . . ?

— Ég er Esther, dóttir Símónídesar, sagði stúlkan.

— Já . . . . þegar hann hefur heyrt mál mitt til enda, fyrirgefur hann, þótt ég bíði með að drekka vín hans, og ég vona þú gerir það líka. — Hann sneri sér að húsbóndanum:

— Þegar faðir minn dó hafði hann trúnaðarþjón, sem hét þínu nafni og mér hefur verið sagt, að þú sért sami maður.

Esther leit á þá á víxl, hissa og hrædd á svip, hvarf aftur til föður síns og nam staðar við stól hans. Símónídes tók í hönd hennar og sagði:

— Mök mín við mennina hafa gert mig gamlan — gamlan fyrir tímann. Hafi sögumaður þinn verið kunnugur sögu minni, mun hann líka hafa vitað, að ég hlýt að tortryggja mennina. Það er hart fyrir mann á grafarbakkanum að verða að segja það. Ég hef ekki elskað marga — hér er sú, sem hefur verið yndið mitt til þessa — hann færði hönd Estherar að vörum sér — hin ástin mín er aðeins minning . . . . nógu björt og góð til þess — röddin lækkaði og fór að titra — að sú ást gæti umvafið heila fjölskyldu, ef ég aðeins vissi, hvar hún er niður komin.

Ben Húr gekk að honum og hrópaði:

— Móðir mín og systir! Segðu mér af þeim — áttu við þær?

Gamli maðurinn hafði aftur algjört vald yfir sér. Hann sagði:

— Leyf mér ljúka máli mínu. Af því að ég er sá, sem ég er og allt er eins og það er, verð ég að fá sönnun fyrir því, að þú sért sá, sem þú segir, áður en ég svara spurningu þinni eða ræði um samband mitt við Húr. Geturðu sannað, að þú sért sonur hans? Hefurðu eitthvað skriflegt? Hefurðu vitni?

Ben Húr sá, að þetta var rétt og sanngjörn krafa, en hann hafði ekkert til þess að fullnægja henni. Símónídes ítrekaði:

— Vitni verð ég að hafa, sannanir, munnlegar eða skriflegar.

Það rann upp fyrir Ben Húr, sem hann hafði ekki hugsað út í áður, að þriggja ára galeiðuþrælkun hafði slitið alla þræði við fortíð hans. Hefði Kvintus Arríus verið hér, hefði hann aðeins getað vottað, hvernig leiðir þeirra lágu saman og að hann héldi hann segja rétt til ættar sinnar. En Arríus var ekki lengur í lifenda tölu. Oft hafði hann fundið til einstæðingsskapar, en aldrei eins og á þessari stundu. Hann var orðlaus

lengi og Símónídes beið. Loks sagði Ben Húr:

— Símónídes, ég get aðeins sagt ævisögu mína. Viltu hlýða á hana og fresta úrskurði á meðan? Það er eina vitnið, sem ég get leitt fram.

— Talaðu, ég hlusta. Og ekki hef ég neitað því, að þú kunnir að vera sá, sem þú segir.

Ben Húr sagði ævisögu sína í sem stytztu máli. Niðurlag sögunnar var á þessa leið:

— Velgerðamaður minn, Kvintus Arríus, komst í mikla kærleika við keisarann eftir sigur sinn yfir víkingum og orðstír hans fór víða. Kaupmenn í Grikklandi og annars staðar sendu honum stórar gjafir svo að hann auðgaðist stórum. Hann tók mig sér í sonar stað og ég reyndi að vera honum góður sonur. Hann vildi setja mig til mennta í heimspeki, mælskulist og öðrum listum, en ég færðist undan því vegna þess, að ég hafði ekki gleymt Guði feðra minna. En hvers vegna þáði ég aðrar velgerðir þessa Rómverja? Fyrst og fremst þótti mér vænt um hann, í öðru lagi vonaði ég að finna móður mína og systur með hans hjálp. Loks, í þriðja lagi, langaði mig að æfa vopnfimi og allt, sem að hernaði lýtur — ég þarf ekki að rekja orsök þeirrar löngunar. Ég hafði ágætustu kennara og gat mér gott orð og heima í Mísenum eru margir sigursveigar, sem ég vann. En þar þekkir mig enginn nema sem son Arríusar. Nú ætlaði ég í herferð með Maxentíusi ræðismanni til þess að læra herstjórn. Því er ég kominn hingað til Antíokkíu. Á skipinu heyrði ég sem sagt þín getið, sambands þíns við föður minn og þeirra pyndinga, sem þú hefur orðið að þola af Gratusi.

Símónídes laut höfði, vildi dylja eitthvað í svip sínum. Hann leit snöggt upp og sagði:

— Já, og hvað svo?

— Símónídes, ég sé þú trúir mér ekki, sagði Ben Húr, og var hnugginn á svip. Þú tortryggir mig. Ég get ekki sannað, að ég sé Ben Húr. Þær, sem gætu borið mér vitni, eru látnar eða týndar.

Hann tók höndum fyrir andlit sér. Esther gekk til hans og bauð honum aftur að drekka, sagði:

— Má ég ekki bjóða þér þetta vín? Það er frá landinu, sem við elskum öll.

Honum datt í hug Rebekka, þegar hún bauð Ísak að drekka

forðum. Hann sá, að henni hafði vöknað um augu. Hann sagði:

— Dóttir Símónídesar, þú ert hjartagóð. Blessuð sértu fyrir að láta framandi mann njóta þess. — Hann sneri sér aftur að kaupmanni:

— Úr því ég get ekki sannfært þig um, að ég sé sá, sem ég segi, vil ég ekki ómaka þig frekar, Símónídes. Jú, eitt enn: Ég hafði ekki eignir þínar í huga, þegar ég kom til þín. Ég ætlaði aðeins að segja það, sem ég segi nú, að allt, sem þú hefur aflað með dugnaði þínum og útsjón, er þitt. Kvintus, minn annar faðir, lét mér eftir nægan auð. En ef þú minnist mín framar, bið ég þig að muna erindi mitt hingað. Fyrir mér vakti að spyrjast fyrir um móður mína og systur. Geturðu ekki sagt mér neitt um þær?

Tár streymdu niður kinnar Estherar, en faðir hennar lét sér í engu bregða. Hann svaraði fastmæltur:

— Ég hef sagt, að ég þekkti Húr. Mér er líka kunnugt um það ólán, sem fjölskylda hans ratað í. Rómverjinn, sem steypti ekkju vinar míns í ógæfu, er sá sami, sem síðar hefur leikið mig grátt. Og meira get ég sagt: Ég hef gert allt, sem í mínu valdi stóð, til þess að hafa upp á fjölskyldunni, en hef ekki komizt að neinu, hún er töpuð.

Ben Húr varp öndinni:

— Enn einu sinni er þá von mín að engu orðin. Ég er vonbrigðum vanur. Hafi ég verið nærgöngull, bið ég þig að virða mér það til vorkunnar sökum harma minna. Nú er hefndin mitt eina ævitakmark. Verið þið sæl.

Hann leit aftur við dyrnar:

— Ég þakka ykkur báðum.

— Farðu í friði, sagði kaupmaður.

## 21

Ben Húr var ekki fyrr farinn en Símónídes rétti úr sér í stólnum, eins og hann vaknaði af draumi og sagði ákafur:

— Hringdu, Esther, fljótt!

Hún hringdi bjöllu. Fjöl var tekin úr veggnum og í ljós kom maður, sem gekk fyrir kaupmann og hneigði sig.

— Mallúk, hingað, að stólnum! sagði kaupmaður andstuttur.

Ég hef verk handa þér, sem ekki má mistakast. Heyrðu, hér var ungur maður að fara út, hár og vel vaxinn, búinn að hætti Gyðinga. Veittu honum eftirför, eltu hann eins og skugginn, og láttu mig vita á hverju kvöldi, hvar hann er, hvað hann aðhefst, með hverjum hann er. Ef þú getur heyrt samtöl hans, án þess hann verði þín var, þá berðu mér tal hans orði til orðs. Ef hann fer úr borginni, verðurðu að fylgja honum eftir, og, taktu eftir, Mallúk, reyndu að vingast við hann. Þú getur sagt við hann hvað sem þú vilt, nema að þú sért í minni þjónustu. Fljótur nú! Vertu sæll.

Maðurinn hneigði sig og fór. Símónídes neri saman höndum:

— Hvaða dagur er í dag, dóttir? Ég ætla að setja hann á mig til heillamerkis. Komdu! Gættu að því, og brostu, Esther, og segðu mér það brosandi.

Henni fannst gáski hans skrítinn og ólíkindalegur, svaraði þurrlega:

— Vei mér, ef ég gleymi nokkurn tíma þessum degi.

Hann lét hendur og höfuð síga, hakan hvarf í húðfellingar niðurandlitsins:

— Rétt, dóttir, mikið rétt. Tuttugasti dagur fjórða mánaðar. Þennan dag fyrir fimm árum hneig Rakel mín niður, móðir þín. Ég var borinn heim, marinn og brotinn, eins og ég er enn í dag, og það varð henni um megn og við lögðum hana fyrir í gröf sína. En í myrkrinu, sem ég var í, var lítið ljós frá henni handa mér, og það hefur stækkað og orðið að sólskini. — Hann lagði hönd á höfuð hennar og hélt áfram: — Drottinn, ég þakka þér, að þú gafst mér Rakel mína aftur með Esther minni.

Hann breytti málrómi:

— Skín ekki sólin í dag?

— Hún skein áðan, þegar hann kom.

— Láttu hann Abimelek koma og aka mér út í garð, svo ég geti séð ána og skipin. Þá get ég sagt þér, af hverju ég varð svona kátur.

Þjónn kom og ók stól hans, sem var á hjólum, út á þakið, en það kallaði hann garð sinn. Þaðan hafði hann útsýn yfir ána, iðandi af umferð, og borgina og gat notið ilms og fegurðar blómanna, sem hann hafði ræktað af mikilli alúð.

Þjónninn fór, feðginin voru ein eftir. Hann tók til máls:

— Ég sá ekki betur en þú létir unga manninn sannfæra þig.

Hún horfði niður fyrir sig:

— Já, það er satt, ég trúði honum.

— Þú heldur sem sé, að hann sé sonur Húrs?

— Ef hann er ekki .... Hún hikaði.

— Já, ef hann er það ekki, Esther?

— Ég hef aldrei vikið frá þér, síðan Guð kallaði mömmu. Ég hef séð þig eiga við menn af öllu tagi, góða og illa. Og mér finnst, að ef þessi maður segir ekki satt, þá hafi aldrei nokkurt flagð falið sig betur.

— Þú talar með þunga, dóttir. Þú heldur, að faðir þinn sé þræll föður hans?

— Mér skildist hann spyrja um það eins og eitthvað, sem maður hefur heyrt.

Símónídes starði um stund út á fljótið, annars hugar. Loks sagði hann:

— Þú ert gott barn, Esther, hefur hyggindi þjóðar vorrar, og þú hefur aldur til þess að fá að heyra sorglega sögu. Ég ætla að segja þér dálítið um mig og móður þína og ýmislegt annað, sem þú hefur aldrei hugsað út í. Ég er fæddur í helli í Hinnoms-dal. Foreldrar mínir voru ánauðugir, en Gyðingar, ræktuðu vín, viðsmjör og fíkjur í aldingörðum konungshallarinnar nálægt Silóam-tjörn. Ég hjálpaði til undir eins og ég hafði krafta til. Þau voru af þeim flokki mansmanna, sem ekki er hægt að gefa frelsi. Þau seldu mig höfðingjanum Húr, sem þá var ríkastur maður í Jerúsalem, næst Heródesi. Þegar ég var uppkominn, uppgötvaði hann, að ég hafði hæfileika til þess að verða kaupmaður. Því sendi hann mig til Alexandríu í Egyptalandi, en þar átti hann miklar vörubirgðir. Ég þjónaði honum í sex ár og á sjöunda ári var mér gefið frelsi, samkvæmt Móse-lögum.

Esther sló saman lófum:

— Þá ertu ekki þræll föður hans.

— Bíddu nú hæg, dóttir mín. Um þetta leyti greindi lögvitringa á um börn mansmanna. Sumir sögðu, að þau hlytu að verða ánauðug eins og foreldrar þeirra. En Húr var réttlátur maður og gaf mér frelsi, sagði, að ég væri keyptur, ekki erfður þræll. Ég á enn eiginhandar bréf hans um það.

Ég kom til Jerúsalem, þegar ég hafði fengið frelsi, til þess að halda páska. Ég gisti að húsbónda míns og ég unni honum,

og bað að mega þjóna honum áfram. Hann féllst á það, og ég þjónaði honum í sjö ár fyrir kaup. Hann fól mér margvísleg fyrirtæki, bæði til sjós og lands, og heppnin var með mér. Hann græddi fé og ég aflaði mér reynslu og þekkingar, sem síðan hefur komið í góðar þarfir. Öðru sinni var ég gestur Húrs. Ung stúlka þjónaði gestum til borðs. Það var móðir þín. Þá sá ég hana í fyrsta sinn. Skömmu síðar bað ég Húr að gifta mér hana. Hann sagði, að hún væri ambátt, en hann vildi gjarnan gefa henni frelsi mín vegna. Ég vann ástir hennar, en hún vildi ekki þiggja frelsi. Ég fór burt, kom aftur, en hún veitti sömu svör. Hún vildi ekki ganga að eiga mig, nema ég gerðist ánauðugur eins og hún. Jakob vann í sjö ár fyrir Rakel sinni, ég gat gert eins. En ég átti að láta frelsi mitt af hendi til lífstíðar. Svo ég fór enn leiðar minnar, en kom aftur .... Sjáðu hérna, Esther.

Hann sýndi henni hægra eyrnasnepil sinn.

— Sérðu örið eftir alinn?

— Ég sé það, sagði Esther. Þér hefur þótt mikið vænt um móður mína.

— Víst elskaði ég hana, meira en Salómon Súlamít. Húr gerði sem ég bað hann, fór með mig til dómstólanna fyrst, síðan til húsdyra sinna, stakk alnum gegnum eyra mér í dyrastafinn og ég var þræll hans til lífstíðar. Þannig eignaðist ég Rakel mína og aldrei sá ég eftir þessu.

Esther beygði sig niður og kyssti föður sinn. Þau voru þögul um stund.

— Fyrsta sorgin sótti mig heim, þegar húsbóndi minn drukknaði. Harmurinn var ekki minni á heimili mínu í Antíokkíu en á hans heimili. Þú sérð, hvert traust hann hafði á mér á því, að á þeim tíma voru allar eignir hans í mínum höndum. Ég fór strax til Jerúsalem til þess að gera ekkju hans reikningsskil. Hún óskaði, að ég stýrði fyrirtækjum hans áfram og ávaxtaði féð eftir föngum. Ég féllst á það, vann áfram um tíu ára skeið og lánaðist vel. Þá kom slysið, sem ungi maðurinn minntist á. Rómverjar nefndu það banatilræði og gerðu allar eigur Húrs upptækar, sendu unga Húr í galeiðuþrælkun, ekkjan og dóttirin hurfu. Ég fór til Jerúsalem, til þess að reyna að finna þær og aðstoða, en var tekinn höndum við borgarhliðið og settur í fangelsi. Ég vissi ekki fyrir hvaða sakir, fyrr en land-

stjórinn kom sjálfur og krafðist, að ég léti af hendi allt, sem ég hefði af eigum Húrs. Ég neitaði kröfu harðstjórans, enda vissi ég, að hann hafði sölsað undir sig allt nema lausa peninga. Með þeim hugsaði ég mér, að ég gæti rétt fjölskylduna við aftur, því neitaði ég. Hann beitti mig pyndingum en fékk ekki bugað mig, neyddist til að sleppa mér. Ég fór aftur til Antiokkíu og hélt verzluninni áfram á eigin nafni. En þrem árum síðar, þegar ég var í verzlunarferð, lét hann aftur taka mig fastan og pína. Ég lét mig ekki. Síðan er ég örkumlamaður og skelfingin og sorgin urðu Rakel minni um megn. En ég hélt lífi, lofaður sé Guð, og eignirnar, sem ég hef undir höndum, hafa margfaldazt.

Hann lyfti höfði, þau horfðust í augu, bæði hugsuðu hið sama.

— Esther, hvað á ég að gera við þessi auðæfi?

Hún svaraði lágt:

— Var ekki eigandinn að fara héðan út fyrir skemmstu?

— Á ég að senda þig á vergang?

— Nei, pabbi, en sért þú mansmaður hans, þá er ég það líka.

Hann þrýsti henni að sér:

— Drottinn hefur verið mér góður, en þú, Esther, ert hans mesta náðargjöf. Viltu heyra af hverju ég hló áðan? Þegar ungi maðurinn kom var hann alltaðeinu og húsbóndi minn, þegar hann var á bezta skeiði. Mér fannst allt andstreymi horfið og nú mundi erfiði mitt hljóta sín laun. Ég þráði það heitast að taka í hönd honum og leiða hann út og sýna honum allt, sem ég hef aflað, segja: Allt þetta er þitt og nú getur þjónn þinn dáið með gleði. En ég hikaði samt. Í fyrsta lagi vil ég vita vissu mína um, að hann sé sonur Húrs, í öðru lagi vil ég vita meira um hann, hvaða mann hann hefur að geyma. Mörgum mönnum er auður bölvun. Og hugsaðu svo út í, hvað ég er búinn að líða, — þegar Rómverjar voru að pynda mig og hlógu, þegar ég æpti. Sjáðu þennan misþyrmda líkama, hugsaðu um árin, sem ég hef dregizt með örkuml — og móðir þín, sem missti lífið og ég heilsuna. Og allt það, sem ekkja hans og börn hafa liðið og líða ef til vill enn, ef þau eru á lífi. Á ekki eitthvað að koma fyrir allt þetta? Víst segir Drottinn, að hefndin sé hans, en í lögmáli hans stendur líka: Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn. Þessi mörgu, löngu ár hefur mig dreymt um

hefnd og vaxandi auðlegð mín skyldi hjálpa mér að koma fram hefndum. Því gladdist ég, þegar ég heyrði, að ungi maðurinn hefði lært vopnaburð og þegar hann sagði, um leið og hann fór, að nú væri hefndin takmark hans í lífinu. Það gladdi mig og því hló ég, þegar hann var farinn.

Esther klappaði á handarbak hans.

— Hann er farinn, sagði hún, en kemur hann ekki aftur?

— Mallúk fylgir honum eftir og kemur með hann, þegar ég vil.

— Hvað ætlarðu þá að gera?

— Hann heldur, að öll vitni séu dáin. En eitt er á lífi, sem getur úrskurðað, hvort hann er sonur Húrs?

— Móðir hans?

— Nei, Esther. En ég skal koma honum í samband við þetta vitni. Þangað til felum við Drottni þetta mál. Ég er þreyttur. Láttu Abimelek koma.

Esther kallaði á þjóninn og þau fóru inn.

## 22

Þegar Ben Húr gekk af fundi kaupmannsins var hann þreyttur og vonsvikinn. Hann gekk um götur hinnar miklu og glæsilegu borgar í eirðarleysi. Að lokum staðnæmdist hann niður við ána. Honum fannst hann einstæðingur í öllu margmenninu og harmurinn var eins og fangelsi, sem hann mundi ekki losast úr það sem eftir væri ævinnar. Allt í einu duttu honum þessi orð í hug: Það er sælla að vera maðkur í grasi í Dafne en gestur við konungsborð. Hann gekk til gistihúss síns.

— Leiðin til Dafne! sagði dyravörðurinn, þegar Ben Húr spurði til vegar, var sýnilega furðu lostinn. Ertu alveg ókunnugur hér? Þú átt mikið eftir. Það er ekki hægt að villast þangað. Fyrsta stræti til vinstri liggur beint út að Súlpíusfjalli, þar er hringsviðið. Þú heldur áfram að þriðju þvergötu, sem er kennd við súlnagöng Heródesar. Síðan til hægri gegnum gamla bæinn að eirhliði Epifanesar. Þaðan er bein leið til Dafne — og guðirnir séu með þér.

Ben Húr fann allt eins og maðurinn sagði. Úti fyrir eirhlið-

inu kom hann á breiðan þjóðveg, sem skiptist á sama veg og aðalgötur Antíokkíu í brautir fyrir vagna, reiðmenn og gangandi fólk. Brautirnar voru aðgreindar með lágum grindum, sem skreyttar voru myndastyttum. Gangstéttin var lögð rauðum hellum og prýdd marmarasúlum, en reið- og ökubrautirnar voru stráðar hvítum sandi þéttum, sem dró úr hófa- og hjóladyn. Á báðar hliðar voru grænar grundir með trjálundum og fögrum laufskálum. Margir gosbrunnar kældu loftið og voru þeir allir mesta völundarsmíð, hver með sínu sniði. Þeir voru gjafir konunga, sem heimsótt höfðu Antíokkíu.

Þessi óviðjafnanlegi vegur var talsvert langur. Ben Húr veitti fegurðinni ekki athygli fyrst í stað, hafði ekki eirð í sér til þess. En hann varð brátt lúinn af göngunni og hægði á sér. Þá fór hann að taka eftir mannmergðinni, hestunum, vögnunum. Allir voru í viðhafnarklæðum. Þarna voru konur og karlar, ungir og aldnir, borgarmenn og aðkomnir, sumir langt að. Þarna gekk fögur kona og teymdi tvær geitur. Bæði hún og geiturnar voru skreyttar blómum og marglitum borðum. Þarna var rekinn snjóhvítur griðungur, heljarmikill, þakinn vínviðarteinungum. Þetta voru víst fórnardýr. Þarna var hópur af svartklæddu fólki, þarna annar hvítklæddur. Sumt var með reykelsisker, annað fána, enn aðrir léku á hljóðpípur og slógu bumbur og sungu við. Væri daglega haldið til þarna með þessum hætti, hlaut Dafne að vera fágætur staður.

Allt í einu kváðu við fagnaðaróp. Ben Húr horfði í sömu átt og aðrir og við blasti hlið eins og á musteri. Söngurinn og hljóðfæraslátturinn jókst um allan helming. Hann hreifst með af fagnaðarlátunum og greikkaði sporið. Brátt stóð hann frammi fyrir musteri miklu í grískum stíl. Hann gekk inn. Við blasti stórt svið, lagt marmarahellum. Gosbrunnar þeyttu óteljandi strókum upp í loftið. Iðandi mannmergð streymdi fram og aftur. Úti fyrir til suðvesturs var stór aldingarður og skógur fjær í blámóðu.

Ben Húr nam staðar. Hvert skyldi halda? Hér er fagurt, sagði hann við sjálfan sig. Við hlið hans stóðu piltur og stúlka, bæði ung. Hvert eigum við að fara? sagði hún.

Förunautur hennar, sem hafði lárviðarsveig um höfuð, hló. — Höldum áfram, litla villimær. Spurning þín bendir til

jarðneskrar áhyggju og við lofuðum hvort öðru að skilja allt hversdagslegt eftir í Antíokkíu. Hver blær, sem andar hér, er andblær guða. Við látum berast með blænum.

— En ef við villumst?

— Ekki hrædd! Í Dafne villist enginn. En margir hverfa aldrei héðan ævilangt.

— Hvar eru þeir?

— Þeir hafa drukknað í fegurð þessa staðar. Heyrðu, hér sérðu sumar þeirra.

Tipl smárra, dansandi fóta kvað við og hópur stúlkna þyrlaðist inn, leikandi á litlar hörpur og syngjandi. Þær hurfu aftur út á milli trjánna.

— Hverjar eru þær? spurði stúlkan.

— Þær þjóna Apolló, syngja og dansa á hátíðum, Apolló fær allt, sem þær afla.

Þau fóru. Ben Húr lét berast með straumnum. Hér var ugglaust hægt að drekkja sorgum sínum. Hví skyldi hann ekki gera það? Sælla að vera maðkur í Dafne en gestur konunga. Þessi orð höfðu bitið sig í hann. En hvers konar staður var þetta? Hvaða töfrar voru hér? Töfrar ástar og munaðar — skyldi hann ekki njóta þess? Eða var þessi staður honum óheimill sem trúuðum Gyðingi?

Hann fann allt í einu sterka angan af rósum og reykelsi. Hann nam staðar og spurði þann, sem næstur var út í þetta.

— Hér er víst altari í nánd, helgað Díönu eða Pan, var svarað á móðurmáli hans.

Ben Húr leit undrandi á manninn.

— Ertu Gyðingur? spurði hann.

— Fæddur í Jerúsalem, steinsnar frá torginu, svaraði maðurinn og brosti vingjarnlega.

Ben Húr ætlaði að tala meira við hann, en þröngin stíaði þeim sundur. Hann veitti því þó athygli, að ókunni maðurinn var búinn að Gyðinga-sið.

Nú kom hann auga á stíg út í skóginn og neytti færis að komast út úr mannþrönginni. Þetta reyndist þó ekki skógur, heldur garður, þar sem hvert tré og runnur var vaninn og hirtur af sérstakri hugkvæmni. Svörðurinn var vaxinn unaðslegu blómskrúði, lítill lækur liðaðist milli lundanna, fuglarnir sungu og voru svo spakir, að nálega mátti taka þá.

Hann settist undir tré. Við fætur hans var igðuhreiður, fuglinn hreyfði sig ekki af eggjunum, heldur horfði í augu hans. Ég skil, hvað hann vill segja, hugsaði Ben Húr: Ég er ekki hræddur við þig, hér ríkir ástin og áhyggjuleysið. Gat hann ekki hrist af sér alla áhyggju og gleymt allri sorg? En eitthvað hið innra með honum gerði uppreisn. Þeir einir geta verið áhyggjulausir, sem engar skyldur hafa. En hann?

— Ísraels Guð! hrópaði hann og stökk á fætur. Móðir mín, Tirza mín! Bölvaður sé sá staður, þar sem mig getur dreymt um sælu og ég get gleymt ykkur.

Hann flýtti sér brott. Hann gekk út á brú eina háa yfir síki og horfði yfir landið. Allt í kring voru hæðir og dældir, skógarlundar og tjarnir. Hvarvetna var skartbúið fólk og frá óteljandi ölturum leið fórnarreykurinn upp í loftið. Umhverfið allt var eitt musteri, án veggja og þaks, musteri, sem náttúran sjálf hafði reist og prýtt.

Hann gekk ofan af brúnni. Konur urðu á vegi hans. Þær bentu honum og kölluðu: Komdu með! Hvað vildu þær? Hann gekk í humátt á eftir þeim, kom inn í þéttan trjálund. Þar sá hann hvíta styttu af gyðjunni Dafne. Við fótstallinn hvíldu karl og kona í faðmlögum. Ben Húr hrökk við. Nú skildi hann fyrst, í hverju hin marglofaða sæld þessa staðar var fólgin.

Hann gekk brott, fannst hann hafa óbragð í munninum. Hann sá fegurðina sem fyrr, en þó var hún breytt í augum hans. Hann gat ekki annað en fyrirlitið staðinn — og sjálfan sig. Hann hafði komið af forvitni og svo mundi vera um fleiri, en flestir voru hér til þess að láta þyrlast siðlaust fyrir andblæ þeirra magna, sem svo mjög voru dýrkuð í Rómaveldi um þetta leyti, einkum um það austanvert.

## 23

Þegar Ben Húr kom út úr skóginum heyrði hann hvellan hornablástur. Hann ætlaði að spyrja einhvern út í það, en rakst þá aftur á landa sinn, sem hann hitti fyrir stundu.

— Við sjáumst þá aftur. Friður sé með þér!

— Þakka þér fyrir, sagði Ben Húr. Eigum við samleið?

— Ég ætla til veðskeiðsins. Rétt í þessu var verið að blása til keppni.

— Ég er ókunnugur hér. Mér þætti vænt um að mega fylgjast með þér.

— Það er mér ánægja. Nú heyrist í vögnunum. Þeir eru að koma inn.

Ben Húr kynnti sig:

— Ég er sonur Arríusar þjóðstjóra.

— Og ég heiti Mallúk, kaupmaður í Antíokkíu.

— Ég hef mikla unun af kappakstri, enda hef ég fengizt nokkuð við slíkt sjálfur í Róm.

— Arríus þjóðstjóri var Rómverji. En þú ert klæddur að hætti Gyðinga.

— Hinn göfugi Arríus var aðeins kjörfaðir minn.

— Svo-o. Afsakaðu hnýsnina.

Þeir voru komnir út á sléttan völl. Veðbrautin blasti við, vel þjöppuð og vökvuð. Sæti voru fyrir áhorfendur og tjaldað yfir. Ben Húr taldi vagnana. Þeir voru níu alls.

— Ég hélt þeir létu sér nægja tvo hesta hér í Austurlöndum, sagði hann glaðlega, en þeir beita fjórum fyrir, sé ég. Gaman að sjá, hvernig þeim gengur.

Átta vögnum var ekið fram hjá. Þá kom níundi vagninn og fór mikinn. Ben Húr sagði hissa:

— Ég hef séð gæðinga keisarans sjálfs, en það veit faðir Abraham, að slíka hesta hef ég aldrei séð.

Vagninn geystist áfram. En í þessu virtist fælni koma að hestunum. Einhverjir áheyrendanna lustu upp ópi. Ben Húr sá aldraðan mann, síðskeggjaðan, rísa á fætur og steyta hnefana. Sumir nærstaddir fóru að hlæja.

— Þeir ættu ekki að gabbast að gömlum manni, sagði Ben Húr. Hver er hann?

— Voldugur höfðingi frá eyðimörkinni handan Móabslands. Hann á stórar úlfaldahjarðir og hesta, sem sagðir eru út af veðhlaupahestum Faraós. Hann heitir Ilderím jarl.

Ekillinn reyndi árangurslaust að stilla hestana. Jarlinn gerðist æstur mjög:

— Fari hann bannsettur! æpti hann. Hlaupið, fljúgið, heyrið þið það, börn! Þetta kallaði hann til fylgdarliðs síns, sem sýni-

lega var af ættflokki hans. — Þeir eru börn eyðimerkurinnar eins og þið. Takið þá, fljótir nú!

Hestarnir voru orðnir trylltir.

— Fordæmdi Rómverji! öskraði jarlinn til vagnstjórans og skók hnefana. Hann sór sig um það, að hann kynni með þá að fara, sór það við allt sitt rómverska skurðgoðahyski, hundspottið arna. Sleppið mér, segi ég! Ég ætla að ná í lurginn á honum! Hann sór, að þeir myndu fljúga eins og ernir og að hann mundi leika við þá eins og lömb. Veri hann bölvaður, lygarinn sá! Blessaðar skepnurnar mínar! Og hann dirfist að nota á þá keyrið. Hlaupið niður til þeirra, einhverjir, sem þeir þekkja. Talið við þá, syngið fyrir þá lag, sem þeir kannast við, þá kyrrast þeir aftur. Ég var grasasni að treysta Rómverja.

Ben Húr skildi tilfinningar gamla mannsins til hestanna sinna. Það var ekki aðeins hreykni yfir að eiga úrvalsgripi, ekki ákafi í að sigra í veðhlaupinu. Hann elskaði skepnurnar að hætti þjóðar sinnar eins og væru þær börn hans.

Hestarnir fjórir voru öldungis eins, dökkrauðir, fráneygir, með hringaðan makka, fagurfextir og taglprúðir. Fæturnir voru grannir og vöðvastæltir. Jarlinn hafði komið með þessi gersemi til Antíokkíu til þess að láta þá keppa við hina hötuðu og drembilátu Rómverja og sigra þá. Og nú ætlaði það að misheppnast af því einu, að ekillinn kunni ekki með þá að fara. Ben Húr skildi bræði hans. Raunar var þetta aðeins æfing til undirbúnings sjálfum kappakstrinum, en hann átti að fara fram með miklu tilhaldi innan skamms í viðurvist rómverska ræðismannsins og þúsunda áhorfenda á hinu mikla og glæsilega hringsviði Antíokkíuborgar.

Nú kom nýr vagn inn á sviðið og barst sá mikið á, er honum stýrði, rétt eins og hinn mikli dagur væri þegar kominn. Vagninn var af sams konar gerð og tíðkaðist í fornöld, lítill og lágur, á tveim hjólum, opinn að aftan, án setu og stóðu menn við aksturinn. Venjulega var aðeins einn maður í vagni en tignir menn höfðu oftast ökusvein til aðstoðar.

Þessum vagni var fagnað af mörgum áhorfendum með miklu fagnaðarópi, en slíks hafði enginn hinna fyrri orðið aðnjótandi. Miðhestarnir tveir voru tinnudökkir, tveir hinir yztu mjallahvítir. Þeir voru taglstýfðir og afrakaðir, en í faxið var

brugðið rauðum og gulum böndum að rómverskum sið. Vagninn var logagylltur, hjólspælarnir úr fílabeini. Vagnstjórinn var ungur maður, klæddur rauðri skikkju. Svo virtist, sem hann heyrði ekki hyllingarhrópin og lófatakið eða léti sér fátt um finnast. Hann stóð hnarreistur með taumana í annarri hendi og keyrið í hinni og var svo í öllu fasi, sem hann ætti allan heiminn. Ben Húr fannst hann minna sig á einhvern, kom þó ekki fyrir sig, hver það var, fyrr en vagninn var kominn fast að honum, og hann sá andlitið — bjúgt nef, hörkudrætti, kaldan hrokasvip. Ben Húr fannst blóðið staðna í æðum sér, hann þekkti manninn — Messala!

## 24

Ben Húr komst aftur til sjálfs sín við það, að Arabi nokkur sté upp á bekk og kallaði: — Heyrið allir, austmenn og vestmenn. Ilderím jarl hinn örvi sendir yður kveðju sína. Hann er hér kominn með fjóra hesta út af vildargæðingum Salómons konungs, allra hesta beztir. Hann vantar duglegan vagnstjóra og heitir miklum launum. Látið þetta berast, bæði hér og í borginni. Þannig talar herra minn, Ilderím jarl hinn örvi.

Þessi boðskapur olli talsverðri ókyrrð og umtali. Ben Húr stóð við, horfði í áttina til jarlsins, eins og hann væri að velta einhverju fyrir sér. Mallúk datt í hug, hvort hann ætlaði að gefa sig fram. En í sama bili sneri hann sér við og spurði:

— Hvert er nú ferðinni heitið, Mallúk minn góður.

Hinn svaraði brosandi:

—Viljir þú gera eins og aðrir, sem koma hér fyrsta sinni, þá ferðu og lætur spá fyrir þér.

— Spá?

— Já, við Kastalíulindina. Þér er fengið sefpappírsblað, þú dýfir því í lindina, og þegar þú tekur það upp, stendur á því hending, sem segir fyrir framtíð þína.

— Kastalíu-lind er kunn um öll lönd. Förum þangað.

Mallúk hafði nánar gætur á förunautsínum á leiðinni. Það virtist ekki liggja sem bezt á honum þessa stundina, hann leit ekki við neinu, mælti ekki orð.

Sannleikurinn er sá, að hann var ekki eins og hann átti að

sér, síðan Messala bar fyrir. Hann sá enn einu sinni fyrir sér, þegar móðir hans var dregin burt, það var eins og það hefði skeð í gær. Öll þrældómsárin á galeiðunum hafði öll hugsun hans snúizt um hefnd yfir Messala. Hann hefði getað afsakað Valeríus Gratus, Messala aldrei. Hann hafði leitt og stýrt árásinni. Hann anzaði ekki, þegar hann var beðinn griða, heldur fór burt með háðsglotti. Hann gat ekki annað en beðið Guð þjóðar sinnar að hjálpa sér til þess að koma réttmætri hefnd fram við hann, ef fundum þeirra bæri einhverntíma saman.

Og nú hafði hann loks séð hann. Hefði Messala verið snauður orðinn og aumur, þá hefði Ben Húr sjálfsagt orðið öðruvísi við. En nú hafði hann séð fjandmann sinn á tindi hefðar, hroka og auðs. Var ekki stund hefndarinnar komin? En hvernig mátti það ske?

Þeir gengu ofan í dalverpi. Til hægri voru gráir hamrar, til vinstri iðgrænir vellir. Þarna var hin nafnfræga Kastalíulind, bunaði spegiltær út úr klöppinni. Hjá lindinni sat aldraður einsetumaður, skeggjaður, hrukkóttur, með síðan hött á höfði. Hann mælti aldrei orð frá vörum, en þegar einhver fékk honum skilding, rétti hann sefpappírsblað aftur. Þegar blaðinu var dýft í lindina og brugðið síðan mót sólu, komu nokkrar hendingar í ljós á því, sem sögðu fyrir framtíð þess, er á hélt. Ben Húr var í þann veginn að spyrja þessa véfrétt, þegar ferðamenn bar þar að, sem drógu að sér athygli hans og allra annarra, sem þarna voru.

Fyrst var maður á hestbaki. Hann teymdi úlfalda, óvenju stóran og óvenju hvítan. Tjaldið á baki úlfaldans var af fagurrauðu silki og allt gullsaumað. Á eftir riðu tveir menn vopnaðir.

— Dæmalaust er skepnan falleg, sagði einhver, benti á úlfaldann.

— Þetta hlýtur að vera mikill höfðingi.

— Líklega konungur, hélt sá þriðji.

Komumenn nálguðust. Allir horfðu í ofvæni á tjaldið á baki úlfaldans. Hverjir skyldu þeir vera, sem þar voru á ferð?

Karl og kona komu í ljós. Þeim heimspekilega sinnuðu meðal mannfjöldans mun hafa komið í hug, þegar þeir sáu manninn, að ellin fari ekki í manngreinarálit. Hann var líkastur smurlingi, andlitið litlaust, kinnar innfallnar, ómögulegt að ráða í

Borginmennskan í rómnum og hið frakka fas hafði tilætluð áhrif. Fólkið þagnaði. Hann gerðist djarfari við sigurinn, benti sveini sínum að teyma hestana fjær og sneri sér aftur að ungu konunni, alveg ófeilinn:

— Maðurinn þarna — er það faðir þinn? Hann er búinn að ná sér. Ég mun gera mér allt far um að fá fyrirgefningu hans, ef ég er ekki þegar búinn að fá hana.

Hún svaraði ekki.

— Það veit Mínerva, að þú ert falleg. Gættu þín, að Apolló taki þig ekki í misgripum fyrir Dafne sína. Hvaða landi veitist sú sæmd að vera ættjörð þín? Nei, snúðu þér ekki undan. Indverskt sólskin er í augum þínum, en um varirnar egypzkir ástartöfrar.

— Viltu gera svo vel og koma hingað, sagði mærin og horfði brosandi á Ben Húr. Gefðu mér vatn í þessum bikar. Faðir minn er þyrstur.

— Ljúft er mér það, sagði Ben Húr. Þeir Messala horfðust í augu, Gyðingurinn ögrandi, Rómverjinn kerskinn.

— Ókunna dís, fögur en miskunnarlaus, sagði Messala. Svo fremi að Apolló nemi þig ekki á brott, sjáumst við aftur. Ég þekki ekki land þitt og veit því ekki, hvaða guðum ég á að leggja þig á hjarta, en í nafni allra guða legg ég þig á hjarta — sjálfum mér.

Hann gekk að vagni sínum. Mærin horfði á eftir honum og hvað, sem annars kann að hafa falizt í augnaráði hennar, þá var það reiðilaust. Hún tók við vatninu hjá Ben Húr og þegar faðir hennar hafði drukkið, lagði hún bikarinn á varir sér, hallaði sér síðan niður og sagði um leið og hún rétti Ben Húr bikarinn:

— Eigðu bikarinn. Hann er fullur af blessunarbænum, sem þú átt.

Úlfaldinn var staðinn upp. Þá tók gamli maðurinn til máls:

— Þú hefur gert góðverk á okkur, útlendum mönnum. Einn er Guð. Í hans heilaga nafni þakka ég þér. Balthasar er nafn mitt, frá Egyptalandi. Ilderím jarl hinn örvi hefur slegið tjöldum hjá Dafne-þorpi í Pálmalundi. Við erum gestir hans. Finndu okkur þar. Þakklætið býður þig velkominn.

Ben Húr horfði á eftir þeim og undraðist raddblæ og tiginmennsku gamla mannsins. Þegar hann var að horfa á eftir þeim,

kom hann auga á Messala, sem fór eins og hann kom — reigingslegur, rembilátur og háðskur.

## 25

Mallúk hafði fylgzt með öllu, sem fram fór. Álit hans á Ben Húr hafði aukizt til muna. Hann sá, að hann var bæði hugaður og snarráður. Eitthvað grunaði hann, að gerzt hefði í með þeim Messala áður. En hann vissi ekkert um þennan samferðamann sinn annað en það litla, sem hann hafði sagt honum, og hann kom ekki auga á neitt ráð til þess að komast á snoðir um meira.

Ben Húr kom óvænt til móts við hann. Hann sagði upp úr eins manns hljóði:

— Er hægt að gleyma móður sinni?

Spurningin kom á óvart, en Mallúk svaraði þegar:

— Ekki held ég neinn geti það, að minnsta kosti ekki neinn Ísraelsmaður. Hið fyrsta, sem við lærum, er að trúa á Guð, og þar næst orð Síraks: Heiðraðu föður þinn af öllu hjarta þínu og gleym ekki þjáningum móður þinnar.

— Það heyri ég, að þú ert sannur Ísraelíti, sagði Ben Húr. Það er óhætt að gera þig að trúnaðarmanni sínum. Hann hikaði, hélt síðan áfram:

— Ég átti góðan föður, hann var í miklu áliti. Móðir mín var ennþá ung, þegar við misstum hann. Ég get ekki hugsað mér betri móður. Ég átti líka litla systur. Við skildum bæði gamla máltækið: Guð gat ekki verið alstaðar, þess vegna skapaði hann móðurina. Einn dag varð voldugur Rómverji fyrir áverka, þegar hann reið fram hjá húsi okkar. Hermenn hans brutust inn í húsið og tættu okkur sundur. Síðan hef ég ekki séð móður mína né systur og veit ekki, hvort þær eru lífs eða liðnar. Maðurinn þarna í vagninum var viðstaddur, þegar við vorum tekin. Hann heyrði bænir móður minnar fyrir börnum sínum og hló, þegar hún var dregin burt. Nú sá ég þennan mann í fyrsta sinn í dag, síðan þetta gerðist. Hann veit, hvar móðir mín og systir eru niður komnar. Ég vildi gefa líf mitt til þess að komast að því.

— Og þú gazt á þér setið að ráðast á hann!

— Það hefði aðeins gert illt verra. Ég hefði drepið hann, og dauðinn varðveitir leyndarmál meira að segja betur en sekur Rómverji.

— En að pynda hann til sagna?

— Þetta mun vera illkynjað leyndarmál, æðstu menn ríkisins við það riðnir. Allar eigur föður míns voru gerðar upptækar.

— Hann er Rómverji, sagði Mallúk, og þú Ísraelsmaður. Ég sver, að ég skal hjálpa þér.

— Það er nóg, að þú gefir mér hönd þína. Það, sem ég vil beiðast af þér, er hvort sem er ekki vandaverk. Veiztu, hvar Ilderím örvi heldur til?

— Já.

— Hvenær á kappaksturinn að vera?

— Eftir viku.

— Er hringsvið ykkar hér eins stórt og Hringsviðið mikla í Róm?

— Tæplega. Þó rúmast hér tvö hundruð þúsund áhorfendur.

— Ertu viss um, að Messala ætli að keppa?

— Það er öruggt. En ertu nógu vel æfður?

— Vertu ekki hræddur um það. Í þrjú ár hef ég sigrað í Róm.

— Messala verður með. Hann getur ekki skorizt úr leik úr þessu. Hann er á hvers manns vörum og margir tignir Rómverjar hafa veðjað á hann.

— Viltu fylgja mér til Ilderíms — strax í dag. Ég verð að reyna hestana.

— Það er of langt að ganga. Við fáum okkur úlfalda.

Að tveim stundum liðnum námu þeir staðar í Pálmalundi. Heitið var réttnefni. Á stórri sléttu gnæfðu margir döðlupálmar við himin. Flestir þeirra voru bersýnilega aldagamlir. Á miðri sléttunni var tjörn, sem gerði jarðveginn rakan og frjóan.

— Hvernig hefur Ilderím komizt yfir þetta dásamlega land? spurði Ben Húr. Og hvernig víkur því við, að hann fær haldið því fyrir Rómverjum?

— Forfeður hans voru jarlar mann fram af manni. Einn þeirra hjálpaði einu sinni landflótta konungi og að launum var þetta landsvæði milli árinnar og fjallanna gefið honum og niðjum hans. Hann er því lögmætur eigandi landsins. Reyndar hefur hann átt í talsverðum útistöðum við Rómverja síðustu árin.

— Hann kallaði sig líka grasasna í dag, af því hann hafði treyst Rómverja.

— Ilderím er enginn vinur þeirra, hann vinnur á móti þeim, hvenær, sem hann kemst höndum undir. Hann sagði kunningja mínum, Símónídesi kaupmanni, merkilega sögu um daginn. Fyrir mörgum árum gistu hann þrír langferðamenn, Egypti, Indverji og Grikki. Allir riðu þeir hvítum úlföldum. Þeir sögðu honum kynlega hluti, sögðust hver fyrir sig hafa séð stjörnu og heyrt raust, sem bauð þeim að fara til Jerúsalem og leita þar uppi konung Gyðinga, sem væri nýfæddur. Þeir fóru allir til Jerúsalem og þaðan að tilvísun stjörnunnar til Betlehem og fundu þar nýfætt barn í helli. Þeir veittu barninu lotningu og færðu því dýrmætar gjafir, héldu síðan burt með skyndingu, því að þeir höfðu ástæðu til að ætla, að Heródes konungur sæti á svikráðum við þá. Þeir dvöldust heilt ár með Ilderím í Pálmalundi, fóru síðan heim, hver til síns lands.

— Undarleg saga, sagði Ben Húr, sé hún sönn.

— Ilderím fer ekki með ósatt mál.

— Hefur hann engar fregnir haft af þessum mönnum síðan?

— Jú, fyrir hálfum mánuði kom einn þeirra til hans.

— Hver þeirra?

— Egyptinn Balthasar. Hann kom á sama, hvíta úlfaldanum og forðum.

— Balthasar, segirðu. Svo hét gamli maðurinn, sem við hittum við lindina í dag.

— Það er satt, og úlfaldinn var hvítur. Þú bjargaðir lífi hans.

— Mærin unga, sagði Ben Húr lágt, eins og við sjálfan sig, var dóttir hans.

Hann varð djúpt hugsi. Svo sagði hann allt í einu:

— Voru þessir þrír að leita að konungi Gyðinga?

— Jú, hvar er hinn nýfæddi Gyðingakonungur, sögðu þeir. Ilderím segir, að hann muni binda endi á drottnun Rómverja.

— Hann er einn af þeim mörgu, sem eru sárir undan Rómverjum og eiga einhvers að hefna. En hvaða konung geta Gyðingar fengið meðan þeir lúta Rómverjum?

Þeir heyrðu jódyn mikinn og slitu talinu. Ilderím sjálfur var á ferðinni með fylgdarliði sínu.

— Friður sé með ykkur, sagði jarlinn. Velkominn, vinur minn

Mallúk. Hvað er að frétta af Símónídesi? Megi hann lengi lifa. Komið með mér báðir.

Þegar þeir komu að tjaldi Ilderíms brá Mallúk honum á einmæli og ræddi við hann lengi. Síðan kom hann til Ben Húrs og mælti:

— Ég er búinn að tala við jarlinn. Hann vill láta þig reyna hestana á morgun. Hann er þér velviljaður. Nú býst ég ekki við að geta orðið þér að frekara liði að sinni, enda hef ég starfa að gegna í borginni. Á morgun skal ég koma aftur og vera með þér þangað til kappakstrinum er lokið.

## 26

Hornið á tunglinu snart brúnir Súlpíusfjalls. Tveir þriðjungar af íbúum Antíokkíu voru á þökum uppi og nutu kvöldsvalans. Símónídes sat í stól sínum og horfði út á ána og neytti um leið óbrotins kvöldverðar. Esther stóð við hlið hans.

— Mallúk drollar í kvöld, sagði hann.

— Kemur hann í kvöld?

— Hafi hann ekki þurft að elta hann út á sjó eða eyðimörk, þá kemur hann.

— Ég vona það.

Eitthvað í blæ þessara orða vakti athygli hans.

— Af hverju, Esther?

— Af því .... hún þagnaði, hélt áfram .... ungi maðurinn ... Hún komst ekki lengra.

— .... Er húsbóndi okkar, áttu við það?

— Já.

— Hefur þú hugsað út í þetta, barnið gott? Hann getur svipt okkur öllu, sem við eigum, fyrirhafnarlaust. Allt, sem ég hef aflað mér með súrum sveita, getur hann tekið, meira að segja það, sem ekki verður metið til fjár, þig, blómið mitt, Esther, blómið á gröf Rakelar minnar.

— Við skulum ekki gera honum getsakir. Hann þekkir sorgina. Hann gefur okkur frelsi, hugsa ég.

Þau heyru umgang.

— Ætli ekki það! hann er að koma, Esther, eins og ég sagði.

Mikið rétt, Mallúk var að koma. Þegar þeir höfðu skipzt á kveðjum, vildi Símónídes óðara láta hann leysa frá skjóðunni. Mallúk rakti í stuttu máli allt, sem fyrir hann hafði borið um daginn. Kaupmaður sat svo hreyfingarlaus, meðan á sögunni stóð, að hefði hann ekki deplað augunum, hefði ekki mátt á milli sjá, hvort hann var með lífsmarki eða ekki.

— Ég þakka þér fyrir, Mallúk, sagði hann, þegar sagan var á enda. Ég hefði ekki getað gert þetta betur sjálfur. Hvað er meira um unga manninn að segja?

— Hann er Gyðingur af Júda-ætt.

— Þú ert viss um það?

— Öldungis efalaus.

— Hefur hann trúað þér fyrir nokkru úr lífi sínu?

— Hann hefur tamið sér varúð, að ekki sé sagt tortryggni. Allar tilraunir mínar til þess að koma honum til að tala um sjálfan sig mistókust, þangað til við komum að Kastalíu-lind.

— Hvaða erindi átti hann á þann viðbjóðslega stað?

— Hann fór af forvitni eins og fleiri.

— Eyddi hann peningum?

— Nei, herra. Hann ber þunga harma og hatar Rómverja, einkum Messala nokkurn, sem við sáum í dag. Ríkast er honum í huga að finna móður sína og systur, þar næst að koma fram hefndum. Hann ætlar að hitta Messala næst á veðskeiðinu.

— Nú, og hvað með það?

— Sonur Arríusar sigrar.

— Hvað hefurðu fyrir þér í því?

— Orð hans sjálfs, sagði Mallúk og brosti við.

— Er það allt og sumt?

— Nei, ég hef miklu tryggara mark — hug mannsins. Hann hefur mikla stjórn á sjálfum sér. En tvívegis varð ég þess var, að honum hitnaði í hamsi svo um munaði. Það var þegar hann heyrði um hatur Ilderíms á Rómverjum og þegar hann heyrði um mennina, sem komu um árið til jarlsins og sögðu frá konunginum, sem væri fæddur.

Símónídes sat lengi þögull og hugsandi, starði út á fljótið. Loks sagði hann:

— Þetta er gott, Mallúk. Fáðu þér nú eitthvað að borða. Svo ætla ég að biðja þig að skreppa með bréf til Ilderíms.

Því næst sagði hann við sjálfan sig:

— Ég held ég verði að skreppa á hringsviðið sjálfur.

Þegar Mallúk hafði kvatt að siðvenju, drakk Símónídes vænan teyg af mjólk og virtist hinn hressasti.

— Guð er mér góður, sagði hann við Esther. Vegir hans eru löngum órannsakanlegir, en stundum er eins og hann leyfi okkur að skyggnast inn í huga sinn. Ég er gamall, kominn að fótum fram, senn farinn. En nú, á elleftu stundu, sendir hann mér þennan mann með fyrirheit, sem færir mér nýtt líf. Ég sé, hvers vegna Guð hefur blessað mig með ríkidæmi. Konungurinn er fæddur. Vitringurinn Balthasar sá hann á skauti móður sinnar. Ilderím jarl telur, að síðan hljóti að vera tuttugu og sjö ár. Dagurinn nálgast. Jörðin opnast og gleypir Róm og kúgaðar þjóðir munu hefja upp fagnaðaróp, því að Róm er ekki framar til. Mér er sem ég heyri siguróð Davíðs og Mirjamar. En þegar konungurinn kemur, þarf hann menn, hermenn, en fé umfram allt. Nú sé ég, hvað mér ber og syni herra míns .... Um hvað ert þú að hugsa, Esther?

Hún svaraði, opinská eins og barn:

— Sendu eftir honum, faðir minn. Sendu eftir honum í kvöld. Láttu hann ekki keppa á hringsviðinu.

— So-so. Símónídes blés. Hvað var að telpunni? Það skyldi þó ekki vera, að hann væri að missa hjarta hennar í hendurnar á öðrum? Við þessa hugsun gleymdi hann öllu í senn, hefndinni, peningum sínum og hinum komandi konungi.

— Ekki keppa á hringsviðinu? Því þá ekki?

— Það er ekki staður fyrir Ísraelsmann.

— Hártoganir, góða, lögkrókar. Býr ekki annað undir hjá þér?

Spurningin var nærgöngul og hún fékk hjartslátt, meiri en svo, að hún gæti talað. Hún varð ringluð.

— Ungi maðurinn skal fá eignir herra míns, sagði hann og greip um hönd hennar, skip, hús, jarðir, allt. En ég verð aldrei fátækur samt, meðan ég fæ að halda þér. Segðu mér, á hann að fá þig líka?

Hún beygði sig niður og lagði vangann upp að kinn hans.

— Svaraðu mér, barnið mitt. Ég verð sterkari, ef ég veit sannleikann.

Hún rétti úr sér og sagði:

— Vertu áhyggjulaus, faðir minn. Ég yfirgef þig ekki. Þótt hann eignist ást mína, verð ég kyrr hjá þér og hjálpa þér. Ég

get sagt þér meira: Mér er ekki sama um hann, ég vil ekki vita hann í hættu, ég hlakka til að sjá hann aftur. En hvað er ást, sem ekki er svarað? Og hvað, sem í skerst, gleymi ég aldrei, að ég er dóttir þín og móður minnar.

— Þú ert sönn Drottins blessun, Esther, með þér væri ég ríkur, þótt ég missti allt. Ég sver við Guðs heilaga nafn og eilífa líf, að þú skalt ekki þurfa að líða.

Þau þögðu lengi. Þjónninn kom og ók hægindastólnum inn. En Símónídes svaf ekki mikið þessa nótt.

## 27

Hinum megin fljótsins, gagnvart bústað Símónídesar, var bygging, sem áður hafði verið aðsetur konungs og nefndist því „Höllin". Nú var hún notuð handa tignum gestum, sem til borgarinnar komu. Þar skyldi Maxentínus, rómverski ræðismaðurinn, búa, en hann var væntanlegur á hverri stund. Kvöld nokkurt skömmu fyrir komu hans voru margir ungir tignarmenn saman komnir í aðalsal hallarinnar. Salurinn var íburðarmikill, marmaragólf, gyllt borð og stólar mjög útskornir, með veggjum legubekkir, klæddir indversku silki og kasmírdúkum. Ljós brunnu í fimm miklum ljósahjálmum og bar hvergi skugga á. Þeir, sem þarna voru saman komnir þetta kvöld, skemmtu sér við drykkju, teningskast og skraf. Allir voru þeir ungir, sumir lítt af barnsaldri, allir rómverskir, klæddir venjulegum, rómverskum klæðum, stuttum, ermalausum kyrtlum. Skikkjur þeirra lágu hirðuleysislega til og frá á bekkjunum. Sumir höfðu lagt sig út af, yfirkomnir af hita eða víni. Salurinn bergmálaði af skvaldri, hlátrum, glamri í teningum, köllum eða blótsyrðum.

— Heyrðu, Flavíus, sérðu skikkjuna þarna á bekknum? Hún er ný af nálinni, sylgjan þverhandarbreið.

— Hvað með það? Aðra eins skikkju hefur maður nú séð.

— Sá, sem getur sagt mér eitt, má eiga þessa skikkju.

— Hvað er það?

— Ég vil vita, hvenær Maxentíus kemur á morgun. Það er ljóta gamanið að standa berhöfðaður endalaust í þessum sólar-

bruna, sem hér er, og bíða eftir að hann stígi á land. Ef ég á að deyja, vil ég deyja í Róm. Æ, þarna tapaði ég aftur!

Nóttin leið, án þess að lát yrði á leik og svalli hinna ungu manna. Þeir áttu flestir að vera í föruneyti ræðismannsins og slepptu sér lausum, meðan þeir biðu hans.

Í birtingu kom hópur manna aðvífandi inn í salinn. Þeir voru alldrukknir, höfðu sýnilega þjórað um nóttina, margir þeirra reikuðu í gangi. Fremstur í þessum flokki var ungur maður, fríður, með sveig á höfði, andlitsfallið áberandi rómverskt. Hann gekk að borði á miðju gólfi og horfði yfir salinn. Þegar þeir, sem fyrir voru, veittu honum athygli, lustu þeir upp ópi: Messala, Messala! hrópuðu þeir. Hann settist og innan stundar hafði hópur aðdáenda safnazt utan um hann.

— Sæll, Drúsus, vinur! sagði hann. Hvað leggið þið undir?

Sá, sem við var talað, ýtti til hans spjaldinu, þar sem veðmálin voru skráð.

— Denara! Denara! Slátraramynt og kúreka! — Hann hló. Er nú svo komið, að ættmenn Caesars geti setið heila nótt og vakað eftir því, að hamingjan skenki þeim einn denar!

Drúsíus roðnaði. Messala hélt áfram:

— Hér í Austurlöndum höfum við enga guði, aðeins vín, konur og spil og þeirra mest er spilið. Má ég spyrja: Hver vill veðja móti mér? Hann lækkaði róminn: Uppi í kastala á ég fimm talentur. Hér er sönnunin.

Hann tók upp bókfellsblað og kastaði því á borðið.

— Þessa upphæð legg ég undir. Hver veðjar á móti? Þið þegið? Á ég að slá af? Svarar enginn? Þrjá þá. Nú, þá tvær? Hvað? Eina? Eina talentu — svo sannarlega sem Tíber er heilög og Órontes skrælingjamiga.

Hann hristi teninga en enginn bærði á sér. Hann þeytti teningunum á borðið og hló.

— Ha, ha, hæ. Þið eigið svo sem erindi hingað til Antíokkíu, ætlið að nurla einhverju saman. Heyrðu, Sesilíus!

— Hér er ég, sagði maður að baki honum.

— Láttu þjónana koma með vín, ég vil sjá, hvort þessir landar eru snjallari í drykkju en spili.

Hann leit við Drúsusi og sagði lágt og kumpánlega:

— Taktu ekki illa upp, það sem ég sagði. Ég ætlaði aðeins að reyna þessa ungu teinunga gömlu Rómar. Komdu, vinur.

Reynum með okkur. Þú skalt ráða, hvað við leggjum undir.

Drúsus var sáttur að fullu.

Þegar nokkur stund var liðin, sagði Drúsus:

— Bíddu svolítið, Messala. Mig langar að spyrja þig um nokkuð.

— Hvað?

— Kannastu við Kvintus Arríus?

— Þjóðstjórann?

— Nei, son hans.

— Ég veit ekki til, að hann eigi neinn son.

— Jæja, það gerir ekkert til. En, Messala, Pollux var ekki líkari Kastori en Arríus þér.

Ýmsir tóku undir: — Já, það er satt, augun, svipurinn ....

— Hvernig getið þið sagt það, sögðu aðrir, Messala er Rómverji, Arríus Gyðingur.

Þetta ætlaði að verða senna. Messala sagði:

— Heyrðu, Drúsus, vínið er ókomið enn. Hvað Arríus snertir, þá væri ekkert að því að fá að heyra eitthvað um hann.

— Já, hvort hann er Gyðingur eða ekki, þá er hann bæði hraustur og hygginn. En eitthvað er hann dularfullur. Hann er ríkur og nýtur hylli keisarans. Hann virðist ekki hafa hugann við annað en vopnaburð og hernað. Hann var manna fremstur í herskólanum og barðist síðan við Rín. Hann er handgenginn Maxentíusi ræðismanni og átti að koma með honum. En hann hlýtur að hafa farið á undan, því hann sást hér í bænum í gær, en í dag var hann horfinn.

— Heyrir þú þetta, Kajus, sagði Messala við svein sinn. Manstu eftir manninum, sem var rétt búinn að setja vagninn um fyrir okkur?

— Ætli verkurinn í öxlinni minni mig ekki á hann.

— Svo er að sjá, sem við séum að komast á snoðir um, hver hann er. Hann virðist leika tveim skjöldum, ýmist Rómverji eða Gyðingur. Talar hann líka grísku?

— Óbjagaða, ágæta grísku.

— Stendur heima, Kajus, hann getur slegið konum gullhamra á grísku. En hvað varstu að segja, Drúsus, hvað finnst þér dularfullt við hann?

— Ég skal ekki segja. Ef til vill er það aðeins hviksaga. En svo mikið er víst, að þegar Arríus fór í herferðina gegn víking-

unum, átti hann hvorki konu né börn, en heim kom hann með kjörson þennan, sem við erum að tala um.

— Kjörson? Hvar gróf Arríus hann upp og hver var hann?

— Það veit víst ungi Arríus bezt sjálfur. Sagan segir, að þjóðstjórinn hafi farið í sjóinn við Evboiu en verið bjargað af fleka, þar sem hann var við annan mann. Allir aðrir fórust af skipi hans. Ég segi söguna eins og hún er höfð eftir björgunarmönnunum — og nú er það bezta eftir: Þeir segja, að sá, sem var á flekanum með þjóðstjóranum, hafi verið Gyðingur og af fötum að dæma — þræll.

— Þræll? sagði Messala.

— Já, galeiðuþræll.

— Galeiðu .... Orðið stóð í Messala, hann rétti úr sér, leit í kringum sig, orðlaus og flumósa í fyrsta sinn á ævinni.

Í sama bili opnuðust dyrnar og inn kom hersing af þrælum með stórar vínkönnur, karfir með ávöxtum og öðrum vistum og silfurbikara. Þeim var fagnað með dynjandi hrópum. Svallið komst í algleyming.

## 28

Ilderím jarl hinn örvi var talinn ríkastur allra höfðingja eyðimerkurinnar. Jafnan fór hann með fríðu föruneyti og barst mikið á. Hann tjaldaði þrjár búðir miklar, þar sem hann var um kyrrt, eina handa sjálfum sér, aðra handa gestum, þá þriðju handa vildarkonu sinni og þernum hennar. Auk þess hafði hann átta tjöld minni handa föruneyti sínu og þrælum.

Búð jarlsins var hlutuð sundur með tjöldum. Þar héngu vopn góð á tjaldsúlum, sverð, spjót, bogar, skildir, svo og klæði, reiðver og beizli. Eitt tjaldhólfið var búið sérstökum íburði og þægindum. Þar dvaldist jarl, þegar hann hélt kyrru fyrir. Nú var hann þar á tali við Ben Húr.

— Eins og ég hef áður sagt, mælti Ben Húr, er ég ekki Rómverji, heldur Gyðingur af Júda-ættkvísl. Hatur mitt á Rómverjum mun ekki vera minna en þitt — meira get ég ekki sagt þér í svipinn. Nú vil ég fá að vita, hvort þú treystir mér til að fara með hesta þína á hringsviðinu.

Jarlinn svaraði seinlega, strauk lengi skegg sitt, sítt og hvítt, áður en hann tók til máls:

— Vera má þú sért vanur að stýra vagni í kappakstri, en meira er undir hinu komið að þekkja hestana. Getur þú látið þá hlýða þér, koma, þegar þú kallar, fara, þegar þú segir, fljúga eins og vindur auðnanna, þegar þú skipar? Slíkt er ekki á hvers manns færi, sonur. Ég þekkti einu sinni konung, sem ríkti yfir milljónum manna, en aldrei gat hann áunnið traust nokkurs hests. Ég er ekki að tala um truntur og húðarklára, ég á við mína hesta, konungbornar verur, félaga mína og vini, hugaðri í harðræðum en nokkur hetja, heilli í blíðu sinni en nokkur kona.

Hann kallaði skutulsvein og sagði við hann:

— Láttu Arabana mína koma.

Sveinn dró tjald til hliðar og bak við það kom hópur af hestum í ljós, dreyrrauðum að lit.

— Kom, sagði Ilderím, kom-kom, barnatetur!

Hestarnir gengu hægt fyrir hann. Hann gekk frá einum til annars og gældi við þá, sagði um leið:

— Hvað heldurðu hann Móses ykkar hefði sagt um svona skepnur?

— Móses bauð að fara vel með allar skepnur, sagði Ben Húr.

Einn hestanna gekk fast að Ben Húr, hnusaði og hreyfði flipann, horfði á hann stórum, gáfulegum augum, eins og hann vildi spyrja: Hver ert þú? Ben Húr klappaði honum og hann virtist skilja, að hér var vini að mæta.

— Sumir eru að ljúga því upp, sagði jarl og var hastur og gramur í rómi, eins og hann væri að hrinda rógburði af sjálfum sér, að hestar okkar séu upprunnir í Persalandi. En ég skal segja þér, hvaðan þeir eru komnir. Sjáðu til, Guð gaf fyrsta Arabanum sandauðnina, þar sem ekki vex tré og lindirnar eru saltar. Veslings Arabinn fór að barma sér og hinn mikli Guð aumkaðist yfir hann og sagði: Ég skal veita þér tvenna blessun umfram aðra menn. Arabinn fór út í auðnina, til þess að finna þessar gjafir. Og hann fann vinjar í auðninni með fersku vatni og grængresi og í annarri var hjörð úlfalda, í hinni stóð hesta. Og Arabinn þakkaði Guði, tók hestana og annaðist þá. Mínir hestar eru af þessum komnir, ég get sannað það. — Komið með

ættartölurnar, kallaði hann, og að vörmu spori komu sex menn inn með sinn kistilinn hver af sedrusviði og járnslegna.

— Ég átti ekki við þær allar, sagði jarl, aðeins ætt þessara. Farið með hinar aftur.

Þegar kistlinum var lokið upp, sá Ben Húr mörg hundruð lítil fílabeinsspjöld, færð upp á silfurþráð. Ilderím tók nokkur þeirra í hönd sér:

— Ég veit, hversu kostgæfilega skrifarar musterisins í Jerúsalem skrá ættir ykkar, hvert barn, sem fæðist, þar getur hver Ísraels sonur fundið nafn sitt og forfeðra sinna. Forfeður mínir hafa farið eins að með sína mállausu vini og þjóna. Líttu á spjöldin.

Ben Húr sá, að arabískt letur var á hverju spjaldi.

— Sérðu, sagði Ilderím, á hverju spjaldi er nafn hests og foreldra hans. Þú sérð, að spjöldin eru komin til ára.

Mörg spjöldin voru máð og gul af elli.

— Hvert eitt þessara spjalda, sagði jarl, hefur mikla sögu að segja, sonur. Ég get sagt þér margt furðulegt um það, þegar tóm gefst til, sögur af forfeðrum mínum og þeirra. Aldrei fengu nokkrir fjandmenn tekið þá og aldrei brugðust þeir, þegar fjandmönnum var veitt eftirför. Svo sannarlega sem ég ríki yfir eyðimörkinni þá er það þessum vinum að þakka. Væri ég sviptur þeim, yrði ég sem sjúklingur, sem eftir er skilinn í eyðimörkinni til þess að deyja. En það hefur alltaf verið farið vel að þeim og aldrei hefur þeim verið beitt fyrir vagn. Þó er þeim sigurinn vís, ef réttur maður stýrir vagninum. Sért þú maður til þess, þá sver ég, að þú getur talið það þinn hamingjudag, er við fundumst. Segðu nú eitthvað sjálfur.

— Þú getur ekki farið eftir orðum mínum einum. Leyf mér að reyna hestana á morgun.

Ilderím strauk skeggið, ætlaði að segja eitthvað, en Ben Húr hélt áfram:

— Eitt vildi ég segja: Ég hef lært margt af kennurum mínum og býst við mér komi það vel nú. En þótt hestar þínir séu skjótir eins og ernir og sterkir sem ljón, þá kemur það ekki að haldi, ef þeir eru ekki samtaka. Það var það, sem vagnstjóranum mistókst í dag. En takist mér að samstilla þá, svo að þeir hlaupi allir fjórir eins og einn væri, þá er sigurinn þér vís, það sver ég þér. Þú færð sigursveiginn og féð, ég — kem fram hefnd.

— Ég treysti þér, sonur. Einn af orðskviðum eyðimerkurinnar hljóðar svo: Getirðu eldað við orð, skaltu fá hafsjó af smjöri. Þú skalt fá hestana á morgun. En nú er mál að matast. Vinur minn, Balthasar, er hér og hann hefur frá mörgu að segja.

## 29

Nú var þeim sett borð og bornar vistir, eldur gerður og tók kona að baka brauð eða litlar kökur við hann og voru þær etnar af glóðinni. Balthasar kom inn, studdist við þjón sinn. Ilderím stóð upp og fagnaði honum vel:

— Velkominn, og friður sé með þér.

— Og með þér, jarl minn góður, þér og þínum, friður og blessun frá Guði einum og sönnum.

Jarlinn lagði hönd á öxl Ben Húrs og sagði:

— Þessi ungi maður er gestur minn. Hann ætlar að reyna hestana mína á morgun, og ef allt fer vel, tekur hann þá að sér á hringsviðinu. Hann er Ísraelsmaður, en gengur undir nafninu Arríus.

Balthasar hafði horft á Ben Húr undir ræðu jarls. Hann sagði:

— Göfugi jarl, ég komst í dag í mikinn háska, sem hefði orðið bani minn, ef ekki hefði ungur maður komið mér til hjálpar. Þú minnir mig á hann, sagði hann við Ben Húr, eða varst það þú?

— Ég stöðvaði hesta Rómverjans við lindina í dag. Dóttir þín skildi þennan bikar eftir . . . .

Hann tók upp bikarinn og rétti Balthasar.

— Drottinn sendi þig okkur til hjálpar og nú sendir hann þig aftur í veg fyrir mig, til þess ég geti þakkað þér. Þú átt bikarinn.

Ilderím horfði spyrjandi á þá. Balthasar sagði honum alla sögu.

— Og þetta hefur hann ekki sagt mér. Í nafni Guðs dýrðar, hann er enginn Rómverji, segi ég það enn.

Þeir settust til borðs og Balthasar flutti sömu bænina og í eyðimörkinni forðum með Kaspar og Melkíor: Guð og faðir allra. Allt, sem vér höfum, er frá þér. Meðtak þakkir vorar og blessa oss, að vér fáum gjört það, sem þú vilt.

Þeir mötuðust þegjandi um stund. En þegar á leið fjörguðust samræðurnar og þar kom, að talið barst að trúmálum. Þessir þrír menn, hver af sinni þjóð, Arabi, Egypti og Gyðingur, voru mjög svo ólíkir, en eitt var þeim sameiginlegt — þeir trúðu allir á einn guð. Það var ekki algengt á þessum tímum og því var eðlilegt, að þeim yrði tíðrætt um þetta sameiginlega hugðarefni.

Balthasar sagði sögu sína og félaga sinna tveggja, en nú voru 27 ár síðan hún gerðist. Ben Húr hlustaði af mikilli athygli. Frá barnæsku hafði hann heyrt um þann Messías, sem koma skyldi og leysa Ísrael. Í musterinu, í samkunduhúsum var um hann talað. Hvenær mundi hann koma?

Gyðingar væntu þess, að hann yrði mikill stjórnari og konungur, sem legði allan heiminn undir þá. Einkum lögðu Farísear mikla áherzlu á þetta — Messías yrði sá foringi og sigurvegari, sem enginn hefði slíkur fram komið. Enda segði Ritningin, að á hans ríki mundi enginn endir verða. Þá myndu Gyðingar verða voldugir aftur, allar þjóðir lúta þeim. Saddúkear — en faðir Ben Húrs hafði verið af þeirra flokki, — litu nokkuð öðruvísi á, voru ekki eins einstrengingslegir gagnvart öðrum þjóðum. En lífsreynsla Ben Húrs hafði að sjálfsögðu haft djúptæk áhrif á hann. Hann hafði kynnzt kúgun Rómverja af eigin sjón og raun, hann hafði séð eymd og harðrétti hinna undirokuðu stétta og þjóða. Áttu þær enga von? Mundi hinn fyrirheitni Messías ekki hjálpa þeim líka, höggva á hlekki þeirra, beygja kúgara þeirra í duftið? Uppreisnir voru tíðar um allt ríkið, þótt til lítils kæmi. En einhverntíma mundu vopnin samt skera úr, og hann hafði tamið sér vopnaburð og vígfimi eingöngu til þess að vera undir búinn, þegar sá dagur kæmi. Og hann mundi koma, þegar hinn rétti foringi kæmi. Ben Húr sannfærðist um, að barnið, sem Balthasar sagði frá, væri hinn fyrirheitni Messías. Því vöknuðu tvær spurningar: Hvar var hann? Hvað ætlaðist hann fyrir?

Hann lét þessar brennandi spurningar í ljós. Balthasar svaraði:

— Gæti ég svarað þér, gæti hvorki höf né fjöll stöðvað mig, ég mundi fara til hans.

— Þú hefur þá reynt að finna hann?

Öldungurinn brosti:

— Það var mín fyrsta hugsun, þegar ég hvarf úr skjóli vinar míns. — Hann renndi þakklátum augum til Ilderíms. — Ég þorði þó ekki að fara til Júdeu sjálfur, því Heródes sat enn að ríki, blóðþyrstur sem fyrr. Ég sneri aftur til Egyptalands og gerði út menn til þess að leita barnsins. Þeir komu til Betlehem og fundu bæinn löðrandi í blóði. Heródes hafði látið myrða öll sveinbörn þar, tvævetur og yngri, þegar hann frétti, að við værum farnir. Engu hafði verið komið undan. Sendimenn mínir kváðu, að barnið hefði verið myrt eins og önnur. En ég trúði þeim ekki, trúi því ekki enn.

— Hefurðu fengið nokkra bendingu um það?

— Nei, enga. Stjarnan, sem leiðbeindi okkur til barnsins, hvarf, þegar við höfðum fundið það. Síðan hefur ekkert undur borið fyrir mig. En ég hef hugleitt þetta mikið og trú mín er jafn örugg og fyrir tuttugu og sjö árum. Ég get sagt ykkur ástæður mínar fyrir því.

Ben Húr og Ilderím færðu sig nær, jafnvel þjónarnir hlustuðu með athygli. Balthasar rakti nú öll hin mörgu fyrirheit um Messías. Og úr því að Guðs orð væri sannleikurinn sjálfur, hlyti barnið að hafa sloppið, því hefði verið forðað í tæka tíð á afvikinn stað, þar sem það hefði vaxið upp, og þaðan myndi hann koma, þegar tíminn væri fullnaður, og vinna sitt verk.

— Hvar heldur þú hann sé? hvíslaði Ben Húr.

Balthasar leit vingjarnlega á hann:

— Fyrir nokkrum vikum sat ég í húsi mínu við ána Níl og hugleiddi þetta, sem við erum að ræða. Og ég sagði við sjálfan mig, að nú hlyti hann að vera kominn að þrítugu og á þeim aldri á maður að hafa plægt og sáð lífsakur sinn. Því að eftir það er sumarið og ekki lengra en svo að nægja megi sáningunni til vaxtar. Nú hlýtur starfstími hans að vera að hefjast. Og hvar skyldi hann hefjast handa nema í Júdeu og Jerúsalem, hinni heilögu borg? Allt þetta hugsaði ég og ferðaðist burt úr landi mínu og kom hingað, til þess að vera nærri þeim stað, þar sem Messías á að koma fram. Ætti ég að leita hans, mundi ég leita í þorpunum í fjöllum Júdeu og Galíleu. Má vera hann hafi einmitt í kvöld staðið í dyrum sínum og séð sólina renna og minnzt þess, að nú er hann degi nær þeirri stundu, þegar hann skal verða ljós heimsins.

Nú var þögn langa stund. Ben Húr tók fyrstur til máls:

— Þér hefur verið mikið gefið, Balthasar, og mikil er speki þín. Ég get ekki með orðum lýst þakklæti mínu fyrir það, sem þú hefur látið mig heyra. En viltu enn segja, hvað þú telur, að honum muni falið að framkvæma?

— Sonur minn, það er enn geymt hjá Guði. Allt, sem ég veit, er andsvar við bænum mínum. Ég veit hann verður frelsari, því að svo hefur Andinn nefnt hann, frelsari allra manna. En björgun hans verður ekki sú að steypa drottnendum af stóli, til þess eins að aðrir komi í þeirra stað. Má vera, að ég tali eins og blindur um stjörnur himins, en hyggja mín er sú, að hann muni eiga að leysa fjötra af sálum mannanna.

Svipur Ben Húrs lýsti miklum vonbrigðum, en hann sagði ekki neitt. Ilderím tók aftur á móti til máls og var ákafur:

— Þetta nær engri átt. Meðan heimurinn hefur staðið, hafa þjóðirnar þurft ötula foringja, ef gengi þeirra og orðstír hefur átt nokkurt að verða. Balthasar svaraði: — Vizka þín, minn góði jarl, er af þessum heimi. Þú mátt ekki gleyma, að við þurfum að frelsast frá vegum þessa heims. Ástundun konunga er að drottna yfir mönnunum, ástundun Guðs að gera sálir mannanna frjálsar.

Ben Húr sagði: — Hvers áttir þú að spyrja í Jerúsalem forðum?

— Ég átti að spyrja um hinn nýfædda Gyðinga-konung.

— En hvernig getur þú hugsað þér konung án valda?

— Sonur, þú hugsar aðeins um heitið: Konungur Gyðinga, en hvað er heiti annað en orð? Horfðu hærra upp og þá muntu skilja, hvers vegna spámenn Ísraels nefndu hann slíku nafni. Hann skyldi ráða ríki, sem er víðara en þessi jörð. Það er ríki hjartnanna, mannssálnanna, og ekkert æðra er til en að verða konungur í því ríki. Það land hefur enn ekki fengið konung sinn, því enginn getur setzt í hásæti þess nema sá, sem við væntum, frelsarinn. En þegar hann kemur í allri sinni dýrð, mun hann hafa lykilinn að hliðum ríkisins í hendi sér og ljúka þeim upp fyrir hverjum þeim, sem elskar hann og vill láta frelsast.

— Um slíkt ríki hef ég aldrei heyrt, sagði Ben Húr.

— Ég ekki heldur, tuldraði Ilderím.

— Ég get ekki talað meira um það, sagði Balthasar, ég er þess ekki verður.

Nú varð enn þögn. Loks sagði Balthasar:

— Á morgun fer ég til borgarinnar, jarl minn góður, og dvelst þar um tíma. Dóttur mína langar að sjá undirbúning veðhlaupsins. Ég tala við þig, áður en ég fer. Og þig vona ég að hitta aftur, sonur minn. Friður sé með ykkur báðum.

Hann stóð á fætur og lét leiða sig út úr tjaldinu. Ben Húr sagði:

— Ég hef heyrt undarlega hluti í kvöld. Leyf mér að fara út og hugleiða þá með sjálfum mér.

— Far þú. Ég kem bráðum á eftir.

## 30

Ben Húr settist við tjörnina undir pálmatré. Næturgali var að syngja yfir höfði hans, en hann heyrði ekki til hans, hann var með allan hugann við það, sem Egyptinn hafði sagt. Hugur hans var í uppnámi, hann braut heilann um framtíð þjóðar sinnar og framtíð sjálfs sín. Oft hafði hann gert það áður. Hann gat ekki litið svo á, að Ísrael mundi geta steypt Rómaveldi án aðstoðar. Það þurfti að koma á samtökum milli hinna undirokuðu þjóða allra undir forustu afreksmanns. Þannig hafði hann oft hugsað. En mundi slíkur maður koma fram um hans daga? Í dag þóttist hann hafa fengið svar við þeirri spurningu. Sá konungur, sem hann hafði heyrt um, hlaut að vera hetjan, sem heimurinn þarfnaðist. Hann mundi skipa Ísrael um sig og síðan kæmu allir aðrir óvinir Rómverja í kjölfarið. Honum fannst hann þegar sjá Jerúsalem fyrir sér í öndvegi alls heims og Messías á veldisstólnum, sem allir lýðir lytu. Þannig hafði hann hugsað í dag. En það, sem Balthasar hafði sagt í kvöld, hafði orðið honum til mikilla vonbrigða. Ósýnilegt ríki, konungdæmi yfir sálum mannanna? Hvernig mátti skilja það?

Hann vaknaði sem af draumi við að hönd var lögð á öxl honum. Það var Ilderím.

— Ég hef nokkuð að segja þér um það, sem við heyrðum í kvöld. Þú getur treyst á allt, sem Egyptinn segir, nema þetta um ríkið, það eru draumórar hans sjálfs, sem við hinir skiljum ekki. En ég get bent þér á vitran mann. Það er Símónídes, kaupmaður í Antíokkíu. Hann getur líka skýrt spádómana, og hann getur sýnt þér fram á, að Messías á að verða konungur Gyðinga

á sama hátt og Heródes, aðeins miklu voldugri og meiri. Hann á að vinna sigur á öllum óvinum Ísraels og hefna harma okkar. Nú hef ég talað. Friður sé með þér.

— Bíddu við, jarl. Þú minntist á Símónídes. Allir tala um hann. Hann er auðugur, en það er af því einu, að hann hefur verið þræll föður míns. Hann er ekki vitrari en Balthasar. Þú treystir honum vegna auðlegðar hans, en ég fer ekki til tryggðrofa til þess að heyra, hverju ég eigi að trúa. En hvað er þetta? Einhver að syngja . . . . ? Er það kona, eða er það engill, sem syngur svona?

Lítill bátur kom í ljós á tjörninni. Kona sat í honum og söng. Rödd hennar hljómaði unaðslega í næturkyrrðinni. Báturinn leið hjá. Það var dóttir Balthasars. Ben Húr stóð lengi og horfði á eftir bátnum. Hún er fögur, hvíslaði hann. Hann minntist dökkra augna hennar, varanna, rauðra og bjúgra. Hjartað tók að slá hraðar og hann endurtók í huganum: Hún er fögur.

En á sömu stundu gægðist annað andlit fram í huga hans, unglegra en engu ófegurra, aðeins barnslegra. Esther, hvíslaði hann og brosti.

Hann gekk hægt aftur til tjaldsins. Líf hans hafði verið svo mótað af hörmum, hugstríði og hefndaráformum, að ástin hafði ekki komizt að. Var stund hennar nú komin? Og hvor var það — Esther eða mærin egypzka?

## 31

Morguninn eftir sumblið mikla í hallarsalnum voru flestir bekkir þar skipaðir ungum, rómverskum aðalsmönnum í roti, sem vissu hvorki í þennan heim né annan. Maxentíus ræðismaður gat komið á hverri stundu og hafið sína hátíðlegu skrúðgöngu. Fæstir þeirra hefðu megnað að reisa höfuð frá kodda, þótt skyldan hefði kallað, þeir hefðu orðið að liggja, þar sem þeir voru komnir.

Þó voru þeir til, sem voru nokkru burðugri eftir næturvallið. Messala reis á fætur um dagmál, varp yfir sig skikkju, leit yfir salinn og fór. Ciceró sjálfur hefði ekki getað borið sig betur eftir heillar nætur orðaskak í öldungaráðinu.

Þrem stundum síðar afhenti hann tveim tryggum hraðboð-

um sitt bréfið hvorum. Þau voru samhljóða, bæði til Valeríusar Gratusar í Caesareu. Annar hraðboðinn skyldi fara sjóveg, hinn landveg og báðir fara sem mest máttu þeir.

Bréfin voru á þessa leið:

*Antíokkíu, 12. júlí.*

*Vinur. Ég þarf að skýra þér frá mikilsvarðandi viðburði, sem efalaust fær þér mikið um að hugsa. Þú munt minnast hinnar auðugu Húrs-ættar, sem bjó í Jerúsalem fyrir allmörgum árum. Ef mér skjátlast ekki, muntu hafa ör á höfði þínu til minningar um þetta fólk. Fjölskyldan var tekin höndum og eigur hennar gerðar upptækar sökum banatilræðis við þig — guðirnir hindri, að upp komi, að það hafi ekki verið vísvitandi gert. Keisarinn veitti samþykki sitt til aðgerða okkar, og við þurfum ekki að minnkast okkar fyrir þær eignir, sem undir okkur hurfu af þessu tilefni. Og ég mun aldrei gleyma að þakka þér, sízt meðan mér veitist að njóta míns hluta truflunarlaust, svo sem enn hefur verið.*

*Minnugur vitsmuna þinna get ég og þess, sem gert var til þess að tryggja ævarandi þagmælsku fjölskyldunnar Húrs. Dauðinn — og hér var um eðlilegan dauða að ræða, en óhjákvæmilegan — var tryggastur bandamaður í því efni. Ég veit, hvaða skipan þú gerðir um móður og systur sökudólgsins, en viljir þú láta mig vita, hvort þær eru enn lífs eða ekki, væri mér mikil þökk á því. Þá er ennfremur rétt að rifja upp, að illræðismaðurinn sjálfur var dæmdur til ævilangrar galeiðuþrælkunar. Ég las sjálfur á sínum tíma bréfið frá galeiðustjóranum, þar sem hann viðurkenndi að hafa tekið við honum. Ég nefni þetta allt til þess að undirbúa það, sem nú skal tjáð.*

*Galeiðuþrælar lifa sjaldan lengur en eitt ár og téð persóna hefði því átt að vera úr lifenda tölu fyrir fimm árum, eða, svo ég komist nokkru skáldlegar að orði, hafa sokkið í ríki sævarguðsins og bundizt hjúskap við einhverja af þrjú þúsund dætrum hans. Og vonandi hefur hann hlotið þá fallegustu, því að ekki var hann ófríður. En nú kem ég að aðalatriðinu: Ég heyrði í nótt mjög svo furðulega sögu. Hér er kominn til borgarinnar sonur Kvintusar Arríusar heitins þjóðstjóra. Ég hef haft spurnir af þessum unga manni og þykist sjá, að hann sé enginn annar en Ben Húr, sem hefði átt að vera dauður*

*fyrir fimm árum. Hann er kominn aftur, ríkur, tiginn og með rómverskan borgararétt. Þú ert fastur í sessi og þarft ekkert að óttast, en ég er í mikilli hættu. Og hver mundi skilja mig, ef ekki þú? Ég hef fengið fulla vissu fyrir, að þessi kjörsonur Arríusar er fyrrverandi galeiðuþræll. Og svo vildi til, að ég sá hann í gær. Ég þekkti hann ekki strax, en eftir á að hyggja, er ekki um að villast, að þetta er maðurinn. Það er ekki að efa, að hann muni hyggja á hefndir. Ég veit, að þú munir taka til ráðkænsku þinnar og snarræðis, þegar þú hefur lesið þetta bréf. Ég sendi það með tryggum hraðboðum í tveim samhljóða afritum, þar sem svo mikið er í húfi, að þú fáir það í hendur. Ég bíð svars frá þér hingað til Antíokkíu. Enn er þess að geta, að mér hefur verið sagt, að maður þessi hafi leitað á fund svikarans Ilderíms, sem vonandi verður bráðum tekinn í trygga geymslu. Réttast væri, að Maxentíus hefði hann með sér til Rómaborgar. Ég mun hafa nánar gætur á Gyðingnum, meðan hann er hér. Ef þér sýnist rétt að láta til skarar skríða þegar, þarf ekki að gefa þér ráð um aðferðir. Ég fel þér hér með þetta mál, en ekki skaltu hika við að fela framkvæmdir þínum elskandi vini og lærisveini. Messala.*

Um sömu mundir og Messala sendi af stað með bréfin, gekk Ben Húr inn í tjald Ilderíms. Hann hafði fengið sér bað í tjörninni, neytt morgunverðar, var á nærkyrtli einum, ermalausum og vart knésíðum.

Jarl fagnaði honum, horfði með aðdáun á hinn hreystilega, unga mann. — Hestarnir eru til og ég er til, sagði hann. Og þú?

— Er búið að spenna þá fyrir?

— Nei.

— Leyf mér þá sjálfum að leggja á þá, sagði Ben Húr. Mér er nauðsyn að kynna mér hestana. Ég verð að vita nöfn þeirra, að ég geti ávarpað þá hvern fyrir sig. Ég verð að þekkja skapferli þeirra. Hestar eru eins ólíkir og menn, sumir hikandi og þarfnast uppörvunar, aðrir ákafir og þarf að halda aftur af þeim. Ég ætla ekki að hafa vagninn í dag. En geturðu lánað mér fimmta hestinn, jafn fljótan hinum?

Ilderím varð hissa, en kallaði þegar á þjón og sagði:

— Komdu með aktygi á fjóra og beizlið á Síríus. Hann sneri

sér að Ben Húr: — Síríus er bezti vinur minn og ég hans. Við höfum verið saman í tuttugu ár, fylgzt að í stríði og friði, í öllu, sem að ber í eyðimörkinni. Líttu á!

Þeir gengu til hestanna, sem kumruðu á móti húsbónda sínum.

— Góðan daginn, góðhestur, góðvinur, sagði Ilderím. Þetta er Síríus faðir hinna fjögurra. Móðirin, Míra, er heima. Of dýrmæt til þess að vera stofnað í hættu, enda mætti ættin naumast af henni sjá. Tíu þúsund hestamenn, synir eyðimerkurinnar, spyrja í dag: Hefurðu heyrt nokkuð um Míru? Og þegar svarað er: Henni líður vel, segja þeir: Guð er góður. Lofaður sé Guð.

— Síríus — Míra —, nöfn á stjörnum? spurði Ben Húr.

— Svo er. Hefurðu aldrei verið á eyðimörkinni um nótt?

— Nei.

— Þá er ekki von þú vitir, hve mikið við Arabar eigum undir stjörnunum. Við tökum nöfn þeirra að láni af þakklæti, gefum þau í kærleika. Þessi heitir Rígel, þessi Antares, þessi Atair og Aldebaran þessi. Hann er yngstur en ekki síztur. Hann fer svo geyst móti vindi að drynur fyrir eyrum. Hann mundi fara með þig á hvað, sem er, já, beint í opið ljónsgin, ef þú þyrðir.

Nú lagði Ben Húr á og teymdi hestana út, stökk á bak Síríusi svo fimlega, að Arabar gerðu ekki betur. Hann lét rétta sér taumana og reið síðan út á æfingavöllinn. Ilderím fór á eftir og fjöldi manns með honum. Hestarnir voru ekki vitund hvimpnir. Ben Húr stýrði þeim eins og þeir væru fyrir vagni, munurinn var aðeins sá, að hann reið Síríusi í stað þess að standa í vagni. Traust Ilderíms óx í sífellu. Hann strauk skeggið og tuldraði: — Hann er enginn Rómverji, segi ég enn.

Völlurinn var stór og hentugur til æfinga. Ben Húr teygði hestana fyrst fram og aftur í hægðum sínum, síðan í sveigum, ýmist víkkandi eða minnkandi. Hann lét þá fara af feti á brokk, af brokki á stökk, sveigði þá alla vega, ýmist til vinstri eða hægri, áfram eða aftur á bak. Þessu hélt hann áfram heila stund. Þá fór hann með hestana til jarls.

— Þessu er borgið. Nú vantar ekkert nema æfinguna. Þú mátt vera hreykinn að eiga slíka þjóna sem þessa. Það stirnir á þá, eins og áður, þeir eru ekki móðari en þegar þeir voru

teknir. Ég samfagna þér. Það fer undarlega, ef við eigum ekki vísan sigur — og....

Hann hætti allt í einu, því að í þessu gekk Balthasar fram hjá og með honum tvær konur með blæjur fyrir andliti. Egypzka mærin, hugsaði Ben Húr.

Ilderím kom honum til sjálfs sín:

— Sigur og hefnd, sagði hann. Þú ert mér að skapi. Verði endalokin eins og upphafið. Þá skaltu líka fá að sjá í lófann á Araba, sem ekki er öreigi.

— Ég þakka þér, sagði Ben Húr. Láttu nú koma með vatn handa hestunum.

Þjónar komu með vatn. Ben Húr vatnaði þeim sjálfur, sté síðan aftur á bak Síríusi og hélt æfingunum áfram. Áhorfendur létu aðdáun sína óspart í ljós, bæði á hestunum og stjórninni á þeim. Meðan á þessu stóð, skaut Mallúk allt í einu upp meðal áhorfenda. Hann gekk til Ilderíms.

— Ég er með boð til þín frá Símónídesi kaupmanni.

— Símónídesi! Tröll hafi alla hans óvini.

— Fyrst bað hann mig að óska þér Guðs helga friðar, þar næst að fá þér þessi bréf, er hann biður þig að lesa samstundis.

Jarl braut innsiglið þegar og las. Fyrra bréfið var svo:

*Símónides til Ilderíms jarls.*

*Gestur er hjá þér sem stendur, ungur maður, nefndur sonur Arríusar hins rómverska. Mér er þessi maður kær. Saga hans er merkileg og hana vil ég segja þér. Komdu því til mín í dag eða á morgun. Ráð vil ég sækja að þér. Ég bið þig að gera allt það fyrir son Arríusar, sem þú mátt. Verðir þú fyrir fjárútlátum af þeim sökum, þá lít ég á það sem mína skuld. Þetta er trúnaðarmál. Þú, gestir þínir og allir, sem þú kýst, skulu vera mínir gestir við kappleikinn.*

*Vinur þinn*

*Símónides.*

Hitt bréfið hljóðaði svo:

*Vinur. Ráð vil ég gefa þér, byggt á mikilli reynslu. Allir, sem ekki eru Rómverjar en eiga fé, sem ránshendi verður slegið yfir, skyldu hafa vara á sér, þegar rómverskir valdamenn koma til embættis síns. Í dag kemur Maxentíus ræðismaður. Vertu*

*var um þig og haltu njósnum fyrir. Sendu þegar örugga verði á vegina suður til Antíokkíu og bjóð þeim að rannsaka hvern þann, er með boð fer eða bréf. Finni þeir bréf, sem snerta þig, skaltu líta á þau. Þú áttir að fá þetta í gær, en það er ekki um seinan, ef þú hefur hraðan á. Hafi sendimenn farið héðan í morgun, geta þínir menn náð þeim, því að þeir þekkja þvergötur. Tefðu ekki. Brenndu þetta að lestri loknum.*

*Þinn vinur*

*Símónides.*

Ilderím las bréfin tvisvar og stakk þeim síðan á sig. Ben Húr var nú að ljúka æfingunum, reið til jarls og mælti:

— Nú fer ég með hestana inn með þínu leyfi. Ég tek þá aftur seinna í dag.

— Ger sem þú vilt. Þú hefur hestana, eins og þú eigir þá, unz keppninni er lokið. Þú hefur gert meira á tveim stundum en Rómverjinn — megi sjakalar sleikja hnútur hans — á tveim vikum. Við sigrum. Það veit Drottins dýrð!

Ben Húr fór með hestana inn í tjald, fékk sér bað í tjörninni, drakk bikar af víni með Ilderím, sem lék við hvern sinn fingur. Því næst klæddist hann Gyðinga-búningi sínum, kom síðan að máli við Mallúk og bað hann að nálgast farangur sinn á gistihúsinu í Antíokkíu og flytja hann til Pálmalundar. Enn bað hann Mallúk að athuga, hvort jarl hefði látið skrá hesta sína löglega til keppninnar, hvaða einkennislit hann ætti að hafa og hver í röðinni hann ætti að vera, svo og að reyna að koma því svo fyrir, að hann gæti ekið jafnframt Messala til annarrar hvorrar handar. Loks lét hann í ljós, að sér kæmi vel að vita stærðina á vagni Messala, sérstaklega, hve hár hann væri undir öxul.

Mallúk hét góðu um þetta og fór þegar aftur til borgarinnar. Meðan þeir töluðust við hafði Ilderím gert sendimann á fund trúnaðarmanna sinna. Hann var vel ríðandi og fór geyst.

## 32

Nálægt þriðju stundu næsta dag sté maður af baki við tjöldin. Hann gekk fyrir jarl og sagði:

— Mér var falið að fá þér þetta og bíða eftir svari.

Hann fékk honum bréf með brotnu innsigli. Utan á stóð: Til Valeríusar Gratusar, landstjóra í Cesareu.

— Fari hann norður og niður, drundi í jarli, þegar hann sá, að bréfið var á latínu. Hefði það verið á grísku eða arabísku, hefði hann komizt fram úr því, en þetta gat hann ekki lesið. Þó gat hann ráðið fram úr undirskriftinni og það kom glampi í augu hans, þegar hann sá nafnið Messala.

— Hvar er Gyðingurinn? spurði hann.

— Á vellinum með hestana.

Ilderím stakk bréfinu í beltið og fór að leita að Ben Húr. Ókunnur maður gekk í veg fyrir hann:

— Ég ætla að finna Ilderím jarl hinn örva, sagði hann. Málið sagði til þess, að hann var rómverskur.

— Hér er hann, sagði jarlinn.

— Ég hef heyrt, að þig vanti vagnstjóra.

Ilderím kipraði varirnar fyrirlitlega:

— Þú mátt fara. Ég hef vagnstjóra. Hann ætlaði að halda áfram, en maðurinn sleppti honum ekki:

— Ég er mikill hestavinur og þínir hestar eru taldir þeir fallegustu í heimi.

Gamli jarlinn komst við, en lét sig ekki:

— Ekki í dag, ég skal sýna þér þá seinna. Hef ekki tíma til þess nú.

Hann hélt áfram og gesturinn hvarf áleiðis til borgarinnar með bros á vör. Hann hafði gegnt erindi sínu.

Upp frá þessu leið ekki svo dagur, að ekki kæmi einn eða fleiri í sömu erindum, allt þar til að leikirnir hófust. Þannig hélt Messala njósnum fyrir um Ben Húr.

Jarlinn beið unz Ben Húr hafði lokið æfingunni að þessu sinni og var hinn ánægðasti. Ben Húr klappaði Síríusi á hálsinn og sagði:

— Nú skila ég þessum aftur. Nú tek ég vagninn.

— Svo fljótt?

— Einn dagur nægir með slíka hesta. Þeir eru óhræddir, hafa mannsvit og þykir gaman að spreyta sig. Þessi, Aldebaran, er sprettharðastur. Í einni umferð á hringsviði yrði hann þrem lengdum sínum á undan hinum.

Ilderím togaði í skeggið, hýr á svip.

— Og hver er ferðminnstur?

— Þessi, Antares. En hann er drýgstur samt, því hann gæti haldið sprettinum allan daginn og hert á sér til sólarlags.

— Allt er þetta rétt.

— Ég er aðeins hræddur um eitt. Rómverjar svífast einskis þegar þeir ætla sér að vinna. Þeir beita brögðum í öllum leikjum. Hafðu því vakandi augu á hestunum. Láttu engan ókunnugan svo mikið sem sjá þá. Láttu vopnaðan vörð gæta þeirra nótt og dag.

— Þetta skal ég gera, sagði jarl. Enginn skal koma nálægt þeim nema mínir menn, það viti Drottins dýrð! En heyrðu — Ilderím tók upp bréfið — viltu líta á þetta og hjálpa mér með latínuna.

Hann rétti Ben Húr bréfið. Þeir voru komnir að tjöldunum.

— Lestu og lestu hátt og þýddu það á tungu feðra þinna. Viðbjóður þessi latína.

Ben Húr tók bréfið og leit á það: Messala til Gratusar. Það var sem lagt væri fyrir brjóst honum. Ilderím sá, að honum var brugðið.

— Nú, ég bíð, sagði jarl.

Ben Húr baðst afsökunar og fór að lesa. En þegar hann var skammt kominn, missti hann vald á sér, bréfið féll úr höndum hans, hann greip um höfuðið og stundi: Dánar, dánar báðar, ég einn eftir.

Ilderím hafði horft hljóður á hann. Nú stóð hann upp og sagði: Mitt er að beiðast afsökunar. Lestu bréfið í einrúmi og gerðu mér orð, þegar þú getur sagt mér, hvað í því er.

Hann gekk út. Aldrei hafði hann gert manni betri greiða.

Það leið góð stund, áður en Ben Húr treysti sér að lesa bréfið. Loks tók hann í sig kjark. Þegar hann kom að ósk Messala um að fá að vita, hvort mæðgurnar væru lífs eða ekki, stökk hann upp, las orðin aftur og aftur og sagði: Hann veit ekki til þess, að þær séu dánar! Lofaður sé Guð! Enn er ekki öll von úti. Þær eru ekki dánar. Hann hlyti að vita, ef þær væru dánar. Hann endurtók þetta hvað eftir annað, las bréfið aftur, lét síðan kalla á jarl.

— Þegar ég kom til þíns gestrisna tjalds, sagði hann, hafði ég ekki í huga að segja önnur deili á mér en þau, að ég væri

fær um að fara með vagn og hesta. En nú finn ég, að mér ber að trúa þér fyrir öllu, því fremur, sem ég sé, að sami óvinur ógnar okkur báðum. Nú les ég þér bréfið fyrst. Síðan skal ég skýra það, sem þörf er á.

Ilderím hlýddi á lesturinn. Þegar að því kom, að minnzt var á „svikarann Ilderím", þrútnuðu æðar á enni hans og skeggið ýfðist. Svikari, ég, ójæja, sagði hann gustmiklum rómi.

— Bíddu andartak, sagði Ben Húr. Þetta er skoðun Messala á þér. Og heyrðu nú, hvað hann hugar þér.

Hann las áfram.

— Til Rómaborgar! Mig, Ilderím, sem ræð yfir tíu þúsund vopnuðum reiðmönnum. Hann spratt upp og æddi fram og aftur um tjaldið með steyttum hnefum:

— Í nafni allra guða, nema Rómaborgar, nær tekur þessi ósvífni enda! Ég er frjáls maður og frjáls er þjóð mín. Á ég að deyja eins og þræll? Á ég að verða hundur, sem skríð fyrir húsbónda og verð að sleikja til þess að verða ekki barinn? Ó, að ég væri orðinn ungur í annað sinn, gæti hrist af mér tuttugu ár, tíu ár, þó ekki væri nema fimm.

Hann gnísti tönnum og skók hnefana. Tók svo undir sig stökk, eins og hann fengi skyndilegan innblástur og þreif í handlegginn á Ben Húr:

— Væri ég í þínum sporum, þú sonur Húrs, ungur og sterkur og þjálfaður við vopnaburð og ætti margra harma að reka, þá mundi ég aldrei unna mér hvíldar. Ég mundi ekki aðeins leita hefnda fyrir það ranglæti, sem ég hefði sjálfur liðið, heldur fyrir allt það ofbeldi, sem Rómverjar hafa í frammi haft um allan heim. Hefnd mundi vera mín eina hugsun. Ég mundi fara land úr landi og eggja allar þjóðir lögeggjan. Hvergi mundi vera barizt fyrir frelsinu án þess ég væri þar, hvergi risið upp gegn Róm án þess ég berðist með. Og ef mennirnir svikju mig, mundi ég ganga í flokk með úlfum, ljónum og tígrisdýrum til baráttu gegn fjandmönnunum. Hver Rómverji skyldi deyja. Þeir, sem ekki féllu fyrir sverði, skyldu farast í eldi. Hverja nótt mundi ég biðja illar og góðar vættir og guði að hjálpa mér með öllum þeim hörmungum, sem til eru, stormum, þurrkum, hita, kulda, öllum tegundum eiturs, öllum þeim þúsundum plága, sem menn geta orðið fyrir bæði

á sjó og landi. Ég mundi aldrei unna mér næðis. Ég mundi ....

Hann náði ekki andanum og varð að hætta, lét fallast á bekk. Ben Húr sagði:

— Segðu mér jarl, hvernig hefurðu komizt yfir þetta bréf?

— Menn mínir sem hafa gát á vegunum, tóku það af sendimanni.

— Er það kunnugt, að það eru þínir menn?

— Nei, þeir eru taldir ræningjar.

— Heyrðu, jarl. Þú nefndir mig Húrs son. Ég hélt ekki að neinn þekkti mig undir því nafni. Hvaðan hefurðu það?

Jarlinn hikaði, sagði:

— Ég þekki þig. Meira get ég ekki sagt þér að svo komnu. Nú fer ég til borgarinnar. Getur verið ég segi þér meira, þegar ég kem aftur. Fáðu mér bréfið.

Hann stakk bréfinu á sig. Því næst sagði hann:

— Ég var að segja þér, hvað ég mundi gera í þínum sporum, en þú svaraðir ekki.

— Ég skal svara. — Ben Húr var skjálfraddaður. — Ég ætla að gera það, sem þú sagðir, að svo miklu leyti sem í manns valdi er. Í fimm ár hef ég ekki hugsað um annað en hefnd. Ég hef ekki unnt mér hvíldar né neinnar skemmtunar. Vopnfimi hef ég lært og vil verða herforingi. Því ætla ég nú með Maxentíusi móti Pörþum. Þegar ég hef fengið nokkurra ára æfingu og ef Guð þyrmir lífi mínu, skal Róm verða að mæta því margföldu, sem ég hef liðið.

Ilderím féll um háls honum og hrópaði:

— Sonur Húrs, ef Guð þinn hjálpar þér ekki, er hann dauður! Og því heiti ég, að þegar tíminn er kominn, er þér heimilt allt sem ég á, menn, hestar, úlfaldar, já, eyðimörkin öll. Það sver ég þér. Nóg um þetta að sinni. Þú færð að sjá mig eða heyra frá mér fyrir kvöldið.

## 33

Bréf þetta veitti Ben Húr mjög mikilvæga vitneskju. Í fyrsta lagi sannaði það hlutdeild Messala í meðferðinni á Húrsfjölskyldunni, að hann hafði hugað þeim öllum dauða, til þess að njóta betur fengs síns. Í öðru lagi sýndi það, að honum

hafði orðið bilt við, er Ben Húr skaut allt í einu upp og í þriðja lagi, að hann var nú að brugga ráð til varnar sér. Hvað skyldi taka til bragðs? Það var við volduga að eiga. Ben Húr hafði meiri ástæðu til að óttast þá en þeir hann, enda þótt þeir væru víst engu óhræddari. En hugstæðara en allt annað var honum þó það, að móðir hans og systir kynnu enn að vera á lífi og að til væri maður, sem gæti sagt til þeirra.

Hann gekk sér til hugarhægðar út að tjörninni. Honum datt í hug egypzka mærin og faðir hennar, Balthasar, og fór að hugsa um þá furðulegu hluti, sem hann hafði talað um. En hann gat ekki fellt sig við skýringu hans á því ríki, sem væntanlegt væri. Hinn nýi konungur hlaut að setja nýtt konungsríki á fót í Júdeu, meira og voldugra en áður hafði verið til. Hann hlaut að verða vitrari en Salómon. Undir forustu hans mundi hefndin vís.

Eftir dagverð lét hann taka vagninn fram og skoðaði hann gaumgæfilega. Hann var með grísku sniði, breiðari og lægri en þeir rómversku, en líka sterkari. Hann var að vísu þyngri en vagn Messala, en arabísku hestarnir voru líka þróttmeiri og þolnari. Hann spennti hestana fyrir, æfði þá lengi og traustið á þeim og vissan um sigur styrktist.

Þegar sól var setzt, sat hann í tjalddyrum og beið þess, að Ilderím kæmi. Loks heyrði hann jódyn. Það var Mallúk.

— Ég flyt þér kveðju Ilderíms, sagði Mallúk. Hann biður þig að stíga á bak og ríða til borgarinnar. Hann bíður þín.

Ben Húr spurði einskis, gekk þegar til hestanna. Aldebaran kom á móti honum, eins og til þess að bjóða sig fram. En enginn kappakstursheshestanna skyldi fara út fyrir Pálmalund á næstunni. Hann söðlaði annan og reið af stað.

Þegar til borgarinnar kom, lagði Mallúk leið beint að bústað Símónídesar.

— Er jarlinn hér? spurði Ben Húr.

— Já, komdu með mér.

Í annað sinn gekk Ben Húr í hús Símónídesar. Mallúk varð eftir fyrir utan.

## 34

Hann gekk inn í sama herbergið og áður. Nú brunnu þar mörg ljós. Þar sátu fyrir Símónídes, Esther og Ilderím. Ben Húr leit spyrjandi af einu á annað. Hvað vildu þau honum? Símónídes tók til máls, mælti seint, lagði áherzlu á orðin:

— Sonur Húrs. Meðtak ósk mína um Guðs frið .... Hann dokaði ögn, bætti við: Frá mér og mínum.

Hann sat í stól sínum. Þegar horft var á þetta höfðinglega höfuð, tigna svip og gáfulegu augu, gleymdist, að hér var lamaður maður og ósjálfbjarga. Nú laut hann höfði og krosslagði hendur á brjósti. Hvorki sú athöfn né orð hans urðu misskilin, enda fór það ekki framhjá Ben Húr. Hann sagði mjög hrærður:

— Símónídes, ég tek helgri kveðju þinni og kveð þig á sama veg, eins og sonur föður sinn. Látum aðeins engan misskilning vera okkar á milli.

Kaupmaður leit til Estherar:

— Komdu með stól handa okkar unga herra.

Hún tók stól, roðnaði, leit á föður sinn, síðan á Ben Húr og aftur á föður sinn. Hvorugur vildi á þessari stundu segja, hvar hann skyldi látinn. Þögnin gerðist óþægileg. Þá tók Ben Húr stólinn, lét hann við fætur Símónídesar og mælti:

— Hér vil ég sitja.

Augu þeirra mættust, aðeins andartak, en báðum til upp-örvunar. Hann las þakklæti úr augum hennar, hún drengskap og tillitsemi. Símónídes hneigði höfði til viðurkenningar.

— Esther, sagði hann svo. Réttu mér skjölin.

Hún opnaði hólf í veggnum og sótti það, sem hann bað um.

— Satt sagðir þú, sonur Húrs, við verðum að skilja hvor annan. Hér hef ég skýrslu, sem nær yfir allt, sem nauðsynlegt er til þess. Ég sé ekki nema tvö atriði, sem máli skipta, fyrst eignirnar, síðan afstöðu okkar. Viltu ekki lesa? Ilderím getur verið til vitnis. Hann veit allt og er vinur þinn.

— Hans vináttu þekki ég þegar, sagði Ben Húr. En skjölin get ég lesið síðar. Viltu láta mig heyra það helzta.

Símónídes lét Esther rétta sér eitt skjalið af öðru og las:

| | | |
|---|---|---|
| Í skipum . . . . . | 60 | talentur |
| Í vörum . . . . . | 110 | — |
| Í förmum . . . . . | 75 | — |
| Í úlföldum, hestum o. s. frv. . . . | 20 | — |
| Í vöruhúsum . . . . . | 10 | — |
| Í útistandandi skuldum . . . . . | 54 | — |
| Í reiðu fé . . . . . | 224 | — |
| Samtals | 553 | talentur |

Þegar höfuðstólnum, sem ég tók við hjá föður þínum, er bætt við, verður upphæðin 673 talentur. Þetta er þín eign, sonur Húrs. Þú ert með auðugustu mönnum í heimi, getur nú gert allt, sem þú óskar.

Hann vafði skjölin saman og rétti Ben Húr, hélt einu eftir.

Ben Húr stóð á fætur, átti erfitt um mál:

— Allt þetta er mér eins og ljós frá himni um nótt, sem mér fannst aldrei mundu enda. Ég þakka Guði fyrst, sem ekki hefur gleymt mér, síðan þér, Símónídes. Trúnaður þinn vegur upp á móti grimmd annarra. Þú segir, að ég geti gert allt, sem ég óska. Hver skyldi vera göfuglyndari en ég á slíkri stundu? Vertu mér vitni, Ilderím, og þú Esther.

Hann rétti skjölin að Símónídes:

— Allt, sem hér er skráð, — skip, hús, vörur, úlfaldar, hestar og peningar og allt, sem hér er nefnt, — er þín ævarandi eign.

Esther brosti gegnum tár. Ilderím strauk skeggið. Símónídes sýndi enga svipbreytingu.

— Þín ævarandi eign, endurtók Ben Húr og hafði nú betra vald á rödd sinni, að einu undanskildu og með einu skilyrði. — Hin héldu niðri í sér andanum.

— Þú afhendir mér þær 120 talentur, sem faðir minn átti og þú hjálpar mér að hafa upp á móður minni og systur og sparar ekkert til þess, eins og ég mun ekkert til spara.

Nú duldist ekki, að Símónídes var í mikilli geðshræringu.

— Ég skil þig, sagði hann, og ég þakka Drottni, sem hefur sent slíkan mann til mín. Þér mun ég þjóna, eins og ég þjónaði föður þínum. En samkvæmt lögmálinu má ég ekki verða eigandi þess, sem þú býður mér. Hér er eitt skjal, sem þú hefur enn ekki séð. Taktu við því og lestu upphátt.

Ben Húr tók skjalið og las: Skrá yfir mansmenn Húrs, gjörð af Símónídesi, ráðsmanni eignanna:

1. Amra egypzka, sér um höllina í Jerúsalem.
2. Símónídes, ráðsmaður, búsettur í Antíokkíu.
3. Esther, dóttir Símónídesar.

Svo mjög sem Ben Húr hafði hugsað um þau Símónídes, hafði hann satt að segja ekki hugsað út í, að dóttir hans væri ambátt að lögum. Þessi upplýsing snart hann einhvernveginn ónotalega. Hann setti rjóðan og leit á Esther. Hún var blóðrauð og niðurlút.

— Ég lýsi þig, Símónídes, og þig, Esther, frjáls og tek Ilderím jarl til vitnis. Þessa yfirlýsingu skal ég staðfesta skriflega. Er það ekki nóg?

Símónídes svaraði: — Sonur Húrs, þú gerir ánauðina léttbæra. En mér skjátlaðist, þegar ég sagði, að þú gætir gert allt, sem þú óskar. Eftir lögmálinu geturðu ekki gefið okkur frelsi. Sjáðu, í eyra mér er enn gatið eftir al föður þíns, þegar hann festi mig við dyrastafinn til merkis um, að ég gæti aldrei losazt úr ánauð.

— Gerði faðir minn það?

— Dæmdu hann ekki, hann gerði það að minni ósk og mig hefur aldrei iðrað þess. Ég lagði það í sölurnar fyrir Rakel mína.

— Var hún þá ambátt, sem ekki varð leyst?

— Já.

— Ég var ríkur fyrir. Hinn göfugi Arríus gerði mig auðugan. Nú hef ég fengið miklu meiri auð í hendur frá trúföstum vini, sem sjálfur hefur aflað hans. Guð gerir ekki þetta án þess að hafa tilgang með því. Gef mér því ráð, Símónídes. Hjálpaðu mér að sjá, hvað er rétt og gera það.

—Já, sonur húsbónda míns, ég skal hjálpa þér. Með líkamanum get ég lítið, en með huga og hjarta skal ég þjóna þér. Það sver ég við altari Guðs og fórnargjafirnar á því. Gerðu mig aðeins löglega það, sem ég hef tekið að mér að vera: Ráðsmann þinn, umsjónarmann eigna þinna.

— Það ertu hér með. Eða viltu fá það skriflegt?

— Orð þín nægja mér. En þú, dóttir, hvað segir þú?

Esther stóð hjá föður sínum, feimin og uppburðarlaus. Svo sagði hún:

— Ég er ekki fremri móður minni og úr því hún er farin bið ég þig, herra, að leyfa mér að annast föður minn.

Ben Húr tók í hönd hennar:

— Þú ert gott barn, sagði hann. Gjör sem þú óskar.

Þau þögðu öll langa hríð. Símónídes horfði í gaupnir sér. Loks sagði hann:

— Esther, það er komin nótt og við eigum enn margt ótalað. Láttu koma með eitthvað til hressingar.

Esther hringdi bjöllu og þjónn kom inn með brauð og vín.

— Herra minn, sagði Símónídes, eitt verð ég að segja þér. Um daginn skildist þér, að ég ætlaði að halda fyrir þér rétti þínum. En svo var ekki. Esther veit, að í raun og veru trúði ég þér, og Mallúk getur borið vitni um, að ég sleppti þér ekki úr huga mér.

— Mallúk?

— Já, sá, sem er bundinn við stólinn, verður að hafa hjálparhendur. Mallúk er mín önnur hönd. Og stundum hlaupa aðrir undir bagga .... Hann leit á Ilderím.

— Nú, hér hefurðu fengið vitneskjuna um mig, sagði Ben Húr við Arabann. Hann kinkaði kolli til samþykkis. Símónídes hélt áfram:

— Herra minn, það er ekki unnt að þekkja mann án þess að hafa reynt hann. Ég sá, að þú varst eftirmynd föður þíns, en hitt gat ég ekki séð, hvernig þú ert gerður. Setjum svo, að þú hefðir verið einn af þeim, sem ekki þola að eiga fé? Því sendi ég Mallúk á eftir þér og hann léði mér sín eyru og augu. Ég vona þú sért mér ekki gramur fyrir það?

— Nei, Símónídes, þetta var viturlega gert og góðmannlega.

— Það gleður mig. Nú er fullur trúnaður á milli okkar. Sjáðu til. Eins og vefarinn situr við vefstólinn og sér dúkinn vaxa við handtök sín, eins hefur verið um mig. Auðæfin, sem ég hafði milli handa, jukust í sífellu. Ég spurði sjálfan mig oft, hvernig því viki við. Þar hlaut að vera annar máttur að verki en minn. Stormar eyðimerkurinnar, sem kaffærðu aðra, sneiddu hjá því, sem ég átti. Bylgjurnar, sem brutu skip annarra, lyftu mínum áfram til hafnar. Og ég, sem verð að sjá allt með annarra augum, fastur á sama stað eins og dauður hlutur, hef aldrei tapað á neinum umboðsmanni. Höfuðskepnurnar studdu mig og allir þjónar mínir voru mér trúir.

— Það er furðulegt, sagði Ben Húr.

— Það hefur mér fundizt. Og ég komst að sömu niðurstöðu og þú, að hér væri Guð að verki. Og ég spurði eins og þú: Hver er tilgangur hans? Og ég efaði ekki, að einhverntíma mundi Guð sýna mér, hvað hann ætlaðist fyrir. Og nú hugsa ég, að hann sé búinn að sýna mér það.

Ben Húr virtist hlusta með öllum skilningarvitum.

— Einu sinni fyrir mörgum árum varð ég á vegi þriggja ferðamanna í Jerúsalem. Þeir riðu hvítum úlföldum og þeir spurðu mig og marga aðra um Messías. Um það leyti var mikið um það rætt manna á milli, að hann mundi fæddur. Ég gleymdi þessu aftur. Ójá, við erum börn, jafnvel þeir vitrustu. Hefurðu heyrt getið um Balthasar?

— Já, ég hef heyrt sögu hans.

— Er hún ekki dásamleg? Þegar ég heyrði hana, fannst mér svarið komið, sem ég hafði svo lengi vænzt. Ég þóttist sjá tilgang Guðs. Fátækur verður konungurinn, þegar hann kemur, snauður og vinalaus, ekkert föruneyti, enginn her, engar borgir eða vígi. Og þó á að grundvalla ríki og leggja Róm að velli. Sjáðu, hér er hlutverkið, sem þín bíður, herra minn. Þú, ungur, hertur, vopnfimur, auðugur. Sjá, hvílíkt tækifæri, sem Guð gefur þér! Er nokkur maður borinn til meiri sæmdar?

— En ríkið, sagði Ben Húr ákafur. Balthasar talar um andlegt ríki.

Símónides fann ekki síður til þjóðernis síns en aðrir Gyðingar. Hann sagði, brosti háðslega:

— Víst hefur Balthasar fengið vitranir og ég trúi honum, þegar hann segir frá þeim. En hann er þó Egypti, hefur ekki einu sinni tekið hebreska trú. Hann skilur ekki handleiðslu Guðs á Ísrael. Spámennirnir fengu líka vizku af himni, ekki síður en hann, en hann er einn, þeir margir og Guð er hinn sami til eilífðar. Ég hlýt því að trúa spámönnunum. Esther, réttu mér bækurnar.

Esther sótti nokkra bókfellsstranga, vafða dökkum dúki. Símónides fletti þeim sundur og las til og frá ummæli spámannanna.

— Þessir vitnisburðir ættu að vera fullgildir, herra minn. Ég veit, þú trúir spámönnunum, það hafa allir gert í þinni ætt. Hvað segir Jesaja hér? Sú þjóð, sem í myrkri gengur, sér mikið

ljós. Yfir þá, sem búa í landi náttmyrkranna, skín ljós .... Því að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal höfðingdómurinn hvíla .... Mikill skal höfðingdómurinn verða og friðurinn engan enda taka á hásæti Davíðs og í konungsríki hans .... Þú trúir spámönnunum, herra?

— Já.

— Ef konungurinn verður fátækur og þarfnast fjármuna þinna, ætlarðu þá að hjálpa honum?

— Hann fær allt, sem ég á, til síðasta skildings. En hver segir, að hann verði fátækur?

— Esther, fáðu mér Sakarías. Hvað stendur hér: Fagna þú mjög, dóttirin Zíon, sjá, konungur þinn kemur til þín, réttlátur er hann og sigursæll, fátækur og ríður á asna ....

Ben Húr starði framundan sér.

— Hvað ertu að hugsa um, herra?

— Um Róm, Róm og hersveitir hennar. Ég hef verið í herbúðum hennar og þekki þær.

— Annars vegar hinn fátæki konungur, hins vegar óteljandi herskarar keisarans. Þú spyrð sjálfan þig: Hverju fær hann til vegar komið? En veiztu, hve öflugur Ísraelslýður er? Hann hefur harðnað og margfaldazt undir ánauð Egypta, í útlegð í Babýlon, við kúgun Rómverja. Þú mátt ekki halda, að við séum ekki fleiri en íbúar Júdeu. Minnstu allra þeirra, sem búa í Persalandi, Afríku, Spáni, Grikklandi, já í sjálfri Rómaborg. Þeir eru alstaðar. Því verða margar hendur út réttar, þegar hann kemur, sem dæma skal og ríkja með réttvísi.

Ilderím gamli hélzt ekki lengur í sætinu. Hann stökk á fætur og kallaði upp:

— Ó, að ég væri orðinn ungur aftur.

Ben Húr var niðursokkinn í hugsanir sínar. Hann hafði haft svo marga og mikla drauma um ríkið, sem koma skyldi. Nú var sem draumarnir ætluðu að fara að rætast. En þá vöknuðu svo margar spurningar og íhugunarefni.

— Setjum svo, að allt fari sem þú segir, mælti hann, að konungurinn komi. Eigum við að bíða aðgerðalausir þangað til? Gerir hann boð eftir mér? Þú hefur aldur og reynslu. Hverju svarar þú til þessa?

— Við höfum ekki um neitt að kjósa, sagði Símónídes þegar. Bréfið frá Messala til Gratusar sýnir, að ekki má hika eða

bíða. Við höfum ekki bolmagn gegn þeim, þegar þeir leggjast á eitt. Þér er bráður bani búinn. Þú kannast við miskunnsemi Rómverja, og ég get borið um hana líka. Það fór hrollur um gamla manninn og kvalakippir. Hann jafnaði sig, hélt áfram:

— Það þarf að undirbúa komu konungsins. Ísraelsmenn eru orðnir afvanir vopnaburði. Og þeir hafa engan foringja. Sérðu, hvaða verk bíður þín? Einhver verður að vera konunginum til hægri handar. Hver verður það, ef ekki sá, sem leysir þetta vel af hendi?

— Ég skil þig, Símónídes. En eitt er að vita, hvað gera skal, annað, hvernig það skal framkvæmt.

Símónídes dreypti á bikar sínum:

— Jarlinn og þú, herra, verða foringjar, hvor á sínu sviði. Ég verð hér sem áður og sé til þess, að auðlindin þrjóti ekki. Þú skalt fara til Jerúsalem og þaðan í óbyggðir, telur saman vopnfæra menn, skiptir þeim í tíu og hundrað manna sveitir, fær þeim foringja, venur þá við vopnaburð, safnar vopnabirgðum á leyndum stöðum. Ég sé um kostnaðarhliðina. Bezt að byrja í Pereu. Þar er eyðimörkin öðrumegin og Ilderím skammt undan. Hann gætir veganna og lætur ekkert fara framhjá þér. Ég hef talað við jarlinn. Hvað segir þú?

Ben Húr leit á Ilderím.

— Svo er sem hann segir, mælti Arabinn. Ég hef lofað fylgi mínu. Ég sver þér að styðja þig með öllu mínu fólki og afla.

Allir horfðu fast á Ben Húr. Hann svaraði, röddin óstyrk:

— Ég tek þetta að mér. Ég sé, hvað nú bíður mín. Héðan af verð ég óalandi og óferjandi, hundeltur af Rómverjum ....

Hann hætti, leit upp, Esther var farin að gráta.

— Samúð þín gerir mér hlutskiptið léttbært, sagði hann. Og um aðra leið er ekki að ræða. Ef ég hefst ekki að, bíður mín aðeins smánardauði.

— Eigum við að staðfesta þetta skriflega? spurði Símónídes.

— Orð þín nægja mér.

— Mér líka, sagði Ilderím.

— Þá er þetta útkljáð. Hjálpi oss Abrahams Guð, sagði Símónídes.

— Eitt vil ég enn segja, sagði Ben Húr, léttari í bragði. Með ykkar leyfi vil ég ráða mér sjálfur, unz kappleiknum er lokið. Messala gerir tæpast neitt, fyrr en komið er svar frá landstjór-

anum, og þess er ekki að vænta fyrr en eftir viku. Og jafnvel þótt hættan væri enn meiri, mundi ég ekki vilja neita mér um að mæta honum á hringsviðinu.

Báðir féllust fúslega á þessa uppástungu. Símónídes sagði:

— Það er gott. Mér gefst þá tími til að gera þér smávegis greiða. Þú minntist á arf þinn eftir Arríus. Eru það fasteignir?

— Já, landsetur hjá Mísenum og nokkur hús í Róm.

— Ég legg til, að þær eignir verði seldar og andvirðinu séð borgið. Í þetta sinn skulum við verða fyrri til en ræningjar keisarans. En nú finnst mér við hafa skilað nægu dagsverki.

— Góðu dagsverki, sagði Ilderím.

— Komdu með meiri góðgerðir, Esther. Jarlinn gerir okkur sjálfsagt þann heiður að vera hér í nótt, og þú, herra ....

— Ég fer aftur til Pálmalundar í nótt. Óvinir mínir verða ekki varir við mig í myrkrinu og ég hugsa, að hestunum þyki betra að sjá mig.

Dagur var runninn, þegar þeir Mallúk komu til tjaldanna.

## 35

Síðdegis daginn fyrir kappleikinn voru hestar Ilderíms fluttir til Antíokkíu, svo og kappakstursvagninn og alls tryggilega gætt. Jarlinn lét svipta tjöldum og búast til brottferðar. Þegar að lokinni keppni ætlaði hann að hverfa allar götur út í eyðimörk, þar sem hann væri óhultur.

Hann fór með miklu föruneyti til hringsviðsins og var ekki trútt um, að borgarbúar, og þá ekki síður Rómverjar, hentu gaman að háttum og umbúnaði þessa skringilega, hálfvillta auðnarjarls. Ekki var hann uppnæmur fyrir slíku.

Þeir Ben Húr þóttust vita, að þeim myndi ekki stafa hætta af Messala að svo komnu. En að leikjunum loknum, einkum ef hann færi halloka, myndi hann ekki bíða boðanna, hvort sem hann hefði þá fengið svar frá Gratusi eða ekki.

Þeir riðu hlið við hlið áleiðis til borgarinnar. Báðir voru sigurvissir og í bezta skapi. Á leiðinni riðu þeir fram á Mallúk, sem sat fyrir þeim. Hann sýndi jarli skilríki um, að hestar hans væru skráðir til keppninnar og önnur formsatriði í lagi. Við Ben Húr sagði hann:

— Þú færð að reyna þig við Messala. Þinn einkennislitur er hvítur, hans hárauður og gullinn. Á morgun verður hver Arabi og Gyðingur með hvíta litinn. Rómverjar munu ekki spara veðmálin í þetta sinn, fremur en endranær, þeir veðja tveimur, þremur, fimm gegn einum um það, að Messala sigri.

Hann bætti við í lægra rómi:

— Rétttrúuðum Gyðingi sæmir að vísu ekki að tefla um fé sitt á þennan hátt. En ég hef fengið góðan vin minn — hann situr á bak við ræðismanninn, — til þess að veðja allt að tíu gegn einum, ef þeir verða svo vitlausir.

— Það er gott, Mallúk. Láttu hann hafa nóg af rómverskum peningum — Rómverjar veðja ekki öðru — og láttu hann koma Messala sjálfum og mönnum hans til þess að veðja um hesta Ilderíms og hesta sína.

Mallúk hugsaði sig um.

— Þetta verður til þess, að öll athyglin snýst um ykkur Messala.

— Það hafði ég hugsað, sagði Ben Húr. Gerðu það, sem þú getur til þess, að athyglin beinist að keppni okkar tveggja. Því hærra, sem þeir veðja, því betra.

Mallúk horfði á hann íbygginn.

— Hann mætti verða að láta úti eitthvað af ránsfengnum, sagði Ben Húr eins og við sjálfan sig. Ekki víst, að annað færi gefist. Gæti ég komið bæði hroka hans og fjárhag á kné, myndi faðir vor, Jakob, ekki fyrtast, að ég held. Bjóddu fimm, tíu, já, fimmtíu talentur, ef við Messala sjálfan er að eiga.

— Þetta eru miklar upphæðir, sagði Mallúk. Ég verð að hafa ábyrgð.

— Hana skaltu fá. Farðu til Símónídesar og segðu honum, hvað vakir fyrir mér. Segðu honum, að ég ætli að gera fjandmann minn öreiga og að fullt útlit sé fyrir, að það takist.

Mallúk var sýnilega ánægður. Hann sneri hesti sínum og fór af stað, en sneri við.

— Einu hef ég gleymt. Ég hef ekki getað séð vagn Messala sjálfur, en ég lét mæla hann fyrir mig. Öxull hans er um það bil þverhönd hærri en á þínum vagni.

— Þverhönd! Munar svo miklu, sagði Ben Húr glaðlega. Hann laut að Mallúk og sagði lágt: Hafðu augun hjá þér á morgun,

þegar ég sveigi um brautarbuginn. Ef heppnin er með, þá .... nei, Mallúk, látum það bíða. En hafðu augun hjá þér!

Í sama bili æpti Ilderím upp yfir sig:

— Nei, við dýrð Guðs, hvað er þetta?

Hann rétti Ben Húr auglýsinguna um leikana.

— Lestu þetta, sagði hann ákafur.

Ben Húr tók blaðið og las. Hann renndi augum yfir upptalningu kappleikjanna, sem fram áttu að fara, glíma, hnefaleikar, hlaup og stökk, nam staðar við niðurlagið, þar sem gerð var grein fyrir kappakstrinum. Þar stóð, að slík keppni hefði aldrei áður fram farið í Antíokkíu, hún færi fram Maxentíusi ræðismanni til heiðurs og sigurlaunin væru 100.000 sestertíur og lárviðarsveigur. Því næst voru nöfn þátttakenda, sex talsins, er allir skyldu keppa í einu. Þeir voru þessir:

1. Lýsippus frá Korintuborg, tveir hestar gráir, einn brúnn og einn rauður. Sigruðu í fyrra í Alexandríu og Korintu. Ekill er Lýsippus, litur gulur.

2. Messala frá Rómaborg, tveir hvítir og tveir dökkir hestar. Sigruðu í fyrra á Hringsviðinu mikla í Róm. Ekill er Messala, litur hárauður og gullinn.

3. Kleanþes frá Aþenu, þrír gráir, einn jarpur. Sigruðu í fyrra á iþmisku leikunum. Ekill er Kleanþes, litur grænn.

4. Díkeus frá Býsanz, tveir dökkir, einn grár, einn jarpur. Sigruðu í fyrra í Býsanz. Ekill er Díkeus, litur svartur.

5. Admetus frá Silon, hestar gráir. Hefur sigrað þrívegis í Caesareu. Ekill er Admetus, litur blár.

6. Ilderím jarl úr eyðimörkinni, hestar rauðir, keppa í fyrsta sinn. Ekill er Ben Húr, Gyðingur, litur hvítur.

*Ben Húr, Gyðingur.*

Hvers vegna var þetta nafn hér, ekki Arríus?

Ben Húr leit á Ilderím. Hann skildi, hvað kom til, að jarlinn æpti. Báðir vissu, hvernig í þessu lá: Hér hafði Messala verið að verki.

# 36

Óðar en kvöldaði í Antíokkíu varð miðbik borgarinnar iðandi af fólki, sem streymdi fram og aftur um strætin. Hvarvetna kvað við söngur, hróp og hlátrar. Hér ægði saman allra landa lýð, en svo var í öllum borgum Rómaveldis.

Þetta kvöld hefði aðkomumanni í Antíokkíu orðið sérstaklega starsýnt á eitt: Nálega hver maður bar band, linda eða fjaðraskúf með ákveðnum lit. Mest bar á grænu, hvítu eða gullrauðu. Þannig skipuðu bæjarbúar sér í flokka með hinum ýmsu keppendum á veðskeiðinu næsta dag.

En hverfum af strætunum og lítum inn í „Höllina". Hún er uppljómuð og inni eru flestir þeir sömu, sem fyrr urðu fyrir oss á þessum stað. Ungir menn liggja fyrir á bekkjum og sofa úr sér vímuna, aðrir leika að teningum, enn aðrir ganga um gólf. Menn skiptast á orðum um daginn og veginn og ekki neitt, spyrja, hvernig muni viðra á morgun, hvernig sé með þetta eða hitt á hringsviðinu. Þeim leiðist. Þeir eru búnir að veðja um úrslit kappleikjanna, nema um kappaksturinn, þar eru allir á einu máli: Messala hlýtur að vinna, annað er óhugsandi, hann vann í fyrra á Hringsviðinu mikla í Róm, hefur þá beztu þjálfun, sem völ er á og er — Rómverji.

Messala hvílir sjálfur á bekk úti í horni og hópur góðra vina kringum hann. Drúsus og Sesilíus koma inn í salinn.

— Það veit Bakkus, að nú er ég þreyttur, segir Drúsus.

— Nokkuð í fréttum? spyr Messala.

— Ekki hægt að komast úr sporunum fyrir fólki, aldrei séð annað eins hér. Öll veröldin virðist ætla að sjá keppnina á morgun.

— Sástu nokkuð sérlegt?

— Ekki neitt.

— Þú gleymir, segir Sesilíus.

— Hverju?

— Hersingunni með hvíta litinn.

— Já, undur og stórmerki! Drúsus reis upp við olnboga. Við mættum hóp hvítingja, ha, ha, ha. — Hann lagðist fyrir aftur.

— Hvað um það?

— Tómt rusl úr óbyggðum og sorpætur frá Jerúsalem. Við buðum þeim að veðja og .... ha, ha, ha, kemur ekki einn, eins og ormétin beinagrind, sagðist fylgja Gyðingnum Ben Húr og vildi veðja .... ha, ha, ha, veðja heilum sikli, já Júpíter sæll, sikli.

— Sikli! kvað við um allan sal og á eftir dynjandi hlátur.

— Og hvað gerðir þú, Drúsus? spurði Messala.

Í þessu heyrðist háreysti við dyrnar og einhver kallaði:

— Einn af þeim hvítu!

— Hvítur! Láttu hann koma.

Komumaður var sá sami, sem verið hafði Ben Húr samskipa frá Kýpur. Hann var í hvítri skikkju með vefjarhött á höfði, bar sig stillilega og tígulega, brosti, hneigði sig, gekk að borðinu, tók sér sæti og veifaði hendi. Glitrandi gimsteinn á fingri hans gerði sitt til þess að hann fékk gott hljóð.

— Rómverjar, göfugu Rómverjar, heilir og sælir!

— Viti Júpíter, sá kann að haga sér! Hver er þetta? spurði Drúsus.

— Gyðingshundur, heitir Sanballat, vellríkur, býr í Róm, versti klækjarefur. Leikum á þrælinn.

Messala stóð upp um leið og hann sagði þetta og gekk til komumanns eins og aðrir.

Sanballat tók upp spjöld sín í makindum.

— Ég heyrði því fleygt, að það væri mikil óánægja í Höllinni yfir því, að enginn héldi á móti Messala. Guðirnir verða að fá fórnir, eins og þið vitið. Þið sjáið lit minn. Hvað bjóðið þið?

Þögn.

— Fljótir nú! Ræðismaðurinn bíður mín.

Þetta hreif.

— Tvo gegn einum, kölluðu margir í senn.

— Hvað? Ekki nema tvo? Og þið eruð Rómverjar?

— Þrjá þá.

— Ha? Sagðirðu fjóra?

— Já, fjóra.

— Ég er ekki annað en Gyðingshundur, en ég hélt, að sæmd Rómaborgar nægði ekki minna en fimm.

— Já, segjum fimm. — Glymjandi húrrahróp kváðu við — það var Messala, sem hafði skorizt í leikinn.

Sanballat brosti, gerði sig líklegan til að fara að skrifa, sagði:

— Þótt keisarinn falli frá á morgun, er Rómaborg ekki öllu svipt. Einn er þó eftir, sem getur tekið sæti hans. Við segjum sex?

— Segjum sex, tók Messala upp. Sex á móti einum — það er munurinn á Rómverja og Gyðingi. Þá hefurðu það, þú elskhugi svína. Og nefndu svo upphæðina, strax, svo að ræðismaðurinn þurfi ekki að vera allt of lengi án þín.

Sanballat lét sem hann heyrði ekki hláturinn, hann skrifaði og rétti Messala spjaldið.

— Lestu upphátt! kölluðu allir. Og Messala las:

Kappakstur. Messala frá Rómaborg veðjar við Sanballat frá Rómaborg, að hann muni vinna Gyðinginn Ben Húr. Upphæð veðmálsins: 20 talentur, vinningur Sanballats: Sex gegn einum.

Dauðaþögn í salnum. Hver maður virtist hafa orðið að steini undir lestri Messala. Messala starði á spjaldið og hvert auga hvíldi starandi á honum. Hann fann það. Hann stóð fyrir skemmstu í sömu sporum og nú og espaði aðra. Ef hann neitaði að skrifa undir, mundi hann setja herfilega ofan. En hann átti ekki hundrað talentur til, ekki einu sinni tuttugu. Hann gat ekki skrifað undir. Hann gat hvorki hugsað né talað, varð öskugrár í framan. Loks kom hann auga á leið:

— Heyrðu, Gyðingur, hvar hefur þú tuttugu talentur? Sýndu mér skilríki.

Sanballat brosti, rétti Messala blað. Messala varð enn að lesa upphátt:

*Antíokkíu, 16. september.*

*Handhafi þessa skírteinis, Sanballat frá Rómaborg, á hjá mér undirrituðum fimmtíu talentur í gangsilfri keisarans.*

*Símónides.*

— Þú lýgur, Gyðingur! hrópaði Drúsus. Hver á fimmtíu talentur í handbæru lausafé nema sjálfur keisarinn!

Sanballat hreyfði sig ekki og ekki hvarf honum brosið. Messala tók til máls:

— Umskorni rakki, sagði ég ekki sex gegn einum?

— Jú.

— Ég stend við orð mín, en upphæðina vil ég ákveða sjálfur. Skrifaðu fimm í stað tuttugu.

– Áttu þá svo mikið?

– Svei mér þá, þú getur séð kvittunina.

– Nei, orð slíkrar rómverskrar hetju eru nóg. En sex er jöfn tala, á ég ekki að skrifa sex?

– Þá það.

Veðmálið var skrásett og vottfest. Sanballat stóð upp, brosið var orðið að kuldaglotti. Hann kunni flestum betur tökin á þessum peyjum.

– Rómverjar, sagði hann, annað veðmál, ef einhver vill og þorir. Ég veðja fimm talentum gegn fimm um það, að sá hvíti vinnur. Þið getið lagt saman allir.

Aftur þögn.

– Hvað? Á það að spyrjast á morgun, að einn umskorinn rakki hafi gengið fyrir hóp rómverskra aðalsmanna í Höllinni, meðal hverra var frændi sjálfs keisarans, og viljað veðja um fimm talentur, en enginn þeirra þorað?

Frýjunin beit. Drúsus rauk upp:

– Skrifaðu þá, ósvífna skepna, skildu tilboð þitt eftir hér á borðinu. Ef það sannast á morgun, að þú hafir nóg fé til þess að leggja í svona vonlausa tvísýnu, þá ábyrgist ég, að veðmálið skal verða staðfest.

Sanballat skrifaði aftur, stóð upp og sagði, hafði aldrei verið stilltari:

– Ég skil tilboðið eftir hjá þér, Drúsus. Þú sendir mér það þá undirritað einhverntíma áður en keppnin hefst. Ég sit hjá ræðismanninum. Friður sé með ykkur, friður með öllum.

Hann hneigði sig og fór, lét sem hann heyrði ekki tóninn, sem þeir sendu honum.

Um nóttina flaug fréttin um þessi geipilegu veðmál um allan bæ. Ben Húr, sem hvíldi um nóttina hjá gæðingunum sínum, spurði þetta líka og það með, að Messala hefði hætt öllu, sem hann átti. Hann hafði aldrei sofnað værar.

## 37

Hringsvið Antíokkíu var sunnan árinnar, andspænis eynni. Kappleikirnir voru gjöf til lýðsins og aðgangur ókeypis. En þótt rýmið væri ærið, þótti mönnum vissara að fara á stúfana

deginum áður snemma og hópuðust saman í nágrenninu. Um miðnætti var hliðum lokið upp og fólkið streymdi í sætin og ekkert hefði getað bifað því þaðan nema jarðskjálfti eða vopnaður her. Það svaf á bekkjunum og hafði með sér nesti.

Heldra fólk tryggði sér sæti fyrirfram, kom ekki fyrr en um morguninn. Um svipað leyti lagði hersveitin af stað frá Súlpíusfjalli í fullu skrúði undir blaktandi fánum. Þegar síðasta deildin hvarf út á brúna, var Antíokkía að heita mannlaus. Ekki svo að skilja, að allir borgarbúar rúmuðust á hringsviðinu, en þeir voru samt þangað farnir.

Mikill mannfjöldi var á árbakkanum til þess að sjá ræðismanninn stíga á land. Meðan hann var að lenda og herdeildin að heilsa honum, skyggði það sjónarspil í bili á hringsviðið.

Um þriðju stundu voru áhorfendur komnir í sæti. Kvatt var hljóðs með lúðrablæstri og í sama bili litu allir, hátt á annað hundrað þúsund manns, til austurenda hringsviðsins. Þar var hátt og vítt hvolfhlið, nefnt Porta Pompae, Hátíðarhliðið. Yfir því var pallur, skreyttur skjaldarmerkjum og fánum. Þar var heiðurssæti ræðismanns. Beggja megin hvolfhliðsins voru básar, nefndir dýflissur, luktir rammbyggilegum hurðum, er léku á strendum súlum. Þar yfir var múr með lágri brún og að baki hennar hækkandi sæti handa virðingamönnum. Yzt beggja vegna voru turnar, bæði til prýðis og til þess að halda uppi tjöldum, sem þanin voru yfir þetta svæði til þess að veita forsælu.

Nú skal lesandinn hugsa sér, að hann sitji í sæti ræðismanns. Hann snýr til vesturs og allt sviðið blasir við. Það er aflangt og stráð hvítum sandi. Þegar horft er til vesturs yfir sviðið blasa við þrjár lágar súlur úr grásteini á marmarafótstalli. Mörgum augum verður beint að þessum stað í dag, því að þar er fyrra markið, þar hefst og endar keppnin. Að baki súlnanna er bil fyrir altari og gangur. Þá tekur við múrveggur, 10—12 feta breiður, 5—6 feta hár og 600 fet á lengd. Fyrir enda hans eru aftur samskonar súlur. Þar er síðara markið.

Kappakstursmenn koma inn á sviðið hægra megin við fyrra markið, hafa múrinn alltaf á vinstri hlið, og sveigja fyrir enda hans við mörkin. Upphafs- og endastöðvar keppninnar blasa því við úr sæti ræðismanns. Um allt sviðið liggur múr, 15—20 feta hár, og þrenn hlið á, eitt á vesturgafli sviðsins, beint á

móti hátíðarhliðinu. Það heitir Sigurfararhlið. Þar fara sigurvegarar út, krýndir sveigum. Hin tvö eru á norðurhlið og ætluð almenningi. Upp af múrnum, sem liggur um sviðið, eru hækkandi sæti hringinn í kring.

Nú sér lesandinn sviðið fyrir sér. Lúður er þeyttur og mannmergðin er þögul og hreyfingarlaus. Inn um Hátíðarhliðið kemur skrúðmikil fylking með hljóðfæraslætti. Þar koma yfirvöld borgarinnar og formaður leikanna. Þá eru goðamyndir fluttar inn, mjög skreyttar. Loks koma keppendur í þeim klæðum, sem þeir skulu keppa í. Áhorfendur ljósta upp fagnaðaróp, sem dynur eins og brimhljóð. Mest gengur á, þegar aflraunamennirnir ganga hjá, því að vart er sá maður í öllum þessum grúa, sem ekki hefur veðjað um þá, meira eða minna. Það er auðvelt að heyra, hverjir njóta mestrar hylli. Nöfn eru kölluð upp, blómum stráð.

Ekki fóru kappakstursmennirnir varhluta af fagnaðarlátunum, enda var fögur sjón að sjá skrautvagnana, gæðingana og glæsimennin, sem stýrðu þeim. Ökusveinar riðu með þeim öllum, nema Ben Húr. Hann kaus að vera einn, hvort sem það hefur verið af tortryggni eða öðru. Og allir höfðu þeir hjálma nema hann. Þegar þeir fara hjá, standa áhorfendur upp á bekkina. Það má sjá, að mjög skiptast áhorfendur í flokka um þessa keppendur. Litaskiptin í bekkjunum segja til þess. Mest ber á hvítu og gullrauðu.

Hrópin fara hækkandi eftir því sem vögnunum miðar áfram á sviðinu. Blómum rignir yfir þá. Loftið skelfur af köllum:

— Messala! Messala!

— Ben Húr! Ben Húr!

Þegar þeir eru komnir fram hjá, setjast menn niður og taka tal saman.

— Viti Bakkus! segir kona, málfarið rómverskt, — var hann ekki guðdómlegur!

— Og vagninn, allur af gulli og fílabeini segir önnur. Júpíter veiti honum sigur!

Að baki þeim er allt annað sjónarmið:

— Gyðingurinn vinnur! Ég veðja hundrað siklum! Röddin er há og hvell.

— Sá var nú kaldur og ákveðinn! Eða handleggirnir á honum!

— Segðu hestarnir!

— Mér finnst hann ólíkt laglegri en Rómverjinn.

Þannig var kallað og skrafað, ekki ævinlega í vinsamlegum tón.

Þegar hringferðin var á enda vissi Ben Húr, að hann hafði fengið ósk sína uppfyllta. Hvert auga hvíldi á keppni hans við Messala.

## 38

Klukkan um þrjú að voru tímatali var dagskráin á enda, nema kappaksturinn. Þá varð hlé. Hliðin voru opnuð og allir, sem gátu, fóru út til þess að fá sér hressingu. Þeir, sem eftir sátu, geispuðu, töluðu, báru sig saman um veðmálin og skipti mjög í tvö horn um svip þeirra, eftir því, hvort þeir höfðu unnið eða tapað.

Sumir kærðu sig ekki um að horfa á annað en kappaksturinn og notuðu þeir sér þetta tækifæri og fengu sér sæti. Meðal þeirra var Símónides og föruneyti hans. Þau settust nálægt aðaldyrum, andspænis sæti ræðismanns. Fjórir þjónar báru kaupmann í stóli. Mörgum varð starsýnt á hann, einhver nefndi nafn hans og það flaug frá einum til annars, menn stigu upp á bekkina til þess að sjá þennan mann, sem átti að baki sér svo furðulega sögu, í senn sögu dæmalausra happa og óheyrilegra slysa. Þá þekktu menn og Ilderím og margir fögnuðu honum. En ekki þekktu menn Balthasar, eða konurnar tvær, sem með þeim voru, Íras og Esther. Þegar þær höfðu setzt leit Esther skelfd yfir sviðið, dró síðan blæjuna betur yfir andlitið. Egypzka mærin lét blæjuna falla aftur á herðar og horfði kringum sig í yfirbordS óvitund þess, að á sig væri horft, en slíkt er hjá konum venjulega árangur langrar æfingar.

Ekki gafst langt tóm til að líta í kringum sig. Tveir verkamenn komu inn á sviðið og þöndu hvítan streng þvert yfir það veggja á milli framan við fyrra markið. Um sama leyti komu sex menn inn um Hátíðarhliðið og staðnæmdust fyrir framan dyrnar á „dýflissunum", þar sem hestarnir voru. Við það hófst almennt orðaskvaldur.

– Sjáðu, sjáðu, sá græni fer að tölunni 4 hægra megin. Þar er Aþeningurinn.

– Messala, já, hann er annar.

– Hvar er sá hvíti? Jú, hann er fyrstur, fyrstur til vinstri.

– Nei, sá svarti nemur staðar þar, sá hvíti við töluna 3.

Sexmenningarnir, sem ollu þessu umtali, voru sem sé klæddir eins litum fötum og keppendurnir. Því vissu áhorfendur, hvar hver keppandi mundi koma út.

– Hefur þú séð Messala? spurði egypzka mærin Esther.

Esther hryllti við um leið og hún neitaði spurningunni. Þessi Rómverji var fjandmaður Ben Húrs og sjálfsagt föður hennar líka.

– Hann er fagur eins og guð, sagði Íras leiftrandi augum. Esther leit á hana og hugsaði: Er hann fallegri en Ben Húr? Um leið heyrði hún Ilderím segja við föður hennar:

– Jú, hann er við aðrar dyrnar til vinstri. Hún hélt hann væri að tala um Ben Húr, leit á hurðina og baðst fyrir í hljóði.

Í þessu kom Sanballat aðvífandi. Hann hneigði sig fyrir jarli og sagði:

– Ég var að líta á hestana þína. Þeir eru í prýðisstandi. Og, Símónídes, nú er veðmálið við Drúsus staðfest, sjáðu.

Hann rétti honum spjald.

– Ég veit það, sagði Símónídes. Þeir sendu til mín að spyrjast fyrir um, hvort þú ættir svona mikið handbært. Geymdu spjaldið. Ef þú tapar, veiztu, hvert þú átt að fara. Ef þú vinnur, he, vinnur .... já, geymdu spjaldið vel. Láttu hann ekki sleppa. Kreistu út síðasta sikilinn. Það ætla þeir sér hvort eð er með okkur. En viltu ekki fá þér sæti?

– Ég þakka hugulsemina. En það er vissara, að ég sé sem næst ræðismanninum, annars sýður upp úr unga Rómverjanum þarna. Friður sé með þér, friður með ykkur öllum.

Nú var allt að verða tilbúið. Lúðrar voru þeyttir. Um leið komu nokkrir aðstoðarmenn í ljós niðri á sviðinu, þeir klifu upp á pall rétt hjá síðara markinu og settu þar upp sjö tréknetti. Síðan fóru þeir að fyrra markinu og settu þar upp sjö höfrungamyndir úr tré.

– Hvað á þetta að þýða? spurði Balthasar.

– Hefurðu aldrei séð kappakstur fyrr?

– Nei, og ekki veit ég, af hverju ég er hér núna.

— Þetta er til þess að halda tölunni á umferðunum. Hvert sinn sem vagnarnir eru búnir að fara hringinn, verður einn knöttur og einn höfrungur tekinn ofan.

Nú mundi á hverri stundu verða gefið merki um að byrja. Áhorfendur stóðu á öndinni og einblíndu á dyrnar sex. Óvanalegur roði í kinnum Símónídesar sýndi, að hann var ekki ósnortinn af ofvæni þessarar stundar. Ilderím strauk skeggið eins og hann ætti lífið að leysa.

Lúður gall, hátt og hvellt. Dyrnar lukust upp. Fyrst komu ökusveinarnir fram, fimm talsins — Ben Húr hafði engan. Menn veittu þeim vart athygli, þótt skrautlegir væru. Allir horfðu á opnar dyrnar, og hlustuðu á hófakrafsið, frýsið og köllin, sem þaðan bárust.

Þá var merkið gefið. Fereykin sex þustu út eins og kólfi væri skotið. Manngrúinn spratt á fætur og upp á sætin líkt og rafstraumi hefði verið hleypt á hann, með ærandi ópum og öskrum. Loksins var stundin komin, sem hugsun þeirra og tal hafði snúizt um vikum saman.

— Hann er þarna, sjáðu, þarna! sagði Íras, benti á Messala.

— Já, ég sé hann, sagði Esther, horfði á Ben Húr. Á þessari stundu fann hún ekki til ótta. Hún fékk aðkenningu af fögnuði hetjunnar, sem vinnur afrek í augsýn margra, og hún skildi æ síðan, hvernig háski, jafnvel dauðinn, gleymist á þeim stundum, þegar dáð er drýgð.

Nú blöstu keppendurnir við frá hverjum stað hringsviðsins. En keppnin var samt ekki hafin.

Hvíti strengurinn var til þess að allir færu jafnt af stað. Ekki máttu hestarnir fara á hann, en á hinn bóginn var um að gera að vera eins nærri honum og kostur var, þegar hann væri tekinn upp. Þá stóðu menn betur að vígi með að verða innstir á brautinni, næst múrnum, en það var höfuðkeppikefli. Það þurfti glöggt auga, sterka hönd og taugar til þess að láta sér í engu fatast þessi 250 fet að strengnum, þegar augu tugþúsunda hvíldu á.

Allir sex þeyttust að sama marki og varð ekki annað séð, en að allt hlyti að fara í eina bendu. Org og óhljóð áhorfenda komust í trylling. Þetta skipti engum togum, vagnarnir þustu fram að strengnum, merki var gefið, sem enginn heyrði fyrir óganginum en umsjónarmennirnir sáu og létu strenginn falla

og mátti ekki seinna vera til þess að hestar Messala færu ekki á hann. Rómverjinn veifaði svipunni, laut áfram, slakaði á taumum, laust upp sigurópi — náði múrnum.

— Júpíter með oss, Júpíter með oss! — æptu fylgismenn hans.

Um leið og Messala tók sveigjuna rakst gyllti ljónshausinn á vagnmöndli hans í framfótinn á utasta hesti Aþeningsins þeim megin, svo að hann hrökk á hinn næsta. Báðir reikuðu og prjónuðu. Háreystin þagnaði, mönnum varð ekki um sel. Aðeins í nágrenni ræðismanns heyrðust köll, Drúsus æpti af öllum kröftum:

— Hann vinnur! Júpíter með oss!

— Hann vinnur! tóku aðrir undir, þegar Messala herti á sér.

Aþeningurinn var í þessu að reyna að rétta sig af, vildi sveigja til hægri, en þar var Lýsippus frá Korintu fyrir. Til vinstri var Díkeus frá Býsanz að reyna að komast fram úr og nú vildi svo illa til, að hann rakst á vagn Aþeningsins og setti undan honum vinstra hjólið. Um leið brast við hátt, vagninn valt og hinn óheppni Kleanþes lá undir hófum hesta sinna. Þetta var ljót sjón — Esther greip fyrir augun. Kleanþes var tekinn og borinn út í skyndi, vagninn og hestarnir fjarlægðir. Og áfram þustu hinir.

Sanballat sneri sér að Drúsusi:

— Hundrað sestertíur til fyrir Gyðinginn.

— Samþykkt! svaraði Drúsus.

— Annað hundrað, sagði Sanballat. En nú heyrði enginn til hans fyrir áfergju og köllum:

— Messala, Messala! Júpíter með oss!

## 39

Ben Húr hafði séð þegar í stað, að Messala mundi ná múrnum fyrstur, ef strengurinn væri látinn falla á þeirri stundu, sem honum hentaði. Og hann fékk þegar sterkt hugboð um, að svo mundi fara og að Messala hlyti að vita það, — öðruvísi varð atferli hans ekki skýrt, hann gæti ekki farið svona geyst beint á strenginn, ef hann vissi sér ekki óhætt. Auðvitað hafði hann mútað eftirlitsmönnunum. Enda féll strengurinn við

tærnar á hestum hans, og hann náði þeirri aðstöðu, sem bezt var. Allir hinir gerðu sitt ýtrasta til þess að komast sem innst á brautina, Ben Húr sveigði til hægri. Meðan áhorfendur höfðu hugann mest við óhapp Aþeningsins og keppendurnir máttu hafa sig alla við til þess að stilla hesta sína og lenda ekki í þvögu, hafði hann rennt sér í stóran sveig á feiknahraða og komizt samsíða Messala. Engum, sem á horfði, duldist, að þetta var fimlega og rösklega gert, frábært afrek, og hann var óspart hylltur. Esther klappaði saman lófum, Sanballat bauð ný veðmál og brosti til hægri og vinstri, en enginn tók í það. Rómverjum fór að koma í hug, hvort Messala hefði mætt jafnoka sínum eða ofjarli, og það Gyðingi.

Þeir nálguðust síðara markið hlið við hlið og dró hvorki sundur né saman. Mest reyndi á, þegar sveigja skyldi í hálfhring fyrir markið. Þar sást bezt, hversu menn dugðu. Áhorfendur voru hljóðir þessa stundina, biðu átekta, ekkert heyrðist nema hófadynur og hjólaþytur. Þá var sem Messala gæfi fyrst Ben Húr gaum og hann gat ekki setið á strák sínum. Niður Eros, upp Marz! hrópaði hann, sveiflaði keyri sínu og laust hesta Ben Húrs. Höggið fór ekki fram hjá neinum, sem á horfði. Þögnin dýpkaði. Jafnvel í grennd ræðismannsins þótti mönnum nóg um. Kyrrðin hélzt aðeins andartak. Þá brauzt út gremja fólksins í þrumandi köllum, sem lýstu vanþóknun á þessu hrekkjabragði.

Hestar Ben Húrs tóku tryllingslegt viðbragð. Þeir þekktu ekki högg, höfðu aldrei kynnzt öðru en varfærni, natni og ástúð. Þeir urðu auðvitað ólmir, viti sínu fjær.

Allt, sem menn reyna, má þeim að gagni koma. Nú kom sér vel fyrir Ben Húr að vera stórhentur og handsterkur. Hann hafði ekki til einskis tognað og harðnað á árinni. Og hvað var skrið og sveiflur vagnsins á móti því, þegar galeiðan hoppaði í haugasjó? Hann bifaðist ekki, gaf hestunum lausan taumin, kallaði til þeirra sefandi gæluorðum, gætti þess eins að renna þeim á svig fyrir buginn, þar sem hættan var mest. Áður en fólkið hafði áttað sig hafði hann náð fullri stjórn á ferð sinni. Og þegar aftur var komið að fyrra markinu var hann enn orðinn samsíða Messala og hafði áunnið sér samúð og fylgi allra áhorfenda, annarra en rómverskra. Það var svo ó-

tvírætt látið í ljós, að Messala mun ekki hafa þótt fýsilegt að hafa frekari klæki í frammi.

Um leið og vagnarnir þustu fyrir markið, sá Esther sem snöggvast framan í Ben Húr. Hann var nokkru fölari og bar höfuðið hærra en vani hans var, en stilltur og alveg rólegur.

Nú var einn af hvítu knöttunum tekinn ofan að vestanverðu og einn höfrungurinn að austan. Fyrsta umferð var búin. Annarri og þriðju lauk, án þess að bæri til tíðinda. Messala hélt stöðu sinni, Ben Húr sinni samsíða honum, hinir fylgdu sem áður. Í fimmtu umferð tókst Sídoningnum að komast samsíða Ben Húr, en fékk ekki haldið ferðinni og dróst aftur úr. Ferðin jókst jafnt og þétt. Menn og hestar fundu, að úrslitin voru í nánd. Enda aðeins tvær umferðir eftir.

Frá byrjun hafði áhugi áhorfenda mest snúizt um þá Messala og Ben Húr. Þegar hér var komið fóru ýmsir að verða uggandi um Ben Húr. Allir hölluðu sér fram í sætunum hreyfingarlausir, nema þegar þeir viku til höfði til þess að fylgjast með akstrinum. Ilderím var hættur að strjúka skeggið.

— Hundrað sestertíur um Gyðinginn! kallaði Sanballat. Ekkert svar.

— Talenta, eða fimm talentur. Hver vill hvað?

Hann hristi spjöld sín að Rómverjunum á palli ræðismannsins.

— Ég skal veðja um sestertíurnar, sagði ungur Rómverji.

— Gerðu ekki það, greip annar fram í. Messala nær ekki meiri hraða. En líttu á Gyðinginn.

— Ha, Herkúles góður, heldur ekki hundurinn við hestana af kröftum! Messala má fara að vara sig. Nei, sjáðu, sjáðu! Júpíter með oss, Júpíter með oss!

Ópið var endurtekið og margfaldað, svo að tjaldhiminninn yfir sæti ræðismanns hristist.

Messala hafði komizt á fyllstu ferð, enda þokaðist hann nú fram úr, hægt en öruggt. Hestar hans teygðu makka og höfuð fram og niður, kviður þeirra virtist strjúkast við jörðina, nasirnar, þandar til hins ýtrasta, voru sem blóð að sjá. Þeir tóku án efa á öllu því, sem þeir áttu til. Hve lengi myndu þeir halda sprettinum? Enn voru nálega tvær umferðir eftir. En ekki linuðu þeir á. Og þegar síðara markið nálgaðist, sveigði Ben Húr til hliðar í kjölfar Rómverjans.

Fögnuðurinn hjá fylgismönnum Messala fór yfir öll takmörk. Þeir grenjuðu og görguðu. Sanballat buðust veðmál úr öllum áttum.

Mallúk fór ekki að lítast á. Ben Húr hafði látið orð falla um, að eitthvað mundi bera við í vestari bugnum. Fimm umferðir voru búnar og ekkert hafði borið við. Hann hafði sagt við sjálfan sig, að það myndi koma í sjöttu umferð. En nú sá hann ekki betur en að vinur hans ætti fullt í fangi með að slitna ekki aftan úr fjandmanni sínum.

Símónídes var orðinn niðurlútur. Ilderím tuggði skeggið og hafði látið brúnir síga, svo að rétt maraði í augun. Esther dró vart andann. Íras ein var glöð á svip.

Skipanin hélzt hin sama. Enn skyldi sveigt fyrir fyrra markið. Messala óttaðist að missa stöðu sína og beitti vagninum háskalega nærri múrnum. Eitt fet til vinstri og allt hefði farið í mola. En þegar sveigjan var um garð gengin, hefði enginn, sem litið hefði á hjólförin, getað sagt, hvar Messala hafði farið og hvar Ben Húr — förin voru aðeins ein.

Þegar þeir fóru hjá, sá Esther aftur framan í Ben Húr og hann var nú fölari en áður. Símónídes laut að Ilderím og sagði:

— Ég er illa svikinn, ef hann býr ekki yfir einhverju, mér sýnist það á honum.

Ilderím svaraði:

— Sjáðu, það sér ekki á þeim, þeir blása ekki nös, eru ekki farnir að hreyfa sig enn. Gáðu nú að!

Nú var aðeins ein umferð eftir. Allir stóðu á öndinni. Nú mundi skríða til skarar.

Sídoningurinn keyrði hesta sína allt hvað af tók og virtist um stund ætla að komast í fremstu röð. En ekki varð af því. Hinir tveir gerðu líka tilraun til þess að ná sér fram úr, en án árangurs og komu úr þessu ekki til greina. Það var því eðlilegt, að allir, sem ekki fylgdu Rómverjanum, byndu vonir sínar við Ben Húr.

— Ben Húr, Ben Húr! kölluðu þeir hver um annan þveran.

— Áfram, Gyðingur, hertu á! Að múrnum! Nú eða aldrei!

Annað hvort heyrði hann ekki þessar eggjanir eða gat ekki betur gert, því að ekki herti hann sig. Þeir nálguðust buginn við vestara markið. Messala varð að taka í taumana til þess að ná sveigjunni. Hann efaðist ekki um sigur. Aðeins í sex

hundruð feta fjarska, við lokamarkið, beið hans aukin upphefð og auðlegð. Í þessum svifum sá Mallúk Ben Húr lúta fram og gefa hestum sínum lausan taum. Hann lét hvína í svipunni yfir þeim, án þess að koma við þá. Þeir geystust fram, samtaka, svo að ekki varð á milli séð, hvort einn hljóp eða fjórir, og áður en auga varð á fest voru þeir komnir samsíða Rómverjanum. Messala heyrði, að eitthvað var að gerast, en þorði ekki að líta við á þessum hættustað. Frá áhorfendum heyrði hann ekkert. Hið eina, sem heyrðist, var rödd Ben Húrs. Hann talaði til hestanna á hinni fornu tungu jarlsins, aramaisku:

— Fram, Atair, fram Rigel! Antares, ekki slaka! Rétt, Aldebaran! Þeir syngja í tjaldinu heima, börnin, konurnar, syngja um stjörnurnar, um Atair, Antares, Rigel, Aldebaran, um sigur. Gott, vinir. Heim á morgun. Fram! Betur! Gott, gott. Búið! So-so. Stöðugir. So-so. Hinn drambláti er dottinn í duftið. Hægir nú!

Það, sem fram fór, gerðist snöggt og skrykkjalaust. Messala var að taka buginn. Ben Húr beitti yfir brautina, fast hjá honum, komst samsíða. Þetta var mikið vandaverk. Þúsundirnar á bekkjunum skildu það. Þeir sáu merkið, sem hann gaf, og hvernig hestarnir brugðu við. Sáu hann fast upp við Messala, vinstra hjól hans rétt aftan við vagn Messala. Allt þetta sáu þeir. Þá kvað við brestur, svo að undir tók í sviðinu öllu, og hraðar en hugur manns þeyttust gul og hvít brot í allar áttir. Vagn Rómverjans sentist um og söng í, þegar öxullinn stakkst í jörð, söng og surgaði aftur og aftur. Þá brast vagninn, fór í mél, og Messala, flæktur í taumana, kastaðist fram yfir sig ofan yfir hesta sína.

Á óhugnað þessarar sjónar var engu bætandi, en þó jók það enn á, að Sídoningurinn, sem var næstur á eftir, gat hvorki stöðvað sig né sveigt hjá. Hann hentist á fullum hraða ofan á hrúgaldið, yfir manninn og hestana, tryllta og stjórnlausa.

Fólkið reis á fætur, stökk upp á bekkina, æpti og hrein. Þeir, sem í þá átt litu, sáu Messala bregða fyrir í rykmekkinum, ýmist undir hestunum eða vagngrindunum. En langflestir fylgdu Ben Húr með augunum. Þeir höfðu ekki séð, hvernig taumarnir léku í höndum hans, þegar hann sveigði fótmálið til vinstri, sem nægði til þess að járnsleginn möndulendinn á vagni

hans laust hjól Rómverjans og braut það. En þeir sáu svipbreytinguna sem á honum varð, hrifust með af snilld hans og þrótti, þegar hann geystist skeiðið á enda á flughraða, sem minnti meir á vængjaðar skepnur en ferfættar. Þegar Lýsippus og Díkeus höfðu hálfnað skeiðið, fór Ben Húr yfir markið.

Hann hafði unnið.

Ræðismaðurinn reis á fætur. Áhorfendur æptu sig hása. Sigurvegararnir voru krýndir.

Ben Húr leit upp til þeirra Símónídesar. Þau veifuðu til hans. Esther sat kyrr, en Íras stóð upp, brosti til hans og veifaði blævæng sínum. Það gladdi hann, enda vissi hann ekki, að Messala hefði hlotið þessi ástarhót, hefði hann unnið.

Að endingu gengu allir sigurvegararnir í skrúðgöngu eftir sviðinu, hylltir enn af áhorfendum, og fóru út um Sigurfararhliðið.

Dagurinn var á enda.

## *40*

Það sem eftir var dags dvaldist Ben Húr með Ilderím í Antíokkíu, en um miðnætti skyldu þeir fara á eftir lest jarlsins.

Jarl lék á allsoddi og vildi sæma Ben Húr konunglegum gjöfum. Ben Húr vildi ekki þiggja, kvaðst hafa hlotið sín laun, er óvinur hans var auðmýktur.

— Hugsaðu út í, hvað þú hefur gert fyrir mig, sagði Ilderím. Í hverju tjaldi eyðimerkurinnar allt austur til Evrat verður Míra mín rómuð og börnin hennar. Og um leið vex orðstír minn. Synir auðnarinnar munu koma til mín úr öllum áttum og ég verð fjölmennari en nokkru sinni fyrr. Sjálfur keisarinn mun sækjast eftir hylli minni.

Ben Húr svaraði:

— Þú hefur heitið mér vináttu. Það verk, sem ég hef sett mér að vinna, þarfnast mikils. Ég mun þiggja alla aðstoð þína því til handa.

Meðan þeir ræddust við, var tilkynnt koma tveggja manna. Annar var ókunnur, hinn var Mallúk. Honum var fyrst boðið inn.

— Símónídes sendi mig að segja, að Rómverjar hafi mótmælt, að verðlaunin fyrir kappaksturinn væru greidd.

Ilderím þaut upp:

— Salómon í allri sinni dýrð! Eins og það sé ekki sannað, hver vann!

— Dómendurnir hafa líka greitt verðlaunin.

— Mikið var! Hefurðu frétt af Aþeningnum?

— Hann er dauður.

— Dauður? Og Messala slapp lifandi! Það lifir lengst, sem hjúum er leiðast.

— Já, hann slapp lifandi, en hann er ekki öfundsverður. Læknarnir segja, að hann muni aldrei geta stigið í fæturna framar.

Ben Húr sá fjandmann sinn fyrir sér, eigandi sama hlutskipti og Símónídes. Hvort mundi Messala, slíkur sem hroki hans og metorðagirnd var, bera slík örlög með sömu stillingu?

— Símónídes bað mig líka að segja, að Sanballat gangi ekki sem bezt með veðmálin. Drúsus og hans menn neita að borga og hafa skotið málinu undir ræðismann, en hann til keisarans. Messala neitar líka og Sanballat fór að dæmi Drúsusar og kærði fyrir ræðismanni. Málið er ekki útkljáð. Hinir skárri Rómverjar skammast sín fyrir þessar tiltektir og fylgja okkur að málum.

— Og hvað segir Símónídes?

— Hann brosir í kampinn og er hinn ánægðasti. Borgi Rómverjinn, er hann öreigi, borgi hann ekki, er sæmd hans glötuð. Keisarinn telur tæplega hyggilegt að móðga Ilderím nú, þegar herferðin gegn Pörþum stendur yfir. Því heldur Símonídes, að Messala muni borga.

— Þá er allt í lagi, sagði jarlinn hýr, ekki lætur Símónídes snúa á sig.

Mallúk fór. Hinn gesturinn kom inn, ungur piltur, vel til fara og þekkilegur. Hann féll á kné fyrir Ilderím og sagði:

— Íras, dóttir Balthasar, sendir þér kveðju sína og hamingjuóskir í tilefni sigursins í dag.

— Mjög vinsamlegt af dóttur vinar míns. Færðu henni þennan demant til merkis um þá gleði, sem orð hennar hafa veitt mér.

Hann dró hring af fingri sínum og rétti sendimanni.

— Ég skal gera sem þú segir, göfugi jarl. En auk þessa bað Íras mig fyrir önnur orð. Hún bað mig að segja Ben Húr, sem

með þér dvelur, að hún og faðir hennar hafi nú aðsetur í höllinni Ilderni. Það mun gleðja þau, ef Ben Húr gæti verið gestur þeirra á morgun um fjórðu stund.

Jarlinn leit á Ben Húr:

— Hvað segir þú?

— Með þínu leyfi mun ég þiggja boð hinnar fögru meyjar.

Jarlinn hló og sagði:

— Það er rétt fyrir ungan mann að njóta ásku sinnar.

Um miðnætti fór jarlinn af stað, en skildi eftir hest og fylgdarmann handa Ben Húr.

## 41

Næsta dag hélt Ben Húr af stað í heimsóknina. Hann fann fljótt höllina Iderni. Það var mikil bygging úr graníti. Vængjuð ljón úr steini sitt hvoru megin við dyrnar. Í garðinum miðjum stór gosbrunnur í líki ibis-fuglsins, hins helga fugls Egyptalands. Ben Húr gekk beint af augum upp riðið og inn um víðar dyr, sem stóðu upp á gátt. Þar tók við forsalur, hár og mikill, látlaus að gerð, en benti til þess, að mikils væri að vænta í þessu húsi, er innar kæmi.

Hann gekk inn forsalinn. Innan stundar myndi hann vera augliti til auglitis við Íras. Hún beið hans — beið hans með söng og sögum, duttlungum og draumum. Hann var í sælli leiðslu.

Hann kom að luktum dyrum, nam staðar og litaðist um. Dyrnar opnuðust af sjálfu sér, hægt og hljóðlaust, án þess hann kæmi við hurðina. Við honum blasti salur, rómverskur að gerð og harla fagur. Gólfið var skreytt dýrlegum tíglamyndum, borð, bekkir og stólar útskornir af mikilli list, ker og líkneskjur um allt, dýrindis gripir. Um op í hvelfdu loftinu féll birtan ofan yfir salinn og brá töfrandi litaskiptum yfir veggi og gólf og hinn kostulega búnað.

Ben Húr gekk um, heillaður af því ríkidæmi og smekkvísi, sem hér virtist ráða húsum. Ekki varð hann var neinnar hreyfingar í húsinu. Íras var ekki tilbúin. Hér var allt með rómverskum blæ og salurinn sá staður, sem gestum var veitt móttaka að rómverskum sið. Hann beið átekta. Hér þurfti engum

að leiðast langa stund, slík gersemi listarinnar, sem hér voru. Hann gekk með veggjum og virti höggmyndirnar fyrir sér, dáðist að leik ljóssins í litum og málmi, skoðaði myndirnar í gólfinu. En enginn kom. Hvað dvaldi Íras? Um boðin varð ekki villzt og þetta var höllin Iderni. Hann hlustaði. Steinhljóð! Aðkenning af óþolinmæði. Hann hafði þegar beðið lengi. Skárri er það tíminn, sem hún þarf til að snyrta sig! Hann settist. Hlustaði. Dæmalaus kyrrð! Maður gæti haldið, að húsið sé mannlaust. Það var eins og dauðs manns gröf. Var hér einhver misskilningur? Einhvernveginn opnuðust dyrnar áðan. Já, dyrnar! Hann gekk að þeim aftur, læddist, en þó fannst honum fótatakið undarlega glymjandi. Hann var að verða eitthvað óstyrkur. Hann tók í snerilinn. Hurðin laukst ekki upp. Hann ýtti á. Hún bifaðist ekki, hann lagðist á af öllum þunga, en árangurslaust, hurðinni varð ekki þokað. Honum varð órótt, var þetta með felldu? Voru hér óvinir að verki? Messala?

Hann litaðist um, jafnaði sig. Kynlegt hús. Og rómverskt að öllum búnaði. Var hann genginn í gildru? Var hann fangi í þessum yndislega sal? Mundu ekki fjandmenn hans hafa valið einhvern afskekktari stað? Illa trúði hann því, að hann fyndi ekki einhver úrræði til þess að komast héðan. En ef á hann yrði ráðið? Nóg var hér af lauslegu og handbæru til varnar, borð, stólar, bekkir. Hann reyndi aftur við hurðina. Hún bifaðist ekki. Hann gekk yfir í hinn enda salarins. Einhver hlaut að halda hér til. Vísast mundi hann gefa sig fram fyrr eða síðar. Bezt að bíða átekta.

Hann settist. Hálf klukkustund leið. Honum fannst það löng stund. Þá opnuðust dyrnar aftur, jafn hljóðlaust og áður, og lokuðust. Hann tók ekki eftir því, sneri sér undan, rankaði fyrst við sér, þegar hann heyrði fótatak.

— Loksins kemur hún! En það var ekki hún. Hann skauzt á bak við súlu. Tveir menn stóðu við dyrnar, auðsjáanlega ekki húsráðendur hér. Þeir gláptu eins og þursar á það, sem fyrir augu þeirra bar. Þeir töluðu mál, sem hann skildi ekki. Þó mátti sjá á fasi þeirra, að þeir þóttust vera í löglegum erindagjörðum. En hverjar voru þær?

Þegar mennirnir komu nær, þekkti hann annan þeirra. Það var sigurvegarinn í hnefaleikunum daginn áður, kynjaður af norðlægum hjara veraldar. Andlit hans var útsteypt í örum og

herfilega ljótt. Hann var jötunn að vexti og samanrekinn, ljós á hár. Hinn var ungur, minni vexti, dökkur, andlitsfallið hefði getað bent til þess, að hann væri Gyðingur. Báðir voru snöggklæddir að hætti hnefaleikamanna á leiksviði. Ben Húr efaðist ekki um það nú, að hann hefði verið ginntur inn í þessa höll, til þess að verða myrtur. Hann varp af sér skikkjunni og gekk fram.

— Hverjir eruð þið? spurði hann á latínu.

Beljakinn gretti sig, þóttist brosa:

— Villimenn, sagði hann. Hver ert þú?

— Rómverji.

— Ha, ha, ha! Tröllið hló. Heyrt hef ég, að belja hafi fætt guð, af því hún sleikti saltan stein. En enginn guð getur gert Gyðing að Rómverja.

Hann sagði eitthvað við félaga sinn og þeir komu nær.

— Staðar nem! sagði Ben Húr. Eitt orð enn!

— Hvað? sagði risinn, nam staðar og krosslagði hendur á brjósti.

— Þú heitir Þórður og ert frá Noregi.

Raumurinn glennti upp bláa skjáina.

— Þú kenndir einu sinni í hnefaleikaskólanum í Róm. Ég lærði hjá þér.

— Óðinn má vita, að aldrei kenndi ég Gyðingi.

— Ég get sannað það.

— Hvernig?

— Þú ert hér kominn til þess að vinna á mér.

— Rétt er það.

— Láttu þá þennan mann eiga við mig einan. Ég skal sanna það á honum, að ég hef haft góðan kennara.

Það brá fyrir glettni í svip Þórðar. Hann sagði eitthvað við félaga sinn, svo við Ben Húr:

— Bíðið þangað til ég segi til.

Svo sparkaði hann bekk fram á gólf, bjó vel um sig þar og lagðist út af, sagði síðan ósköp blátt áfram:

— Byrjið.

Þeir runnust á. Á svip andstæðingsins mátti glöggt sjá, að hann taldi sér einhverntíma hafa boðizt brattara. Ben Húr brá hægra hnefa á loft og um leið og hinn ætlaði að fara að bera af sér höggið, greip hann vinstri hendi um úlnlið hans. Hvort

tveggja kom á óvart, aðferðin og aflið í greipinni, stælt við þrælkun galeiðuáranna. En manninum gafst ekki tími til umhugsunar, honum var snarsnúið í hring, var tekinn kverkataki, síðan fékk hann högg á hálsinn undir eyranu, þurfti ekki annað til, datt án þess að æmta og bærði ekki á sér meir.

— Hvað? Ha, ha! Þetta hefði ég ekki getað gert betur sjálfur, sagði Þórður, og virti Ben Húr fyrir sér frá hvirfli til ilja. Þetta er mín aðferð, sem ég hef kennt ungum Rómverjum í tíu ár. Þú ert ekki Gyðingur?

— Manstu eftir Arríusi þjóðstjóra?

— Kvintusi Arríusi, já, ég held nú það.

— Manstu eftir syni hans?

Þórður gekk nær Ben Húr og rann upp ljós fyrir honum.

— Ha, ha, ha. Hann sagði ég mundi hitta fyrir Gyðing hér, Gyðings-hund, sagði hann, sem væri landhreinsun að slá af.

— Hver sagði það?

— Hann Messala.

— Hvenær?

— Í gærkvöld.

— Er hann ekki veikur?

— Jú, jú. Hann kemst aldrei á fætur. Hann kreisti þetta upp úr sér milli hljóðanna.

Betur varð hatrinu ekki lýst í fám orðum. Ben Húr sá í hendi sér, að svona mundi Messala halda áfram að ofsækja sig, meðan honum væri lífs auðið. Hann yrði aldrei óhultur. Hér hafði hann keypt launmorðingja. Hví ekki að láta koma krók á móti bragði? Þessi náungi yrði sjálfsagt fáanlegur til þess að vinna á Messala fyrir fé. Honum varð litið á hinn, sem lá á gólfinu, og datt nokkuð nýtt í hug.

— Þórður, hvaða laun áttu að fá hjá Messala fyrir að vinna á mér?

— Þúsund sestertíur.

— Þær skaltu fá eftir sem áður. Og ef þú gerir eins og ég segi þér, skaltu fá þrjú þúsund í viðbót.

Tröllið hugsaði upphátt:

— Ég vann fimm þúsund í gær. Eitt frá Rómverjanum, sex. Gef mér fjögur, góði Arríus, gef mér fjögur þúsund og ég skal vera þér þarfur. Skal drepa lygarann, ef þú vilt, þarf ekki annað en taka fyrir kjaftinn á honum — svona.

Hann lagði hramminn yfir munninn á sjálfum sér, til þess að sýna aðferðina.

— Ég skil, sagði Ben Húr. Með tíu þúsund sestertíur í höndum geturðu farið aftur til Róm, sett á fót vínstofu hjá Hringsviðinu mikla og lifað síðan eins og slíkum afreksmanni sæmir.

Risinn varð allur einn ljómi í framan.

— Þú skalt fá fjögur þúsund, hélt Ben Húr áfram, og skalt samt ekki þurfa að ráða neinn af dögum. Sjáðu til, félagi þinn, sem liggur þarna, svipar honum ekki svolítið til mín? Ef ég fer í kyrtilinn hans og við færum hann í mín föt, förum svo út saman og skiljum hann eftir, heldurðu þú fáir þá ekki féð hjá Messala? Þú færð hann aðeins til að trúa, að ég sé dauður.

Þórður hló hrossahlátur:

— Ha, ha, aldrei hef ég klófest þúsund sestertíur með svo hægu móti. Gef mér hönd þína, Arríus. Já, svona. Vínstofa hjá Hringsviðinu. Ég vona þú farir ekki framhjá, þegar þú kemur til Róm.

Ben Húr hafði fataskipti við líkið. Þórður drap á dyrnar og nú opnuðust þær og báðir gengu óáreittir brott. Þeir skildu með vináttu.

Sama kvöld fór Ben Húr á fund Símónídesar og sagði frá því, sem fyrir hann hafði komið. Það varð að ráði með þeim, að eftir nokkra daga skyldi kaupmaður koma þeim orðrómi á kreik, að sonur Arríusar væri horfinn. Skyldi hann láta leita, auðvitað án árangurs. Síðan skyldi Ben Húr fara til Jerúsalem og bera dulnefni.

Símónídes gaf honum blessun sína að skilnaði, eins og sonur hans ætti í hlut. Esther fylgdi honum til dyra.

— Finni ég móður mína, Esther, kemur þú til Jerúsalem til hennar og verður systir Tirzu. Hann minntist við hana.

Hann fór yfir ána og til fundar við Arabann, sem átti að fylgja honum.

Líkið, sem þeir skildu eftir í Ilderni-höll, var tekið um nóttina og fólgið. Messala sendi til Gratusar og tjáði honum, að Ben Húr væri dauður — í þetta sinn mundi honum áreiðanlega ekki skjóta upp aftur.

Innan skamms var opnuð vínstofa í grennd við Hringsviðið mikla í Róm. Yfir dyrum var letrað:

*Þórður norski.*

# 42

Mánuður er liðinn síðan Ben Húr fór frá Antíokkíu með Ilderím út í eyðimörk. Mikil tíðindi hafa gerzt — Valeríus Gratus er farinn frá, Pontíus Pílatus tekinn við landstjórn í Júdeu. Frávikning Gratusar kostaði Símónídes 5 talentur í rómversku silfri, viðtakandinn var Sejanus, sem þá réð öllu í Róm, tilgangurinn að hjálpa Ben Húr. Til þessa varði Símónídes því fé, sem Drúsus og félagar hans greiddu honum.

Þótt skammt væri af sagt, höfðu Gyðingar þegar komizt að raun um, að mannaskiptin voru lítt til batnaðar. Liðsdeildirnar, sem áttu að leysa setuliðið í Antóníu-virkinu af hólmi, komu til borgarinnar á náttarþeli. Morguninn eftir sáu borgarbúar, að veggir hins forna vígis voru skreyttir myndum af keisaranum og hinum rómversku arnarmerkjum. Flokkur æstra Gyðinga hélt þegar til Caesareu, þar sem Pílatus dvaldist, og beiddist, að hann léti taka þessi hötuðu tákn ofan. Fimm daga og nætur lét hann þá bíða fyrir dyrum úti. Loks kvaðst hann skyldu hitta þá á Hringsviðinu. Þegar þeir komu þar, lét hann hermenn slá hring um þá. Þeir veittu ekki viðnám, kváðust fúsir að láta lífið — og Pílatus lét undan, táknin voru flutt til Caesareu.

Engum er alls varnað. Pílatus fyrirskipaði rannsókn á öllum fangelsum í Júdeu, lét semja skrá yfir alla fanga og það, sem þeim var gefið að sök. Þetta leiddi í ljós, að fjöldi manna var í varðhaldi, án þess að nokkur vissi, hvað þeir voru sekir um. Þeir voru látnir lausir og margir, sem menn töldu dauða fyrir löngu, komu fram. Þá fundust og dýflissur, sem jafnvel varðmönnum var ekki kunnugt um, hvað þá öðrum.

Antóníu-kastalinn var bæði vígi og fangelsi. Skrá hafði verið gerð yfir þá, sem þar voru fangnir og skyldi sendast til landstjórans. Hún liggur nú á borðinu fyrir framan kastalaforingjann. Innan skamms fer hún áfram til Pílatusar með athugasemdum foringjans.

Maður kemur í dyrnar með lyklakippu í hendi.

— Ert það þú, Gesíus? Komdu inn! segir foringinn.

Gesíus kom inn, sýnilega talsvert órór.

— Foringi, ég er hræddur við þær fréttir, sem ég hef að færa.

— Einhver misskilningur enn?

— Ef ég gæti trúað, að það væri misskilningur, væri mér léttara.

— Glæpur eða vanræksla?

— Fyrir um það bil átta árum gerði Valeríus Gratus mig að fangaverði hér. Daginn áður hafði verið barizt á götunum hér í Jerúsalem og allmargir fallið, bæði Gyðingar og okkar menn. Tilefnið var að sögn, að ungur Gyðingur hafði reynt að myrða Gratus. Ég man, að hann sat einmitt þar sem þú, foringi, situr nú, með bundið um höfuðið. Hann sagði, að ég skyldi taka þennan starfa, fékk mér lyklana, sýndi mér skrá yfir alla fangaklefana. Skrárnar voru þrjár. Á þeirri fyrstu voru efstu klefarnir, þá miðklefarnir á annarri og loks þeir neðstu á þriðju skránni. Hann sagði mér að athuga þessa uppdrætti og kynna mér allt. Þegar ég var að fara, kallaði hann á mig og sagði: Heyrðu, sýndu mér uppdráttinn yfir neðstu klefana. Sjáðu þennan klefa hér, sagði hann og benti á töluna 5. Þarna eru, sagði hann, þrír hættulegir bandingjar, hafa komizt að leyndarmáli, sem snertir ríkið. Þeir hafa verið blindaðir, tungan hefur verið skorin úr þeim og þeir dæmdir til lífstíðar fangelsis. Mat og drykk eiga þeir að fá um gat á veggnum, dyrnar má aldrei opna, þú skilur mig! Enginn maður, ekki einu sinni þú, má fara þangað inn. En ef þeir deyja? sagði ég. Ef þeir deyja, sagði hann, verður klefinn gröf þeirra. Þeir eru þarna til þess að deyja, skilurðu, því að klefinn er sýktur af líkþrá.

Gesíus þagnaði, tók gul bókfellsblöð upp hjá sér og lagði á borðið.

— Sjáðu, þetta fékk Gratus mér. Hér er klefi 5.

— Þú segir, að hann sé sýktur af líkþrá? Hvað meira?

— Mig langar að spyrja þig einnar spurningar. Hafði ég ekki ástæðu til að ætla, að þessi uppdráttur væri réttur?

— Vitaskuld.

— En hann er ekki réttur. Hér eru aðeins sýndir fimm klefar, en þeir eru sex. Sjáðu, svona var það.

Hann tók vaxspjald og gerði lauslegan uppdrátt á það.

— Var ekki rétt hjá mér að telja það satt, sem Gratus hafði sagt mér um fangana í klefa 5?

— Auðvitað var það skylda þín. Þú sagðir, að þar hefðu verið þrír fangar?

— Já, en það er ekki rétt.

— Hvað segirðu?

— Jú, ég fór og rannsakaði klefana, eins og mér var sagt, byrjaði á þeim efstu, endaði á þeim neðstu. Ég fór líka inn í klefa 5. En þar var aðeins einn maður, gamall, blindur og tunguskorinn, hárið hékk í flygsum ofan um nakinn líkamann og neglurnar voru eins og fuglsklær. Þegar ég spurði, hvar hinir fangarnir væru, hristi hann höfuðið. Ég fann ekki einu sinni bein í klefanum. Ég held það hafi aldrei verið nema einn í þeim klefa.

— Gættu þín, maður! Þú ætlar ekki að halda fram, að Valerius Gratus hafi logið!

— Honum kann að hafa skjátlazt.

— En varstu ekki að segja sjálfur, að þú hefðir í átta ár látið mat handa þremur inn um gatið á veggnum?

— Þú hefur ekki heyrt alla söguna enn. Gamla fanganum var sleppt. En í dag kom hann aftur og gerði mér skiljanlegt með bendingum, að hann vildi fara inn í fangaklefann aftur. Ég lét loksins til leiðast og iðrar þess ekki nú. Þegar við komum inn í klefann sýndi gamli maðurinn mér rauf í múrnum, sem ég tók ekki eftir í gær. Hann lagði höfuðið að raufinni og rak upp einskonar óp. Inni heyrðist stuna. Ég varð forviða og spurði, hvort nokkur væri þarna. Enginn svaraði í bili, en þegar ég kallaði aftur, heyrði ég þessi orð: Lofaður sé Drottinn! Þetta var konurödd. Hver ert þú, spurði ég. Kona af Ísrael og dóttir hennar. Hjálpaðu okkur fljótt, annars deyjum við. Ég sagði, þær skyldu vera rólegar og svo flýtti ég mér hingað til þess að heyra, hvað þú vilt gera í þessu.

— Þú hefur gert rétt, Gesíus. Ég sé, að uppdrátturinn hefur verið falsaður og sagan um mennina þrjá login. Til voru betri Rómverjar en Valerius Gratus.

— Mér skilst, sagði Gesíus, að fanginn hafi gefið þessum tveim konum af mat sínum.

— Svo hefur líka verið til ætlazt. En nú skulum við hjálpa þessum konum. Komið allir með!

Honum fannst ráðlegra að hafa vitni viðstödd.

— Það verður að brjóta múrinn, sagði Gesíus, það er múrað upp í dyrnar.

— Sækið verkamenn og áhöld fljótt, sagði foringinn. En geymdu uppdráttinn. Ég sé það þarf að laga hann.

## 43

Án efa hefur lesandanum þegar komið í hug, að hér séu móðir og systir Ben Húrs fundnar.

Fyrir átta árum hafði Gratus látið flytja þær til kastalans. Taldi þær hvergi betur komnar, hann hafði sjálfur yfirumsjón þar. Á náttarþeli voru þær látnar inn í klefann á bak við klefa 5. Tveir þrælar múruðu upp í dyrnar. Þeir voru báðir sendir brott daginn eftir og hafði ekki til þeirra spurzt síðan. Í klefa 5 var gamall afbrotamaður, blindur og mállaus. Honum var gert skiljanlegt að láta eitthvað af mat sínum um op inn í næsta klefa. Maður þessi var sýktur af líkþrá og því ekki að efa, að þær myndu fyrr eða síðar taka þann sjúkdóm. Fangaverðinum var vikið frá, Gesíus látinn taka við, en hann vissi ekkert um þennan leynda klefa, hann var ekki á uppdrættinum, sem Gratus afhenti honum. Með þessum ráðum þóttust Messala og Gratus tryggja sér tekjurnar af eignum Húrsættarinnar, enda höfðu þeir notið þeirra óskorað í átta ár.

Það má furðulegt heita, að þær skyldu halda lífi allan þennan tíma í þessari vist, svo mjög sem þær voru öðru vanar. En ekkja Húrs var frábær kona að vitsmunum, stillingu og trúarþreki. Hún hafði haldið kjarkinum í sjálfri sér og dóttur sinni, þrátt fyrir hinn ömurlegasta aðbúnað og vaxandi vanheilsu. Klefinn var nálega myrkur, aðeins um litla glufu mátti greina mun dags og nætur. Ekkert höfðu þær að sér, sátu á beru steingólfinu, og nærri klæðlausar orðnar.

Einn dag tók ekkjan eftir einhverjum útbrotum í lófa sínum. Hún gaf því ekki gaum, bjóst við það mundi hverfa. Skömmu síðar kvartaði Tirza undan því sama. Þetta hvarf ekki. Þvert á móti urðu þær varar við samskonar útbrot til og frá um líkamann. Þær höfðu ekki þrautir í þeim, en fundu til vaxandi magnleysis. Svo fóru að detta sár á varir og augnalok,

húðin hljóp upp og féll af. Þá duldist ekki lengur, hvers kyns var.

Loksins virtist lausnarstundin komin. Þegar búið var að brjóta múrinn, heyrðist sagt veikum rómi í myrkrinu fyrir innan: Við erum óhreinar!

— Hverjar eruð þið? spurði foringinn.

Þær sögðu til sín. Foringinn trúði sögu þeirra og lét semja skýrslu um þetta mál. Hann lét flytja til þeirra vatn, að þær gætu laugað sig, svo og klæði. Um nóttina voru þær leiddar út og sagt að fara á þær stöðvar, fjarri öðrum mönnum, þar sem líkþráir skyldu hafast við.

## 44

Í svipað mund og fangavörðurinn var á tali við foringjann var vegfarandi á leið upp austurhlíð Olíufjallsins. Hann gekk hægt og leit oft í kringum sig, eins og sá, er kannar kunnar slóðir. Þegar hann var kominn upp á fjallið, settist hann á stein og horfði yfir borgina. Hann lét augun hvíla á framhlið musterisins. Þar í grennd var æskuheimili hans.

Þetta var Ben Húr. Meðan hann dvaldist með Ilderím í eyðimörkinni, hafði honum borizt til eyrna, að Valeríus Gratus hefði verið settur af og Pílatus skipaður landstjóri í hans stað. Messala taldi hann úr sögunni. Hann áleit sig því óhultan að fara til Jerúsalem og leita móður sinnar og systur. Hann ætlaði að láta rannsaka fangelsin og trúði ekki öðru en Pílatus mundi fást til að láta þær lausar, a. m. k. ef fé væri í boði. Þegar hann hefði fundið þær og hlynnt að þeim ætlaði hann að snúa sér af alefli að þjónustunni við hinn komandi konung.

Hann hafði skýrt Ilderím frá þessari ráðagerð, hann fallizt á hana og fengið honum hesta og fylgdarmenn til fararinnar. Þá skildi hann eftir í Jeríkó og hélt áfram fótgangandi. Í Jerúsalem átti Mallúk að koma til móts við hann. Hann taldi hyggilegast að fara huldu höfði sjálfur, en Mallúk var slunginn og áreiðanlegur, allra manna bezt fallinn til þess að stjórna rannsókninni.

En hvar skyldi byrja? Hann hafði hugsað sér að leita fyrst fyrir sér í Antóníu-virki. Mælt var, að þessi skuggalega bygg-

ing hefði innan múra heilt völundarhús af fangaklefum – m. a. þess vegna vakti hún hverjum Gyðingi ógn og viðbjóð. Hann batt og talsverðar vonir við Ömru, en að því er Símónides hafði sagt, var hún enn á lífi. Henni hafði tekizt að laumast úr höndum hermannanna forðum. Síðan hafði hún hafzt við í hinu auða húsi. Gratusi hafði ekki tekizt að selja það, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Nálega hver maður vissi, hver var réttur eigandi þess. Því kærði sig enginn um að kaupa það. Ennfremur var því fleygt, að reimt væri í því. Má vera, að einhver hafi séð Ömru gömlu bregða fyrir, annað hvort á þakinu eða í gluggum.

Sólin gekk til viðar og dimmdi óðum að. Hann gekk inn í borgina. Beggja vegna lágreist og skuggaleg hús, allar dyr lokaðar. Norðurvegg Antóníu-virkis bar við dimmt, grátt loftið. Þyngsli og þreytu setti að honum. Hann gekk vestur frá kastalanum, ætlaði til gistihúss, sem hann vissi af í grennd við Betzeta. En í þessu fannst honum allt í einu, að hann yrði að halda áfram. Hann réð ekki við sig, hann varð að fara – heim.

Innan stundar stóð hann úti fyrir foreldrahúsi sínu. Yfir hliðinu voru enn menjar eftir innsigli keisarans og spjaldið með áletruninni: Þetta er eign keisarans. Enginn hafði gengið hér út eða inn síðan skelfingardaginn. Átti hann að knýja á dyr eins og fyrrum daga? Það var gagnslaust, en hann stóðst ekki mátið. Amra kynni að líta út um glugga. Hann tók stein og barði, barði aftur. Eyðilegt bergmál var svarið. Hann gekk út á strætið og horfði upp í gluggana. Engin hreyfing, ekkert lífsmark. Hann gekk að vesturhliðinni og horfði upp í gluggana. Sama tómið og þögnin. Hann reikaði suður fyrir. Hliðið þar var líka innsiglað og áletrað. Tunglið var komið upp og varp hvítu skini á stafina. Gremjan blossaði upp í honum, hann þreif spjaldið ofan og kastaði því í ræsið. Hann settist á þrepin, bað fyrir konunginum nýja, að hann kæmi skjótt. Hann sefaðist, lét undan þreytunni eftir langa göngu í sumarhitanum, höfuðið seig dýpra og dýpra. Loks sofnaði hann.

Tvær konur koma ofan strætið. Þær eru flóttalegar, nema oft staðar. Þær standa við á horninu, yngri konan hallar sér á arm hinnar og grætur hljótt.

– Við skulum halda áfram, Tirza mín. Ef menn rekast á

okkur hér, þegar sólin kemur upp, verðum við reknar út úr borginni með grjótkasti.

Þær læddust meðfram múrum hússins, komu að hliðinu, stigu upp á stein og lásu áletrunina. Móðirin sló saman höndum og stundi hátt.

— Hvað er að, mamma?

— Hann er dáinn, veslingurinn.

— Hver?

— Bróðir þinn. Þeir hafa rúið hann öllu. Ekki getur hann hjálpað okkur.

— Hvað verður þá um okkur?

— Á morgun, barnið mitt, finnum við okkur stað við þjóðveginn og beiðumst ölmusu eins og annað holdsveikt fólk.

— Eigum við ekki — eigum við ekki að — deyja heldur?

— Nei, barnið mitt, sagði móðirin með áherzlu. Drottinn hefur ákvarðað okkur stund. Við bíðum hans tíma. Komdu nú!

Þær héldu áfram að vesturhorninu, fast upp við múrvegginn. Þegar þær urðu einskis varar þar, héldu þær að næsta horni. Tunglsljósið var bjart sunnan undir. Mátti nú glöggt sjá, hve tærðar þær voru og torkennilegar af veikinni. Hárið hékk í hvítum, dauðalegum flygsum, hendur sprungnar, hrúður um andlitið. Báðar voru eins og aðfram komin gamalmenni að sjá.

— Þei! sagði móðirin. Þarna liggur einhver.

Þær flýttu sér yfir í skuggann hinumegin götunnar.

— Hann er sofandi. Bíddu hér, Tirza, ég ætla að sjá, hvort hliðið er lokað.

Hún læddist hljóðlausum skrefum yfir götuna. Hún fékk ekki ráðrúm til þess að reyna hurðina. Í því hún snerti hana, sneri maðurinn sér í svefninum, svo að andlitið vissi gegn birtunni. Hún hrökk saman, beygði sig niður, rétti úr sér og leit upp til himins í orðlausu ákalli. Svo fór hún sem skjótast yfir götuna til Tirzu:

— Svo sannarlega sem Drottinn, Guð vor, lifir, er þetta hann Júda minn!

— Júda, bróðir minn!

— Komdu, við skulum sjá hann báðar, einu sinni, aðeins einu sinni. Drottinn, hjálpa þjónum þínum.

Þær fóru yfir um, hægt og hljótt eins og vofur. Tirza lagðist á knén, ætlaði að kyssa hönd hans.

— Nei, fyrir Guðs skuld! hvíslaði móðirin — óhrein, óhrein.

Tirza hrökk frá, eins og hann væri hinn sýkti.

Hinu þarf ekki að lýsa, hvílíkt átak það var fyrir móðurina að að stilla sig um að vefja hann örmum, leggja höfuð hans að barmi sér og kyssa hann, eins og þegar hann var lítill. Fagur var hann, þar sem hann lá, vangar og enni brúnt af sól og lofti eyðimerkurinnar. Hvað veitti henni þrek til þess að standast þrá sína? Ást hennar, móðurástin. Þótt bati hennar sjálfrar hefði verið í boði og öll hugsanleg lífsgæfa, já, lífið sjálft, hefði hún ekki fengizt til að þrýsta sínum líkþráa kossi á kinn hans. Um leið og hún fann hann aftur varð hún að afsala sér honum að fullu og öllu. En hún varð að snerta hann. Hún kraup, mjakaði sér að fæti hans og kyssti skósólann, gulan af salla vegarins, snart hann aftur og aftur með vörunum og sál hennar öll var í kossunum.

Hún gerði Tirzu bendingu, enn einu sinni litu þær á hann — og læddust brott.

Þær höfðu skammt farið, þegar önnur kona kom í ljós, lítil og lotin, þeldökk, gráhærð, bar körfu. Þegar hún sá manninn, nam hún staðar hrædd, gekk síðan varlega hjá honum, dró frá speldi, stakk hendinni inn og skaut frá fjölum. Hún lét körfuna inn fyrir og ætlaði að smjúga á eftir, varð litið á manninn um leið. Tunglsbirtan féll á andlit hans. Hún laust upp lágu ópi, beygði sig yfir hann, greip hönd hans og kyssti. Við þetta vaknaði Ben Húr, kippti ósjálfrátt að sér hendinni, en þekkti konuna um leið.

— Amra, Amra! Ert það þú?

Gamla konan gat engu svarað, féll grátandi um háls honum. Hann losaði sig hægt úr örmum hennar, tók um dökkt, tárvott andlitið, kyssti það, engu síður glaður en hún. Konurnar hinumegin við götuna heyrðu hann segja:

— Mamma — Tirza — hvar eru þær? Segðu mér það, Amra mín!

Amra hélt áfram að gráta.

— Hefurðu séð þær, Amra? Veiztu, hvar þær eru?

Tirza var staðin upp, ætlaði að hlaupa yfir götuna. Móðir

hennar greip í hana og hvíslaði: Þú mátt ekki fara. Mundu, að við erum óhreinar.

Enn vann ást hennar sigur.

Amra kom engu orði upp. Ben Húr leit á hurðina og sagði:

— Varstu að fara inn? Komdu þá! Ég kem með þér. Rómverjar ljúga. Húsið er mitt. Stattu upp, Amra, við skulum fara inn.

Þau hurfu inn fyrir. Konurnar tvær í skugganum hinumegin horfðu á hliðið, sem þær myndu aldrei framar stíga inn um. Þær höfðu gert skyldu sína.

Næsta morgun urðu þær á vegi manna og voru reknar út úr borginni með grjótkasti.

## 45

Skammt úti fyrir Jerúsalem er Hæð hins illa ráðs. Í brattri hlíð hennar, sem að bænum veit, eru grafir höggnar í klettana í löngum, mörgum röðum. Þær voru frá ómunatíð hæli líkþrárra manna. Þar dvöldust þeir út af fyrir sig fjölmargir saman, sérstakt mannfélag með sínum lögum og skipan.

Á öðrum morgni eftir þá viðburði, sem nú var getið, gekk Amra út að lindinni En-rogel og settist á stein. Hún var með vatnskrukku og körfu, sem hvítur dúkur var breiddur yfir. Hún lagði þetta frá sér, leysti af sér höfuðklútinn og beið. Þetta var árla morguns, engin hreyfing enn á þessum slóðum, sem annars voru fjölfarnar. Nokkru síðar kom maður með band og fötu. Hann heilsaði gömlu, þeldökku konunni, festi bandið í fötuna og beið viðskiptamanna. Þeir, sem vildu, gátu sjálfir ausið upp vatni handa sér. Aðrir gátu fengið aðstoð mannsins gegn smávegis þóknun. Amra sat kyrr og þögul. Maðurinn spurði, hvort hún ætlaði ekki að fá vatn á krukkuna sína. Ekki strax, sagði hún.

Fólk fór að tínast að. Maðurinn jós í krukkur þeirra. Amra sat kyrr og þagði.

Öll árin, sem hún hafði dvalizt ein í húsi Húrs, hafði hún beðið myrkurs með að fara út. Þá smaug hún út um leynda opið, er enginn var í nánd, til þess að nálgast nauðsynjar. Gleði hennar yfir heimkomu Ben Húrs verður ekki lýst. En ekki gat

hún upplýst hann um mæðgurnar. Hún vildi, að hann settist óðara að í gamla herberginu sínu. Ekki taldi hann það óhætt, en kvaðst mundu koma á hverju kvöldi, eftir að dimmt væri orðið. Amra lét sér það lynda og lét sér heldur betur umhugað um að gleðja „hann Júda litla" sinn. Hún mundi, hvað honum hafði þótt bezt, þegar hann var lítill og kom ekki til hugar að smekkur hans kynni að vera breyttur. Hann hafði verið mikið gefinn fyrir sætan mat. Svo hlaut að vera enn. Því fór hún strax fyrsta morguninn út á torgið til þess að kaupa hunang. Þá heyrði hún undir væng á tal manns, er hafði sögu að segja. Hver sagan var, getur lesandinn sagt sér sjálfur, þegar hann heyrir, að sögumaður var einn af blysberum foringjans í Antóníu-virki og hafði verið við, þegar veggurinn á bak við klefa 5 var brotinn. Hann lýsti öllum atvikum, rakti sögu ekkjunnar og nefndi nöfn. Gamla Amra reikaði heim eins og í draumi. Hvílík gleðitíðindi fyrir blessaðan drenginn! Móðir hans var fundin! Hún ýmist hló eða grét. Svo kom hin hlið málsins í huga hennar — veikin. Það yrði bani hans, ef hún segði honum allt eins og var. Hann myndi fara á stundinni, leita í hverri sýktri glufu og gröf, unz hann fyndi þær, og hljóta sömu örlög og þær. Hvað átti hún að gera?

Eftir langa umhugsun ákvað hún að komast eftir, hvar mæðgurnar væru niður komnar. Því var hún stödd þennan morgun við En-rogel brunninn, en þangað sóttu líkþráir vatn, létu ílát sín í námunda brunnsins og biðu þess álengdar, að einhver fyllti þau. Þær hlutu að verða að hafa þetta eins og aðrir, líkþráin gerði alla jafna.

Fyrst eftir sólarupprás gerðist þröng við brunninn. Brátt varð og hreyfing uppi í hlíðinni og hópar fólks flykktust þaðan, konur með vatnskrukkur á öxlum, örvasa gamalmenni, sem drógust áfram við stafi og hækjur eða studdu sig við aðra. Einstaka voru bornir á börum. Samúð og hjálpsemi léttu lífið nokkuð, einnig á þessum stöðvum hörmunganna.

Amra gaf öllum nánar gætur. Oft þóttist hún sjá þær, sem hún leitaði, en það reyndist missýning. Henni hafði orðið starsýnt á helli neðst í hlíðinni, gapvíðan og harla óvistlegan. Úti fyrir honum var stór og mikill steinn. Hún varð undrandi, þegar hún sá, að einnig þar höfðust einhverjir við. Þaðan komu tvær konur, hvíthærðar báðar og ellilegar. En klæðin voru ekki

rifin og þær horfðu ókunnuglega í kringum sig. Hún sá ekki betur en að þær skelfdust þá sjón, sem við þeim blasti, þegar vesalingarnir, þjáningafélagar þeirra, þyrptust út úr verustöðum sínum. Þær stóðu við um stund hjá steininum, komu síðan hægt og hikandi í áttina til brunnsins. Þær komu nær en leyfileyt var. Maðurinn, sem vatninu jós, tók upp smásteina, til þess að bægja þeim frá. Sýnilegt, að þær vissu ekki, hvað hér heyrði til.

Amra stóð á fætur og gekk á móti þeim. Þegar nær kom, setti að henni efa. Gat það verið, að þetta væru þær, hin tígulega, fagra húsmóðir hennar, Tirza litla, sem hún hafði dillað sem barni, þessi síglaða, syngjandi stúlka, sólargeisli hússins.

— Þetta eru gamalmenni, sem ég kannast ekki við, hugsaði hún og sneri aftur.

— Amra! sagði annar auminginn.

Hún missti körfuna og leit aftur, titrandi.

— Amra! var aftur sagt.

— Hverjar eruð þið?

— Þær, sem þú leitar.

Amra féll á kné:

— Húsmóðir mín, húsmóðir mín! Lofaður sé Guð þinn og minn, að hann hefur leitt mig til þín.

Hún skreið áfram á hnjánum.

— Ekki nær, Amra, við erum óhreinar.

Amra féll fram á ásjónu sína og grét hástöfum.

— Hvar er Tirza, húsmóðir mín.

— Hér er ég. Viltu færa mér vatnssopa.

Amra stóð upp, strauk hárið frá enninu, tók upp körfuna.

— Sjáið, sagði hún, hér er brauð og kjöt. Hún breiddi hvíta dúkinn á jörðina.

— Gerðu ekki þetta, Amra. Fólkið þarna getur grýtt þig og neitað okkur um vatn. Skildu körfuna eftir og færðu okkur vatn í krukkunni. Meira geturðu ekki gert fyrir okkur í dag.

Fólkið, sem hafði horft á, rýmdi fyrir Ömru, þegar hún kom að brunninum og hjálpaði henni að fylla krukkuna.

— Hvaða konur eru þetta? spurði einhver.

— Þær voru mér einu sinni góðar, svaraði Amra.

Hún flýtti sér með krukkuna og lét hana hjá körfunni.

— Get ég ekki gert neitt meira fyrir ykkur? spurði hún.

Móðirin ætlaði að fara að slökkva þorstann, hætti við það, sagði:

— Jú, ég veit, að Júda er kominn heim. Ég sá hann í fyrri nótt sofandi á þrepinu. Þú komst og vaktir hann. — Amra sló saman höndum.

— Þú sást það og komst ekki!

— Ekki datt mér í hug að gera hann banvænan. Þér þykir vænt um hann, Amra? Viltu sýna það með því að segja honum aldrei, hvar við erum né að þú hafir séð okkur?

— En hann er að leita að ykkur. Hann er kominn til þess að finna ykkur.

— Hann má ekki finna okkur. Hann má ekki verða eins og við. Þú hjálpar okkur með það litla, sem við þörfnumst, kemur hingað kvölds og morgna eins og núna og .... og .... — röddin skalf — og segir okkur af honum. En honum máttu ekkert segja af okkur. Mundu það!

— Hvernig á ég að geta það? Hann talar um ykkur, leitar að ykkur, og mega ekki segja svo mikið sem að þið séuð lifandi!

— Þú getur sagt, að okkur líði vel. — Hún tók sig á, hélt áfram: Nei, bezt þú segir ekki neitt. Farðu nú og komdu aftur í kvöld. Vertu sæl á meðan.

Amra beið á knjánum, þangað til þær hurfu. Þá stóð hún upp og gekk heim á leið harmþrungin.

Um kvöldið kom hún aftur og síðan kvölds og morgna og færði þeim það, sem þær þurftu. Grafarhellirinn, þótt tómlegur væri, var þó betri en fangaklefinn. Þær gátu notið sólarljóss og lofts. Það er betra að bíða dauða síns undir berum himni en í svartholi.

## 46

Fyrsti dagur hins sjöunda mánaðar sem er október að voru tímatali. Ben Húr er að koma á fætur í gistihúsi sínu. Honum líður illa.

Mallúk hafði komið, eins og ráð var fyrir gert, og þegar hafið rannsókn. Hann hafði farið beint til foringjans í Antóníu-virki, tjáð honum sögu Húrs-fjölskyldunnar og krafizt, að

mæðgurnar yrðu látnar lausar, væru þær enn í varðhaldi þar. Að öðrum kosti myndu ættingjar þeirra snúa sér til keisarans, þar eð þær væru saklausar. Foringinn hafði þá lagt fram skýrslu sína og leyfði meira að segja, að tekið væri afrit af henni. Mallúk fór þegar á fund Ben Húrs. Þess gerist ekki þörf að lýsa áhrifum sögunnar á hann. Kvöl þessa harms var of sár til þess að geta tjáð sig. Hann sat aðeins agndofa, fölur sem nár, stundi öðru hverju: Líkþráar, líkþráar! Þær, mamma, Tirza, — Guð minn góður ....

Loks stóð hann á fætur.

— Ég verð að leita þeirra. Þær eru ef til vill í dauðanum.

— Hvar ætlarðu að leita þeirra?

— Þær geta ekki verið nema á einum stað.

Þeir fóru saman til þess borgarhliðs, sem líkþráir höfðu frá ómunatíð setið úti fyrir og betlað. Þeir dvöldust þar daglangt, gáfu ölmusur og spurðu alla um mæðgurnar. Allir voru boðnir og búnir að leiðbeina þeim, þar sem peningar voru annars vegar. Hvað eftir annað voru konurnar tvær, sem nýlega höfðu flutzt í stóra hellinn, spurðar, en þær vörðust allra frétta. Enginn komst að, hverjar þær voru. Og þennan morgun hafði Ben Húr heyrt af tilviljun, að á dögunum hefðu tvær konur verið flæmdar út úr borginni með grjótkasti. Tíminn stóð heima. Þetta hlutu að vera þær. Hvað var orðið af þeim?

— Það var ekki nóg að gera þær líkþráar, sagði hann, það þurfti líka að grýta þær og hrekja út í óbyggð. Hve lengi, hve lengi, ó Guð feðra minna, fær Róm að haldast?

Reiður, vonlaus, hefnisjúkur gekk hann út í garð gistihússins. Þar var þá krökkt af fólki. Meðal þeirra voru nokkrir ungir menn, harðsnúnir að sjá og djarfir, aðkomumenn eftir málfæri að dæma. Hann heyrði, að þeir væru frá Galíleu og það dró enn frekar athygli hans að þeim, því að úr því héraði vænti hann einmitt styrkastrar liðveizlu því málefni, sem hann bar fyrir brjósti.

Í þessum svifum kom maður á harða spretti inn í garðinn, og var mikið niðri fyrir.

— Hví eruð þið hér? sagði hann móður. Fræðimennirnir og öldungarnir eru að fara til Pílatusar. Flýtið ykkur! Við skulum fara með þeim!

— Til Pílatusar? Til hvers?

— Pílatus ætlar að taka fé úr musterishirzlunni til þess að borga nýju vatnsveituna.

— Hvað? Musterisfé? Leggur hann hendur á heilagt guðsþakkafé?

— Komið! Þeir eru þegar komnir yfir brúna. Öll borgin er í uppnámi. Við getum ef til vill orðið að liði. Fljótir nú!

Menn vörpuðu af sér yfirhöfnum, gyrtu sig og sögðu:

— Við erum til.

— Galíleumenn! sagði Ben Húr. Ég er af Júda-kynkvísl. Má ég fylgjast með flokki ykkar?

— Það verður ef til vill barizt.

— Einhver skal taka til fótanna fyrri en ég.

Þeir hlógu. Einn sagði:

— Komdu þá! Nóga hefurðu burðina.

— Þið haldið, að það verði barizt. Við verðina?

— Já.

— Hvað hafið þið vopna?

Enginn svaraði.

— Nú jæja, sagði Ben Húr. Við gerum það, sem við getum. En væri ekki betra, að við kysum foringja? Rómverjar hafa alltaf fyrirliða. Því berjast þeir alltaf eins og einn maður.

Galíleumennirnir störðu á hann, eins og þetta væri þeim alger nýjung.

— Við skulum að minnsta kosti halda hópinn, sagði hann. Ég er til.

— Förum þá.

Margir bættust í hópinn á leiðinni. Þegar þeir komu að höllinni voru öldungarnir komnir inn, en úti fyrir var múgur manns. Fyrir dyrum var fjölmennt, rómverskt herlið.

— Hvað er að gerast? spurði einn Galíleumannanna út í hópinn.

— Öldungarnir krefjast að fá að tala við Pílatus, en hann neitar. Nú hafa þeir sent til hans og látið segja, að þeir muni ekki hreyfa sig brott, fyrr en hann hafi hlýtt á þá. Þeir bíða svars.

— Við skulum fara inn fyrir, sagði Ben Húr.

Þeir fóru inn í hallargarðinn. Fyrir innan hliðið var þyrping laufmikilla trjáa. Á bak við þau sást framhlið hallarinnar, aðsetur landstjórans. Garðurinn var fullur af háværum mönn-

um, sem horfðu fast á luktar dyr innar af hvelfdum forsal. Í forsalnum voru líka hermenn á verði. Ben Húr og félagar hans stóðu utarlega í þyrpingunni, enda ekki tiltök að komast lengra. Öðru hverju heyrðist hrópað: Pílatus! sértu landstjóri, þá komdu fram!

Maður ruddist um í þrönginni, rauður af gremju og hrópaði:

— Ísrael er einskis metið hér, við erum ekki meira virði á þessum helga stað en hundarnir í Róm.

— Vill hann ekki koma út?

— Koma? Hann er búinn að neita þrisvar.

— Hvað taka fræðimennirnir til bragðs?

— Það sama sem í Caesareu — hreyfa sig ekki, fyrr en hann veitir þeim áheyrn.

— Hann dirfist ekki að snerta musterisféð?

— Dirfist ekki? Hvað er Rómverjum heilagt?

Klukkustund leið. Pílatus lét ekki sjá sig. Fræðimennirnir biðu og múgurinn. Æsingin fór vaxandi. Ben Húr bjóst við, að hroki Rómverjans myndi að lokum bera stillinguna ofurliði, að hann væri aðeins að bíða eftir tilefni til þess að grípa til ofbeldis. Allt í einu heyrðist barsmíð, köll og kvalahljóð. Hver spurði annan, hvað væri á seyði, en enginn gat svarað.

— Sérðu nokkuð? spurði Ben Húr einn Galíleann.

— Nei.

— Þá skal ég lyfta þér. — Hvað sérðu nú?

— Ég sé einhverja með kylfur. Þeir eru að berja á mönnum. Þeir eru klæddir eins og Gyðingar.

— Hverjir eru það?

— Rómverjar — svo sannarlega sem Guð lifir, dulbúnir Rómverjar! Kylfurnar dynja á öllum. Þarna sé ég fræðimann sleginn niður, — gamall maður. Þeir þyrma engum.

Ben Húr lét manninn niður.

— Galíleumenn! kallaði hann. Þetta er lymskubragð hjá Pílatusi. Hvernig væri að taka á móti þessum kylfumönnum?

— Heyr, heyr!

— Förum að trjánum við hliðið og fáum okkur vopn.

Innan stundar höfðu þeir brotið greinar af trjánum og fengið sér barefli. Uppnámið og háreystin fór vaxandi. Menn tróðust nú hver yfir annan út að hliðinu á flótta fyrir böðlunum.

— Upp að múrnum! sagði Ben Húr. Þeir gerðu sem hann

sagði og þegar mesta þvagan var komin fram hjá, greiddu þeir snarpa atlögu að árásarliðinu, sem barði á varnarlausum mönnum. Atlagan kom á óvart og leið ekki á löngu, að Rómverjar létu undan síga. Galílear vildu snúa eftir þeim, en Ben Húr stöðvaði þá:

— Nemið staðar! sagði hann. Nú koma hermennirnir og við eigum ekki að gera við þá. Förum út um hliðið, áður en þeir loka.

Þeir hlýddu, treglega þó. Margir lágu eftir, særðir eða dauðir, ekki tómir Gyðingar. Varðsveitin fyrir utan hliðið lét Galíleumennina fara leiðar sinnar. Þegar komið var út á strætið sagði Ben Húr:

— Vel hefur ykkur farið, bræður. Skiljum nú flokk okkar, ef ekki verður veitt eftirför, en hittumst í kvöld á gistihúsinu í Betaníu. Ég hef uppástungu að gera, sem Ísrael varðar miklu.

— Hver ertu? spurðu þeir.

— Af Júda-ættkvísl. Get ég treyst því, að þið komið?

— Við komum, sögðu þeir.

Mannfjöldinn dreifðist og fór hver heim til sín. Fallnir og særðir voru bornir burt. Um alla borgina barst orðrómurinn um hetjuna ókunnu, sem hafði sigrað Rómverja. Menn minntust frægðartíma Makkabeanna og þúsundir manna hvísluðu hver að öðrum:

— Tíminn styttist, bræður, styttist óðum. Látum trúna ekki bila né þolinmæðina.

## 47

Fundur varð í Betaníu, eins og um var talað. Þaðan fór Ben Húr með Galíleunum norður til héraða þeirra og áður en veturinn var liðinn, hafði hann safnað þrem herfylkjum og æft vel. Menn þá, er hann valdi til forustu, fór hann með á afvikinn stað og kenndi þeim rómversk herbrögð og herskipan, sendi þá heim síðan til þess að kenna öðrum.

Þetta verk krafðist þolgæðis, dugnaðar og kostgæfni, svo sem vænta má. Hann vann eins og víkingur. Símónídes var haukur í horni hvað kostnað snerti og Ilderím hélt njósnum fyrir. Kynni hans af áhuga og hreysti manna sinna voru honum mikil

uppörvun. Þeir væntu hins mikla konungs, er meiri yrði en Salómon. Og um vorið fannst honum árangur starfs síns svo góður orðinn, að honum varð að orði: Nú má konungurinn koma. Hvar sem hann setur veldisstól sinn, erum við færir um að verja hann.

Engin deili hafði hann sagt á sér. Menn vissu það eitt, að hann var af Júda-ætt.

Kvöld nokkurt sat hann með mönnum sínum fyrir munna hellis þess, er hann hafðist við í. Þá bar þar að arabískan hraðboða með bréf til hans. Það hljóðaði svo:

*Spámaður er kominn fram, er menn telja Elía. Hann hefur verið árum saman í eyðimörkinni og boðar, að á eftir sér muni annar koma sér meiri og nú bíður hann hans handan Jórdanar. Ég hef séð hann og heyrt og sá, sem hann boðar, er án efa konungurinn, sem þú væntir. Komdu og dæmdu um sjálfur.*

*Öll Jerúsalem sækir nú á fund spámannsins og margir aðrir, svo að ströndin, þar sem hann dvelst, er líkust Olíufjallinu á páskum.*

*Mallúk.*

Ben Húr ljómaði af fögnuði. Nú er biðtíminn senn á enda, vinir mínir, sagði hann. Sendiboði konungsins kunngerir komu hans.

Hann las þeim bréfið og þeir glöddust yfir þessum tíðindum. Hann sagði þeim síðan að fara heim til sín og vera viðbúnir, ásamt öðrum, er æfðir höfðu verið, hvað, sem í kynni að skerast. Hann gerði Símónídesi og Ilderím orð um þessa miklu frétt. Því næst lagði hann af stað ríðandi til Jórdanar.

Hann hafði ætlað sér að ríða um nætur en hvílast um daga. En þegar morgunn rann var hann enn á eyðimörkinni. Hann hélt því áfram. Fylgdarmaðurinn fullyrti, að þeir myndu innan skamms koma í dalskorning, luktan hömrum, þar sem væri vatn og hagar.

Fylgdarmaðurinn gat þess, að menn mundu vera á eftir þeim:

— Ég held það sé úlfaldi, sagði hann von bráðar.

— Er hann einn?

— Nei, ég held einhver sé á eftir, líkast til meðreiðarmaður.

Ekki leið á löngu, að Ben Húr gæti greint úlfaldann. Hann

var hvítur og venju fremur stór. Hann minnti á þá fallegu skepnu, sem bar Balthasar og Íras forðum, þegar þau komu að Kastalíulind. Og allur umbúnaður virtist líkur. Hann hægði á sér. Þegar saman dró, þekkti hann líka blámanninn mikla, sem fylgdi Balthasar. Nú var úlfaldinn kominn samsíða. Tjaldið var dregið frá og Íras stakk út höfði, augun skæru stór af undrun.

— Blessun hins sanna Guðs sé með þér! — Hann þekkti djúpan bassaróm Balthasars.

— Og með þér og þínum sé friður Guðs! anzaði Ben Húr.

— Ég er farinn að gerast sjóndapur, en ekki sé ég betur en að þetta sé Ben Húr, sem var heiðraður gestur Ilderíms hins örva fyrir skömmu.

— Og þú ert Balthasar egypzki hinn spaki. Orð þín um vissa, helga atburði í vændum eiga nokkurn þátt í, að ég er hér á þessum eyðislóðum. Á hvaða ferð ert þú?

— Sá er aldrei einn, sem er þar, sem Guð er — og Guð er alstaðar. En svo ég svari spurningu þinni, þá er úlfaldalest skammt á eftir okkur á leið til Alexandríu. Hún mun fara um Jerúsalem og því ætlaði ég að fylgjast með henni, en þótti henni dveljast og fór því á undan í morgun. Ræningja óttumst við ekki, enda hef ég griðabréf frá Ilderím.

— Vinum Ilderíms er óhætt og jafnvel ljón fá ekki keppt við þennan konung meðal dýra.

— Jafnvel konungar kenna þorsta og þreytu, sagði Íras og brosti. Getur þú ekki vísað okkur á lind, þar sem við getum matazt?

— Getirðu þraukað, fagra mær, enn um stund, munum við finna lind. Með þínu leyfi skulum við greikka sporið.

Hann bað leiðsögumanninn að hafa nú hraðan á og innan skamms komu þau að þornuðum árfarvegi, síðan í snoturt dalverpi með grasi og trjám. Innst í dalnum bunaði lind úr klettaskoru. Blámaðurinn hjálpaði feðginunum af baki. Balthasar sneri sér til austurs og baðst fyrir.

— Komdu með bikar, sagði Íras óþolinmóð. Þrællinn flýtti sér að gera sem hún sagði. Hún sagði við Ben Húr:

— Ég ætla að þjóna þér. Þau gengu saman að lindinni. Hann ætlaði að sækja henni vatn, en hún afþakkaði, laut ofan að lindinni, fyllti bikarinn og bauð honum:

— Sonur Húrs, sagði hún. Í mínu landi segir máltækið: Betra er að byrla lánsmanni en ráða konungi.

— Lánsmanni?

— Hafa guðirnir ekki farsælt þig? Vannstu ekki á hringsviðinu í Antíokkíu? Og tókst ekki atlagan vel í Jerúsalem?

Blóðið þaut fram í kinnarnar á Ben Húr. Víða hafði fréttin flogið um atburðinn í Jerúsalem, en enginn vissi nafn fyrirliðans nema Mallúk, Ilderím og Símónídes. Hafði einhver þeirra trúað Íras fyrir þessu? Það kom ekki til mála. En hvernig vissi hún það þá? Íras fyllti bikarinn að nýju og hélt áfram:

— Egypzku guðir! Ég þakka yður, að hetjan fékk færi á að sýna styrk sinn og hugrekki. Ég þakka yður, að myrti maðurinn í höllinni Iderni var ekki hetjan mín. Því færi ég yður, heilögu guðir, þessa fórn. — Hún hellti úr bikarnum til hálfs og drakk afganginn. Um leið og hún tók bikarinn af vörum sér leit hún á hann, brosti og sagði:

— Er algengt, að hraustir menn láti konur yfirbuga sig svona auðveldlega? Taktu nú bikarinn og vittu, hvort þú sérð ekki eitthvað skemmtilegt orð í honum handa mér.

Hann tók bikarinn og beygði sig niður til þess að fylla hann.

— Ísraels sonur þekkir enga guði, sem hann geti fært dreypifórn, sagði hann og lék að vatninu, til þess að dylja undrun sína. Hvað vissi hún meira um hann? Vissi hún um samband hans við Símónídes og Ilderím? Hver hafði getað komið upp um leyndarmál hans? Nú var hann á leið til Jerúsalem og ef fjandmenn hans kæmust á snoðir um þetta var honum hætta búin. Skyldi hún sjálf vera óvinur hans? Allar þessar hugsanir þyrptust í huga hans. Loks sneri hann sér að henni, brosti og sagði:

— Væri ég Egypti eða Grikki eða Rómverji mundi ég segja: Gjafmildu guðir, ég þakka yður, að enn er til í heiminum, þrátt fyrir þjáningar hans og rangindi, yndi fegurðarinnar og hugsvölun kærleikans. Ég tæmi þennan bikar til heiðurs þeirri konu, sem sameinar hvort tveggja.

— Nú hefurðu syndgað gegn lögmálinu, drukkið falsguðum til. Hver veit, nema ég segi fræðimönnunum frá því.

Hann hló:

— Það væri lítilvægt söguefni fyrir þann, sem veit svo margt, sem skiptir miklu.

— Ég geri annað. Ég fer til litlu Gyðings-telpunnar í stóra kaupmannshúsinu í Antíokkíu.

— Hvað viltu henni?

— Ég ætla að segja henni það, sem þú sagðir við mig með guðina að vitni.

Hann þagði við, eins og hann biði þess, að hún héldi áfram. Orð hennar kölluðu mynd fram í huga hans, myndina af Esther við hlið föður síns, lesandi yfir öxl hans bréfin, sem hann sendi honum. Hún hafði líka verið viðstödd, þegar hann sagði frá atburðinum í höllinni Iderni. Hafði Íras vitneskju sína frá Esther? Það mátti heita óhugsandi, en hann gat þó ekki varizt því að láta sér detta það í hug.

Nú kom Balthasar til þeirra.

— Við eigum þér mikið að þakka, sagði hann vingjarnlega, þú hefur vísað okkur á fagran stað. Komdu og neyttu matar með okkur.

Dalurinn var fagur og friðsæll. Balthasar virtist mjög snortinn af landslaginu. Þegar þau höfðu matazt um stund, spurði hann Ben Húr, hvert ferð hans væri heitið.

— Ég er á leið til borgarinnar helgu.

— Ég er óþolinmóður að komast áfram, sagði öldungurinn. Margt hefur fyrir mig borið í draumi undanfarnar nætur og ég hef heyrt rödd, sem segir: Hraða þér! Sá, sem þú hefur lengi beðið, er nærri.

— Áttu við konung Gyðinga?

— Já.

— Hefurðu haft spurnir af honum?

— Ekkert annað en drauma mína og röddina.

— Þá get ég flutt þér fréttir, sem munu gleðja þig. Hann rétti honum bréf Mallúks. Öldungurinn leit til himins og sagði:

— Þú hefur verið mér góður, Drottinn. Leyf mér að sjá frelsarann aftur og tilbiðja hann, svo að þjónn þinn geti farið héðan í friði.

Orð hans, látbragð og einföld bæn snart Ben Húr djúpt. Honum fannst Guð vera hjá sér.

## 48

Um hádegi á þriðja degi ferðarinnar náðu þau til Jabbokfljóts og áðu þar. Þar voru fyrir menn frá Pereu, hundrað eða fleiri. Þau voru vart komin af baki, þegar maður kom til þeirra með vatn og bauð þeim að drekka. Þau þökkuðu hugulsemina. Maðurinn sagði:

— Ég kem frá Jórdan, og þar var margt um manninn og margt úlfalda. En slíka skepnu sem þessa hef ég aldrei séð. Má ég spyrja, hvaðan hann er?

Balthasar svaraði spurningu hans. Ben Húr spurði:

— Hvar við ána var þetta fjölmenni?

— Við Betabara.

— Það er afskekkt vað. Hvað kemur til, að menn fjölmenna þangað?

— Þið hljótið að vera langt að, úr því þið hafið ekki heyrt tíðindin.

— Hvaða tíðindi?

— Maður er kominn fram í eyðimörkinni, heilagur maður, sem talar undarleg orð. Hann heitir Jóhannes Sakaríasson. Hann segist vera fyrirrennari Messíasar. Fólkið streymir til hans. Menn hafa spurt, hvort hann sé ekki Messías, en hann svarar: Ég er rödd, sem hrópar í óbyggðinni: Greiðið veg Drottins, gjörið beinar brautir hans.

Balthasar spurði:

— Er hann enn á þeim stað, þar sem þú hefur hitt hann?

— Já, við Betabara.

— Við skulum halda áfram og hafa hraðan á, sagði Balthasar. Ég er ekki þreyttur núna.

Um þriðju stundu næsta dag gátu þau eygt pálmatrén fyrir utan Jeríkó. Ben Húr vissi, að nú var skammt til Betabara. Innan skamms sáu þau tjöld og síðan fjölda fólks á árbakkanum. Þau flýttu för sinni, en sáu þá, að mannfjöldinn dreifðist. Þau komu of seint. Í dag mundu þau ekki fá að sjá spámanninn, hugsaði Ben Húr. En í því sáu þau mann ganga upp frá ánni, sem þeim varð starsýnt á. Hárið féll í bendlum ofan um axlir og herðar, upplitað af sól, andlitið tært, veður-

bitið, brunaglóð í augum. Hægri öxl og síða var nakin, brún og beinaber eins og andlitið. Yfir vinstri öxl var voð úr grófasta úlfaldahári, sem náði á kné og var gyrt um mittið með belti úr ósútuðu leðri. Fætur voru berir. Hann gekk við digran, kvistóttan staf. Hann var kvikur í spori, ákveðinn, virtist eins og á varðbergi, hristi í sífellu hárlubbann frá augunum og skimaði kringum sig, eins og hann væri að gá að einhverjum.

Egypzka mærin horfði á þennan eyðimerkurbúa með undrun, að ekki sé sagt óbeit. Hún spurði Ben Húr:

— Er þetta kallari konungs þíns?

— Þetta er spámaðurinn, svaraði hann, leit ekki upp.

Ef satt skal segja, hafði honum brugðið meira en lítið í brún. Draumar hans um hinn volduga konung, höfðu mótað hugmyndir hans um fyrirrennara hans, hann hafði búizt við að sjá konunglega tign og fegurð, en ekki villimann. Honum varð ósjálfrátt hugsað til þeirra fáguðu, tígulegu aðalsmanna, sem hann hafði séð í skrautsölum Rómaborgar. Hann varð miður sín og fór hjá sér.

Balthasar varð öðruvísi við. Hann vissi, að Guðs vegir eru aðrir en þeir, sem mönnum sýnist. Hann hafði séð frelsarann sem barn í jötu og var við því búinn, að hann bæri ekki konungstignina utan á sér, er hann kæmi fram.

Meðan þessu fór fram, hafði maður setið á steini á ströndinni einn sér. Nú stóð hann upp og gekk í hægðum sínum upp frá ánni til móts við Jóhannes. Þegar þeir nálguðust, nam prédikarinn staðar, skók hárið frá augunum, horfði á hinn, lyfti höndum snöggt, eins og hann væri að gefa þeim merki, er nærstaddir voru. Menn námu líka staðar og hlustuðu. Þegar kyrrð var komin á fólkið, beindi spámaðurinn staf sínum hægt að ókunna manninum, svo að öllum varð litið á hann. Balthasar og Ben Húr horfðu nú báðir á hann og urðu fyrir sömu áhrifum, aðeins í mismunandi mæli. Maðurinn var í meðallagi hár, grannur, ró og íhygli yfir svipnum. Hann var í öklasíðum nærkyrtli, ermalöngum og venjulegri yfirhöfn. Á vinstra armi hélt hann á höfuðdúknum, rauð bönd hans héngu niður. Öll voru klæði hans af hvítu líni, gulnuð af ryki vegarins. Á yfirhöfninni var mjór, blár faldur og bláhvítir skúfar á kyrtl-

inum, en svo skyldu lærimeistarar auðkenndir samkvæmt lögmálinu.

Þeim Ben Húr varð þó ekki starsýnt á þessi ytri einkenni, heldur höfuð hans og svip.

Hárið var sítt, hrokkið, skipt fyrir miðju enni, jarpt á lit, enni breitt, brúnir dökkar og bogadregnar, augu stór, dökkblá, skeggið mjúkt og hrokkið. Hvert barn hefði umsvifalaust og ósjálfrátt rétt honum hönd sína og trúað honum fyrir sér. Yfirbragðið lýsti djúpsettum vitsmunum, ástúð, meðaumkun eða hryggð, ekki auðvelt að ákveða, hvers þessara einkenna gætti mest, réttast að segja, að allt þetta hafi verið blandað í svipnum. En engum hefði dulizt, að yfir honum var fágætur styrkur.

Mörgum hefði orðið litið á Ben Húr, þar sem hann sat á hnarreistum fáki sínum með spjót við hlið. En maðurinn horfði yfir hann og yfir Íras, á Balthasar, hinn örvasa öldung.

Þögnin var alger. Jóhannes beindi stöðugt staf sínum í sömu átt. Allt í einu kallaði hann hárri röddu:

— Sjá Guðs lamb, sem ber synd heimsins.

Mannfjöldinn stóð hreyfingarlaus, lostinn ógn við þessi kynlegu, óskiljanlegu orð. Balthasar var gagntekinn. Var von hans að rætast? Átti hann nú aftur að fá að sjá endurlausnara mannanna? Það var sem spámaðurinn vissi hugsanir hans og vildi taka af allan efa. Hann endurtók orð sín og hélt áfram:

— Þessi er sá, sem ég sagði um: Eftir mér kemur maður, sem hefur verið á undan mér, því að hann var fyrri en ég. Og ekki þekkti ég hann, en til þess að hann yrði kunnur í Ísrael — til þess er ég kominn og skíri með vatni. Ég hef horft á andann stíga niður af himni eins og dúfu, og hann hvíldi yfir honum. Og ég þekkti hann ekki, en sá, sem sendi mig, til þess að skíra með vatni, hann sagði við mig: Sá, sem þú sér andann stíga niður yfir og hvíla yfir, hann er sá, sem skírir með heilögum anda. Og ég hef séð það, og ég hef vitnað, að þessi er Guðs-sonurinn.

— Það er hann. Það er hann, sagði Balthasar, augu hans fylltust tárum og hann hné út af meðvitundarlaus.

Ben Húr hafði ekki haft augun af hinum ókunna manni. Hann var ekki ósnortinn af svip hans — hreinleik hans, djúp-

sæi, mildi og helgi. En ekkert sá hann konunglegt við hann. Honum fannst meira að segja vanhelgun að hugsa um styrjaldir og landvinninga í návist hans. Þetta var ekki ályktun, aðeins hughrif stundarinnar. En allt í einu tók hugsun hans nýja stefnu. Hvar hafði hann séð þetta andlit? Og hægt og hægt, dauft fyrst, síðan skýrar, skaut upp myndinni af brunninum í Nazaret. Það fór hrollur um hann, þegar hann minntist þeirrar stundar. Þessar hendur höfðu hjálpað honum, þegar hann var að deyja kominn. Þessu andliti gat hann aldrei gleymt. Hann var svo annars hugar, að hann heyrði ekki það, sem spámaðurinn sagði, nema síðustu orðin — þessi furðulegu orð, sem veröldin er enn að glíma við:

— Þessi er Guðs-sonurinn.

Ben Húr stökk af baki, ætlaði að hlaupa til velgerðamanns síns og tjá honum þakkir. En Íras kallaði til hans:

— Hjálp, faðir minn er að deyja!

Hann leit við, flýtti sér henni til hjálpar. Hann tók bikar, hljóp eftir vatni. Þegar hann kom aftur, var ókunni maðurinn horfinn.

Balthasar kom til sjálfs sín. Hann rétti út hendurnar og hvíslaði:

— Hvar er hann?

— Hver? spurði Íras.

Það birti yfir ásjónu öldungsins um leið og hann svaraði:

— Lausnarinn, sonur Guðs.

— Trúir þú því? sagði Íras lágt við Ben Húr.

Hann vék sér að nærstöddum manni og spurði:

— Hver er þessi maður?

Hinn hló háðslega og sagði:

— Hann er sonur timburmanns í Nazaret.

## 49

— Esther, Esther! Segðu þjóninum niðri að færa mér vatn að drekka!

— Viltu ekki heldur vín, faðir minn?

— Láttu hann koma með hvort tveggja.

Þetta gerist í sumarskálanum uppi á þaki gömlu Húrs-hall-

arinnar í Jerúsalem. Esther kallaði ofan til þjónsins. En í sömu andrá kom annar þjónn upp stigann og heilsaði virðulega.

— Sending til herra míns, sagði hann og fékk henni innsiglaðan böggul. Lesandanum til glöggvunar skal þess getið, að þetta er 21. marz, nálægt þrem árum síðar en atburðurinn varð við Betabara. Á þessu skeiði hafði Mallúk keypt húsið af Pílatusi fyrir hönd Ben Húrs, sem ekki stóðst lengur að hafa hús föður síns autt og niðurnítt. Nú hafði verið gert að því, öll ummerki ógæfunnar höfðu verið afmáð og enn ríkmannlegar um allt búið en áður var. Allur húsbúnaður bar glögg merki þess, að smekkur eigandans hafði tekið framförum við dvölina í Mísenum og Rómaborg.

Ekki ber þetta þó svo að skilja sem Ben Húr hafi opinberlega tekið höllina undir sig. Hann fór enn huldu höfði. Hann hafði lengstum dvalizt í Galíleu, önnum kafinn við undirbúning sinn. Hann hafði þolinmóður beðið aðgerða Nazareans, þótt hann yrði honum því meiri ráðgáta, sem lengra leið, og þau undraverk, sem hann vann, oft fyrir augum hans, héldu honum í uggandi efa, bæði um það, hver hann væri og hvað hann ætlaðist fyrir. Við og við kom hann til Jerúsalem og dvaldist þá í foreldrahúsi sínu, en ævinlega sem ókunnur maður og gestur.

Þessar stuttu dvalir Ben Húrs voru þó annað og meira en hvíld. Balthasar og Íras höfðu setzt að í höllinni. Töfrar þessarar stúlku voru þeir sömu í augum hans og við fyrstu kynni. Og tal öldungsins um guðdómleik kraftaverkamannsins var ekki síður sannfærandi nú en áður, þótt líkamsþreki hans færi síhnignandi.

Símónides og Esther höfðu nýlega komið frá Antíokkíu — erfið ferð fyrir kaupmann, hann var fluttur í burðarstóli milli tveggja úlfalda og vaggaði stundum heldur óþyrmilega. En nú, þegar hann var hér kominn, gat hann aldrei horft sig mettan á æskustöðvar sínar. Flestum stundum sat hann í stól sínum uppi á þaki, teygaði hið styrkjandi loft og naut útsýnisins. Ekki gleymdi hann þó kaupsýslunni. Daglega kom sendimaður með skilaboð frá Sanballat, sem hafði umsjón með fyrirtækjunum í fjarveru hans. Og daglega fóru boð frá honum til Sanballats með svo hárnákvæmum fyrirmælum um hvert atriði, að þar þurfti engu við að bæta.

Esther leit á böggulinn um leið og hún sneri sér við með hann, staldraði við, leit nánar á hann aftur og blóðið stökk fram í kinnar hennar — innsigli Ben Húrs var á honum.

Símónídes velti honum fyrir sér, skoðaði innsiglið, braut það og fékk henni bréfið, sem í var.

— Lestu! sagði hann, horfði á hana, brá.

— Þú veizt, frá hverjum þetta er, sé ég, Esther.

— Já .... frá .... herra okkar.

— Þú elskar hann, Esther?

— Já.

— Hefurðu hugsað út í, hvað þú ert að gera?

— Ég hef reynt, faðir minn, að hugsa ekki um hann á annan hátt en sem herra minn, sem ég er skyldug að þjóna. En það hefur ekki orðið mér styrkur.

— Góð stúlka, góð stúlka, öldungis eins og móðir þín, sagði hann og varð annars hugar. Hann áttaði sig, hélt áfram:

— Guð fyrirgefi mér — en vera má þú hefðir ekki gefið ást þína til einskis, ef ég hefði haldið föstu öllu, sem ég hafði, eins og ég hefði getað gert — fé er vald.

— Það hefði verið verra fyrir mig. Þá hefði ég verið ómakleg þess, að hann liti til mín og ekki getað verið upp með mér af þér. Á ég nú ekki að lesa?

— Jú, bráðum. Fyrst ætla ég, barnið mitt, þín vegna að segja þér það, sem sízt skyldi .... Ást hans er annarri gefin.

— Það veit ég, sagði Esther rólega.

— Sú egypzka hefur hann í neti sínu, hélt hann áfram. Hún er kæn eins og kynið og fegurðin til hjálpar — mikil fegurð, mikil kænska — og hjartalaus eins og kynið. Dóttir, sem smáir föður sinn, leiðir harm yfir mann sinn.

— Gerir hún það?

— Balthasar er spakvitur og hefur veitzt undursamleg náð af heiðnum manni að vera. En hún gerir gys að því .... Hann þagði við, hélt síðan áfram: — Hann vaknar að lokum við vondan draum, ef hann gengur að eiga hana. Hugsun hennar um hann er ekkert annað en ill upphefðargirnd. Róm er endimark allra drauma hennar. Hann er henni sonur Arríusar þjóðstjóra, ekki Ben Húr frá Jerúsalem.

Esther reyndi ekki að dylja áhrif þessara orða á sig.

— Bjargaðu honum, pabbi! Það er ekki orðið of seint.

Símónídes brosti efablandinn:

— Drukknandi manni má bjarga, ástfangnum ekki.

— En hann tekur mikið tillit til þín. Hann er einstæðingur. Sýndu honum hættuna. Segðu honum, hvaða mann hún hefur að geyma.

— Ég er þjónn eins og forfeður mínir í marga ættliðu. En ekki get ég sagt við hann: Heyrðu, herra minn, líttu á dóttur mína! Hún er fegurri en sú egypzka og ann þér meir. Nei, Esther, heldur vildi ég leggja okkur bæði til hvíldar hjá móður þinni, til þess svefns, sem hún sefur.

Esther setti dreyrrauða út að eyrum.

— Ég átti ekki við, að þú talaðir þannig við hann. Ég var að hugsa um hann, velferð hans, ekki mig. Ég hef dirfzt að elska hann og ég skal koma þannig fram, að ég verðskuldi virðingu hans. Með því einu móti get ég afsakað heimsku mína. Láttu mig nú lesa bréfið.

— Já, lestu það.

Bréfið var svona:

*8. nísan-mán.*

*Á leið frá Galíleu til Jerúsalem. Maðurinn frá Nazaret er líka á leiðinni. Ég er með honum með heilt herfylki minna manna, án hans vitundar. Annað herfylki kemur á eftir. Það ber ekki á þessum fjölda sökum páskanna. Hann sagði, er hann lagði af stað: Vér förum til Jerúsalem og mun þá allt það, sem skrifað er af spámönnunum um mig, koma fram. — Biðtíma okkar er að verða lokið.*

*Friður sé með þér.*

*Ben Húr.*

Esther rétti föður sínum bréfið. Ekkert orð til hennar í bréfinu, ekki einu sinni kveðja. Þó hefði verið svo einfalt að skrifa: Friður sé með þér og þínum. Í fyrsta sinn á ævinni fann hún til sviða af afbrýði.

— Áttundi, sagði Símónídes, þeir geta verið komnir til Betaníu núna.

— Hann kemur máske í kvöld, sagði hún, gleymdi sér aftur.

Í þessu kom þjónninn með vín og vatn og rétt um leið steig Íras upp á þakið til þeirra. Aldrei hafði Esther fundizt egypzka mærin eins töfrandi fögur og nú. Þunnar slæður veifðust

um líkama hennar eins og gagnsæ þoka. Á hálsi, enni og örmum glóðu þungir gimsteinar. Andlitið ljómaði af lífsnautn. Hún var létt í fasi, örugg og eðlileg.

— Friður sé með þér, Símónídes, og með þér, Esther litla, sagði Íras. Þú minnir mig á persnesku prestana, sem stíga upp á musteri sín, þegar degi hallar, til þess að biðjast fyrir meðan sólin hnígur. Þekkir þú ekki allt um þann átrúnað? Á ég að láta pabba koma? Hann veit alla klerkaspeki Persalands.

— Fagra egypzka mær, mælti kaupmaður, hneigði sig stillt og alvarlega, — faðir þinn er góður maður og mundi ekki fyrtast þótt hann vissi mig segja þér, að persnesku fræðin eru sá hluti vizku hans, sem minnst er í varið.

— Svo ég tali eins og heimspekingur, eins og þú gefur tilefni til, þá er ekki hægt að tala um, að eitthvað sé minnst, án þess að miða við annað, sem er mest. Má ég spyrja, hvað þú telur mest við þennan fágæta eiginleika, sem þér þóknast að eigna honum?

— Sönn vizka leitar ævinlega til Guðs, æðsta vizkan er þekking á Guði og enginn, sem ég þekki, á hana í ríkara mæli eða sýnir meira af henni í orði og verki en Balthasar.

Hann lyfti bikarnum og drakk til merkis um, að samtalinu væri lokið. Íras skildi, sagði við Esther, fremur stutt í spuna:

— Maður, sem á milljónir í birgðum og marga skipaflota getur ekki skilið, hverju fávísar konur eins og við hafa gaman af. Við skulum fara frá honum. Við getum talað saman út við vegginn þarna.

Þær gengu út að brjóstvirkinu og námu staðar á þeim stað, þar sem steinflagan hafði losnað um árið og fallið í höfuð Gratusar.

— Hefur þú aldrei komið til Rómaborgar? spurði Íras.

— Nei.

— Hefur þig ekki langað til þess?

— Nei.

— Lítið hefur þú haft upp úr lífinu. — Íras andvarpaði, en rak í sömu andrá upp hvellan hlátur og bætti við: — Ó, uppmálaða einfeldni! Hálffleygir fuglsungar í hreiðri innan í eyra stóru líkneskjunnar á Memfissandi vita nærri því eins mikið og þú.

Hún sneri við blaðinu, þegar hún sá, að Esther fataðist, og sagði ísmeygilega:

— Vertu ekki reið! Ég var að gera að gamni mínu. Lof mér kyssa á sárið og segja þér um leið það, sem ég mundi ekki segja nokkrum öðrum: Nazareinn kemur hingað á morgun og Ben Húr í kvöld.

Esther reyndi að hafa vald á svip sínum, en mistókst. Hún leit niður og roðinn steig fram í kinnar hennar. En hún sá ekki heldur hróðuga brosið á andliti hinnar.

— Sko! Hér er staðfesting hans. — Hún tók bréf undan belti sér og hélt áfram: — Fagna þú með mér, vina mín. Hann kemur í kvöld. Við Tíber er hús, konungleg eign, sem hann hefur heitið mér. Að verða húsfreyja þar er sama sem að verða . . . .

Snúðugt fótatak heyrðist á götunni fyrir neðan og hún hætti í miðju kafi, laut fram til þess að gá, sté aftur á bak, sló saman lófum yfir höfði sér og hrópaði:

— Vegsömuð sé Isis! Það er hann, Ben Húr sjálfur! Að hann skyldi koma rétt í því ég var að hugsa til hans. Sé það ekki góðs viti, eru engir guðir til. Komdu með faðminn, Esther, gef mér koss!

Esther leit upp — roði í kinnum, glampi í augum, sem bar þess vott, að nú hafði hún skipt skapi, ljúflyndi hennar hafði verið ofboðið. Það var ekki nóg að mega nú ekki hugsa til þess manns, sem hún elskaði, nema rétt að stelast til þess í draumi, heldur þurfti stærilátur keppinautur að trúa henni fyrir gengi sínu og þeim glæsilegu heitum, sem henni höfðu verið gefin. Henni, ambáttinni, prælsdótturinni, hafði hann ekki sýnt nein merki þess, að hann myndi eftir henni. En hin gat hampað bréfi frá honum. Hún spurði:

— Elskarðu hann svo heitt — eða Róm því meira?

Íras steig skref aftur á bak, vatt síðan andlitinu alveg ofan að henni og sagði:

— Hvað er hann þér, dóttir Símónídesar?

— Hann er . . . . Hún komst ekki lengra, fölnaði, titraði, náði sér og hélt áfram: — Hann er vinur föður míns.

Tungan neitaði að játa, að hún væri ánauðug. Íras hló:

— Er það allt og sumt? Allir ástarguðir Egyptalands skulu

vita, að þú mátt eiga kossana þína sjálf — já, eigðu þá. Ég á aðra vísa og betri og .... — hún snerist á hæli, leit um öxl — og ég fer til þess að fá þá. Vertu sæl!

Esther sá hana hverfa ofan stigann. Hún greip höndum fyrir andlit sér og grét, tárin flóðu sviðaheit milli fingranna. Í huga hennar komu orð föður hennar, til enn frekari sárinda: Vera má, þú hefðir ekki gefið ást þína til einskis, ef ég hefði haldið föstu öllu, sem ég hafði, eins og ég hefði getað gert.

## 50

Klukkustund síðar eða svo hittust þeir Balthasar og Símónídes í stóra salnum í höllinni. Esther fylgdi föður sínum. Meðan þeir töluðust við, komu Íras og Ben Húr inn til þeirra saman.

Ben Húr gekk fyrst til Balthasars og heilsaði honum, síðan til Símónídesar, leit á Esther og hikaði. Það var eins og hann sæi fyrst nú, hve fögur hún var og orðin fulltíða kona. Og jafnframt var sem honum fyndist hljóðlát rödd hið innra með sér minna sig á skyldur, sem hann hefði vanrækt, á heit, sem hann hefði ekki efnt.

— Friður sé með þér, fagra Esther, og með þér, Símónídes. Esther leit niður. Símónídes svaraði:

— Velkominn í hús föður þíns. Gerðu svo vel að setjast og segðu okkur frá ferðum þínum og störfum og frá Nazareanum. Hver er hann?

— Ég er hingað kominn til þess að segja ykkur frá honum. Ég hef dögum saman fylgt honum eftir og haft nánar gætur á honum. Ég hef séð hann í öllum þeim aðstæðum, sem talið er, að mann megi reyna, og þótt ég sé þess fullviss, að hann sé maður sem ég, er ég ekki síður viss um hitt, að hann er eitthvað meira.

— Hvað meira?

— Ég skal segja þér .... Hann þagnaði við það, að einhver kom inn. Hann leit við, stóð upp, rétti fram hendur:

— Amra! Amra mín! kallaði hann.

Hún fleygði sér niður við fætur hans, faðmaði kné hans og kyssti hendur hans hvað eftir annað. Þegar honum urðu lausar

hendurnar, strauk hann hárlýjurnar frá vöngum hennar og kyssti hana, sagði síðan:

— Hefurðu ekkert frétt, Amra mín, ekkert heyrt um þær?

Hún brast í grát, skýrara svar en orð.

— Verði Guðs vilji, sagði hann, auðheyrt á rómnum, að hann hafði gefið upp alla von. Hann sneri sér undan, vildi leyna tárum í augum sér. Hann settist. — Seztu hérna hjá mér, Amra mín? Viltu það ekki? Þá hér við fætur mína. Ég hef margt að segja þessum vinum mínum af merkilegum manni, sem er kominn í heiminn.

Amra gekk að veggnum og settist upp við hann með hendur um hnén. Henni var nóg að fá að hafa augun á honum.

Ben Húr tók upp þráðinn:

— Ég þori naumast að svara spurningunni um Nazareann, fyrr en ég hef sagt ykkur frá sumu því, sem ég hef séð hann gera. Og til þess er ég því fúsari fyrir það, að á morgun mun hann koma hingað til borgarinnar og fara til musterisins, sem hann nefnir hús föður síns og gera þar, að því er sagt er, kunnugt, hver hann er. Það kemur því í ljós á morgun, hvor ykkar tveggja hefur á réttu að standa.

Balthasar neri hendurnar í ákafa:

— Hvert á ég að fara til þess að sjá hann?

— Troðningurinn verður efalaust mjög mikill. Ég hugsa það verði bezt fyrir ykkur að fara upp á þakið yfir súlnagöngum Salómons.

— Verður þú með okkur?

— Nei, sagði Ben Húr, vinir mínir þurfa mín sennilega við í skrúðgöngunni.

— Skrúðgöngunni? sagði Símónídes. Ferðast hann með viðhöfn?

Ben Húr skildi, hvað honum bjó í huga.

— Hann hefur tólf menn til fylgdar — fiskimenn, jarðyrkjumenn, einn tollheimtumann, allt almúgamenn. Þeir fara fótgangandi, hirða hvorki um storma, kulda, regn né sólarhita. Ég hef séð þá staldra við að kvöldi við veginn, brjóta brauð sitt, leggja sig út af til svefns og þeir hafa meira minnt mig á hjarðmenn en tignarmenn og konunga. En þegar hann lyftir höfuðfati sínu og horfir á einhvern, sést, að hann er kennari þeirra um leið og hann er félagi þeirra, yfir þeim, eins og

hann er vinur þeirra. Þið eruð vitmenn. Hvað segið þið um mann, sem gæti gert steinana, sem hann gengur á, að gulli, en kýs samt að vera snauður?

— Grikkir mundu kalla hann heimspeking, sagði Íras.

— Nei, dóttir, sagði Balthasar, heimspekingar hafa aldrei mátt til slíks.

— Hvernig veiztu, að hann getur slíkt?

Ben Húr svaraði umsvifalaust:

— Ég sá hann breyta vatni í vín.

— Furðulegt, furðulegt, sagði Símónídes. Og hann kýs sér að lifa við örbirgð?

— Hann á ekkert og öfundar engan af neinu, sem hann á. Hann vorkennir auðmönnum. En sleppum því. Hvað munduð þið segja, ef þið sæjuð mann margfalda sjö brauð og tvo fiska, allan forða sinn, svo að það nægði fimm þúsund manns til saðningar og væru þó margar karfir afgangs? Þetta horfði ég á hann gera.

— Þú horfðir á það? sagði Símónídes.

— Já, og át af matnum meira að segja. Og hvað munduð þið segja um mann, sem hefur svo mikinn lækningakraft, að sjúklingar þurfa ekki annað en snerta klæði hans eða kalla til hans álengdar, til þess að fá fullan bata? Þetta hef ég líka séð, ekki einu sinni, heldur oft. Þegar við héldum út úr Jeríkó, voru tveir blindir menn við veginn, kölluðu til hans og hann snart augu þeirra og þeir fengu sjónina. Síðan var komið til hans með lama mann og hann sagði aðeins: Far heim til þín. Og maðurinn fór, heill heilsu. Hvað segið þið um þetta?

Kaupmaðurinn gat engu svarað.

— Getið þið ímyndað ykkur, eins og ég hef heyrt suma segja, að þetta séu brögð eða missýningar? Því vil ég svara með því að minna á annað enn meira, sem ég hef séð hann gera. Hugsið um þessa bölvun, sem engin von fylgir, nema dauðinn — líkþrána.

Amra reis upp til hálfs.

— Líkþrár maður kom til hans, þegar ég var með honum í Galíleu, og kallaði: Herra, ef þú vilt, getur þú hreinsað mig. Hann heyrði ópið, snerti þennan útskúfaða aumingja og sagði: Ég vil, verðir þú hreinn. Og maðurinn varð á svipstundu jafn

heill og við, sem á horfðum. Og einu sinni komu tíu líkþráir til hans í einu og urðu heilir.

— Slíkt hefur aldrei áður heyrzt í Ísrael, sagði Símónídes.

Amra hafði staðið á fætur og gengið hljóðlega út, án þess að nokkur tæki eftir.

— Ég læt ykkur eftir, hélt Ben Húr áfram, að ráða í þær hugsanir, sem slíkir atburðir hafa vakið hjá mér. En ekki höfðu efasemdir mínar og undrun enn náð hámarki. Galíleumenn eru, eins og þið vitið, ákaflyndir og skjóthuga. Eftir ára bið fannst þeim sverðin vera farin að svíða lófa sína. Þeir vildu láta til skarar skríða. Hann er seinn að segja til sín, sögðu þeir við mig, neyðum hann til þess. Og mig þraut þolinmæði líka. Eigi hann að verða konungur, því þá ekki strax? Herinn er til taks. Einu sinni, þegar hann var að kenna við vatnið, ætluðum við að krýna hann, hvort sem hann vildi eða ekki. En hann hvarf og sást síðar á báti, sem hélt brott frá ströndinni. Það, sem gerir aðra menn vitstola — auðæfi, völd, jafnvel konungdómur, sem mikil þjóð býður af miklum kærleik — þetta hrífur ekkert á hann. Hvað segið þið?

Haka Símónídesar var sigin ofan á bringu. Hann lyfti höfði og sagði ákveðinn:

— Drottinn lifir. Orð spámannanna eru í gildi. Tíminn er enn ekki fullnaður. Látum morgundaginn skera úr.

— En ég hef ekki enn lokið máli mínu, sagði Ben Húr. Hvað mundir þú, spakvitri Egypti, segja, eða hvor ykkar, sem er, ef þið sæjuð mann gera verk dauðans að engu, aðeins með örfáum orðum, vekja mann frá dauðum jafn fyrirhafnarlaust og móðir vekur barn sitt af svefni? Þetta sá ég í Nain.

— Guð einn er svo mikill, sagði Egyptinn.

— Ég segi ykkur það eitt, hélt Ben Húr áfram, sem ég hef verið sjálfur sjónarvottur að, ásamt fjölda annarra manna. Á leiðinni hingað sá ég annað enn meira máttarverk. Það var í Betaníu. Maður, sem Lazarus heitir, hafði dáið og verið grafinn. Ég sá hann ganga út úr gröfinni og þegar blæjan var tekin frá andliti hans, rann blóðið að nýju um líkamann og hann var að öllu eins og hann átti að sér. Hann lifir enn. Þið getið farið og séð hann. Og nú finnst mér ég geta spurt ykkur þeirrar spurningar, sem þú, Símónídes, varpaðir fyrir mig: Hvað meira en maður er þessi Nazarei?

Spurningin var hátíðlega fram borin og þau ræddu hana langt fram yfir miðnætti. Símónídes hélt enn fast við skilning sinn á spámönnunum. Ben Húr hallaðist að því, að þeir Balthasar hefðu báðir rétt fyrir sér, að Nazareinn væri bæði lausnari og konungur.

## 51

Þegar Sauðahliði var lokið upp um morguninn, var Amra sú fyrsta, sem út gekk. Hún gekk ofan dalinn. Dökkgrænar hlíðar Olíufjallsins voru alsettar hvítum tjöldum, sem nýlega hafði verið slegið upp af fólki, sem komið var til hátíðarinnar. Enginn varð á vegi hennar, enda snemma morguns. Hún hélt fram hjá Getsemane, fram hjá Silóam. Öðru hverju hrasaði hrumur fótur hennar, einu sinni tyllti hún sér, til þess að kasta mæðinni, en stóð strax upp og hélt áfram með auknum hraða. Ef klettarnir til beggja handa hefðu haft eyru, myndu þeir hafa heyrt hana tauta eitthvað fyrir munni sér í sífellu. Hefðu þeir séð, mundu þeir hafa tekið eftir vanþóknuninni í augum hennar, er hún leit við dagsbrúninni, — hún fór alltof hratt á loft. Og hefðu þeir mátt mæla, er ekki ólíklegt, að þeir hefðu sagt: Vinkona okkar flýtir sér í dag. Munnarnir, sem hún ætlar að mata, hljóta að vera soltnir.

Þegar hún kom að Konungsgarði hægði hún á sér, því að þá blasti við hið ömurlega heimkynni líkþráa fólksins.

Móðir Ben Húrs var komin út, sat úti fyrir hellinum, en Tirza svaf enn, enda vart komin fótaferð. Sjúkdómurinn hafði magnazt hræðilega síðustu þrjú árin. Henni var ljóst, hvernig hún mundi vera útlits og hjúpaði sig venjulega alveg. Jafnvel Tirza fékk ekki að sjá hana nema endrum og eins.

Í þetta sinn var hún berhöfðuð, vissi, að enginn var í nánd, sem hryllt gæti við henni. Hún beið Ömru. Hún kom á hverjum morgni í bítið, fyrst að brunninum, síðan að steini nær fjallinu og lagði þar matvælin, sem hún hafði meðferðis og fyllti krukkuna vatni. Þær töluðu alltaf eitthvað saman á-lengdar, hún spurðist fyrir um son sinn og þótt lítið væri löngum af honum að frétta, var það henni þó til hughreystingar.

Að þessu sinni varð hún ekki fyrr við vör en kona kom upp hlíðina, riðandi á fótum og yfirkomin af mæði. Það skipti engum togum, að Amra var komin að fótum hennar og kyssti klæði hennar, án þess tækist að koma í veg fyrir það.

— Hvað ertu að gera, Amra? sagði hún. Sýnir þú ást þína með slíkri óhlýðni? Vonda ambátt! Nú er úti um þig og þú getur aldrei framar orðið herra þínum að liði?

Amra grét og gat engu orði upp komið. Tirza hafði vaknað við ávítur móðurinnar og kom út. Það var hörmuleg sjón að sjá hana. Hún var hálfnakin, hörundið hreistrað, blátt og þrútið. Hún var nálega blind, hendur og fætur bólgin og blásin.

— Er það Amra? spurði hún.

Ambáttin ætlaði til hennar.

— Vertu kyrr, Amra, skipaði móðirin. Ég banna þér að koma við hana. Farðu burt, áður en nokkur sér þig hér. Nei, það er of seint. Nú verðurðu að vera hér kyrr og þola dóminn með okkur. Stattu upp, segi ég.

Amra reis upp á hnén.

— Góða frú, sagði hún. Ég kem með góða frétt.

— Af Júda?

— Það er kominn fram undursamlegur maður, sem hefur mátt til að lækna ykkur. Hann kemur í dag hingað til Jerúsalem. Flýtið ykkur og komið með mér.

— Hefur Júda sent þig hingað til þess að segja þetta?

— Nei, hann heldur, að þið séuð dánar. En hann sagði mér þetta. Hann hefur séð hann gera dásamleg kraftaverk. Hann læknar líkþráa með einu orði.

Gamla konan þagði, höndin skalf, trú og efi börðust um völdin. Loks sagði hún við Tirzu:

— Þetta hlýtur að vera Messías. Einu sinni var mikið um það talað, að hann væri fæddur. Ég man vel eftir því. Við förum með þér, Amra. Við skulum matast fyrst og halda svo af stað.

Máltíðinni var brátt lokið. Konurnar þrjár héldu af stað. Tirza átti mjög erfitt um gang og bar sig illa. Amra varð að styðja hana, enda var vegurinn ósléttur og brattur. Móðirin reyndi að hressa hana upp, en þar kom þó, að hún hné til jarðar.

— Farðu með Ömru, mamma, láttu mig eftir, stundi hún lágt.

— Nei, nei, Tirza. Hvað ætti ég að gera við bata, ef þú fengir ekki hjálp? Hvað ætti ég að segja við Júda, þegar hann spyr um þig?

— Segðu honum, að mér hafi þótt vænt um hann.

Móðirin rétti úr sér og skimaði kringum sig og fannst öll von slokkna. Gleðin yfir tilhugsuninni um heilsubót var óaðskiljanlega tengd Tirzu. Hún var ung og mundi, ef hún fengi heilsu, geta gleymt þeim hörmungarárum, sem svo mjög höfðu bugað hana á líkama og sál. En þegar hin hugrakka kona var í þann veginn að gefast upp, sá hún gangandi mann koma austan veginn.

— Hugrökk nú, Tirza, hresstu þig upp! Þarna kemur maður, sem getur sagt okkur eitthvað um Nazareann.

Amra hjálpaði Tirzu að setjast upp.

— Æ, mamma mín, þú gleymir í umhyggju þinni, hverjar við erum. Maðurinn sneiðir hjá okkur, gott ef hann grýtir okkur ekki.

— Við sjáum til.

Hún gat engu öðru svarað, því að hún vissi allt of vel af sárri reynslu, hvernig meðferð þeirra líkar sættu hjá löndum þeirra.

Þar sem þær voru staddar, var vegurinn nánast einstigi, þröng gata, sem hlykkjaðist um stórgrýtt holt. Maðurinn hlaut að fara fast hjá þeim, ef hann fylgdi veginum. Og það gerði hann, unz hann var kominn í kallfæri, gat heyrt þá viðvörun, sem þær voru skyldar að kalla til hans. Þá tók móðirin skýluna af höfði sér, eins og lögmálið bauð, og æpti:

— Óhrein, óhrein!

En henni til undrunar hélt maðurinn hiklaust áfram.

— Hvers er ykkur vant? spurði hann, nam staðar fáein skref frá þeim.

— Þú sérð okkur. Gættu þín!

— Kona, ég er boðberi hans, sem læknar slíka sem þig með einu orði. Ég er óhræddur.

— Er það Nazareinn?

— Já, Messías.

— Er það satt, að hann komi til borgarinnar í dag?

— Hann er nú í Betfage og kemur þessa leið.

Hún spennti greipar og renndi þakklátum augum til himins.

— Hver álítur þú, að hann sé? spurði maðurinn.

— Sonur Guðs, svaraði hún.

— Bíddu þá hérna, eða þarna við klettinn, hvíta klettinn undir trénu. Og þegar hann fer hjá, skaltu kalla til hans, mundu það, kalla og óttast ekki. Ef þú trúir, heyrir hann til þín, þótt allir himnar skjálfi af reiðarslögum. Friður sé með þér og þínum.

Hann hélt áfram.

— Heyrðir þú, Tirza? Heyrðir þú, hvað hann sagði? Hann er á leiðinni, fer hér hjá og veitir okkur áheyrn. Einu sinni enn, aðeins einu sinni, barnið mitt, rétt hérna að klettinum, aðeins steinsnar!

Tirza tók í hönd Ömru og stóð á fætur. En í því sneri maðurinn aftur og kom til þeirra:

— Eftir á að hyggja, sagði hann, það verður heitt í dag, mér datt í hug, að þú mundir hafa meiri þörf fyrir þetta vatn en ég. Taktu við því og vertu hughraust. Kallaðu til hans, þegar hann fer hjá.

Hann rétti henni graskersflösku fulla af vatni, lagði hana í hönd henni í stað þess að láta hana af sér í hæfilegri fjarlægð.

— Ertu Gyðingur? spurði hún forviða.

— Já, en auk þess lærisveinn Krists, sem kennir daglega með orðum og verkum það, sem ég hef nú gert. Mennirnir hafa lengi þekkt orðið kærleikur, án þess að skilja það. Ég segi aftur: Friður og fögnuður sé með þér og þínum.

Hann fór og þær leituðu sér hælis í skugga klettsins. Að vörmu spori var Tirza sofnuð.

## 52

Um þriðju stund tók vegfarendum mjög að fjölga og héldu í áttina til Betfage og Betaníu. Síðan tóku menn að streyma hópum saman ofan Olíufjallið, skiptu brátt þúsundum. Það var einkennilegt, að allir höfðu nýbrotnar pálmaviðargreinar í höndum. Móðirin vakti Tirzu. Hún spurði:

— Hvað er á seyði?

— Hann er að koma. Þetta fólk þarna kemur frá borginni til þess að mæta honum. Hinir, sem koma að austan, eru vinir hans. Bezt gæti ég trúað, að fylkingarnar mætist hér framundan.

— Þá er ég hrædd um, að hann heyri ekki til okkar. Móðirin kveið því sama. Hún spurði Ömru:

— Nefndi Júda, hvernig líkþráu mennirnir, sem Nazareinn læknaði, hefðu kallað til hans?

— Annað hvort sögðu þeir: Drottinn, miskunna þú oss, eða: Meistari, miskunna þú.

— Ekkert annað?

— Ekki það ég man. Það nægði líka.

Mannfjöldinn að austan nálgaðist. Þegar þeir fremstu voru komnir í augsýn, beindist athygli líkþráu kvennanna öll að einum manni, sem reið í miðri þröng fólks, sem söng og dansaði umhverfis hann í áköfum fögnuði. Hann var berhöfðaður og í hvítum klæðum. Þegar hann kom nær, sáu þær móbrúnt andlit, skyggt af síðu, jörpu hári, skiptu fyrir miðju enni. Hann leit hvorki til hægri né vinstri, átti sýnilega engan hlut í fagnaðarlátum föruneytis síns og ekki höfðu þau hin minnstu áhrif á hann. Þung alvara hvíldi yfir svip hans. Sólin skein sterklega á hnakka hans, geislarnir glóðu í lokkunum og var því líkast sem ljómaði um höfuð hans. Konurnar þrjár þurftu engra vitna við um það, að þetta væri hann, hinn undursamlegi frá Nazaret.

— Þetta er hann. Komdu, Tirza, komdu, barnið mitt!

Hún færði sig fram fyrir klettinn um leið og hún sagði þetta og kraup á kné. Dóttir hennar og ambáttin komu á eftir.

Mannfjöldinn, sem kom frá borginni, nam staðar, veifaði greinunum, og hrópaði þúsundraddað, eða öllu heldur söng:

— Blessaður sé konungurinn, sem kemur í nafni Drottins!

Og þúsundirnar, sem komu úr hinni áttinni, tóku undir, svo að loftið titraði, það var sem stormbylur dyndi á hlíðinni. Í þeim gný mundi hróp sjúklinganna ekki láta hærra en tíst í lemstruðum fugli.

— Nær, barnið mitt, komum nær! Hann heyrir ekki til okkar.

Hún reis á fætur og tók að staulast áfram. Hún fórnaði útsteyptum höndum sínum og æpti skrækri, óhrjálegri röddu.

Fólkið sá hana — sá þetta viðbjóðslega andlit, nam staðar, lostið skelfingu. Tirza, sem var í humátt á eftir, hné niður, of magnlaus og skelfd til þess að fara lengra.

— Líkþráar! Líkþráar! var kallað.

— Grýtið þær!

— Þær eru bölvaðar. Grýtið þær í hel!

Þetta kvað við í öllum áttum. En nokkrir voru nærstaddir, sem þekktu hann, sem þessir vesalingar voru að leita til, nokkrir, sem höfðu lengi umgengizt hann og öðlazt hlutdeild í guðlegri miskunnsemi hans. Þeir horfðu til hans hljóðir, meðan hann reið fram — og nam staðar. Hún sá einnig andlit hans — frið, meðaumkun, frábæra fegurð, stór augu, full af blíðu og gæzku.

— Meistari! meistari! Miskunna okkur! Miskunn!

— Trúir þú, að ég geti gjört þetta?

— Þú ert sá, sem spámennirnir hafa boðað. Þú ert Messías.

Augu hans urðu leifturskær, svipurinn viss og styrkur:

— Kona, mikil er trú þín. Verði þér sem þú vilt!

Hann dokaði ögn við, vissi augsýnilega ekkert af manngrúanum umhverfis — andartak — svo reið hann áfram.

Kveðja þakklátrar konu hljómaði á eftir honum:

— Dýrð sé Guði í upphæðum! Blessaður, margblessaður, sé sonur hans, sem hann hefur gefið oss.

Mannþröngin luktist um hann, syngjandi og veifandi greinum. Móðirin vafði Tirzu að sér og hrópaði:

— Dóttir mín, líttu upp! Hann er Messías. Við erum frelsaðar, frelsaðar!

Fyrst var eins og blóðið yrði nýtt, það tók að renna örar og styrkar og gagntók örþrota líkama þeirra óendanlega sælli kennd þjáningalauss bata. Báðar fundu pláguna hverfa frá sér. Þrótturinn kom aftur. Heilgandi máttur, hreinsandi afl streymdi um þær, líkama og sál.

Auk Ömru fylgdist einn maður vel með þessari ummyndun — en svo er réttara að nefna það, sem fram fór, en lækningu. Svo trúlega sem Ben Húr hafði fylgt meistaranum á ferðum hans, mun engan undra, þótt hann hafi verið nærstaddur, þegar líkþráu konurnar komu í ljós á veginum. Hann heyrði bænina og svar hennar. Hann vænti þess fastlega, að spámaðurinn myndi fyrir sólarlag þennan dag gera hátíðlega kunnugt, hver

hann væri. Aldrei hafði hann því haft nánari gætur á honum Meðan atburðurinn gerðist, hafði hann dregið sig út úr mannþrönginni og setzt á stein við veginn. Hann kinkaði kolli til margra í mannþrönginni. Það voru liðsmenn hans frá Galíleu, er báru stutt sverð undir síðskikkjum sínum. Araba nokkurn, dökkleitan, bar þar að, teymdi tvo hesta. Ben Húr gaf honum bendingu.

— Bíddu hér, sagði Ben Húr við hann. Ég ætla að komast snemma til borgarinnar og verð að hafa hestinn til taks.

Hann strauk enni hestsins og þegar mannfjöldinn var kominn framhjá, fór hann yfir veginn. Þá varð honum litið á smávöxnu konuna, sem stóð undir hvíta steininum og hélt höndum fyrir andliti.

— Svo sannarlega sem Drottinn lifir, sagði hann, er þetta hún Amra. Amra, kallaði hann, hvað ert þú að gera hér?

Hún tók á rás og féll fram fyrir honum, flóandi í tárum.

— Ó, herra, herra! Þinn Guð og minn — góður er hann.

Hann fann einhvernveginn á sér, að vera ambáttarinnar hér og kynlegt hátterni stæði í sambandi við konurnar tvær. Hann sneri sér við. Þær höfðu litið upp. Honum fannst hjartað hætta að slá.

Konan, sem hann hafði séð frammi fyrir spámanninum, stóð með spenntar greipar og horfði til himins. Breytingin, sem á henni var orðin, var í sjálfu sér ærið undrunarefni. En það var ekki orsök þess, að honum féllust orð og hugsun. Hann trúði ekki augum sínum. Hann lagði hönd á höfuð ambáttarinnar:

— Amra! Amra! Mamma? Tirza? Er það satt?

— Talaðu til þeirra, herra, talaðu!

Hann hljóp í áttina til þeirra með útbreiddan faðm. Þær hljóðuðu upp af fögnuði og komu á móti honum. En allt í einu nam móðir hans staðar, hörfaði aftur á bak og sagði að vanda:

— Stattu kyrr, Júda! Komdu ekki nær. Óhrein, óhrein!

En enginn máttur gat haldið honum burt frá þeim nú. Og í næsta vetfangi voru þau þrjú, sem svo lengi höfðu verið aðskilin, hvert í örmum annars og blönduðu tárum sínum.

Þegar fyrsta fagnaðarbylgjan var hjá, mælti móðirin:

— Gleymum ekki, börnin mín, þakklætinu á þessari sælu-

stund. Byrjum lífið að nýju með því að minnast hans, sem við eigum svo mikið að þakka.

Þau féllu öll á kné. Bæn móðurinnar var lofsöngur, sigursálmur.

Tirza endurtók bænina orð fyrir orð. Sama gerði Ben Húr, en ekki í efalausri trú. Þegar þau voru staðin upp spurði hann:

— Í Nazaret, þar sem þessi maður er fæddur, er hann nefndur smiðssonurinn. Hvað er hann?

— Hann er Messías, svaraði móðir hans.

— Hvaðan hefur hann mátt sinn?

— Það getum við vitað af því, hvernig hann notar hann. Geturðu sagt mér frá nokkru illu, sem hann hafi gert?

— Nei.

— Það hef ég til marks um, að hann hafi mátt sinn frá Guði.

Ekki er auðgert að hrinda í skjótri svipan af sér eftirvæntingu, sem glæðzt hefur árum saman og orðin er hluti af sjálfum manni. Og þótt Ben Húr spyrði sjálfan sig, hvernig hégómi þessa heims liti út í augum slíkrar persónu, þá sat metnaðurinn fastur í honum og varð ekki bældur. Hann hélt áfram, eins og menn gera enn daglega, að miða Krist við sig. Hve miklu betra væri að miða oss við Krist.

Ben Húr hefði að sjálfsögðu helzt viljað fara með þær mæðgur beint heim. En samkvæmt lögmálinu urðu þær að bíða utan borgar, unz þær höfðu verið úrskurðaðar hreinar. Hann bað því Arabann að fara með hestana að hliðinu við Betesta og bíða sín þar. Síðan lögðu þau af stað og var för þeirra mæðgna mjög svo ólík því, sem verið hafði um morguninn. Í Kedronsdal fann hann bráðabirgðaafdrep fyrir þær, og fór síðan brott, til þess að útvega þeim brýnustu nauðsynjar.

Ben Húr reisti tvö tjöld við Kedrons-læk og bjó þau þægindum. Hann var sjálfur orðinn óhreinn að lögum við að gegna þessum skyldum, og dvaldist því með ástvinum sínum í tjöldunum, enda höfðu þau nóg um að tala. Aldrei hafði hatur hans til Rómverja og Rómaborgar verið eins magnað og nú, er hann hafði heyrt sögu þeirra.

Oft komu til hans þessa daga vöðvastæltir og skeggjaðir menn, sem hann ræddi við í einrúmi. Móðir hans spurði, hverjir þeir væru, en hann kvað þá vera vini sína frá Galíleu.

Þeir fluttu honum fregnir af Nazareanum og óvinum hans. Hann komst að því, að þeir sátu um líf hans. Hann trúði vart, að þeir myndu dirfast að ráða á hann þessa daga, þegar mannfjöldinn var mestur í borginni, slík sem hylli hans var meðal lýðsins, né að þeir gætu náð honum á vald sitt, slíkum mætti sem hann var gæddur. En augljóst var, að til tíðinda mundi draga. Þeir viðburðir, sem nú var lýst, gerðust dagana 21.–25. marz að voru tímatali. Að kvöldi hins 25. stóðst Ben Húr ekki lengur mátið. Hann reið til borgarinnar, en hét að koma aftur um nóttina.

Engir voru á ferli. Þetta var fyrsta kvöld páskahátíðarinnar. Í forgarði musterisins var verið að slátra fórnarlömbunum og er fyrstu stjörnur sæjust á lofti, skyldi þeirra hátíðlega neytt.

## 53

Ben Húr hélt heim til hallarinnar, spurði fyrst um Mallúk, síðan um kaupmann og Balthasar, en allir voru þeir úti til þess að sjá hátíðahaldið.

Þess er ekki að dyljast, að hugstæðast var honum að hitta egypzku meyna. Alltaf bjó hún í huga hans, þótt stórviðburðir síðustu daga hefðu eðlilega skyggt á mynd hennar. Hún var samt draumamær hans. Og þegar hún sveif til móts við hann nú í hálfgagnsæjum slæðubúningi, hreif hún hann enn með ómótstæðilegu afli. En hann hrökk við, er hann virti hana fyrir sér. Hún brosti ekki, svipurinn var harður og kaldur, röddin nöpur:

— Þú kemur eins og kallaður. Ég vildi þakka þér gestrisnina. Eftir daginn á morgun er ekki líklegt, að ég hafi tækifæri til þess.

Ben Húr hneigði sig, starði á hana. Hún hélt áfram:

— Ég hef heyrt, að þegar teningaspilarar hafa lokið leik sínum, geri þeir upp reikninga og krýni sigurvegarann höfuðsveig. Við höfum átt leik saman lengi. Nú er honum lokið. Ættum við ekki að athuga, hvort á að fá sigursveiginn?

Ben Húr reyndi að bregða á gaman:

— Ekki skyldi karlmaður hefta konu, sem ráðin er í að hafa vilja sinn fram.

Hún hallaði undir flatt og lét nú eftir sér að glotta:

— Seg mér, þú höfðingi í Jerúsalem, hvar er þessi sonur smiðsins í Nazaret, sem líka á að vera sonur Guðs og svo mikils var vænzt af fyrir skemmstu? Er hann búinn að mola Róm? Hvar er konungssetrið og hásætið? Úr því hann vekur upp dauða, væri víst lítill vandi fyrir hann að koma sér upp höll af gulli.

Það var auðséð, að hún var ekki að gera að gamni sínu. Orðalag og allt látbragð hennar var blátt áfram fjandsamlegt. Hann ákvað að vera stilltur vel, sagði góðlátlega:

— Bíðum, Íras, einn dag enn eða fleiri og sjáum, hvað úr honum verður og höllinni hans.

Hún lét sem hún heyrði ekki, hélt áfram:

— Og hvernig ertu til fara, maður? Ekki ganga undirkonungar í slíkum klæðum annars staðar. Mér sýnist, að þú hafir ekki tekið við konungdóminum, sem ég átti að fá hlutdeild í með þér.

— Dóttir hins spaka gests míns er betri en hún ímyndar sér sjálf. Hann sagði þetta með kaldri kurteisi. Íras svaraði:

— Af Gyðingi að vera er sonur Húrs hnyttinn. Ég sá draumakonung þinn koma til Jerúsalem. Ég sá fylkingarnar, sem fylgdu honum og heyrði söng þeirra. Ég svipaðist um eftir konunglegum manni — purpurabúnum á hestbaki með skrautvagn, í hertygjum. Ég sá mann með kvenmannsandlit og konuhár, ríðandi ösnufola, grátandi, ha, ha, hæ — konungurinn, sonur Guðs, ha, ha, hæ! Ég fylgdist með honum að musterinu. Allur grúinn beið eftir yfirlýsingu hans. Börnin sungu hallelúja, en heimsdrottnarinn þinn þagði eins og steinn. Og rómverska stjórnarvélin gengur enn.

Ben Húr drúpti höfði. Já, hver var þessi maður frá Nazaret? Aldrei hafði sú spurning þrýst á eins og nú. En jafnframt fannst honum hann verða sér svo nálægur.

— Dóttir Balthasars, sé þetta leikurinn, sem þú átt við, þá játa ég, að sigursveigurinn er þinn. Hættum þessu tali. En eitthvað býr undir hjá þér. Komdu með það, ég skal svara þér. Höldum síðan sína leið hvort og gleymum því, að við höfum nokkurn tíma sézt.

Hún horfði á hann og sagði kuldalega:

— Ég gef þér fararleyfi — farðu!

– Friður sé með þér, svaraði hann og gekk burt.
– Eitt orð, sagði hún. Hann leit aftur.
– Hugsaðu um allt, sem ég veit um þig.
– Hvað veizt þú um mig?
Hún fitlaði við hálsmenið, röddin var lág og mjúk:
– Það var einu sinni Gyðingur, strokuþræll af galeiðu, sem drap mann í Idernihöll .... Hún tíndi þetta út úr sér. Ben Húr hrökk við.
– Sami Gyðingur barði á Rómverjum hér í Jerúsalem. Sami Gyðingur hefur þrjú æfð herfylki frá Galíleu, sem ætlað er að taka rómverska landstjórann höndum í kvöld. Sami Gyðingur er í skipulögðu bandalagi í því skyni að hefja ófrið gegn Róm og Ilderím jarl er einn af bandamönnum hans.
Hún færði sig nær honum, hvíslaði:
– Þú hefur verið í Róm. Ef þetta væri borið í eyru vissra manna þar? Ha, þú skiptir litum!
Hann hrökk aftur á bak eins og maður, sem hefði haldið sig vera að leika að kettlingi en lent á tígrisdýri. Hún hélt áfram:
– Þú kannast við Sejanus. Væri honum nú sagt, að þessi Gyðingur sé auðugastur maður í Austurlöndum, já, í öllu Rómaveldi, ætli fiskarnir í Tíber fengju þá ekki góðan bita?
Ben Húr rann í hug atburðurinn við lindina, þegar þau hittust á leið til Jórdanar.
– Egypzka mær. Ég kannast við slægð þína, játa, að þú átt allskostar við mig og geri mér engar vonir um náð. Ég gæti drepið þig, en þú ert kona. Eyðimörkin er mér opin og þótt Rómverjar kunni vel til mannaveiða, kann þeim að verða leit úr mér þar og vera má, að Pörþum, sem enn eru ósigraðir, kæmi vel að fá liðsauka þeirra manna, sem þar eru, vel búnir að vopnum. En eins krefst ég: Ég vil vita, hvaðan þú hefur vitneskju þína.
– Í mínu landi eru iðnaðarmenn, sem safna marglitum skeljum til og frá um fjörur eftir storma, skera þær sundur og laga til og festa bútana í marmara, búa þannig til myndir. Skilurðu? Sumt heyrði ég hjá Ilderím, þegar hann var með föður mínum. Nóttin var kyrr, tjaldveggirnir þunnir. Sum skeljabrotin fékk ég hjá – syni Húrs sjálfum.

— Ekkert hjá neinum öðrum?

— Nei.

Ben Húr dró létt andann og sagði hressilega:

— Þökk! Láttu nú ekki herra Sejanus bíða eftir þér. Friður sé með þér enn.

— Stattu við .... Ég get svarið við alla guði Egyptalands, að mig hryllir við að vita þig komast í hendur þessa grimma ráðherra. Tortryggðu mig ekki. Ég kenni í brjósti um þig. Ef þú gerir það, sem ég segi, skal ég bjarga þér. Það sver ég.

— Það liggur við ég trúi þér, sagði Ben Húr lágt og seint.

— Þú áttir einu sinni vin. Þið voruð báðir drengir þá, en urðuð óvinir síðar. Hann gerði þér rangt til. Eftir mörg ár hittuzt þið á hringsviðinu í Antíokkíu.

— Messala.

— Messala, já. Gefðu honum upp sakir og bættu honum skaðann, sem hann beið í veðmálinu. Hvað munar þig um sex talentur? En fyrir hann eins og hann er kynjaður, er það verra en dauðinn að vera bónbjargamaður.

— Hefur Messala sjálfur sent þig til mín með þessa bón?

— Messala er drenglyndur og ætlar þér hið sama.

Ben Húr tók höndina, sem hún hafði lagt á arm hans.

— Úr því þú þekkir hann svo vel, segðu mér þá, hvort hann mundi gera mér það, sem hann biður mig um nú, væri hann í mínum sporum.

— Hann er ....

— .... Rómverji, vildir þú sagt hafa og átt við, að það sé sitt hvort að vera Gyðingur eins og ég. Hafir þú meira við mig að tala, þá flýttu þér. Annars kann ég að gleyma því, að þú ert kona og sjá það eitt, að þú ert njósnari, sem er því viðbjóðslegri í mínum augum fyrir þá sök, að hann gengur erinda Rómverja. Komdu með það, sem þú hefur að segja, fljótt!

Hún hratt honum frá sér, gekk aftur á bak, með alla þá mannvonzku, sem í henni bjó, í augum sínum og rödd:

— Hratæta, dreggjaskarn! Að hugsa sér, að nokkur, sem hefur séð Messala, gæti elskað þig! Þú og þínir líkar eru fæddir til þess að vera þrælar hans. Hann hefði látið sér nægja uppgjöf sex talenta. En nú skaltu bæta tuttugu við, tuttugu, heyrirðu það! Ef kaupmaðurinn hér hefur ekki fengið skipun um hádegi

á morgun um að greiða Messala tuttugu og sex talentur, þá skaltu eiga Sejanusi að mæta. Hafðu nú vit fyrir þér — og vertu sæll!

Hún gekk til dyranna, en hann stöðvaði hana:

— Þegar þú hittir Messala, hvort sem það verður á morgun eða næsta dag, hér eða í Róm, þá flyt honum þessi boð. Segðu honum, að ég hafi fengið aftur þær sex talentur, sem hann rændi mig með því að stela úr dánarbúi föður míns. Segðu honum, að ég hafi lifað af galeiðuþrælkunina, sem hann sendi mig í, og að mér þyki örbirgð hans og smán mátulega í koll koma. Segðu honum, að móðir mín og systir, sem hann bruggaði banaráð, séu lifandi og heilar og það sé að þakka Nazareanum, sem þú fyrirlítur svo djúpt. Segðu honum — þér, holdgetin lævísin, til huggunar engu síður en honum, — að Sejanus muni grípa í tómt, þegar hann kemur að ræna mig, því að eignir mínar í Mísenum og Róm eru seldar og andvirðinu svo fyrir komið, að ekki verður náð. Og að þetta hús, vörur, skip, úlfaldalestir, allt, sem Símónídes hefur undir höndum, njóti verndar ríkisins — Sejanusi er sjálfum kunnugt um, hvað þau hlunnindi kostuðu. Segðu honum, að ég sendi honum engar bölbænir, heldur miklu skýrari jarteikn þess brennandi haturs, sem ég ber í brjósti til hans, manneskju, sem reynist honum niðurstaða allra óbæna. Og þegar hann horfir á þig berandi fram þessi skilaboð, munu rómversk hyggindi hans segja honum, hvað ég á við. Farðu nú — ég er að fara.

Hann leiddi hana til dyra og hélt fortjaldinu frá af mikilli hæversku meðan hún fór út.

## 54

Fjöldi fólks var á götunum, ýmist að koma eða fara. Þetta kvöld voru allir Ísraelsmenn sem bræður og gestrisnin takmarkalaus. Oft var Ben Húr heilsað og boðnar góðgerðir, en hann afþakkaði, vildi flýta sér til móður sinnar og systur.

Hann sá álengdar logandi blys á hreyfingu og sá ekki betur en að þar væru rómverskir hermenn vopnaðir. Hann sneri eftir þeim fyrir forvitni sakir og sá þá, að hér voru, auk rómverskra hermanna, margir þrælar, er báru blys og barefli, ennfremur

ýmsir meiriháttar menn, öldungar og lærimeistarar, og loks fremsti lögreglustjórinn við musterið. Við hlið hans gekk maður, sem hengdi niður höfuðið og sá ekki í andlit honum. Var því líkast sem hann væri dreginn af hinum eða væri bandingi á leið til pyndinga eða dauða. Ben Húr reyndi að sjá framan í hann og þar kom, að hann lyfti höfði, svo að bjarmi blysanna féll á andlit honum, fölt, flóttalegt, gagntekið af skelfingu. Ben Húr hafði verið það lengi í fylgd Jesú frá Nazaret, að hann þekkti glöggt lærisveina hans. Hann laust upp lágu undrunarópi, þegar hann sá framan í manninn: Ískaríot!

Þeir héldu út um Sauðahlið. Framundan var hið djúpa gil, sem Kedron-lækur rennur eftir, handan þess Olíufjallið. Þeir fóru yfir lækinn á brúnni, beygðu til vinstri, stefndu að gerði einu, umluktu lágum grjótgarði. Ben Húr vissi, að þar var ekkert annað en kræklótt olíutré og furðaði sig á, hvaða erindi þessi vopnaði skari gæti átt þangað. Allt í einu nam fylkingin staðar og þeir, er fremstir voru, tóku að æpa í æsingi. Fylkingin riðlaðist, hrökk aftur á bak og menn féllu hver á annan. Ben Húr tók á rás til þess að sjá, hvað á seyði væri. Hann smeygði sér inn í gerðið og litaðist um.

Maður í hvítum klæðum stóð við innganginn. Það var Nazareinn. Að baki honum voru lærisveinar hans í þyrpingu, þeir voru í uppnámi, en aldrei var maður stilltari en hann. Hinn vopnaði skríll stóð frammi fyrir honum, gapandi, klumsa, hugstola, reiðubúnir að taka til fótanna, ef hann byrsti sig. Ben Húr leit af honum á Júdas og skildi, hvernig í öllu lá. Hérna var svikarinn, hinn svikni þar. Mennirnir með vopnin og bareflin voru sendir til þess að taka hann höndum.

Stundin var komin, sem Ben Húr hafði búið sig undir árum saman. Maðurinn, sem hann hafði bundið svo miklar vonir við, var í hættu. Og hann bærði ekki á sér. Rósemi hans benti til þess, að hann réði yfir afli, sem gæti bægt hættunni frá. Eitt orð, ein hugsun mundi nægja. Ben Húr beið átekta. Nú hlaut hinn undursamlegi, yfirnáttúrlegi máttur að opinberast. Ben Húr beið í þeirri trú — miðaði Nazareann við sjálfan sig, lagði enn á hann mannlegan mælikvarða.

Nú hljómaði skær rödd:

— Að hverjum leitið þér?

— Að Jesú frá Nazaret, svöruðu þeir.

— Ég em hann.

Við þessi látlausu orð, töluð án alls ofsa eða ógnunar, hrukku þeir aftur á bak, hinir ístöðulausari vörpuðu sér niður. Þá gekk Júdas til hans, kyssti hann og sagði:

— Heill, meistari!

— Júdas, svíkur þú Mannssoninn með kossi? Hví ert þú hér kominn?

Hann fékk ekkert svar, talaði aftur til mannfjöldans:

— Að hverjum leitið þér?

— Að Jesú frá Nazaret.

— Ég sagði yður, að ég em hann. Ef þér leitið mín, þá látið þessa fara.

Nú gengu yfirmennirnir nær honum. Lærisveinarnir sáu, hvað þeir ætluðust fyrir og einn þeirra hjó í flokkinn og veitti manni áverka. Meðan verið var að búa til böndin, hrærði meistarinn við áverkanum og læknaði hann. Bæði vinum og óvinum féllust hendur. Aldrei lætur hann þá fjötra sig, hugsaði Ben Húr.

— Slíðra þú sverð þitt. Ætti ég ekki að drekka bikarinn, sem faðirinn hefur fengið mér?

Svo sneri hann sér frá hinum hrösula lærisveini til þeirra, sem komnir voru að handtaka hann: — Eruð þér hingað komnir eins og móti ræningja með sverðum og bareflum? Daglega var ég með yður í musterinu og þó lögðuð þér ekki hendur á mig. En þetta er yðar tími og vald myrkursins.

Nú tók flokkurinn í sig kjark og umkringdi hann. Lærisveinarnir hurfu. Ben Húr leið illa. Hann varð að ná tali af meistaranum. Hann fleygði af sér skikkjunni og höfuðfatinu og fór á eftir flokknum, sem nú hélt áleiðis til borgarinnar. Honum tókst að mjaka sér óséðum í nánd bandingjans. Hann gekk niðurlútur, hendur bundnar á bak aftur, virtist ekki sinna neinu í kringum sig. Þegar komið var að brúnni yfir Kedron, laut hann að honum og hvíslaði:

— Meistari, heyrir þú til mín? Eitt orð .... segðu mér ....

Einhver stjakaði við honum.

— Segðu mér, ferðu af fúsum vilja með þessum mönnum?

Enn var stjakað við honum og spurt:

— Hver ert þú, maður?

— Meistari, flýtti Ben Húr sér að segja. Ég er vinur þinn.

Segðu mér í öllum bænum, viltu þiggja, að ég bjargi þér?

Nú var þrifið til hans óþyrmilega og æpt:

— Hann er einn af þeim. Berjið hann, drepið hann!

Ben Húr sló frá sér, jókst afl um allan helming, skók af sér þá, er lögðu hendur á hann og vatt sér út úr þrönginni. Þeir slitu af honum klæðin í ryskingunum og hann komst undan nakinn, lét gilið og myrkrið geyma sín. Að stundu liðinni sótti hann yfirhöfn sína í garðinn, og hélt út til móður sinnar um nóttina. Hann einsetti sér að ná tali af Nazareanum næsta dag. Hann vissi ekki, að farið var tafarlaust með hann til Hannasar til yfirheyrslu þá um kvöldið.

## 55

Næsta morgun um aðra stund komu tveir menn ríðandi á spretti að tjaldi Ben Húrs og vildu finna hann að máli.

— Friður sé með ykkur, bræður, sagði hann. Þetta voru foringjar í liði hans frá Galíleu. — Fáið ykkur sæti.

— Nú er ekki til setu boðið, sögðu þeir. Nú verður að hafast að, ef Nazareinn á ekki að deyja. Statt upp, vertu samferða. Dómur hefur verið kveðinn upp. Krosstréð þegar á Golgata.

— Krosstréð?

— Þeir tóku hann höndum í gærkvöldi, yfirheyrðu hann í nótt, í dögun leiddu þeir hann fyrir Pílatus. Tvívegis lýsti landstjórinn yfir sakleysi hans, þvoði loks hendur sínar og sagði: Sýkn er ég af blóði þessa réttláta manns. Sjáið þér fyrir því. Og þeir svöruðu . . . .

— Hverjir svöruðu?

— Prestarnir og fólkið: Komi blóð hans yfir oss og börn vor.

— Heilagi faðir Abraham! hrópaði Ben Húr, Rómverji betri við Ísraelsmenn en hans eigin þjóð . . . . er það hugsanlegt? Hvað getur þvegið blóð hans af þeim og börnum þeirra? Hestana fram, fljótt! Nú er tíminn kominn að láta lífið fyrir Ísrael.

— Hvert skal fyrst halda?

— Ná hersveitunum saman.

— Herra minn. — Maðurinn fór hjá sér. — Herra minn, þessi vinur minn og ég erum þeir einu, sem reynzt hafa trúir. Allir hinir fylgja prestunum.

Ben Húr leit af einum á annan. Áform hans, sem byggzt hafði á liðsveitunum, var orðið að engu. Honum runnu í hug orð Nazareans í garðinum kvöldið áður og þögn hans, þegar hann spurði, hvort hann vildi þiggja hjálp. Hafði hann með allri fyrirhöfn sinni verið að berjast móti Guði?

— Förum, bræður, sagði hann. Förum — til Golgata.

Fjöldi fólks hélt í sömu átt og þeir. Landið allt norðan borgarinnar virtist krökkt af fólki. Innan skamms varð ekki komizt áfram fyrir þröng. Þeir stigu af baki og biðu við húshorn. Fólkið streymdi hjá af öllum stéttum og stigum, Gyðingar úr öllum löndum, gangandi, ríðandi, akandi — allir til þess að sjá þennan dæmda mann deyja. Og þúsundir af öðrum þjóðum, sem hötuðu Gyðinga og fyrirlitu, Grikkir, Rómverjar, Arabar, Sýrlendingar, Egyptar, Austurlandamenn. Það var engu líkara en allur heimur væri hér saman kominn, til þess að sjá krossfestinguna.

Loks kváðu við hróp.

— Þei, þei, þeir koma, sagði einhver.

Ópið hækkaði, kom nær. Í þessu kom Ben Húr auga á Símónídes, borinn í burðarstóli, Esther við hlið hans. Á eftir var annar burðarstóll, lokaður.

Ben Húr heilsaði þeim kaupmanni, er þau bar að og ráðlagði þeim að bíða þar, sem þau voru komin, unz mannfjöldinn væri kominn hjá.

— Segðu Balthasar það, sagði kaupmaður dræmt, hans vilji er minn.

Ben Húr dró tjöld burðarstólsins til hliðar. Egyptinn lá þar fyrir, illa haldinn sýnilega, náfölur.

— Getum við séð hann hér? hvíslaði hann.

— Já, hann verður fluttur hér hjá.

Þau biðu í skjóli við húsið. Balthasar dróst með veikum burðum úr burðarstólnum, studdist við þjón.

Mannmergðin streymdi stöðugt hjá. Hrópin komu nær, gjallandi hvell, hás og draugsleg. Nú heyrðust orðaskil:

— Konungur Gyðinga! Víkið fyrir konungi Gyðinga!

Svo kom Jesús frá Nazaret.

Hann virtist nær dauða en lífi, reikaði í hverju spori, lá við að falla. Sporin eftir bera fætur hans létu eftir rauða flekki á steinunum, þar sem hann steig. Storkið blóð á andliti hans

og hálsi eftir þyrnikórónu, blóðklessur í hárinu. Einhvers staðar á leiðinni hafði hann hnigið niður undir þvertré krossins, sem hann bar. Fjórir hermenn gengu með honum til þess að verja hann fyrir skrílnum, en þó ruddust öðru hverju einhverjir á milli þeirra, slógu hann með bareflum og hræktu á hann. Ekkert heyrðist til hans, hvorki mótmæli né umkvörtun. Þegar hann fór hjá, datt Balthasar niður. Ben Húr varð að orði: Guð minn góður! Jesús leit upp, horfði á þau hvert fyrir sig. Þau gleymdu aldrei því tilliti.

— Hvar eru hersveitirnar þínar, sonur Húrs? spurði Símónídes eins og hann væri að vakna af draumi.

— Það veit Hannas betur en ég.

— Hvað? Hafa þeir brugðizt?

— Allir, nema þessir tveir.

— Allt tapað. Hinn saklausi verður að deyja. — Krampakippir fóru um andlit kaupmanns. Hann hafði átt sinn mikla þátt í ráðstöfunum Ben Húrs og átt sömu vonir.

— Hverjir eru þetta? spurði Ben Húr, benti á tvo menn, sem líka báru krosstré.

— Ræningjar, dæmdir til dauða líka, svöruðu Galíleumennirnir.

— Komum! sagði Símónídes, höldum áfram.

Ben Húr heyrði ekki til hans. Hann horfði á fólkið, sem framhjá gekk, sá æsinginn, dýrseðlið, blóðþorstann og hugsaði um sakborninginn, hógværð hans og líknarverk. Hann minntist svaladrykkjarins forðum við brunninn í Nazaret og kraftaverksins á móður sinni og systur. Hann sveið að geta ekki veitt hjálp og launað hjálp. Hefði hann ekki getað gætt manna sinna betur? Ein atlaga, ef rétt væri að staðið, mundi tvístra skrílnum og nægja til þess að bjarga Nazareanum. En nú var allt að verða um seinan.

Hann vatt sér út í þröngina, kom auga á nokkra Galíleumenn og náði í þá.

— Komið með mér. Ég þarf að tala við ykkur.

Þeir fylgdu honum að húsinu.

— Þið hafið lofað að berjast fyrir konunginn væntanlega. Nú er tíminn kominn. Farið og náið í bræður ykkar, segið þeim að koma til móts við mig á aftökustaðnum. Fljótir nú.

Þeir horfðu á hann en hrærðu sig ekki.

— Heyrið þið, hvað ég segi?

Loks tók einn til máls.

— Þetta er ekki konungurinn. Hann brást sjálfum sér og okkur, neitaði að setjast í hásæti Davíðs. Hann verður að deyja. En við erum reiðubúnir að berjast fyrir frelsinu. Ef það vakir fyrir þér, skulum við koma til móts við þig.

Ben Húr skildi ekki, hvernig honum varð við. Harðvítug barátta fór fram í sálu hans þessa stund. Honum fannst þar barizt við sjálfan hann af afli, sem hann réð ekki við. Í þessu kallaði Símónídes:

— Komdu, við bíðum eftir þér!

Hann gekk ósjálfrátt á eftir þeim. Esther gekk við hlið hans. Eins og vitringarnir, þegar þeir mættust í eyðimörkinni, var hann leiddur veginn fram.

## 56

Þegar kom á aftökustaðinn, var Ben Húr orðinn á undan hinum. Aldrei vissi hann, hvernig þau höfðu brotizt gegnum mannþröngina, ekki heldur, hvaða leið þau fóru né hve lengi þau voru á leiðinni. Hann hafði blátt áfram ekki vitað af sér, hvorki séð né heyrt neinn eða neitt, enga grein gert sér fyrir ferð sinni né tilgangi hennar. Nú nam hann staðar. Og í sama bili rann þetta svefngönguástand af honum, það var sem tjaldi fyrir leiksviði væri kippt upp, hann sá og skildi það, sem var að gerast.

Þau voru stödd á smáflöt uppi á lágum hól, sem var eins og höfuðkúpa í laginu, sviðinn af sól, rykugur og gróðurlaus. Svo langt, sem augað eygði, sást hvergi í jörð fyrir fólki. Uppi á hólnum stóð æðstipresturinn í tignarklæðum. Enn ofar Nazareinn, lotinn, þjáður, hljóður.

Hamarshögg buldu við. Hermenn og verkamenn voru að negla krossana saman og koma þeim fyrir.

— Láttu þá hraða sér, sagði æðstipresturinn við hundraðshöfðingjann. Þeir — hann benti á Nazareann — verða að vera dánir og grafnir fyrir sólarlag, annars saurgast landið.

Hermaður gekk til Jesú og bauð honum að drekka, en hann

þáði ekki. Annar hermaður tók áletraða fjöl af herðum hans og negldi hana á krossinn.

— Krossarnir eru til taks, sagði hundraðshöfðinginn við æðstaprestinn.

— Láttu guðlastarann vera fyrstan, svaraði hann. Sonur Guðs ætti að geta bjargað sjálfum sér. Við sjáum, hvernig fer.

Nú varð almenn þögn. Bandingjarnir skyldu negldir á krossana. Þegar hendur voru lagðar á hinn fyrsta í því skyni, var sem hrollur færi um mannfjöldann. Sumir sögðu á eftir, að loftið hefði allt í einu kólnað, svo að skjálfta hefði sett að þeim.

— Ósköp er hljótt, hvíslaði Esther, lagði handlegginn um háls föður síns.

— Vertu ekki að horfa á þetta. Ég veit ekki nema bölvun verði hér eftir yfir öllum, sem þetta sjá, saklausum og sekum. Ef Drottinn réttir ekki út hönd sína, er úti um Ísrael.

Balthasar hafði kropið á kné. Ben Húr svaraði stillilega:

— Ég hef verið í leiðslu, Símónídes, og finnst ég hafa séð, hvernig þessu víkur við. Þetta er vilji Nazareans, þetta er vilji Guðs. Gerum eins og Egyptinn — verum hljóð og biðjum.

Hann leit aftur upp á hæðina og fannst hann heyra í þessari eyðilegu kyrrð, orð, vakin upp úr gleymsku: Ég er upprisan og lífið.

Nú var Nazareinn flettur klæðum, hann stóð nakinn fyrir augum allra, blóðrisa eftir húðstrokuna um morguninn. Því næst var hann lagður á krossinn, hendur teygðar út á þvertrénu. Járngaddarnir voru oddhvassir — aðeins fáein högg, og þeir höfðu gengið gegnum lófana og á kaf í tréð. Þá voru fæturnir lagðir hvor ofan á annan, hnén kreppt svo að iljar vissu flatar að trénu og naglar reknir gegnum fæturna.

— Hvernig á hann að snúa? spurði hermaður.

— Að musterinu, svaraði æðstiprestur. Ég vil hann sjái í dauðanum, að helgidóminn hefur ekki sakað af hans völdum.

Krossinn var reistur upp. Engin stuna, ekkert kvein heyrðist til hins krossfesta, blæðandi manns, aðeins ákall:

— Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra.

Mannfjöldinn laust upp ópi. Áletrunin á krossinum blasti

við og einn tók upp eftir öðrum með hlátrum og hrópum: Konungur Gyðinga! Heill vertu, konungur Gyðinga!

Sólin hækkaði á lofti, varp gullnum geislum yfir hæðir og fjöll, yfir hallir og turna borgarinnar. En allt í einu var sem drægi fyrir sól, þótt himinn væri heiður, eins og rökkur færðist í loftið. Birtan dofnaði hægt og hægt, þótt sól væri í hádegisstað. Menn litu hver á annan, gáðu til lofts, hrópin og hlátrarnir hljóðnuðu. Það dimmdi að.

— Þetta er þoka, sagði Símónídes við Esther, til þess að róa hana. Það líður hjá.

— Þetta er ekki þoka, svaraði Ben Húr, andar loftsins, spámenn og aðrir helgir menn, eru að miskunna sjálfum sér og náttúrunni.

Hann hvarf til Balthasars, lagði hönd á öxl honum og sagði:

— Þú hafðir rétt fyrir þér — hann er sonur Guðs.

Balthasar dró hann niður á kné sér og svaraði veikum rómi:

— Ég sá hann nýfætt barn í jötunni. Það er ekki að undra, þótt ég þekkti hann fyrr en þú. En að ég skyldi þurfa að lifa þennan dag! Hefði ég fengið að deyja með bræðrum mínum! Sælir eruð þið, Melkíor og Kaspar!

Nú gerðist alrokkið. Hermennirnir hurfu af verði sínum uppi á hæðinni og fólkið ruddist nú sem næst krossunum og margir notuðu tækifærið til þess að varpa fram hæðiyrðum og brigzlum.

— Hó, hó! Bjargaðu sjálfum þér, ef þú ert konungur!

— Komdu niður, þá skulum við trúa á þig!

— Þú, sem þykist vera Guðs sonur, sjáðu, hvort Guð kannast við þig!

Húmið yfirnáttúrlega, sem lagðist yfir jörðina, vakti mörgum óhug. Esther sagði:

— Við skulum koma heim, pabbi. Ég er hrædd.

En Símónídes vildi ekki fara. Hann var fámáll en greinilega í mikilli geðshræringu. Þegar liðin var klukkustund virtist þröngin þynnast uppi á háhæðinni. Þau færðu sig þá nær krossunum. Ben Húr studdi Balthasar. Það var sem eitthvert dularafl héldi fólkinu föstu á þessum stöðvum, þrátt fyrir rökkrið. Menn voru fölir og þögulir orðnir. Jafnvel varðmennirnir, sem fyrir stundu höfðu hugsunarlaust kastað hlutum um klæði Nazareans, stóðu nú álengdar og höfðu ekki augun af

honum. Furðulegust var þó breytingin, sem orðin var á æðsta-prestinum og föruneyti hans. Þeir virtust hafa glatað sjálfs-traustinu. Margir þeirra lærðu manna vissu glögg skil á stjarn-fræðum. Þegar sólin tók að blikna og dimman að færast yfir, ræddust þeir við í hálfum hljóðum: Tungl er í fyllingu, þetta getur ekki verið sólmyrkvi, sögðu þeir. Var eitthvert samband milli þessa myrkurs og hins krossfesta, undarlega manns? Þeir gátu ekki varizt því, að beyg setti að þeim, þeir tóku sér stöðu að baki hermannanna og gáfu þaðan nánar gætur að hverri hreyfingu Nazareans.

Þegar þriðja stund var liðin til hálfs kom enn flokkur skríl-mennis aðvífandi og nam staðar við krossinn í miðið.

— Heill vertu, Gyðinga-konungur! sögðu þeir, æptu og hlógu.

— Ef þú ert Guðs sonur, þá stíg niður af krossinum.

Í sama bili hætti annar ræninginn að stynja og kallaði:

— Já, ef þú ert Kristur, þá bjargaðu sjálfum þér og okkur!

Fólkið hló og klappaði. Þá fór hinn illvirkinn að tala:

— Hræðist þú ekki Guð? Við fáum makleg málagjöld fyrir illverk okkar, en þessi hefur ekkert illt aðhafzt.

Þeir, sem hjá stóðu, urðu forviða og þögnuðu. Ræninginn hélt áfram:

— Minnstu mín, herra, þegar þú kemur í ríki þitt.

Símónides titraði: Í ríki þitt? Hér var komið við eymsli efans í huga hans.

— Heyrirðu, hvað hann sagði? Hann segir, að konungurinn sé aðeins á leiðinni til ríkis síns. Mér fannst ég heyra það sama í leiðslunni áðan.

— Hljóð! sagði Símónides með óvenjulega skipandi rödd, þegar Ben Húr átti í hlut, hljóð! Nazareinn er að tala.

Hátt og skýrt, öruggt og ótvírætt hljómuðu orðin:

— Sannlega segi ég þér, í dag skaltu vera með mér í Paradís.

Símónides beið og hlustaði, hvort hann segði ekki meira. Síðan mælti hann:

— Ekkert meira, ekkert meira, Drottinn. Myrkrið er horfið. Ég sé með nýjum augum — eins og Balthasar — augum trú-arinnar.

Hinn trúi þjónn hafði hlotið sín laun. Engin von var til þess, að hinn bæklaði líkami hans yrði aftur heill, ekki heldur,

að hann losnaði við minningar þjáninganna. En samt sá hann inn í fyrirheitið land, nýtt líf blasti við honum, þar sem hann mundi finna konungsríkið, sem hann hafði þráð, og konunginn sjálfan. Hann varð gagntekinn fullkomnum friði.

En meðal rökfræðinganna að baki hermannanna var undrun og ofboð. Hinn krossfesti hafði nú endurtekið með sterkari orðum en nokkru sinni fyrr þá yfirlýsingu, sem þeir höfðu krossfest hann fyrir, og heitið óbótamanni að hann skyldi njóta sælu í Paradís. Hvað annað en sannleikurinn sjálfur gat gert þennan mann svona ugglausan í ummælum sínum? Þessa stund hefði ekki þurft mikið til þess að stökkva þeim öllum á flótta.

Andardráttur Nazareans varð erfiðari, stunur hans urðu að andköfum. Hann hafði ekki verið nema þrjár stundir á krossinum og þó kominn að dauða. Fregnin um það barst frá manni til manns. Kyrrðin dýpkaði. Vindblærinn dó út, loftið varð þungt, kæfandi kyrrt og heitt. Gegnum dimmuna skarst óp:

— Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig!

Hjá hermönnunum var ker, sem þeir höfðu haft með sér, með vatni, blöndnu víni. Ben Húr hugsaði um svaladrykkinn í Nazaret, gekk nálega ósjálfrátt að kerinu, tók njarðarvött, dýfði honum í kerið og fór að krossinum.

— Láttu hann vera, æpti fólkið, láttu hann vera.

Ben Húr sinnti því ekki, hljóp áfram og rétti njarðarvöttinn á priki að vörum hins deyjandi manns.

Of seint, of seint.

Ásjónan blasti við honum, marin og blökk af blóði og óhreinindum, en uppljómuð af skyndilegum glampa. Augun þöndust út, störðu á einhvern, sem þau ein sáu, hátt í fjarlægum himni. Og það var friðsæl gleði, já, sigurhrós, í hrópinu:

— Það er fullkomnað!

Ljósið í augunum hvarf, höfuðið seig hægt ofan á brjóst. Ben Húr hugði, að stríðið væri á enda. En aftur heyrðist rödd hans, lág, eins og hann væri að tala við einhvern rétt hjá sér:

— Faðir, í þínar hendur fel ég anda minn.

Skjálfti fór um kvalinn og kraminn líkamann — jarðlífið var á enda.

Ben Húr hvarf til vina sinna og sagði aðeins:

— Það er búið. Hann er liðinn.

Á skjótri svipan var hverjum manni kunnugt um það, sem

orðið var. Hann er dáinn, hann er dáinn, hvíslaði einn að öðrum. Svo var steinhljóð. Þeir höfðu haft vilja sinn fram. Blóð hans var yfir þá komið. Menn störðu hver á annan. Þá tók jörðin undir fótum þeirra að titra. Hver greip í annan. Í sama vetfangi sviptist dimman frá, sólin skein í heiði. Krossarnir blöstu við, hristust og skulfu. Miðkrossinn dró að sér athygli allra, það var eins og hann hækkaði, lyfti byrði sinni hátt upp í himinblámann. Og hver maður, sem hafði spottað Nazareann, slegið hann, heimtað hann krossfestan, skynjaði það nú, að hann var eitthvað annað en allir aðrir. Og þeim fannst öllum, að líf sitt lægi við að komast brott sem skjótast. Jörðin rumdi og hristist undir fótum þeirra. Menn duttu hver yfir annan á flóttanum. Innan skamms var mannlaust á Golgata, nema móðir Nazareans var þar enn, fáeinar konur frá Galíleu með henni og einn lærisveinn. Auk þess hundraðshöfðinginn og hermenn hans og þau Ben Húr.

— Seztu hérna, sagði Ben Húr við Esther, byrg fyrir augun og líttu ekki upp, en settu traust þitt á Guð og anda hins líflátna.

— Já, sagði Símónídes, við skulum framvegis tala um hann sem Messías hinn fyrirheitna.

Enn reið á nýr jarðskjálftakippur. Krossarnir sviptust til eins og tré í stormi. Ben Húr svimaði. Honum varð litið til Balthasars. Hann lá flatur á jörðinni og bærði ekki á sér. Ben Húr hljóp til hans, kallaði, en fékk ekkert svar. Hann var dáinn. Þjónar hans höfðu horfið brott. Galíleumennirnir báru lík hans í burðarstólnum til borgarinnar.

Um sólsetur hélt hnípinn hópur inn um Suðurhliðið á höll Ben Húrs. Í sama mund var lík Krists tekið ofan af krossinum.

Ben Húr vildi sjálfur flytja Íras harmafregnina. Nú yrði hún einstæðingur. Hann vorkenndi henni og fannst hann vilja taka hana í sátt. Hann hafði ekki haft hugsun á að spyrja, hvers vegna hún var ekki með um daginn og fyrirvarð sig fyrir það, vildi fús bæta úr því.

Hann gekk til herbergis hennar, en hún var ekki þar. Hann fór upp á þak. Hún var ekki þar. Hann spurði þjónana. Enginn hafði orðið hennar var. Hún fannst ekki. Hann gekk aftur inn í gestaherbergið og settist niður hjá líkinu, þar sem hún hefði átt að vera.

Þegar greftrunin var afstaðin, kom Ben Húr með móður sína og Tirzu heim. Það var á níunda degi frá því þær höfðu öðlazt bata. Upp frá þeim degi voru þau tvö nöfn, sem helgust eru, ávallt tengd saman í tilbeiðslu þessa húss:

*Guð faðir og sonur hans, Kristur.*

## 57

Fimm árum eftir krossfestinguna eða svo, sat Esther, kona Ben Húrs, í herbergi sínu á landsetrinu fagra í Mísenum. Það var um hádegisbil, ítalska sólskinið streymdi yfir rósir og vínvið aldingarðsins. Búnaður herbergisins var rómverskur, en Esther var klædd að hætti fyrirkvenna meðal Gyðinga. Hjá henni var Tirza og tvö börn, sem léku sér á ljónsfeldi á gólfinu. Þurfti ekki annað en sjá, hvernig hún gaf þeim auga, til þess að vita, að þetta voru hennar börn.

Árin höfðu farið vel með hana. Hún var fegurri en nokkru sinni. Þegar hún varð húsfreyja á þessu setri, hafði einn kærasti draumur hennar rætzt.

Þjónn kom í dyrnar.

— Það er komin kona, sem langar að tala við frúna, sagði hann.

— Láttu hana koma hingað inn.

Ókunna konan kom að vörmu spori. Esther stóð upp á móti henni, ætlaði að ávarpa hana, hikaði, skipti litum, hörfaði örlítið:

— Ég kannast við þig, kona góð, þú ert . . . .

— Ég var Íras, dóttir Balthasars.

Esther bældi undrun sína, bauð þjóninum að koma með stól.

— Nei, sagði Íras kuldalega, ég fer strax aftur.

Þær horfðu hvor á aðra — Esther fögur, hamingjusöm móðir og eiginkona, hin með augljós merki þess, að hún hafði átt misjöfnu að mæta. Hún var há og tíguleg eins og áður, en andlitið var spillt, augun stóru rauð og hvarmarnir þrútnir, kinnarnar litlausar, varirnar herptar. Illur lifnaður hafði gert hana gamla fyrir tímann. Hún var ósmekklega og illa til fara og ekki hrein. Þögnin var óþægileg. Íras rauf hana:

— Þetta munu vera börnin þín?

— Já, viltu ekki tala til þeirra.

— Þá verða þau sjálfsagt hrædd. — Hún færði sig nær Esther og þegar hún sá, að hún hrökk undan, sagði hún:

— Vertu ekki hrædd. Færðu manni þínum skilaboð frá mér. Segðu honum, að óvinur hans sé dauður og að ég hafi drepið hann sökum þeirrar eymdar, sem hann steypti mér í.

— Óvinur hans?

— Messala. Segðu manni þínum líka, að mér hafi hefnzt svo fyrir það illa, sem ég reyndi að gera honum, að jafnvel hann myndi aumka mig.

Esther vöknaði um augun, ætlaði að segja eitthvað en Íras hélt áfram:

— Nei, ég vil ekki meðaumkun né tár. Segðu honum loks, að ég sé komin að raun um, að Rómverjar séu hrottar. Vertu sæl.

Hún sneri brott, en Esther fylgdi henni.

— Bíddu og hafðu tal af manninum mínum. Hann ber engan óvildarhug til þín. Hann leitaði þín alstaðar. Hann mun reynast þér vel, og ég skal reynast þér vel. Við erum kristin.

Hin haggaðist ekki.

— Nei, ég hef kosið að vera það, sem ég er. Ég á skammt eftir.

— En .... Esther hikaði .... Getum við ekkert .... vantar þig ekkert, sem, sem ....

Svipur Írasar mýktist, lá við hún brosti. Hún horfði á börnin.

— Það er eitt, sagði hún.

Esther sá, hvert hún renndi augum, skildi undir eins og sagði:

— Það er heimilt.

Íras gekk til barnanna, kraup niður á ljónsfeldinn og kyssti þau bæði. Hún reis hægt á fætur, horfði á þau, gekk síðan til dyranna og fór út, án þess að kveðja, var farin áður en Esther hafði áttað sig.

Þegar Ben Húr var sagt frá komu Írasar fékk hann vissu fyrir því, sem hann hafði lengi grunað, að hún hefði daginn, sem krossfestingin fór fram, hlaupizt frá föður sínum vegna Messala. Samt hóf hann þegar leit að henni, en án árangurs.

Þau sáu hana aldrei framar né höfðu spurnir af henni. Bláa víkin, sem brosir við sólu, á sín myrku leyndarmál. Ef hún mætti mæla, kynni hún að geta sagt til konunnar egypzku.

— — —

Símónídes varð háaldraður. Á tíunda stjórnarári Nerós lét hann af kaupsýslunni, sem svo lengi hafði verið stjórnað frá vöruhúsinu í Antíokkíu. Sálarkröftum sínum hélt hann óskertum til hinztu stundar.

Kvöld nokkurt á nefndu ári sat hann í stól sínum á húsþakinu í Antíokkíu. Ben Húr, Esther og börn þeirra þrjú voru hjá honum. Síðasta skip hans lá fyrir akkeri á ánni, öll hin voru seld. Á þeim langa tíma, sem liðinn var frá krossfestingunni, höfðu þau einu sinni aðeins átt harmi að mæta. Það var þegar móðir Ben Húrs dó. En bæði þá og síðar hefði sorgin lagzt þyngra á, hefði kristin trú ekki huggað þau.

Skipið, sem minnzt var á, hafði komið deginum áður og fært fréttir af ofsóknum þeim, sem Neró hafði hafið gegn kristnum mönnum. Þau voru að ræða um þessi tíðindi, þegar Mallúk, sem enn var í þjónustu þeirra, kom og rétti Ben Húr bréf.

— Hver kom með þetta? spurði hann, þegar hann hafði rennt augum yfir bréfið.

— Arabi.

— Hvar er hann?

— Hann fór samstundis.

— Viltu heyra? sagði Ben Húr við Símónídes. Hann las:

*Ég, Ilderím, sonur Ilderíms hins örva, jarl Ilderímsættar, heilsa Júda, syni Húrs.*

*Vit, vinur föður míns, hve heitt hann unni þér, og les það, sem hér fylgir. Vilji hans er vilji minn. Það, sem hann gaf, er þitt. Allt, sem Parþar tóku af föður mínum í orrustunni miklu, er þeir felldu hann, hef ég tekið aftur — þetta bréf og niðja Míru, sem var móðir svo margra stjarna, og komið fram fullum hefndum.*

*Friður sé með þér og þínum öllum.*

*Ilderím jarl.*

Ben Húr fletti því næst sundur sefpappírsblaði, sem orðið var gult og stökkt eins og visnað lauf. Hann las:

*Ilderím, að viðurnefni hinn örvi, jarl samnefndrar ættar, sendir þetta syni sínum þeim, er við tekur af mér.*

*Allt, sem ég á, sonur minn, skal verða þitt, þegar þú tekur við, að undanskilinni eign minni í Antíokkíu, sem nefnd er Pálmalundur. Það skal eignast sonur Húrs, sem ávann oss svo mikla frægð á hringsviðinu, hans og hans niðjar ævinlega.*

*Óvirð ekki föður þinn.*

*Ilderím örvi, jarl.*

— Hvað segir þú? spurði Ben Húr Símónídes.

Esther tók bréfin og las þau með sjálfri sér. Símónídes þagði fyrst lengi, horfði hugsandi á skipið. Loks mælti hann:

— Sonur Húrs, Drottinn hefur verið þér góður síðari árin. Þú átt mikið að þakka. Er nú ekki kominn tími til að taka endanlega ákvörðun um hlutverk þessara miklu og vaxandi auðæfa, sem þér hafa verið gefin?

— Ég hef fyrir löngu tekið ákvörðun um það. Auðæfin áttu að ganga til þjónustu við þann, sem gaf þau — ekki hluti þeirra, heldur þau öll. Ég hef aðeins verið í vafa um, hvernig þau geti orðið málefni hans að mestum notum. Um það vildi ég þiggja ráð að þér.

— Ég veit um þær fjárhæðir, sem þú hefur gefið kirkjunni hér í Antíokkíu. En nú, að heita samtímis gjöf hins örláta jarls, kemur fréttin um ofsóknina, sem bræðurnir í Róm sæta. Þar opnast nýr vettvangur. Ljósið má ekki slokkna í höfuðborginni.

— Segðu mér, hvernig ég get haldið því logandi.

— Það get ég sagt þér. Rómverjar — jafnvel þessi Neró — hafa helgi á tvennu, ég held ekki fleiru. Annað er jarðneskar leifar framliðinna, hitt allir legstaðir. Þótt þú getir ekki reist Drottni musteri ofan jarðar, þá geturðu reist þau neðan jarðar. Og til þess að forða þeim frá vanhelgun, skaltu láta flytja þangað lík allra þeirra, sem deyja í trú.

Ben Húr stóð á fætur ákafur:

— Þetta er mikil hugmynd. Ég vil ekki láta dragast að fram-

kvæma hana. Ég fer til Róm með skipinu, sem flutti fregnina um þjáningar bræðranna. Ég fer á morgun.

Hann sneri sér að Mallúk.

– Sjáðu um, að skipið verði búið til brottfarar og vertu sjálfur til, svo að þú getir komið með mér.

– Þetta er rétt, sagði Símónídes.

– Og þú, Esther, hvað segir þú?

Esther lagði höndina á arm hans og sagði:

– Með þessu móti þjónar þú Kristi bezt. Ég mun ekki aftra þér, vinur minn. Ég fer með þér og hjálpa þér.

– – –

Komi einhver lesenda minna til Rómaborgar og fari út til grafhvelfinga Kalixtusar helga, en þær eru eldri en þær, sem kenndar eru við Sebastíanus helga, mun hann geta séð, hvað varð af auðæfum Ben Húrs og kunna honum þakkir. Upp af þeirri miklu gröf reis kristnin, til þess að bera rómverska keisaraveldið ofurliði.

Með þessari nýju útgáfu á BEN HÚR er hafin útgáfa á flokki skáldsagna, er valið hefur verið heitið SÍGILDAR SÖGUR IÐUNNAR. Verða einvörðungu birtar í þessum flokki víðkunnar skáldsögur, sem hvarvetna njóta mikilla vinsælda og eru jafneftirsótt lestrarefni nú eins og þegar þær komu fyrst út, jafnvel þótt liðnir séu áratugir eða allt að heil öld, síðan þær sáu fyrst dagsins ljós. Ýmsar af þessum sögum hafa áður komið út á íslenzku og eru fornkunningjar miðaldra fólks og þaðan af eldra. En yngri kynslóðin hefur aftur á móti átt þess lítinn eða engan kost að komast í kynni við þær. Að sjálfsögðu verður einnig skipað í þennan flokk ýmsum sögum, sem ekki hafa áður birzt á íslenzku.

Meðal þeirra skáldsagna, sem þegar hafa verið þýddar og gefnar verða út á næstunni í hópi SÍGILDRA SAGNA IÐUNNAR má nefna þessar: **Kofi Tómasar frænda** eftir Harriet Beecher Stove, **Skytturnar** eftir Alexandre Dumas, **Börnin í Nýjaskógi** eftir Marryat, **Ívar hlújárn** eftir Walter Scott. Og margar fleiri úrvalssögur munu síðan fylgja í kjölfarið.

# BEN HÚR

Skáldsaga bandaríska rithöfundarins *Lewis Wallace*, BEN HÚR, kom fyrst út í Bandaríkjunum árið 1880. Þau rúm áttatíu ár, sem síðan eru liðin, hefur saga þessi farið slíka sigurför um allan heim, að algert einsdæmi er. Hún hefur verið þýdd á fleiri tungumál og komið út í fleiri útgáfum en nokkur önnur bók á þessu tímabili, að biblíunni einni undanskilinni. Þrjár kvikmyndir hafa verið gerðar eftir sögunni, og hefur aðsókn að þeim hvarvetna verið fádæma mikil. Nýjasta myndin, sem er tekin í litum, er dýrasta kvikmynd, sem gerð hefur verið í heiminum til þessa. Myndir úr þeirri kvikmynd prýða þessa útgáfu af sögunni.

Vinsældir og útbreiðsla BEN HÚRS er engin tilviljun. Sagan er litrík og margslungin, afar áhrifamikil, mjög spennandi og vel rituð. Bakgrunnur sögunnar eru átökin milli Rómverja og Gyðinga. Sögusviðið er Gyðingaland og stórborgirnar Róm og Antíokkía. Aðalsöguhetjan, Ben Húr, líf hans og örlög, gleymast engum, sem söguna hafa lesið.

BEN HÚR er fyrsta bók í flokki skáldsagna, er valið hefur verið hið sameiginlega heiti SÍGILDAR SÖGUR IÐUNNAR. Í þeim flokki verða einvörðungu viðkunnar úrvalssögur, sem um áratuga skeið hafa verið vinsælasta lestrarefni fólks á öllum aldri. En til bókaflokksins er ekki hvað síst stofnað í þeim tilgangi að gefa æsku landsins kost á að lesa þessar vinsælu og sígildu bækur í góðum þýðingum og vönduðum útgáfum. Meðal þeirra bóka, sem koma út á næstunni, má nefna þessar:

Harriet Beecher Stowe: KOFI TÓMASAR FRÆNDA
Alexandre Dumas: SKYTTURNAR
Walter Scott: ÍVAR HLÚJÁRN
Marryat: BÖRNIN Í NÝJASKÓGI